

Árbók Háskóla Íslands 2019



STJÓRN OG SKIPULAG HÁSKÓLA ÍSLANDS.....	8
Rektor.....	8
Háskólaþing.....	8
Háskólaráð.....	8
Stjórn fræðasviða og deilda.....	3
Stjórnsýsla.....	4
Starfsnefndir háskólaráðs.....	5
Fjármálanefnd.....	5
Jafnréttisnefnd.....	5
Kennslumálanefnd.....	5
Samráðsnefnd um kjaramál.....	7
Vísindanefnd.....	7
STJÓRNSÝSLA.....	1
Skrifstofa rektors.....	1
Skjalasafn.....	1
Miðstöð framhaldsnáms.....	2
Markaðs- og samskiptamál.....	3
Kennslumiðstöð.....	3
Matsskrifstofa – ENIC-/NARIC-upplýsingaskrifstofa.....	3
Náms- og starfsráðgjöf.....	3
Rannsóknir.....	4
Matskerfi opinberra háskóla.....	5
Kennslumál, stúdentar og brautskráningar.....	5
Skrifstofa kennslusviðs.....	6
Starfsmanna- og starfsþróunarmál.....	6
Aðstoðarmannasjóður.....	6
Ritaskrá Háskóla Íslands.....	6
Þjónustuskrifstofa um sókn í samkeppnissjóði.....	6
Rannsóknatengdir sjóðir.....	2
Rannsóknatengt framhaldsnám.....	4
Hagnýting rannsókna.....	2
Rekstur og framkvæmdir.....	1
Styrktarsjóðir Háskóla Íslands.....	1
Opinn háskóli.....	1
Annað.....	2
FRÆÐASVIÐ.....	4
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ.....	5
Almennt yfirlit og stjórn.....	5
Starfsfólk og stjórnsýsla.....	5
Nefndir og stjórnir.....	5
Kennslumál og málefni nemenda.....	7
Markaðs- og kynningarmál.....	7
Ráðstefnur, fyrirlestrar og málstofur.....	8
Ráðstefnur, fyrirlestrar og málstofur.....	8
Gæðamál.....	10
Rannsóknþjónusta FVS.....	10
Skipurit Félagsvísindasviðs og stofnana þess.....	11
Alþjóðamálastofnun.....	11
Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild.....	16
Almennt yfirlit og stjórn.....	16
Nám og kennsla.....	16
Rannsóknir.....	17

Alþjóðasamskipti	17
Ráðstefnur og málstofur	18
Félagsráðgjafardeild.....	18
Almennt yfirlit og stjórn	18
Nám og kennsla.....	19
Kynningarmál	19
Gæðamál	19
Rannsóknir og alþjóðasamskipti	19
Hagfræðideild	21
Almennt yfirlit og stjórn	21
Nám og kennsla.....	21
Kynningarmál	22
Gæðamál	22
Rannsóknir og alþjóðasamskipti	23
Hagfræðistofnun	23
Almennt yfirlit og stjórn	23
Rannsóknir og útgáfa	23
Lagadeild	24
Almennt yfirlit og stjórn	24
Nám og kennsla.....	24
Nefndir og ráð	25
Samstarf Lagadeildar.....	25
Gæðamál	25
Alþjóðasamskipti	26
Lagastofnun.....	27
Almennt yfirlit og stjórn	27
Stjórn málafræðideild	30
Almennt yfirlit og stjórn	30
Nám og kennsla.....	31
Kynningarmál	32
Gæðamál	32
Rannsóknir og alþjóðasamskipti	33
Stofnun stjórnsýslufræða.....	33
Almennt yfirlit	33
Rannsóknir	34
Þjónustuverkefni	34
Gæðamál	35
Ráðstefnur og þing.....	35
Alþjóðasamskipti	37
Útgáfa	37
Vefur.....	37
Rannsóknasetur um sveitarstjórnarmál.....	37
Rannsóknasetur um fjölmiðlun og boðskipti	38
Viðskiptafræðideild	38
Almennt yfirlit og stjórn	38
Rannsóknir	39
Alþjóðasamskipti	41
Ráðstefnur og málstofur	41
Húsnæðisbreytingar	41
Viðskiptafræðistofnun	41
Félagsvísindastofnun	43
Almennt yfirlit	43
Stjórn.....	43
Starfsfólk og starfsumhverfi.....	43
Rannsóknir og verkefni	44

Alþjóðasamskipti	45
Ráðstefnur og útgáfa	45
Vefur stofnunarinnar	46
Fræðasetur þriðja geirans	46
Mannfræðistofnun	46
Miðstöð margbreytileika- og kynjarannsóknna – MARK	47
Miðstöð rannsóknablaðamennsku á Íslandi	47
Rannsóknamiðstöð í þjóðfræði	48
Rannsóknamiðstöðinni er ekki formlega skipuð stjórn en kennarar í þjóðfræði stýra starfi hennar.	48
Rannsóknasetur í fötlunarfræðum	48
Rannsóknasetur í safnafræðum	50
Rannsóknasetur í stjórnámálum og efnahagsmálum	50
Rannsóknasetur um fólksflutninga og fjölmenningu	51
Rannsóknastofa í afbrotufræði	51
Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd (RBF)	51
Sérfræðisetur í ævilangri náms- og starfsráðgjöf	53
Sundstofa – Rannsóknamiðstöð um sundlaugar og samfélag	53
Þjóðmálastofnun	54
[EFNI FYRIR SVIÐIÐ ER Í VINNSLU]	56
HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ	56
Miðstöð í lýðheilsuvísindum	59
Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði	64
Lyfjafræðisetur	67
Námsbraut í geislafræði	69
Námsbraut í lífeindafræði	71
Námsbraut í sjúkráþjálfun	71
Lífeðlisfræðistofnun	72
Lífvísindasetur	72
Lífefna- og sameindalíffræðistofa	74
Rannsóknastofa í krabbameinsfræðum	74
Rannsóknastofa í lyfja- og eiturefnafræði	75
Rannsóknastofa í næringarfræði	76
Rannsóknastofnun í tannlæknisfræði	78
Tannlækningastofnun	78
[EFNI FYRIR SVIÐIÐ ER Í VINNSLU]	81
HUGVÍSINDASVIÐ	81
Guðfræðistofnun	87
Trúarbragðafræðistofa	87
Heimspækistofnun	88
Málvísindastofnun	90
Máltækni- og listfræðistofnun	91
Rannsóknastofa í táknafræðum	91
Rannsóknastofa í jafnréttisfræðum – RIKK	94
Edda – öndvegissetur	95
Sagnfræðistofnun	97
Siðfræðistofnun	100
Konfúsíusarstofnunin Norðurljós	101
Tungumálamiðstöð	102
Bókmennta- og listfræðastofnun	102
Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum	102
MENNTAVÍSINDASVIÐ	105
Almennt yfirlit og stjórn	105
Eftirtaldir hlutu framgang á árinu	105
Stjórnsýsla og stoðþjónusta	105

Þing Menntavísindasviðs.....	107
Nefndir og stjórnir.....	107
Nám og kennsla.....	108
Bókasafn Menntavísindasviðs.....	109
Ritver.....	111
Markaðs- og kynningarmál.....	115
Ráðstefnur, fyrirlestrar og málstofur.....	115
Menntun framhaldsskólakennara.....	117
Deild kennslu og menntunarfræði.....	119
Deild menntunar- og margbreytileika.....	120
Deild faggreinakennslu.....	121
Deild heilsuefingar, íþróttar og tómstunda.....	123
Doktorsnám og doktorsvarnir.....	123
Brautskráðir stúdentar frá Menntavísindasviði 2019.....	124
Menntavísindastofnun.....	126
Almennt yfirlit.....	126
Útgáfa.....	126
Rannsóknasetur / -stofur á Menntavísinda.....	126
Rannsóknastofa í fjölmenningsfræðum.....	127
Rannsóknarstofa í íslenskum fræðum og íslenskukennslu.....	127
Rannsóknastofan Lífshættir barna og ungmenna.....	128
NNN Rannsóknastofa, um námskrár, námsmat og annað námsskipulag.....	128
Rannsóknarstofa um jafnrétti, kyngervi og menntun (RannKyn).....	128
Rannsóknarstofa um nám og kennslu erlendra tungumála og annars máls.....	129
Rannsóknarstofa um menntastefnu, alþjóðavæðingu og félagslegt réttlæti (RannMennt).....	129
Rannsóknarstofa í upplýsingatækni og miðlun (RANNUM).....	130
Rannsóknarstofa um verk- og starfsmenntun (RannVerk) stofnsett 2019.....	130
Rannsóknastofa um skapandi skólastarf (RASK).....	131
Rannsóknarstofa um Starfendarannsóknir.....	131
Rannsóknarstofa í menntunarfræðum ungra barna (RannUng).....	131
VERKFRÆÐI- OG NÁTTÚRUVÍSINDASVIÐ.....	134
Líf- og umhverfisvísindastofnun.....	137
Líffræðistofa.....	137
Land- og ferðamálafræðistofa.....	138
Raunvísindastofnun.....	138
Eðlisvísindastofnun.....	139
Eðlisfræðistofa.....	139
Efnifræðistofa.....	139
Lífefnafræðideild.....	139
Stærðfræðistofa.....	139
Reiknifræðideild.....	140
Jarðvísindastofnun.....	140
Verkfræðistofnun.....	140
Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðikjarni.....	140
Rafmagns- og tölvuverkfræðikjarni.....	141
Umhverfis- og byggingarverkfræðikjarni.....	141
[EFNI ER Í VINNSLU].....	143
ÞVERFRÆÐILEGT NÁM.....	143
Kynfræði.....	143
Lýðheilsuvísindi.....	143
Menntun framhaldsskólakennara.....	144
Norrænt meistaranám í öldrunarfræðum (NordMaG).....	146
Talmenafræði.....	146

Víkínga- og miðaldafræði – Viking and Medieval Norse Studies	147
Medieval Icelandic Studies	147
[EFNI ER Í VINNSLU]	149
RANNSÓKNASTOFNANIR Í TENGLUM VIÐ HÁSKÓLANN	149
Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn.....	149
Rannsóknamiðstöð ferðamála	149
Rannsóknamiðstöð í jarðskjálftaverkfræði	151
Rannsóknasetur í kerfislíffræði	151
Rannsóknastofa í sýklafræði	152
Rannsóknastofa í veirufræði	152
Rannsóknastofa í ónæmisfræði (Ónæmisfræðideild Landspítala)	152
Rannsóknastofa um mannlegt atferli	152
Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands	153
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Snæfellsnesi	155
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Vestfjörðum	156
Rannsóknasetur HÍ á Ströndum – Þjóðfræðistofa	157
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Norðurlandi vestra	159
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Húsavík	159
Starfsemi á Austurlandi á vegum Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands	160
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Hornafirði	161
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi	162
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum	163
Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum	163
Stofnun Sæmundar fróða um sjálfbæra þróun og þverfræðilegar rannsóknir	164
Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum	164
ÞJÓNUSTUSTOFNANIR	168
Endurmenntun Háskóla Íslands	168
Happdrætti Háskóla Íslands	170
Háskólaútgáfan	171
Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn	172
Listasafn Háskóla Íslands	176
Reiknistofnun Háskóla Íslands	176
[EFNI ER Í VINNSLU]	180
BRAUTSKRÁÐIR KANDÍDATAR	180
[EFNI ER Í VINNSLU]	181
DOKTORSPRÓF	181



Stjórn og skipulag Háskóla Íslands

Stjórnskipulag

Mælt er fyrir um stjórnskipulag Háskóla Íslands í lögum nr. 63/2006 um háskóla og lögum nr. 85/2008 um opinbera háskóla en síðarnefndu lögin komu til framkvæmdar 1. júlí 2008 og leystu af hólmi lög nr. 41/1999 um Háskóla Íslands. Frá sama tíma tóku gildi lög um sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands sem einnig höfðu áhrif á skipulag háskólans. Ítarlegri umfjöllun um skipulag og stjórnkerfi háskólans er að finna í reglum nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands sem háskólaráð setti á grundvelli nýju laganna um opinbera háskóla.

Rektor

Samkvæmt lögum um opinbera háskóla nr. 85/2008 er rektor formaður háskólaráðs, yfirmaður stjórnslu háskólans og æðsti fulltrúi hans gagnvart mönnum og stofnunum innan skólans og utan. Hann hefur frumkvæði að því að háskólaráð marki heildarstefnu í málefnum háskólans. Rektor ber ábyrgð á og hefur eftirlit með allri starfsemi skólans og á milli funda háskólaráðs fer hann með ákvörðunarvald í öllum málum háskólans. Rektor ræður starfslið sameiginlegrar stjórnslu háskólans og setur því starfslýsingar. Mennta- og menningarmálaráðherra skipar rektor til fimm ára samkvæmt tilnefningu háskólaráðs, að undangengnum almennum kosningum í háskólanum. Rektor Háskóla Íslands er dr. Jón Atli Benediktsson.

Háskólaþing

Háskólaþing er samráðsvettvangur háskólasamfélagsins þar sem fram fer umræða um þróun og eflingu Háskóla Íslands. Háskólaþing fjallar um og tekur þátt í að móta sameiginlega vísinda- og menntastefnu Háskóla Íslands að frumkvæði rektors. Á háskólaþingi eiga fast sæti rektor, forsetar fræðasviða og deildarforsetar. Þar sitja jafnframt kjörnir fulltrúar úr röðum akademískra starfsmanna deilda og stofnana fræðasviða Háskólans, samtaka háskólakennara, starfsmanna við stjórnslu, stofnana sem starfa samkvæmt sérlögum eða tengjast háskólanum sérstaklega og fulltrúar samtaka nemenda.

Háskólaráð

Háskólaráð markar heildarstefnu í kennslu og rannsóknum, mótar skipulag Háskóla Íslands og setur honum reglur eftir því sem nánar er mælt fyrir í lögum. Háskólaráð fer með almennt eftirlit með starfsemi háskólans í heild, einstakra fræðasviða og háskólastofnana og ber ábyrgð á því að skólinn starfi í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli. Háskólaráð skiptir fé milli rekstrareininga, hefur eftirlit með rekstri háskólans og hefur yfirumsjón með einstökum háskólastofnunum, félögum, fyrirtækjum, sjóðum og öðrum eignum skólans. Háskólaráð fer með úrskurðarvald í málefnum háskólans, einstakra fræðasviða og stofnana sem honum tengjast og heyra undir háskólaráð, fræðasvið eða deildir. Háskólaráð Háskóla Íslands er skipað samkvæmt lögum nr. 85/2008 um opinbera háskóla.

Skipan háskólaráðs:

- Jón Atli Benediktsson, rektor og forseti ráðsins.
- Áslaug María Friðriksdóttir, borgarfulltrúi og framkvæmdastjóri Sjá ehf., fulltrúi mennta- og menningarmálaráðherra.
- Ebba Þóra Hvannberg, prófessor við Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild Verkfræði- og náttúruvísindasviðs Háskóla Íslands, fulltrúi háskólasamfélagsins.
- Eiríkur Rögnvaldsson, prófessor við Íslensku- og menningardeild Hugvísindasviðs Háskóla Íslands, fulltrúi háskólasamfélagsins.
- Iðunn Garðarsdóttir laganemi, fulltrúi stúdenta.
- Jakob Ó. Sigurðsson, efnafræðingur og MBA, forstjóri Promens, fulltrúi tilnefndur af háskólaráði.
- Margrét Hallgrímsdóttir, fornleifafræðingur, þjóðminjavörður og skrifstofustjóri menningararfs hjá forsætisráðuneytinu, fulltrúi tilnefndur af háskólaráði.
- Nanna Elísa Snædal Jakobsdóttir laganemi, fulltrúi stúdenta.
- Orri Hauksson, forstjóri Símans, fulltrúi mennta- og menningarmálaráðherra.
- Stefán Hrafn Jónsson, dósent við Félags- og mannvísindadeild Félagsvísindasviðs Háskóla Íslands, fulltrúi háskólasamfélagsins.
- Tómas Þorvaldsson, sérfræðingur í hugverkarétti, eigandi og lögmaður hjá Vík Lögmannsstofu, fulltrúi tilnefndur af háskólaráði.

Varamenn:

- Björn Már Ólafsson, meistaranemi í lögfræði (varamaður fyrir Nönnu Elísu Snædal Jakobsdóttur).
- Davíð Þorláksson, héraðsdómslögmaður (varamaður fyrir Áslaugu Maríu Friðriksdóttur).
- Elsa Björk Valsdóttir, læknir (varamaður fyrir Orra Hauksson).
- Hákon Hrafn Sigurðsson, prófessor við Lyfjafræðideild Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands (varamaður fyrir Ebbu Þóru Hvannberg).
- Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, prófessor við Kennaradeild Menntavísindasviðs Háskóla Íslands (varamaður fyrir Eirík Rögnvaldsson).
- Kjartan Þór Eiríksson, viðskiptafræðingur, framkvæmdastjóri KADECO (varamaður fyrir Jakob Ó. Sigurðsson, Margrétu Hallgrímsdóttur og Tómas Þorvaldsson).
- Sigþór Jens Jónsson, hjúkrunarfræðinemi (varamaður fyrir Iðunni Garðarsdóttur).
- Soffía Auður Birgisdóttir, sérfræðingur við Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Höfn í Hornafirði (varamaður Stefáns Hrafns Jónssonar).

Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, aðstoðarrektror vísinda og kennslu, sat einnig fundi háskólaráðs án atkvæðisréttar. Magnús Diðrik Baldursson, skrifstofustjóri rektorsskrifstofu og gæðastjóri Háskóla Íslands, var ritari háskólaráðs og sat fundi án atkvæðisréttar.

Stjórn fræðasviða og deilda

Fræðasvið og forsetar fræðasviða, deildir og deildarforsetar 2016:

- Félags- og mannvísindadeild: Helgi Gunnlaugsson prófessor, deildarforseti.
- Félagsvísindasvið: Daði Már Kristófersson dósent, forseti fræðasviðs.
- Félagsráðgjafardeild: Sigurveig H. Sigurðardóttir dósent, deildarforseti.
- Hagfræðideild: Ásgeir Jónsson prófessor, deildarforseti.
- Lagadeild: Eyvindur G. Gunnarsson prófessor, deildarforseti.
- Stjórn málafræðideild: Baldur Þórhallsson prófessor, deildarforseti.
- Viðskiptafræðideild: Runólfur Smári Steinþórsson prófessor, deildarforseti.

Heilbrigðisvísindasvið: Inga Þórsdóttir prófessor, forseti fræðasviðs.

- Hjúkrunarfræðideild: Helga Jónsdóttir prófessor, deildarforseti.
- Lyfjafræðideild: Hákon Hrafn Sigurðsson, deildarforseti.
- Læknadeild: Magnús Karl Magnússon prófessor, deildarforseti.
- Matvæla- og næringarfræðideild: Guðjón Þorkelsson prófessor, deildarforseti.
- Sálfræðideild: Sigurður J. Grétarsson prófessor, deildarforseti.
- Tannlæknadeild: Bjarni Elvar Pjetursson prófessor, deildarforseti.

Hugvísindasvið: Guðmundur Hálfðánarson prófessor, forseti fræðasviðs.

- Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda: Hólmfríður Garðarsdóttir prófessor, deildarforseti. Geir Sigurðsson dósent, deildarforseti.
- Guðfræði- og trúarbragðafræðideild: Arnfríður Guðmundsdóttir prófessor, deildarforseti.
- Íslensku- og menningardeild: Sveinn Yngvi Egilsson prófessor, deildarforseti.
- Sagnfræði- og heimspekideild: Svavar Hrafn Svavarsson prófessor, deildarforseti.

Menntavísindasvið: Jóhanna Einarsdóttir prófessor, forseti fræðasviðs.

- Íþróttta-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild: Ástríður Stefánsdóttir dósent, deildarforseti.
- Kennaradeild: Gunnhildur Ólafsdóttir dósent, deildarforseti.
- Uppeldis- og menntunarfræðideild: Ólafur Páll Jónsson prófessor, deildarforseti.

Verkfræði- og náttúruvísindasvið: Hilmar Bragi Janusson, forseti fræðasviðs.

- Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild: Ólafur Pétur Pálsson prófessor, deildarforseti.
- Jarðvísindadeild: Þorvaldur Þórðarson prófessor, deildarforseti.
- Líf- og umhverfisvísindadeild: Eva Benediktsdóttir dósent, deildarforseti.
- Rafmagns- og tölvuverkfræðideild: Kristinn Andersen prófessor, deildarforseti.
- Raunvísindadeild: Hafliði Pétur Gíslason prófessor, deildarforseti.
- Umhverfis- og byggingarverkfræðideild: Sigurður Magnús Garðarsson prófessor, deildarforseti.

Stjórnsýsla

Stjórnendur sameiginlegrar stjórnsýslu árið 2016:

•

- Aðstoðarrektor vísinda og kennslu: Guðbjörg Lind Rafnsdóttir prófessor
- Framkvæmdastjóri fjármála og reksturs: Guðmundur R. Jónsson prófessor.
- Skrifstofustjóri rektorsskrifstofu og gæðastjóri: Magnús Diðrik Baldursson.
- Sviðsstjóri fjármálasviðs: Jenný Bára Jensdóttir.
- Sviðsstjóri framkvæmda- og tæknisviðs: Guðmundur R. Jónsson prófessor.
- Sviðsstjóri kennslusviðs: Þórður Kristinsson.
- Sviðsstjóri markaðs- og samskiptasviðs: Jón Örn Guðbjartsson.
- Sviðsstjóri starfsmannasviðs: Anna María G. Pétursdóttir.
- Sviðsstjóri vísinda- og nýsköpunarsviðs: Halldór Jónsson.
- Innri endurskoðandi: Ingunn Ólafsdóttir.

Rekstrarstjórar fræðasviða 2016:

- Rekstrarstjóri Félagsvísindasviðs: Sigurbjörg Aðalsteinsdóttir.
- Rekstrarstjóri Heilbrigðisvísindasviðs: Vilborg Loftsdóttir.
- Rekstrarstjóri Hugvísindasviðs: Óskar Einarsson.
- Rekstrarstjóri Menntavísindasviðs: Björg Gísladóttir.
- Rekstrarstjóri Verkfræði- og náttúruvísindasviðs: Björg Jónsdóttir (gæðastjóri).

Starfsnefndir háskólaráðs

Fjármálanefnd

Háskólaráð skipar fjármálanefnd. Rektor tilnefnir formann. Guðmundur R. Jónsson prófessor sat áfram sem formaður á árinu 2016. Fræðasviðin skipa aðra nefndarmenn og sitja forsetar fræðasviðanna í nefndinni: Ástráður Eysteinnsson fyrir Hugvísindasvið, Jóhanna Einarsdóttir fyrir Menntavísindasvið, Hilmar Bragi Janusson fyrir Verkfræði- og náttúruvísindasvið, Daði Már Kristófersson fyrir Félagsvísindasvið og Inga Þórsdóttir fyrir Heilbrigðisvísindasvið. Með fjármálanefnd starfaði Jenný Bára Jensdóttir, sviðsstjóri fjármálasviðs. Ritari var Gunnlaugur H. Jónsson.

Fjármálanefnd útbjó fjárlagaerindi fyrir árið 2016, vann að frekari endurskoðun deililíkans og gerði tillögu til háskólaráðs um skiptingu fjárveitingar ársins 2016 milli sviða og annarra skipulagseininga.

Í fjárlagafrumvarpi ársins 2016 var gert ráð fyrir hækkun á einingarverði í kennslulíkaninu og hækkaði flokkur verkfræði og raunvísinda um 12,6%, flokkur hjúkrunarfræði um 8,2% en aðrir flokkar minna og ekki í takt við hækkun launa. Þá var gert ráð fyrir 3% fjölgun nemenda. Fjárveitingar á fjárlögum ársins 2016 eru 12.917,5 m.kr. samanborið við 11.551,2 m.kr. á fjárlögum ársins 2015. Hækkunin nemur 1.366,3 m.kr. eða 11,8%.

Fjárveitingar til fræðasviðanna taka mið af árangri í kennslu og rannsóknum. Árangur í kennslu tekur í fyrsta sinn mið af útskriftum í grunnnámi auk þreyttra eininga. Þreyttu einingarnar eru að 8/10 hlutum miðaðar við þá grein sem viðkomandi námskeið er kennt í en að 2/10 hlutum miðað við heimagrein nemanda. Vægi kennslu í deililíkani ársins 2016 er 60,2% og óx úr 59,5% frá árinu 2015. Fjárveitingar til rannsókna taka mið af fjölda útskrifaðra meistaranema og doktorsnema, fjölda rannsóknastiga kennara og árangri við að afla innlendra og erlendra styrkja úr samkeppnissjóðum og annarra styrkja. Vægi rannsókna óx milli ára og varð 28,1% árið 2016 miðað við 25,7% árið 2015. Hlutur annarra liða minnkaði úr 14,8% í 11,6% í takt við aukinn hlut kennslu og rannsókna.

Innan deililíkansins er húsnæðislíkan sem hvetur til aukinnar hagræðingar við nýtingu húsnæðis. Einingar fá fjárveitingu til að mæta húsnæðiskostnaði en um leið er unnt að skila húsnæði og þar með lækka kostnað án þess að fjárveitingin lækki.

Jafnréttisnefnd

Starfssvið jafnréttisnefndar nær til jafnréttismála í víðum skilningi, sbr. 65. grein stjórnarskrárinnar og ber henni að hafa gildandi lög um jafna stöðu kvenna og karla að leiðarljósi.

Í nefndinni eiga sæti fulltrúar jafnréttisnefnda fræðasviða, jafnréttisnefndar sameiginlegrar stjórnslu, einn fulltrúi stúdenta tilnefndur af Stúdentaráði og formaður sem rektor skipar. Jafnréttisfulltrúi situr jafnframt fundi nefndarinnar.

Kennslumálanefnd

Á árinu var kennslumálanefnd háskólaráðs þannig skipuð:

- Börkur Hansen leiddi nefndina út vormisserið en Steinunn Gestsdóttir, aðstoðarrektor kennslu og þróunar, tók þá við sem formaður.

- Anna Helga Jónsdóttir, Verkfræði- og náttúruvísindasviði,
- Björn Guðbjörnsson, Heilbrigðisvísindasviði,
- Kristín Jónsdóttir, Menntavísindasviði, var fulltrúi sviðsins á vormisseri en Hróbjartur Árnason á haustmisseri,
- Silja Bára Ómarsdóttir, Félagsvísindasviði,
- Steinunn J. Kristjánsdóttir, Hugvísindasviði,
- Stefán Þór Helgason, fulltrúi stúdenta.

Guðrún Geirsdóttir, formaður stjórnar Kennslumiðstöðvar, Þórður Kristinsson, sviðsstjóri kennslusviðs, og Hreinn Pálsson, prófstjóri, sátu fundi nefndarinnar og unnu með henni.

Erindisbréf nefndarinnar var endurskoðað 2. júní og samþykkt 2. júlí 2016 af háskólaráði. Hlutverk nefndarinnar er óbreytt og um það segir sem fyrr: „Hlutverk nefndarinnar er að vinna að þeim markmiðum Stefnu Háskóla Íslands ... er lúta að námi og kennslu. Í því felst að stuðla að þróun kennslu og kennsluhátta við Háskóla Íslands og vinna á annan hátt að því að nemendur öðlist framúrskarandi menntun í nánnum tengslum við rannsóknastarf skólans.“ Verkefni nefndarinnar eru síðan rakin í tólf liðum og má m.a. nefna að nefndinni er ætlað hafa með hendi samræmingu á kennslustefnu deilda í samvinnu við kennslunefndir fræðasviða.

Nefndin hélt 16 fundi á árinu 2016, átta gestir komu í níu skipti á fundi nefndarinnar. Á meðal helstu viðfangsefna hennar má nefna:

Nefndin tilnefndi fjóra kennara til viðurkenningar fyrir kennslu.

Málþing Stúdentaráðs, kennslumálanefndar, gæðanefndar og Kennslumiðstöðvar var haldið 18. mars 2016 undir yfirskriftinni: Hvernig metum við gæði kennslu?

Nefndin úthlutaði rúmum 14 m.kr. úr Kennslumálasjóði til 32 verkefna en alls bárust 40 umsóknir um tæpar 39 m.kr.

Á árinu var áfram unnið að undirbúningi að endurskoðun inntökuskilyrða þar sem ljóst er að stytting framhaldsskóla og ný námskrá getur haft veruleg áhrif á inntöku nemenda í Háskóla Íslands.

Samráðsfundur með Félagi íslenskra framhaldsskóla var haldinn 9. maí. Yfirskrift fundarins var: Nemendur á skilum skólastiga! Gerð var grein fyrir könnun á viðhorfum nýnema í Háskóla Íslands og brugðust fulltrúar framhaldsskólanna við henni. Einnig var gerð grein fyrir Háskólaherminum. Á meðal þeirra sem boðið var til fundarins voru forsetar fræðasviða, deildarforsetar, fulltrúar mennta- og menningarmálaráðuneytis og skólameistarar framhaldsskóla.

Á vormisseri fól nefndin formanni nefndarinnar og starfsmönnum kennslusviðs að kanna viðhorf nemenda til undirbúnings þeirra undir háskólanám og fyrstu kynna af Háskóla Íslands. Að stofni til var hliðstæð könnun lögð fyrir árið 2010 en nú var sex spurningum um fyrstu reynslu nemenda af háskólanum bætt við. Alls voru 19 spurningarnar lagðar fyrir.

Að venju veitti nefndin umsagnir um ýmis mál. Hraðar hendur þurfti að hafa þegar nefndasvið Alþingis óskaði umsagnar um fyrirkomulag menntunar lögreglumanna; óskin barst 12. maí með skilafresti til 18. maí.

Nefndin samþykkti tillögu um að Verkfræði- og náttúruvísindasviði yrði veitt heimild til að gera tilraun til tveggja ára með breytt fyrirkomulag sjúkra- og upptökuprófa hjá fræðasviðinu.

Anna Helga Jónsdóttir og Guðrún Geirsdóttur voru skipaðar sem fulltrúar Háskóla Íslands í fagráð háskólabrúar Keilis.

Samráðsnefnd um kjaramál

Á vegum háskólaráðs og rektors starfar samráðsnefnd háskólaráðs um kjaramál. Henni er ætlað að tryggja samstarf og samráð við stéttarfélög og samtök starfsmanna háskólans um kjara- og réttindamál auk þess sem hún gegnir hlutverki samstarfsnefndar samkvæmt 11. kafla kjarasamninga fjármálaráðherra og stéttarfélaga ríkisstarfsmanna.

Nefndin var þannig skipuð árið 2016: Guðmundur R. Jónsson, framkvæmdastjóri fjármála og rekstrar, formaður, Anna María Pétursdóttir og Jenný Bára Jensdóttir, sviðsstjóri fjármálasviðs. Starfsmaður nefndarinnar var Sigríður Björnsdóttir, verkefnastjóri hjá framkvæmda- og tæknisviði.

Vísindanefnd

Nýtt erindisbréf vísindanefndar háskólaráðs var samþykkt í háskólaráði þann 2. júní 2016. Skv. því skal vísindanefnd skipuð formönnum vísindanefnda fræðasviða eins og áður. Aðstoðarrektror vísinda er formaður nefndarinnar, skipaður af rektor. Hlutverk nefndarinnar er mótun stefnu á sviði vísinda við Háskóla Íslands og vera háskólaráði og rektor til ráðuneytis.

Verkefni vísindanefndar háskólaráðs eru:

1. Að vera rektor, háskólaráði og háskólaþingi til ráðuneytis um hvað eina sem lýtur að rannsóknum og vísindastefnu háskólans;
2. að stuðla að umræðum og málþingum um rannsóknir í samráði við rektor;
3. að stuðla að því, í samvinnu við vísindanefndir fræðasviða, að framkvæma markmið Stefnu Háskóla Íslands 2016-2020 er lúta að rannsóknum, nýsköpun og framhaldsnámi;
4. að tilnefna kennara eða sérfræðinga vegna árlegrar viðurkenningar fyrir lofsverðan árangur í rannsóknum;
5. að stuðla að samvinnu milli fræðasviða og deilda Háskóla Íslands um þverfræðilegar rannsóknir;
6. að sinna öðrum málum sem rektor, háskólaráð eða háskólaþing kunna að fela nefndinni;

Aðal breyting á starfi nefndarinnar lýtur að úthlutun úr Rannsóknasjóði og Doktorssjóðum. Sérstök stjórn Rannsóknasjóðs, skipuð formönnum fagráða mun annast úthlutun úr þeim sjóðum og úthlutaði í fyrsta skipti styrkjum á haustmíssi 2016 fyrir árið 2017.

Í upphafi árs 2016 lauk nefndin úthlutun úr Rannsóknasjóði fyrir það ár en matsvinnan átti sér stað á haustmíssi 2015. Við úthlutun fyrir 2016 var unnið samkvæmt viðmiðum sem ætlað var að samræma betur en áður mat á verkefnum og ritvirkni umsækjanda. Lögð var áhersla á að styrkja sem flest verkefni sem stóðust mat á vísindagildi og virkni umsækjanda. Umsóknir í sjóðinn voru 294 og alls voru 274 verkefni styrkt. Alls var úthlutað um 248 m.kr. úr Rannsóknasjóði fyrir árið 2016. Hver styrkur nam að meðaltali 904 þús.kr. Á vormíssi voru einnig veittir styrkir til ráðstefnuferða stúdenta í doktorsnámi. Þá var einnig úthlutað styrkjum til 32 doktorsnema úr doktorssjóðum Háskóla Íslands. Í ár voru umsóknir alls 146 (sjá nánar kafla um doktorsstyrki). Faglegt mat á umsóknum var, samkvæmt reglum, í höndum vísindanefndar og fagráða hennar. Var umsóknum forgangsraðað eftir vísindalegu gildi verkefnis, vísindalegri hæfni leiðbeinenda og náms- og rannsókniferli stúdents.

Önnur verkefni vísindanefndar á árinu lutu aðallega að áframhaldandi endurskoðun á Rannsóknasjóði og breyttu fyrirkomulagi varðandi umsóknir, styrkveitingar og úrvinnslu. Einnig var vinnu við að skerpa á áherslum um mat á umsóknum um doktorsstyrki fram haldið. Nefndin tilnefndi einnig vísindamenn vegna viðurkenningar fyrir rannsóknir.

Skipan vísindanefndar

Nefndina skipuðu árið 2016:

- Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, formaður, aðstoðarrektor rannsókna og prófessor á Félagsvísindasviði.
- Tinna Laufey Ásgeirsdóttir, prófessor á Félagsvísindasviði.
- Unnur Dís Skaptadóttir prófessor á Félagsvísindasviði, varamaður Tinnu á haustmisseri.
- Valur Ingimundarson, prófessor á Hugvísindasviði.
- Sigurður Gylfi Magnússon, prófessor á Hugvísindasviði, varamaður Vals, á vormisseri.
- Björn Þorsteinsson, prófessor, á Hugvísindasviði, varamaður Vals á haustmisseri.
- Oddur Ingólfsson, prófessor á Verkfræði- og náttúruvísindasviði, á vormisseri.
- Lárus Thorlacius, prófessor á Verkfræði- og náttúruvísindasviði, varamaður Odds á vormisseri, aðalfulltrúi á haustmisseri.
- Magnús Örn Úlfarsson, prófessor á Verkfræði- og náttúruvísindasviði, varamaður Lárusar á haustmisseri.
- Anna Kristín Sigurðardóttir, dósent á Menntavísindasviði.
- Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, prófessor, varamaður Önnu Kristínar á vormisseri.
- Árni Kristjánsson, prófessor á Heilbrigðisvísindasviði.
- Fanney Þórsdóttir, dósent á Heilbrigðisvísindasviði, varamaður Árna á vormisseri.
- Sunna Símonardóttir, fulltrúi stúdenta.



Stjórnsýsla

Skrifstofa rektors

Hlutverk rektors

Samkvæmt lögum um opinbera háskóla nr. 85/2008 er rektor formaður háskólaráðs, yfirmaður stjórnsýslu háskólans og æðsti fulltrúi hans gagnvart mönnum og stofnunum innan skólans og utan. Hann hefur frumkvæði að því að háskólaráð marki heildarstefnu í málefnum háskólans. Rektor ber ábyrgð á og hefur eftirlit með allri starfsemi skólans og á milli funda háskólaráðs fer hann með ákvörðunarvald í öllum málum háskólans. Rektor ræður starfslið sameiginlegrar stjórnsýslu háskólans og setur því starfslýsingar. Mennta- og menningarmálaráðherra skipar rektor til fimm ára samkvæmt tilnefningu háskólaráðs, að undangengnum almennum kosningum í háskólanum.

Skrifstofa

Starfsemi skrifstofu rektors felst í því að framfylgja lögskipuðu hlutverki háskólarektors, gæta heildarhagsmuna Háskóla Íslands og greiða fyrir því eftir bestu getu að stefna skólans megi ganga vel fram, þannig að háskólinn nái að rækja og rækta hlutverk sitt sem allra best í kennslu og rannsóknum og þjónustu við samfélagið.

Rektorsskrifstofa hefur umsjón með málefnum sameiginlegrar stjórnsýslu háskólans, háskólaþingi, fundum háskólaráðs, ársfundi háskólans og fundum rektors með forsetum fræðasviða. Einnig hefur rektorsskrifstofa umsjón með samskiptum rektors við fulltrúa stjórnvalda, atvinnulífs og innlendra og erlendra háskóla- og rannsóknastofnana og samtaka þeirra, sem og við fulltrúa erlendra ríkja. Náin samvinna er við forseta fræðasviða, aðstoðar Rektor vísinda og kennslu, framkvæmdastjóra fjármála og reksturs, deildarforseta, forstöðumenn stofnana og sviðsstjóra sameiginlegrar stjórnsýslu.

Á rektorsskrifstofu fer enn fremur fram margvísleg önnur regluleg starfsemi, svo sem móttaka og afgreiðsla erinda sem berast háskólanum, afgreiðsla viðtala eftir þöntun, miðlun upplýsinga til starfsmanna, umsjón með nefndum og starfshópum rektors um einstök málefni, útgáfa Árbókar Háskóla Íslands, umsjón með úthlutunum úr Háskólasjóði, brautskráningu kandiðata, viðurkenningum til starfsmanna, málþingum, ráðstefnum og fyrirlestrum á vegum rektors, útgáfa ýmiss kynningarefnis og umsjón með boðum og samkomum á vegum rektors, svo að nokkuð sé nefnt.

Skjalasafn

Starfslið

Nils Kjartan Guðmundsson gegndi áfram stöðu deildarstjóra skjalasafnins. Áslaug J. Marinósdóttir hélt áfram utan um myndasafn skjalasafnsins og Kristín Indriðadóttir starfaði í skjalamálum.

Aðbúnaður og geymslur

Vinna við að skipuleggja skjalageymslur í kjallaranum í Aðalbyggingu og söfnun skjala úr skjalageymslum víðs vegar um háskólann til að koma þeim í aðalsafnið hélt áfram.

Miðstöð framhaldsnáms

Miðstöð framhaldsnáms við Háskóla Íslands (e. Graduate School) hóf starfsemi sína snemma árs 2009 í kjölfar þess að Stefna Háskóla Íslands 2006–2011 var mörkuð. Miðstöðinni er ætlað að tryggja og efla gæði framhaldsnáms við Háskóla Íslands og stuðla að framgangi þess í samræmi við ákvarðanir háskólaráðs.

Miðstöð framhaldsnáms við Háskóla Íslands hefur umsjón með og fylgir eftir settum viðmiðum og kröfum um gæði framhaldsnáms við Háskóla Íslands með það að markmiði að stuðla að kröftugu vísindastarfi sem stenst alþjóðlegan samanburð og samkeppni. Markið hefur verið sett hátt fyrir Háskóla Íslands og skólinn eflst gríðarlega sem rannsóknaskóli undanfarin ár og vöxtur doktorsnámsins er eðlilegur hluti af þeirri þróun. Skráðir nemendur í doktorsnám eru nú tæplega sex hundruð talsins. Brautskráðir doktorar voru 63 talsins á árinu 2015.

Deildir háskólans bera faglega ábyrgð á framhaldsnámi við skólann. Miðstöð framhaldsnáms hefur heildaryfirsýn yfir framhaldsnámið og starfar náið með deildum, fræðasviðum og stjórnsýslu, auk þess að vera tengiliður við ýmsa samstarfsaðila innan lands og utan. Miðstöðin hefur aðsetur í Aðalbyggingu háskólans. Formaður stjórnar er Jón Atli Benediktsson háskólaformaður. Eiríkur Stephensen og Guðlaug Þóra Kristjánsdóttir voru ráðin til starfa við miðstöðina í september 2015. Tók Eiríkur við stöðu skrifstofustjóra miðstöðvarinnar af Magnúsi Lyngdal Magnússyni, sem ráðinn var aðstoðarmaður rektors. Guðlaug Þóra er verkefnastjóri, auk Péturs Ástvaldssonar, og eru fastir starfsmenn því þrír. Miðstöðin hefur eigin vefsíðu þar sem er að finna ýmsar upplýsingar um doktorsnám við Háskóla Íslands, svo sem tölfræði námsins, nýjar doktorsvarnir, reglur um doktorsnám, námskeið á framhaldsstigi o.fl.

Hlutverk og verkefni

Hlutverk Miðstöðvar framhaldsnáms er að vinna að söfnun og greiningu tölulegra upplýsinga um doktorsnám við Háskóla Íslands og að sinna því að öllum almennum reglum sé framfylgt. Þar koma til umfjöllunar gæðakröfur til leiðbeinenda, svo og þeirra sem veljast til setu í doktorsnefndir. Miðstöðin sinnir upplýsingagjöf til leiðbeinenda um skyldur, réttindi og hlutverk þeirra, auk þess að leggja mat á hæfi tilnefndra andmælenda við doktorsvarnir. Hún gegnir einnig staðfestingarhlutverki við að samþykka nýjar námsleiðir í framhaldsnámi í samvinnu við kennslusvið. Ný viðmið og kröfur um gæði doktorsnáms við Háskóla Íslands voru samþykkt 2012 og er þar m.a. lögð áhersla á að gera verkferla miðstöðvarinnar enn markvissari en áður. Með skýrari reglum um framhaldsnámið hefur skapast meiri formfesta, sem er mikilvægt þegar horft er til þess hve umfangsmikið doktorsnám við Háskóla Íslands er orðið.

Meðal verkefna miðstöðvarinnar er að halda utan um sértæka samstarfssamninga um framhaldsnám og doktorsgráður sem sameiginlegar eru með erlendum háskólum og leiðbeina um gerð slíkra samninga. Slíkir samningar eru orðnir meira en 40 talsins, einkum við evrópska háskóla. Sömmuleiðis sér miðstöðin um að auglýsa og úthluta aðstoðarkennarastyrkjum sem skólinn hefur veitt doktorsnemum árlega frá 2007, í samvinnu við vísinda- og nýsköpunarsvið. Miðstöðin hefur enn fremur staðið fyrir því að efla samvinnu við nemendafélög doktorsnema á fræðasviðum Háskóla Íslands og hún gengst einnig fyrir ráðstefnum og fyrirlestrum er varða framhaldsnám við skólann. Í samstarfi við Kennslumiðstöð hefur Miðstöð framhaldsnáms unnið að því að koma á fót námskeiðum fyrir leiðbeinendur doktorsnema.

Fullveldisdagurinn, 1. desember, er nú tileinkaður doktorsnámi og brautskráðum doktorum frá Háskóla Íslands. Miðstöð framhaldsnáms hefur frá 2011 staðið að hátíð brautskráðra doktora 1. desember en þar eru þeir sem luku doktorsprófi frá skólanum undanfarið ár heiðraðir. Hátíðin hefur mælst afar vel fyrir og er nú fastur viðburður á dagskrá háskólans.

Markaðs- og samskiptamál

Markaðs- og samskiptasvið

Markaðs- og samskiptasvið er eitt af sex þjónustu- og stoðsviðum sameiginlegrar stjórnarsýslu Háskóla Íslands. Sviðið hefur heildarumsjón með markaðs-, kynningar- og samskiptastarfi innan allra eininga háskólans og skilgreinir stefnu háskólans að þessu leyti í samvinnu við yfirstjórn hans, fræðasviðin fimm og sérstakt markaðs- og kynningarráð skólans. Markaðs- og samskiptasvið stýrir einnig gerð hönnunarstaðals háskólans í samvinnu við sömu aðila og gefur hann út. Sviðið stuðlar að því að ytri og innri hagsmunahópar hafi skýra mynd af hlutverki Háskóla Íslands, starfi hans, stefnu og stöðu.

Kennslumiðstöð

Kennslumiðstöð Háskóla Íslands var formlega stofnuð 31. ágúst 2001 og heyrir undir kennslusvið. Kennslumiðstöð fluttist að Aragötu 9 í maí 2014 en var áður til húsa á annarri hæð Íþróttahúss háskólans. Kennslumiðstöð er opin alla virka daga frá kl. 8.30 til 16.00. Á þeim tíma geta kennarar og starfsmenn Háskóla Íslands litið inn eða haft samband símleiðis, s. 525 4447, en fyrirspurnir má einnig senda á netfang miðstöðvarinnar: kemst@hi.is.

Námskeið, vinnustofur og kynningar

Markmið og hlutverk Kennslumiðstöðvar er að stuðla að þróun kennsluhátta við skólann með því að veita kennurum, deildum, fræðasviðum og stjórnendum skólans faglega aðstoð. Að þessu markmiði er unnið á ýmsan hátt, s.s. með ráðgjöf og föstum námskeiðum.

Matsskrifstofa – ENIC-/NARIC-upplýsingaskrifstofa

Matsskrifstofa kennslusviðs sér um mat á prófvottorðum. Skrifstofan fer yfir allar umsóknir erlendra námsmanna sem óska eftir inngöngu í Háskóla Íslands og umsóknir þeirra sem óska eftir undanþágum frá inntökuskilyrðum skólans. Þá gegnir skrifstofan hlutverki ENIC-/NARICupplýsingaskrifstofu Íslands samkvæmt samningi Háskóla Íslands og mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Meginhlutverk ENIC-/NARIC-upplýsingaskrifstofunnar er að leiðbeina bæði einstaklingum og stofnunum um mat á námi erlendis frá og veita erlendum aðilum upplýsingar um íslenskt menntakerfi og íslensk próf. Skrifstofan tekur þátt í samstarfi ENIC-/NARICupplýsingaskrifstofa og samstarfi norrænna ENIC-/NARIC-skrifstofa sem kallast NORRIC. Þá tekur annar starfsmaður skrifstofunnar þátt í NUAS-samstarfi.

Náms- og starfsráðgjöf

Þjónusta Náms- og starfsráðgjafar Háskóla Íslands er miðlæg, staðsett á Háskólatorgi og ætluð nemendum allra fræðasviða Háskóla Íslands. Markmið starfsfólks er að veita háskólastúdentum fjölbreytta ráðgjöf og stuðning meðan á námi stendur og stuðla þannig að árangri og vellíðan í námi og draga úr brotthvarfi. Leitast er við að veita heildræna náms- og starfsráðgjöf með skipulagðri þjónustu, ráðgjöf og upplýsingamiðlun frá því að einstaklingar íhuga nám við Háskóla Íslands þar til þeir brautskrást og stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaði. Til að mæta fjölgun nemenda á undanförunum misserum og ásókn í þjónustu Náms- og starfsráðgjafar hefur verið lögð áhersla á hópráðgjöf, námskeiðahald og fyrirlestra. Í sama tilgangi hefur miðlun hagnýtra upplýsinga og fræðsluefnis á vefsíðu Náms- og starfsráðgjafar aukist. Opnir viðtalstímar eru alla daga vikunnar þar sem fólk getur fyrirvaralaust fengið viðtal við náms- og starfsráðgjafa, auk þess sem nemendur

skólans geta bókað viðtöl eftir samkomulagi. Nemendur í fjarnámi geta fengið ráðgjöf í síma og tölvupósti.

Rannsóknir

Vísinda- og nýsköpunarsvið í miðlægrri stjórnáslu skólans hefur með höndum umsýslu verkefna sem tengjast rannsóknum og þjónustu við akademíska starfsmenn Háskóla Íslands með höndum. Vísinda- og nýsköpunarsvið er til húsa í Aðalbyggingu háskólans og Halldór Jónsson er sviðsstjóri sviðsins.

Rannsóknir

Rannsóknir við Háskóla Íslands eru í örur vexti. Háskólinn hefur á öllum fræðasviðum sínum á að skipa metnaðarfullum vísindamönnum á heimsmælikvarða og er því vel í stakk búinn til ná enn betri árangri en þegar hefur náðst.

Í maí 2006 setti Háskóli Íslands sér metnaðarfulla stefnu til ársins 2011. Stefnan hefur verið mikilvægt skref að því langtíamarkmiði háskólans að komast í raðir bestu háskóla heims. Í anda þessarar stefnu hyggst háskólinn á næstu árum efla enn frekar hágæðarannsóknir sem standast alþjóðleg viðmið á fjölbreyttum sviðum vísinda og fræða. Tekist hefur fjölga gífurlega brautskráðum doktorum, auka rannsóknavirkni og gæði rannsókna, m.a. með því að fjölga greinum sem starfsmenn skólans birta í ritrýndum, alþjóðlegum tímaritum, auka skipulegt samstarf við erlenda háskóla, sækja í auknum mæli í samkeppnissjóði rannsókna, stórefla aðstöðu til rannsókna og auka þverfræðilegar rannsóknir. Síðast en ekki síst hyggst háskólinn áfram efla nýsköpun og tengsl við rannsóknastofnanir, atvinnulíf og landsbyggðina.

Annar áfangi að langtíamarkmiðinu er Stefna Háskóla Íslands 2011–2016. Í henni er lögð áhersla á að efla gæði og styrkja innviði allra þátta háskólastarfsins. Í því skyni hefur háskólinn sett sér markmið um rannsóknir og nýsköpun, nám og kennslu, mannauð og ábyrgð gagnvart samfélaginu og umheiminum. Helstu stefnunnar eru áhersla á gæðarannsóknir og alþjóðlegt samstarf, þróttmikið framhaldsnám sem uppfyllir alþjóðlegar gæðakröfur, samþættingu kennslu og rannsókna á öllum námsstigum, eflingu mannauðs og starfsánægju stúdenta og starfsmanna og samfélagslega og hnattræna ábyrgð á 21. öld.

Háskóli Íslands samþykkti þriðju fimm ára stefnu sína árið 2016 og gildir hún til ársins 2021. Stefnan byggist á þeim árangri sem náðst hefur á undanförunum árum en felur jafnframt í sér sýn háskólans um að styrkja enn frekar stöðu sína sem alþjóðlegur rannsóknaháskóli í fremstu röð. Í nýrri stefnu, HÍ 21, eru tilgreindar fimm áherslur sem munu einkenna og starf skólans á stefnutímabilinu. Áherslurnar eru útfærðar nánar með markmiðum og aðgerðum sem beinast að kjarnastarfsemi háskólans, rannsóknum, námi og kennslu og þátttöku í samfélagi og atvinnulífi, sem og mannauðinum sem starf skólans byggist á. Markmiðin og aðgerðirnar munu styrkja rannsóknainnviði, tryggja gæði og gera háskólanum kleift að stuðla að þróun íslensks samfélags og sækja fram á alþjóðavettvangi. Aðgerðirnar eru rýndar og uppfærðar árlega og upplýsingar um framgang stefnunnar birtar á vef skólans.

Eitt af markmiðum stefnu Háskóla Íslands er að árangur og gæði rannsóknastarfs verði metinn á grundvelli fjölbreytts framlags til þekkingarsköpunar og mismunandi birtingarhefða. Á árinu 2016 var unnin sjálfsmatsskýrsla sem lögð verður til grundvallar ytri úttekt erlendra sérfræðinga á matskerfi opinberra háskóla. Áætlað er að erlendi sérfræðingahópurinn skili tillögum sínum um mitt ár 2017.

Þá er einnig í stefnunni sett markmið um að rannsóknainnviðir verði eflir með tryggni fjármögnun, öflugum rekstri og skilvirkri samnýtingu. Ráðgert er að áætlun um uppbyggingu rannsóknainnvið liggja fyrir í árslok 2017. Önnur markmið sem sett eru fram í stefnunni eru t. d. aukinn stuðningur við unga rannsakendur, efling nýsköpunar og hagnýtingar rannsóknaniðurstaðna og stuðningur við styrkjasókn í samkeppnissjóði.

Matskerfi opinberra háskóla

Forsendur

Matskerfi opinberra háskóla er grundvöllur að mati á störfum akademískra starfsmanna, þ.e. þeirra sem ráðnir eru samkvæmt hæfnisdómi og eru í Félagi prófessora við ríkisháskóla eða í öðrum kjarafélögum sem hafa gert samning um aðild að kerfinu (svo sem Félag háskólakennara, Kennarafélag Kennaraháskóla Íslands og Félag háskólakennara á Akureyri). Við Háskóla Íslands gildir að ritverk og annað útgefið efni sem ekki er auðkennt Háskóla Íslands (e. University of Iceland) er ekki tekið til mats. Mat á störfum nær til rannsókna, kennslu, stjórnunar, þjónustu og fleiri þátta. Árlegt framtal starfa felur í sér skýrslu um störf undangengins árs. Við Háskóla Íslands felur skýrslan einnig í sér uppfærslu svokallaðrar kennsluferilsskrár, yfirlit um samstarf við aðila utan Háskóla Íslands og yfirlit um aukastörf utan skólans. Engin stig, hvorki fyrir rannsóknir, kennslu né annað, eru veitt fyrir en fullnægjandi framtali hefur verið skilað.

Rannsóknir

Mat á rannsóknum byggist í meginatriðum á birtingarvettvangi ritverks. Litið er svo á að efni sem birtist á vettvangi þar sem gerðar eru strangar fræðilegar kröfur hafi þegar verið metið með tilliti til efnisöflunar, frumleika og framlags til nýrrar þekkingar. Þá skiptir sköpum hvernig útgefandi stendur að ritrýni. Ritrýni telst fullnægjandi þegar efni sem til stendur að birta er sent til a.m.k. tveggja ritrýna. Ritrýni skal vera nafnlaus, fagleg, efnisleg og unnin af viðurkenndum sérfræðingum á viðkomandi sviði. Enn fremur er lagt mat á dreifingu, aðgengi og áhrif ritverka.

Kennsla

Lagt er mat á virkni og gæði í kennslu, m.a. í birtu kennsluefni, nýsköpun í kennslu og leiðbeiningu nemenda í framhaldsnámi. Við Háskóla Íslands gildir að kennslustig vegna kennslureynslu (B1) fást ekki nema kennsluferilsskrá hafi verið uppfærð samhliða framtali starfa, sbr. að framan, en uppfæra þarf skrána árlega í tengslum við mat á störfum.

Stjórnun, þjónusta og annað

Mat er lagt á stjórnunarstörf, sbr. C-hluta matskerfisins, og þjónustu, sbr. D-hluta kerfisins. Lagt er mat á tiltekin stjórnunarstörf sem einkum eru á vegum háskólanna í heild eða fræðasviða þeirra. Stjórnun á vegum deilda er að jafnaði ekki metin til stiga samkvæmt reglum þessum. Í D-hluta er lagt mat á ýmis störf er falla undir þjónustu og fræðslu fyrir almenning sem háskólafólk sinnir í krafti sérþekkingar sinnar.

Kennslumál, stúdentar og brautskráningar

Í meginráttum annast kennslusvið málefni er lúta að kennslu og námi annars vegar og stjórnsýslu hins vegar. Helstu verkefni kennslusviðs eru yfirumsjón og eftirlit með kennslu- og nemendamálum háskólans, inntöku- og skráningu nemenda, prófahaldi, mati á námi frá öðrum skólum, innlendum sem erlendum, jafnréttismálum, reglusetningu og samningagerð, stjórnun og nefndum og undirbúningi og afgreiðslu mála fyrir háskólaráð. Á vegum kennslusviðs eru, auk skrifstofu sviðsins, jafnframt starfræktar sem sérstakar starfseiningar: Kennslumiðstöð, Náms- og starfsráðgjöf, Nemendaskrá, Þjónustuborð í Háskólatorgi og Matsskrifstofa. Kennslusvið starfrækir jafnframt ENIC-/NARIC-upplýsinga- og matsskrifstofu, skv. samningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið, sem annast upplýsingar um mat- og viðurkenningu náms frá öðrum löndum. Þá starfar jafnréttisfulltrúi háskólans innan kennslusviðs í nánu samstarfi við jafnréttisnefnd háskólaráðs.

Skrifstofa kennsluviðs

Á skrifstofu kennsluviðs er eitt meginverkefnið umsjón með undirbúningi funda háskólaráðs og umsjón með að ákvörðunum ráðsins og rektors sé framfylgt í samræmi við gildandi lög og reglur. Þá hefur skrifstofan umsjón með samningagerð í mörgum málefnum f.h. Háskóla Íslands, breytingum á lögum og reglum háskólans og setningu nýrra reglna. Sviðsstjóri hefur umsjón með framkvæmd verkefna- og stýrihóps Háskóla Íslands og Landspítala – háskólasjúkrahúss og umsjón með tengslum háskólans við EUA (Samtök evrópskra háskóla), IMHE (OECD Programme on Institutional Management in Higher Education) og UNICA (Samtök háskóla í höfuðborgum Evrópu). Skrifstofan hefur umsjón með ráðningarmálum allra eininga kennsluviðs í tengslum við heildarfjárhagsáætlun sviðsins og skiptingu fjárveitingar á milli starfseininga þess.

Starfsmanna- og starfsþróunarmál

Meginhlutverk starfsmannasviðs Háskóla Íslands er að vinna að fagmennsku að starfsmannamálum við skólann og tryggja að lögum og reglum sé framfylgt við meðferð starfsmannamála. Verkefni starfsmannasviðs tekur mið af starfsmannastefnu háskólans. Leitast er við að gera háskólann að góðum vinnustað þar sem gott starf er unnið af áhugasömu, samstilltu og ábyrgu fólki í anda jafnræðis. Tryggja á starfsmönnum sem best starfsskilyrði og möguleika til að vaxa og dafna í starfi. Starfsmannasvið leggur áherslu á eitt af grunnildum Háskóla Íslands um heilindi og virðingu.

Aðstoðarmannasjóður

Markmið Aðstoðarmannasjóðs er að gera kennurum kleift að ráða sér stúdent eða nýbrautskráðan aðstoðarmann við rannsóknir og/eða kennslu og að aðstoðarmaðurinn öðlist þjálfun og færni í faglegum vinnubrögðum. Sjóðurinn veitir mjög hóflega styrki sem ætlaðir eru til greiða aðstoðarmanni laun á viðkomandi misseri. Frá árinu 2010 hafa fræðasviðin séð um að úthluta styrkjum úr sjóðnum.


Ritaskrá Háskóla Íslands

Ritaskrá Háskóla Íslands tekur til rita sem samin eru af háskólakennurum, sérfræðingum og öðrum starfsmönnum háskólans og byggist hún á upplýsingum sem starfsmenn senda til vísinda- og nýsköpunarsviðs vegna framtals starfa. Skráin endurspeglar hversu gróskumikið og fjölbreytt starf er við Háskóla Íslands. Efni ritaskrárinnar er flokkað í samræmi við matsreglur, sbr. mynd 8 hér að ofan í kaflanum um ritvirkni.

Þjónustuskrifstofa um sókn í samkeppnissjóði


Markmið þjónustuskrifstofu um sókn í samkeppnissjóði er að stuðla að sókn háskólafélks í erlenda samkeppnissjóði með kynningarstarfsemi innan skólans, tæknilegri aðstoð við umsóknir og uppgjör og umsjón með styrktum verkefnum. Mikilvægur liður í þessu efni er samræming verkefna og verkferla fræðasviða háskólans.

Mynd 1. Heildarrannsóknastig Háskóla Íslands 2012–2015




Á myndum 1 og 2 er að finna yfirlit yfir heildarrannsóknastig akademískra starfsmanna Háskóla Íslands og stofnana hans árin 2012–2015. Á mynd 3 má sjá meðaltal rannsóknastiga akademískra starfsmanna eftir fræðasviðum 2015. Á mynd 4 má sjá meðaltal rannsóknastiga akademískra starfsmanna eftir fræðasviðum árið 2015, reiknað á fjölda starfsmanna í hverri deild annars vegar og á fjölda starfsígilda hins vegar.


Mynd 2. Meðaltal rannsóknastiga 2011–2014. Allir starfsmenn




Mynd 3. Meðaltal rannsóknastiga 2015 eftir fræðasviðum



Mynd 4. Meðaltal rannsóknastiga 2015 á hvern starfsmann/starfsígildi eftir fræðasviðum




Mynd 5. Meðaltal rannsóknastiga 2012–2015 á hvern starfsmann á stofnunum tengdum Háskóla Íslands




Skil á rannsóknaskýrslum

Á myndum 6 og 7 má sjá hversu mismunandi skil eru á rannsóknaskýrslum eftir fræðasviðum og stofnunum.

Mynd 6. Skil á rannsóknaskýrslum 2016 eftir fræðasviðum



Mynd 7. Skil á rannsóknaskýrslum 2016 hjá stofnunum tengdum Háskóla Íslands




Ritvirkni greind eftir flokkum ritverka

Á mynd 8 sést að 47% rannsóknastiga háskólans árið 2015 eru til komin vegna greina sem birtust í alþjóðlegum tímaritum skráðum í ISI-gagnagrunnum, ERIH-A- og B-listunum og íslenskum, ritrýndum tímaritum. Þar af eru 19% stiga til komin vegna greina sem birtust í tímaritum með hæsta áhrifastuðulinn (20%) og í tímaritum skráðum á ERIH-A-listanum.


ISI-gagnagrunnarnir eru þrír: á sviði félagsvísinda, hugvísinda og heilbrigðis- og raunvísinda. ERIH-listarnir eru þrír og skiptast í A-, B- og C-lista. Þeir eru evrópskir gæðalistar.

Fyrirlestrar og veggspjöld gefa 24 % rannsóknastiga en aðrir flokkar koma alllangt á eftir. Bókarkaflar gefa 13%, ráðstefnugreinar 3% og bækur gefa 3% rannsóknastiga. Aðrir hlutar matskerfisins standa fyrir 9% rannsóknastiga. Á mynd 9 má sjá hlutfall ritrýndra greina í heildarritvirkni fræðasviða.

Mynd 8. Ritvirkni 2015, greind eftir birtingarflokkum



Mynd 9. Hlutfall ritrýndra greina 2012–2015 eftir fræðasviðum





Rannsóknatengdir sjóðir

Vinnumatssjóður

Sjóðurinn var stofnaður 1989 og byggist á kjarasamningi Félags háskólakennara og fjármálaráðherra. Allir akademískir starfsmenn sem eru í Félagi háskólakennara og í meira en 50% starfi eiga rétt á greiðslum úr sjóðnum. Vinnumatssjóður greiðir félagsmönnum sem sýnt hafa árangur í rannsóknum í samræmi við mat á ritverkum. Birtar greinar og rit eru metin og fari afköst yfir tiltekin mörk öðlast viðkomandi hlutdeild í Vinnumatssjóði í samræmi við stigafjölda. Á árinu 2016 voru akademískum starfsmönnum í Félagi háskólakennara greiddar 182 m.kr., auk launatengdra gjalda, úr Vinnumatssjóði fyrir rannsóknafköst á árinu 2015.

Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora

Prófessorar fá greiðslu úr Ritlauna- og rannsóknasjóði prófessora fyrir vinnu við rannsóknir umfram tiltekið lágmark. Greitt er fyrir birtar greinar og önnur ritverk í samræmi við stigafjölda sem grundvallast á mati á þessum verkum.

Rannsóknasjóður

Stjórn Rannsóknasjóðs:


Á árinu var verklag við úthlutun úr Rannsóknasjóði og Doktorssjóðum Háskóla Íslands endurskoðað. Enn fremur var hlutverki vísindanefndar breytt í stefnumótandi nefnd á vegum háskólaráðs og rektors og samhlíða var sett á laggirnar sérstök stjórn Rannsóknasjóðs sem úthlutar úr sjóðunum, en vísindanefnd annaðist það verkefni áður. Unnið var úr umsóknum og úthlutað úr Rannsóknasjóði fyrir árið 2017 veturinn 2016. Á vegum stjórnar Rannsóknasjóðs starfa sjálfstæð fagråd sem skipuð eru fimm til átta fulltrúum hvert. Formenn fagráðanna mynda stjórn Rannsóknasjóðs en rektor skipar formann stjórnar. Hlutverk fagráða er að annast faglegt mat og forgangsröðun á umsóknum í Rannsóknasjóð Háskóla Íslands og doktorssjóði Háskóla Íslands. Faglegt mat og forgangsröðun fagráða skal byggjast á forsendum og viðmiðum sem vísindanefnd háskólaráðs setur. Fagráðin meta allar umsóknir á fagsviði sínu. Samræming og lokafrágangur úthlutunar er síðan í höndum stjórnar Rannsóknasjóðs.

Úthlutun styrkja:


Úr Rannsóknasjóði geta kennarar og sérfræðingar fengið styrki til vel skilgreindra verkefna ef þau teljast hafa álitlegt vísindagildi að mati sérfróðra umsagnaraðila, ef fyrri störf umsækjanda sýna að hann sé líklegur til að ná árangri og full skil hafa verið gerð með framvinduskýrslum um nýtingu fyrri styrkja sem sjóðurinn hefur veitt umsækjanda. Sjóðurinn skiptist í þrjár deildir eða undirsjóði, þ.e. almennan sjóð, skráningarsjóð og lausn frá kennslu. Fyrir árið 2017 var úthlutað 245 m.kr. til 276 verkefna, eða að meðaltali 889 þús.kr. á hverja umsókn sem hlaut styrk (sjá myndir 10–12).

Þá veitir Rannsóknasjóður doktorsnemum launastyrki en nánar er fjallað um þá í sérkafla um framhaldsnám.


Mynd 10. Rannsóknasjóður Háskóla Íslands. Heildarupphæð umsókna og styrkja 2014–2017 (m.kr. á verðlagi hvers árs)



Mynd 11. Rannsóknasjóður Háskóla Íslands. Meðalupphæð styrkja (þús.kr.) og hlutfall úthlutunar af umbeðnu fé 2014–2017 (%)



Mynd 12. Rannsóknasjóður Háskóla Íslands. Fjöldi umsókna og styrkja og hlutfall styrktra umsókna 2014–2017 (%)




Tækjakaupasjóður


Háskólinn fær ekki fjárveitingu úr ríkissjóði til tækjakaupa en aflar fjár til þeirra með Happraætti Háskóla Íslands. Markmið Tækjakaupasjóðs er að gera kennurum og sérfræðingum kleift að kaupa nauðsynleg tæki til rannsókna. Fræðasviðin raða umsóknum í forgangsröð. Sjóðurinn hafði fyrir árið 2016 rúmlega 40 m.kr. til ráðstöfunar.. Umsóknarfrestur er 15. nóvember ár hvert en úthlutunarvinna fer fram eftir áramót.

Þá eru einnig veittir svokallaðir mótframlagastyrkir sem eru háðir því að umsækjandi hljóti styrk frá Innviðasjóði Vísinda- og tækniráðs. Alls voru 16 slíkir veittir styrkir á árinu, að upphæð um 54,2 m.kr.

Mynd 13. Úthlutun úr Tækjakaupasjóði 2013–2016 (m.kr. á verðlagi hvers árs)



Mynd 14. Mótframlagastyrkir 2013–2016 (m.kr. á verðlagi hvers árs)



Rannsóknatengt framhaldsnám

Mikilvægasta stefnumál Háskóla Íslands og helsti vaxtarbroddurinn í starfi hans er rannsóknatengt framhaldsnám: meistara- og doktorsnám. Þótt allt háskólanám hvíli að nokkru leyti á rannsóknnavinnu nemenda greinir framhaldsnámið sig frá grunnnáminu að því leyti að í því er lögð höfuðáhersla á rannsóknir sem nemendur vinna undir handleiðslu leiðbeinenda. Framhaldsnámið er því einnig nefnt rannsóknánám. Í öllum deildum háskólans er nú í boði framhaldsnám eða rannsóknánám eftir fyrsta háskólapróf. Hvatt er til þess að hluti námsins fari fram við erlenda háskóla. Þangað eru einkum sótt sérhæfð námskeið sem háskólinn getur ekki boðið en rannsóknaverkefni eru yfirleitt unnin hér á landi, stundum í samvinnu við erlenda aðila.

Í stefnu Háskóla Íslands 2011–2016 segir m.a. í kafla um stefnu um rannsóknir og nýsköpun:

Öflugt framhaldsnám sem hvílir á traustum grunni er forsenda þess að Háskóli Íslands geti rækt hlutverk sitt og náð langtímamarkmiðum sínum. Gróskumikið rannsóknánám gerir háskólanum kleift að laða til sín bestu innlendu og erlendu framhaldsnemana og færustu kennarana.


- Stefnt er að því að árlegur fjöldi brautskráðra doktora verði hlutfallslega sambærilegur við fjölda þeirra í nágrannalöndum okkar, eða 60–70 á ári.
- Háskólinn beiti sér fyrir því að ríkisvaldið komi að heildstæðri fjármögnun doktorsnámsins með skýrar gæðakröfur að leiðarljósi.
- Hlutfall brautskráðra doktora frá Háskóla Íslands sem hafa sameiginlega doktorsgráðu með erlendum rannsóknaháskólum verði a.m.k. 10% árlega.
- Virkni doktorsnema í námi verði tryggð með því að styrkja umgjörð þess, bæta aðstöðu til námsins og skýra ábyrgð leiðbeinenda. Við upphaf doktorsnáms verði gerð krafa um raunhæfa áætlun um fjármögnun og framvindu. Fylgst verði reglulega með virkni og árangri doktorsnema, m.a. með árlegum framvinduskýrslum.
- Miðstöð framhaldsnáms við Háskóla Íslands verði eflað og fest í sessi, m.a. með því að fá henni ríkara eftirlits- og samræmingarhlutverk í tengslum við framkvæmd doktorsnámsins. Gildandi viðmið og kröfur um gæði doktorsnáms við Háskóla Íslands verði endurskoðuð, m.a. með hliðsjón af hlutverki Miðstöðvar framhaldsnáms. Skilgreind verði hliðstæð formleg viðmið og kröfur fyrir rannsóknatengt meistaranám.
- Meistaranám verði eftt, m.a. með fullnægjandi framboði námskeiða og skipulegu samstarfi við erlenda háskóla.

Doktorsstyrkir

Í samræmi við stefnu Háskóla Íslands hefur sérstökum doktorsstyrkjum verið úthlutað úr Háskólasjóði Eimskipafélags Íslands og Rannsóknasjóði Háskóla Íslands. Umsóknarferli og faglegt matsferli er sameiginlegt fyrir báða sjóðina en úthlutunarnefnd Háskólasjóðs úthlutar styrkjum úr Háskólasjóði en vísindanefnd háskólaráðs doktorsstyrkjum Rannsóknasjóðs. Alls bárust 146 umsóknir í sjóðina, flestar fyrir verkefni þar sem samstarf leiðbeinanda og stúdents er hafið en 44 umsóknir fóru eftir svokallaðri b-leið þar sem leiðbeinandi sækir um á grundvelli rannsóknaverkefnis til að ráða doktorsnema. Samtals voru veittir styrkir til 31 nemenda úr sjóðunum tveimur á árinu 2016. Þá var einnig veittur einn styrkur í nafni ISAVIA.

Með nýrri stefnu Háskóla Íslands er markmiðið að fjölga doktorsstyrkjum um a.m.k. 10 á stefnutímabilinu til að stuðla betur að því markmiði að um 70 doktorsnema útskrifist á ári. Þá er í stefnunni einnig boðaður aukinn stuðningur við doktorsnámið, m.a. með því að styðja við þátttöku doktorsnema í alþjóðlegu samstarfi.

Mynd 15. Doktorsstyrkir 2011–2016



Doktorsstyrkir Rannsóknasjóðs

Í maí 2016 var úthlutað doktorsstyrkjum Rannsóknasjóðs Háskóla Íslands í tíunda sinn. Alls voru veittir 25 styrkir.

Eftirtaldir hlutu styrk eftir svokallaðri b-leið (til að ráða doktorsnema): Egill Skúlason, Freysteinn Sigmundsson, Guðmundur Hrafn Guðmundsson, Jóhanna Einarsdóttir, Jóna Freysdóttir og Ingibjörg Harðardóttir, Már Másson, Oddur Ingólfsson, Steffen Mischke, Tinna Laufey Ásgeirsdóttir, Tómas Grétar Gunnarsson og Þórarinn Guðjónsson.

Eftirtaldir kennarar hlutu styrk til handa doktorsnemum sem þeir hafa þegar hafið samstarf við:

- Styrkur til þriggja ára: Aðalheiður Guðmundsdóttir, Ástráður Eysteinnsson, Benedikt Hjartarson, Guðni Elísson, Gunnar Stefánsson, Hannes Jónsson, Margrét Þorsteinsdóttir, Óttar Rolfsson, Rúnar Vilhjálmsson, Sigurður Magnús Garðarsson, Sverrir Jakobsson.
- Styrkur til tveggja ára: Erna Magnúsdóttir og Urður Njarðvík.
- Styrkur til eins árs: Oddný Mjöll Arnardóttir.

Háskólasjóður Eimskipafélags Íslands

Í maí var úthlutað í níunda sinn úr Háskólasjóði Eimskipafélags Íslands. Úthlutað var styrkjum til sex verkefna.

- Styrkur til tveggja ára: Bergljót Soffía Kristjánsdóttir, Guðfinna Th Aðalgeirsdóttir, Hanna Ragnarsdóttir og Jónína Einarsdóttir.
- Styrkur til eins árs: Rannveig Ólafsdóttir og Þórhallur Ingi Halldórsson.


ISAVIA styrkur

Einn styrkur var veittur í nafni ISAVIA og hlaut verkefni sem Guðmundur Freyr Úlfarsson stýrir styrkinn, til tveggja ára.

Ferðastyrkir Rannsóknasjóðs

Á árinu voru doktorsnemum veittir styrkir til ráðstefnuferða. Ferðastyrkirnir eru ætlaðir til þess að styrkja nema til þess að kynna niðurstöður sínar á ráðstefnum, fyrst og fremst erlendis, en ekki til námsferða eða þátttöku í námskeiðum. Skilyrði fyrir styrkveitingu var að fyrir lægi staðfest framlag nemandans á ráðstefnunni. Farið er eftir gæðum ráðstefna og framlagi doktorsnemans til að forgangsraða styrkjum, svo og námsframvindu doktorsnemans. Alls bárust 87 umsóknir og reyndist unnt að styrkja 75 þeirra. Styrkupp hæð hvers styrks var 75.000 kr.


Mynd 16. Rannsóknasjóður Háskóla Íslands. Ferðastyrkir 2014–2016



Aðstoðarkennarastyrkir

Í samræmi við stefnu Háskóla Íslands var sett á fót styrkjakerfi aðstoðarkennara. Markmið styrkjanna er að gera meistara- og doktorsnemum kleift að annast hóflega kennslu á sama tíma og þeir vinna að rannsóknaverkefni sínu. Við fjármögnun styrkjanna er gert ráð fyrir sameiginlegri fjármögnun af kennslu- og rannsóknafjárveitingum. Alls voru veittir 20 styrkir á árinu samtals að upphæð um 36 m.kr.

Mynd 17. Aðstoðarkennarastyrkir 2014–2017



Nýliðunarsjóður

Styrkir úr Nýliðunarsjóði Aldarafmælistjóðs eru styrkir ætlaðir nýdöktorum sem hafa lokið doktorsprófi á síðastliðnum fimm árum og eru veittir til allt að þriggja ára. Sérstök stjórn, skipuð af rektor, með fulltrúum allra fræðasviða, annast mat og forgangsröðun umsókna. Vegna skorts á fjármagni var ekki unnt að veita nýja styrki á árinu en en áfram voru greiddir styrkir til þeirra sem fengu úthlutað á tímabilinu 2013 til 2015.

Aðstoðarmannasjóður

Markmið Aðstoðarmannasjóðs er að gera kennurum kleift að ráða sér stúdent eða nýbrautskráðan aðstoðarmann við rannsóknir og/eða kennslu og að aðstoðarmaðurinn öðlist þjálfun og færni í faglegum vinnubrögðum. Sjóðurinn veitir mjög hóflega styrki sem ætlaðir eru til greiða aðstoðarmanni laun á viðkomandi misseri. Frá árinu 2010 hafa fræðasviðin séð um að úthluta styrkjum úr sjóðnum.

Ritaskrá Háskóla Íslands

Ritaskrá Háskóla Íslands tekur til rita sem samin eru af háskólakennurum, sérfræðingum og öðrum starfsmönnum háskólans og byggist hún á upplýsingum sem starfsmenn senda til vísinda- og nýsköpunarsviðs vegna framtals starfa. Skráin endurspeglar hversu gróskumikið og fjölbreytt starf er við Háskóla Íslands. Efni ritaskrárinnar er flokkað í samræmi við matsreglur, sbr. mynd 8 hér að ofan í kaflanum um ritvirkni.

Þjónustuskrifstofa um sókn í samkeppnissjóði

Markmið þjónustuskrifstofu um sókn í samkeppnissjóði er að stuðla að sókn háskólafélks í erlenda samkeppnissjóði með kynningarstarfsemi innan skólans, tæknilegri aðstoð við umsóknir og uppgjör og umsjón með styrktum verkefnum. Mikilvægur liður í þessu efni er samræming verkefna og verkferla fræðasviða háskólans.

Sjóðasókn

Ríkustu hagsmunir Háskóla Íslands hvað varðar sókn í samkeppnissjóði felast í rannsóknáætlun Evrópusambandsins. Við upphaf rannsóknáætlunar Evrópusambandsins um rannsóknir, Horizon 2020 (H2020), voru sett markmið um að efla sókn í erlenda sjóði enn frekar. Með stuðningi frá aldarafmælistjóði Háskóla Íslands var ákveðið að veita styrki til undirbúnings umsókna í erlenda sjóði og hefur það reynst vel sem hvatning, auk þess sem yfirsýn yfir erlendar umsóknir hefur batnað til

muna. Í árslok 2016 voru umsóknir í H2020 orðnar 185, 21 verkefni höfðu verið styrkt og fimm þeirra er stjórnað af vísindamönnum við Háskóla Íslands. Alls nema styrkir til Háskóla Íslands vegna þessara verkefna um 7,7 milljónum evra. Svör við öllum umsóknum hafa þó ekki borist enn. Þá hafa vísindamenn við Háskóla Íslands verið sérstaklega hvattir til að sækja um styrki frá evrópska rannsóknarráðinu (ERC) og er þeim veittur sérstakur styrkur og þjálfun til umsóknaskrifa. Erlendir sérfræðingar hafa haldið námskeið fyrir valda umsækjendur og auk þess aðstoðað við yfirlestur umsókna. Átakið mæltist vel fyrir. Árangurshlutfall er almennt mjög lágt en tveir ungir vísindamenn við HÍ fengu loforð um ERC styrki á árinu 2016.

Auk umsókna í H2020-áætlun Evrópusambandsins hefur sókn í aðrar Evrópuáætlanir og norræna sjóði einnig verið mikil og árangur góður.

Samstarf við fræðasvið og stjórnslu

Starfsfólk vísinda- og nýsköpunarsviðs stýrir samstarfi rannsóknastjóra á fræðasviðum skólans. Samstarfið gengur vel, fundir eru haldnir á tveggja vikna fresti, auk þess sem hópurinn fundar með stærri hópi sem í sitja rekstrarstjórar fræðasviða, fjármálastjóri HÍ, forstöðumenn skrifstofu alþjóðasamskipta, vísinda- og nýsköpunarsviðs, Miðstöðvar um framhaldsnám og fulltrúar frá Landspítala – háskólasjúkrahúsi. Aldarafmælistjóður hefur styrkt rannsóknastjóra fræðasviða til endurmenntunar og eru þeir hvattir til að sækja ráðstefnur og námskeið, jafnt innanlands sem utan, sem sérstaklega eru ætluð rannsóknastjórum og öðru starfsfólki sem aðstoðar vísindamenn við umsóknir og rekstur verkefna.

Í framhaldi af úttekt innri endurskoðanda HÍ á meðferð erlendra styrkja, skipaði rektor stafshóp um meðferð erlendra styrkja sem tekur til starfa í upphafi árs 2017. Í þeim hópi hefur eins og í öllu samstarfi undanfarin ár verður lögð mikil áhersla á gerð verkferla og gátlista sem tengjast umsóknum, undirritun og rekstri erlendra verkefna í því skyni að samræma vinnuaðferðir á öllum fræðasviðum við umsóknir í erlenda sjóði og umsjón með verkefnum. Tilgangur þessarar vinnu er sá að Háskóli Íslands er ein stofnun þegar kemur að sókn í rannsóknasjóði og því mikilvægt að samræma vinnubrögð.

Starfsmenn

Fjórir starfsmenn sinna sjóðasókn og stuðningi við rekstur erlendra verkefna, tveir í fullu starfi en tveir að hluta. Einn starfsmaður er einnig fulltrúi Íslands í stjórn Marie Skłodovska Curie áætlunarinnar, en þar eru fjölmörg tækifæri fyrir vísindamenn háskólans.



Hagnýting rannsókna

Hugverkanefnd

Hugverkanefnd Háskóla Íslands og Landspítala var stofnuð árið 2002 en tók formlega til starfa árið 2003. Hugverkanefnd starfar á grundvelli erindisbréfs og starfsreglna sem samþykkt voru í febrúar 2013 af háskólaráði og forstjóra Landspítala, sbr. breytingar 2015.

Hlutverk nefndarinnar er að aðstoða starfsmenn við hagnýtingu rannsókna. Hagnýting getur verið fólgin í því að veitt sé nytjaleyfi á uppfinningu, hún seld, fyrirtæki sé stofnað í kringum hana eða farið sé í samstarf um hagnýtingu tiltekinna rannsókna.

Hugverkanefnd bærust fjögur ný erindi árið 2016. Þrjú erindi tengdust einkaleyfishæfum uppfinningum og eitt leyfissamningi á frumulínu sem var unnin af Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum í samstarfi við Háskóla Íslands. Fallið var frá rétti til einnar uppfinningar í kjölfar nýnæmiskönnunar og var ein tilkynning um uppfinningu dregin til baka í samráði við erlenda samstarfsaðila. Undir lok árs öðlaðist Hugverkanefnd f.h. Háskóla Íslands rétt til einnar uppfinningar.

Á árinu 2016 hafði Hugverkanefnd aðkomu að sjö verkefnum er varða hagnýtingu uppfinninga, auk tveggja nýrra verkefna frá árinu 2016 sem ekki verða gerð frekari skil hér.

- Verkefni Sveinbjörns Gizurarsonar, prófessors í Lyfjafræðideild, „frásogshvati“, en Háskóli Íslands og Sveinbjörn fá nú leyfistekjur af því einkaleyfi. Verkefnið er frá árinu 2007.
- Verkefni Halldórs Þormars og samstarfsmanna hans, Hilmarssonar og Guðmundar Bergssonar, „monocaprin“. Verkefnið er frá árinu 2007.
- Verkefni Sigríðar Suman, dósentis við Raunvísindadeild „meðferð gegn blásýrueitrun“. Verkefnið er frá árinu 2013.
- Verkefni Egils Skúlasonar, lektors við Raunvísindadeild, „efnahvatar til að framleiða ammóníak“ frá árinu 2013.
- Verkefni Sveinbjörns Gizurarsonar, prófessors í Lyfjafræðideild, og Stefáns Jóns Sigurðssonar, MS-nemanda, „stöðgandi lausnir fyrir prótín og peptíð“ frá árinu 2014.
- Verkefni Kristjáns Leóssonar, vísindamanns hjá Raunvísindastofnun, á sviði örlyóstækni sem unnið var í samstarfi við Harvard háskóla og barst nefndinni árið 2015.
- Verkefni Sveins Ólafssonar, vísindamanns hjá Raunvísindastofnun, á sviði kjarnavísinda, barst nefndinni árið 2015.

Í öllum tilvikum er um að ræða einkaleyfishæfar uppfinningar og hafa umsóknir um einkaleyfi verið lagðar inn eða eru í vinnslu. Aðkoma hugverkanefndar að verkefnum er mismunandi eftir eðli og stöðu þeirra.

Hugverkanefnd hefur í starfi sínu komið að ákvörðun eignarhluta Háskóla Íslands og Landspítala í sprotafyrirtækjum stofnananna. Stofnuð voru tvö sprotafyrirtæki á árinu, Atmonia ehf. sem mun taka yfir þróun og hagnýtingu á verkefninu „efnahvatar til að framleiða ammóníak“ og Calor ehf. sem mun taka yfir þróun og hagnýtingu á „stöðgandi lausnir fyrir prótín og peptíð“. Þar til viðbótar á Háskóli Íslands hlut í sprotafyrirtækjunum: Lífeind, Oxymap, Akthelia, Oculis, Lipid Pharmaceuticals, Risk, Þróunarfélagið Stika, Hugarheill, iMonIT, Marsýn, Fiix greining, Grein Research, Tamar og Capretto.

Á árinu gaf Hugverkanefnd út „Handbók starfsmanna um tækniyfifærslu í Háskóla Íslands og Landspítala“. Handbókin er byggð á riti Michigan háskóla „Inventor’s Guide to Technology Transfer“ og er Hugverkanefnd afar þakklát Michigan háskóla fyrir góðfúslegt leyfi til að nýta efnið. Þá var útbúin síða á Uglunni um uppfinningar starfsmanna til að auðvelda starfsmönnum að finna heimasíðu

Hugverkanefndar <http://hugverkanefnd.hi.is> og eyðublaðið „tilkynning um uppfinningu“ og hvort tveggja gert aðgengilegra á heimasíðu Hugverkanefndar Háskóla Íslands og Landspítala, <http://hugverkanefnd.hi.is>.

Sameiginleg skrifstofa tækniyfifærslu fyrir Ísland

Með tækniyfifærslu er átt við þá starfsemi sem er nauðsynleg til að tengja vísindin við atvinnulífið og samfélagið. Ísland situr í toppsætum meðal þjóða hvað varðar gæði vísindastarfs og alþjóðlegt vísindasamstarf, en er eftirbátur annarra þjóða þegar kemur að hagnýtingu rannsókna, hugverkavernd og tengslum við atvinnulífið. Þetta kemur skýrt fram í erlendum úttektum sem gerðar voru m.a. á vegum Evrópusambandsins og OECD á vísinda- og nýsköpunarumhverfinu héraendis og samanburði við önnur lönd. Ein megin örsökina er almennur skortur á skipulegu og faglegu tækniyfifærslustarfi meðal háskóla og rannsóknastofnana. Vísinda- og nýsköpunarsvið leiddi samstarfsverkefni allra háskóla og flestra rannsóknastofnana landsins sem miðar að því að bæta úr slægum árangri íslenska vísindasamfélagsins í tækniyfifærslu. Haldin var ráðstefna í Háskóla Íslands um tækniyfifærslu og voru erlendir sérfræðingar í tækniyfifærslu frá Háskólanum í Florida, Max Planck stofnuninni og BTO tækniyfifærslu skrifstofu Bergen aðalfyrirlesarar ráðstefnunnar sem menntamálaráðherra ávarpaði. Útbúin var vefsíða fyrir ráðstefnuna sem inniheldur fyrirlestra erlendu sérfræðinganna auk ýmiss fræðsluefnis og fréttu af verkefninu, sjá nánar www.ttoiceland.hi.is. Eftir fyrirlestrana var hópavinna þar sem fulltrúar stofnana og vísindasamfélagsins ræddu hver væri hin íslenska leið í tækniyfifærslu. Verkefninu var framhaldið með fundum vinnuhóps fram eftir hausti sem komst að þeirri niðurstöðu að rétt væri að stofna sérstök félagasamtök allra aðila um verkefnið til að taka málið áfram fram að stofnun einnar tækniyfifærsluskrifstofu sem sinnti öllum háskólum og flestum rannsóknastofnunum landsins. Í þessu felast einstök tækifæri til að vekja athygli og áhuga erlendra fjárfesta og fyrirtækja á uppfinningum íslenskra vísindamanna.

Hagnýtingarverðlaun Háskóla Íslands

Hagnýtingarverðlaun Háskóla Íslands voru veitt í 19. sinn á árinu en markmið þeirra er að laða fram hagnýtanlegar hugmyndir frá starfsmönnum og nemendum Háskóla Íslands og tengdum stofnunum.

Að þessu sinni bárust 19 hugmyndir í samkeppnina frá flestum fræðasviðum skólans. Sérstök dómnefnd fór yfir hugmyndirnar en við mat á þeim horfði hún meðal annars til nýnæmis og frumleika, hversu fljótt væri unnt að hagnýta hugmyndirnar, hvort hagnýtingin styddi við stefnu og starfsemi Háskóla Íslands, hver ávinningur samfélagsins væri af hugmyndinni og hvernig verðlaunafé myndi nýtast við hagnýtingu verkefnisins.

Fyrstu verðlaun, að upphæð tvær milljónir króna, voru veitt til verkefnisins „Bólguhemjandi áhrif efnis upprunna úr sjávarlífveru“. Jóna Freysdóttir, prófessor við Læknadeild, leiðir verkefnið en að því koma einnig Ingibjörg Harðardóttir, prófessor við Læknadeild, Sesselja Ómarsdóttir, prófessor við Lyfjafræðideild, Xiaxia Di, doktorsnemi við sömu deild, og Jón Þórir Óskarsson, meistaranemi við Læknadeild. Um er að ræða einangrað efni sem er sérlega áhrifaríkt í að bæla bólgusvar og hefur því ekki áður verið lýst.

Önnur verðlaun, að upphæð ein milljón króna, komu í hlut aðstandenda verkefnisins „Huliðsheimar – gagnvirk upplifunarsýning um álfa, huldufólk og aðra vætti“. Fyrirtækið Jaðarmiðlun ehf. er á bak við verkefnið en að því standa Ólöf Magnúsdóttir, Svanhvít Tryggvadóttir, Sólrún Ingvadóttir og Kristín Mjöll Jakobsdóttir. Þær eru allar meistaranemar í hagnýtri menningarmiðlun við Sagnfræði- og heimspekideild Háskóla Íslands, með bakgrunn í þjóðfræði, félagsfræði og tónlist. Huliðsheimar

byggist á fræðilegum rannsóknum á þjóðsögum um álfa, huldufólk og aðra vætti. Sögnunum er gefið líf með aðstoð nýjustu tækni á sviði sýndarveruleika í sýningarrými þar sem skynfærunum er ögrað.

Þriðju verðlaun, að upphæð 500 þúsund krónur, voru veitt fyrir verkefnið „Augmented Interaction Room (AugIR)“. Að verkefninu standa Matthias Book, dósent við Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild Háskóla Íslands, og Volker Gruhn, Simon Grapenthin, Markus Kleffmann og Erik Hebisch. Verkefnið snýst um að einfalda og auðvelda samstarf um þróun hugbúnaðar með hönnun á vinnuumhverfi og herbergi sem í eru gagnvirkar tússtöflur. Hver og ein þeirra býr yfir upplýsingum sem tengjast sínu sjónarhorni á hugbúnaðinn. Töflurnar eru svo allar tengdar saman og séu gerðar breytingar á einhverjum þáttum í einu sjónarhorni sést um leið hvaða áhrif þær hafa á önnur sjónarhorn á hinum töflunum. Með þessum hætti má greina snemma vandamál og ósamræmi sem annars væri hætt á að fólki sæist yfir.

Háskóli Íslands leggur aukna áherslu á nýsköpun og að rannsóknarniðurstöður nýtist samfélaginu sem best og víðast. Með hliðsjón af nýrri stefnu háskólans HÍ21 hefur Vísinda- og nýsköpunarsviði Háskóla Íslands verið falið að vinna að eflingu vitundar um mikilvægi nýsköpunar og frumkvöðlastarfsemi innan háskólasamfélagsins, jafnt í fræðasamfélaginu sem í kennslu. Þetta felur í sér að kanna möguleika á samþættingu nýsköpunarfræða í kennslu, eflingu samfélags frumkvöðla og nýsköpunarmenningu innan háskólans og auknu samstarfi og samtali við atvinnulífið, ennfremur að gera framlag Háskóla Íslands til þekkingarsamfélagsins og nýsköpunar sýnilegra.

Rekstur og framkvæmdir

Framkvæmda- og tæknisvið hefur yfirumsjón með málefnum er lúta að skipulagi háskólasvæðisins, rekstri bygginga Háskóla Íslands og byggingarframkvæmdum á hans vegum. Umhverfisstjórnun skipar æ stærri sess í starfsemi sviðsins.

Helstu samstarfsaðilar sviðsins utan háskólans eru mennta- og menningarmálaráðuneytið, fjármála- og efnahagsráðuneytið, Framkvæmdasýsla ríkisins, Ríkiskaup og Reykjavíkurborg.

Sviðsstjóri er Guðmundur R. Jónsson og skrifstofustjóri er Sigurlaug I. Lövdahl.

Styrktarsjóðir Háskóla Íslands

Í vörslu Styrktarsjóða Háskóla Íslands eru fimmtíu og fimm sjóðir og gjafir sem borist hafa háskólanum allt frá stofnun hans. Hluti sjóðanna starfar eftir staðfestri skipulagsskrá þar sem kveðið er á um hvernig styrkjum skuli úthlutað til ýmissa verkefna nemenda, kennara eða vísindamanna. Fjárreiður Styrktarsjóðanna eru aðskildar frá fjárreiðum skólans.

Bókhald sjóðanna er sjálfstætt og lýtur endurskoðun löggilts endurskoðanda og Ríkisendurskoðunar. Endurskoðandi sjóðanna er endurskoðunarfyrtækið PwC og fyrir hönd þess Ljósbrá Baldursdóttir, löggiltur endurskoðandi. PwC hefur jafnframt séð um bókhald sjóðanna frá árinu 2008.

Starfsemi Styrktarsjóða Háskóla Íslands heyrir nú undir fjármál og rekstur í miðlægri stjórnarsýslu Háskóla Íslands og hefur gert það frá því í ársbyrjun 2012 en hún tilheyrði áður markaðs- og samskiptasviði skólans. Með umsjón Styrktarsjóðanna fer Helga Brá Árnadóttir, verkefnisstjóri styrktarsjóða og hollvina Háskóla Íslands.

Jenný Bára Jensdóttir, fjármálastjóri Háskóla Íslands, hefur komið til liðs við Helgu Brá við fjárumssýslu sjóðanna frá því að hún tók við starfi sínu í ágúst 2012. Jenný Bára fer einnig með prókúru sjóðanna.

Stjórnarmenn Styrktarsjóða Háskóla Íslands eru Gylfi Magnússon, dósent í Viðskiptafræðideild, sem jafnframt er formaður stjórnar, Ása Ólafsdóttir, lektor í Lagadeild, og Jóhann Ómarsson, viðskiptafræðingur. Varamaður er Sigurður Jóhannesson, aðjunkt og sérfræðingur við Hagfræðistofnun. Stjórnin var skipuð árið 2014. Skipunartími stjórnar er þrjú ár og rennur út 31. desember 2016.

Opinn háskóli

Háskóli unga fólksins

Háskóli unga fólksins fór fram í júní að vanda. Hlaut hann Fræðslu- og vísindaviðurkenningu Siðmenntar 2016 þetta árið og var viðurkenningin veitt við hátíðlega athöfn í Hátíðarsal Háskóla Íslands. Skólinn hefur verið haldinn síðan 2004 og gefst nemendum kostur á að velja á milli rúmlega 50 spennandi námskeiða í stundatöflu sína fyrir vikuna. Vikunni lauk að vanda með glæsilegri lokahátíð og vísindaveislu.

Háskóladagurinn

Háskóladagurinn var að vanda á vormisseri þá var Háskóli Íslands með opið hús, líkt og aðrir háskólar í landinu. Í Háskóla Íslands voru í boði ótal viðburðir, kynningar og uppákomur sem sýndu vísindin í litríku og lifandi ljósi. Ekki síst gátu gestir kynnt sér fjölbreytt námsframboð háskólans, bæði grunn- og framhaldsnám, starfsemi og þjónustu, skoðað 60 rannsóknastofur, tæki, búnað og húsakynni. Námskynningarnar fóru fram í Aðalbyggingu, þar sem Hugvísindasvið kynnti sitt nám, á Háskólatorgi, þar sem Félagsvísindasvið, Heilbrigðisvísindasvið og Menntavísindasvið voru til húsa með sínar kynningar, og í Öskju, þar sem Verkfræði- og náttúruvísindasvið sýndi það sem þar er hægt að nema. Alls staðar voru, auk kynninganna, fjölmargir dagskrárliðir til skemmtunar og fróðleiks. Í Háskólabíói kynntu einnig hinir opinberu háskólarnir þrír, Háskólinn á Akureyri, Hólaskóli – Háskólinn á Hólum og Landbúnaðarháskóli Íslands, nám sitt og þar var einnig kynnt samstarf og sameiginlegt námsframboð opinberu háskólanna. Auk þess voru Listaháskóli Íslands, Keilir og norrænir háskólar með kynningu á sínu námi í Háskólabíói.

Vísindavaka

Hin árlega Vísindavaka var haldin í september í Háskólabíói á vegum Rannís. Þar gafst almenningi kostur á að hitta vísindamenn sem stunda rannsóknir í ýmsum greinum og kynnst viðfangsefnum þeirra. Fulltrúar Háskóla Íslands á Vísindavöku voru hryggjarstykkið í vökunni, sem áður, frá öllum fræðasviðum skólans, rannsókn- og fræðasetrum vítt og breitt um landið og ýmsum stofnunum skólans. Vísindasmiðja Háskóla Íslands, sem hugsuð er fyrir ungu kynslóðina, var einnig opin á Vísindavökunni en hún er til húsa í Háskólabíói.

Háskólalestin

Háskólalestin, sem ýtt var úr vör í fyrsta sinn á afmælisárinu, 2011, hélt ferð sinni áfram um landið á árinu. Heimsóknir Háskólalestarinnar voru skipulagðar í samstarfi við Rannsóknasetur Háskóla Íslands á landsbyggðinni en þátttakendur voru einnig grunnskólar, sveitarfélög og fleiri. Í lestinum var boðið upp á vísindaleiki, léttu en markvissa kennslu, fjör og gríðarlega fjölbreytt fræði sem oft voru sniðin að sérkennum þess staðar sem var heimsóttur. Heimsókn Háskólalestarinnar á hvern áfangastað stóð yfirleitt í tvo daga. Þann fyrri sóttu grunnskólanemar margvísleg námskeið í anda Háskóla unga fólksins sem getið hefur sér gott orð fyrir vísindamiðlun til barna. Í kennslunni var áhersla m.a. lögð á nýsköpun og á mikilvægi rannsókna fyrir íslenskt samfélag. Í brennipunkti voru afar fjölbreytt fræði sem tengdust öllum fræðasviðum Háskóla Íslands. Síðari dagurinn var síðan helgaður afar fjölbreyttri vísindaskemmtun sem var opin öllum almenningi á staðnum og öllum aldurshópum. Segja má að lestin hafi vakið feiknarlega athygli heimamanna hvarvetna þar sem hún kom við.

Annað

Háskólahlaupið

Hið árlega Háskólahlaup fór fram í björtu en svölu veðri miðvikudaginn 27. apríl. Hlaupið var opið starfsfólki, stúdentum og velunnurum skólans og gátu þátttakendur valið á milli tveggja vegalengda, 3 km og 7 km.



Fræðasvið

Félagsvísindasvið

Almennt yfirlit og stjórn

Á Félagsvísindasviði eru sex deildir: Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild, Félagsráðgjafardeild, Hagfræðideild, Lagadeild, Stjórn málafræðideild og Viðskiptafræðideild.

Daði Már Kristófersson var áfram forseti Félagsvísindasviðs. Deildarforsetar mynda stjórn fræðasviðsins ásamt forseta og þeir voru:

- Stefán Hrafn Jónsson var forseti Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideildar
- Sigurveig H. Sigurðardóttir var forseti Félagsráðgjafardeildar,
- Ásgeir Jónsson var forseti Hagfræðideildar á vormisseri og Birgir Þór Runólfsson á haustmisseri
- Eiríkur Jónsson var forseti Lagadeildar á vormisseri og Aðalheiður Jóhannsdóttir á haustmisseri
- Maximilian Conrad var forseti Stjórn málafræðideildar
- Ingi Rúnar Eðvarðsson var forseti Viðskiptafræðideildar,
- Jóna Þórey Pétursdóttir var fulltrúi nemenda á vormisseri og Róbert Ingi Ragnarsson á haustmisseri.

Starfsfólk og stjórnýsla

Stjórnýsla sviðsins vann áfram að 4DX verkefninu sem hófst á haustmisseri 2018. Verkefnið snéri að því að innleiða breytingar á skipulagi og verklagi. Mikil áhersla var lögð á að allt starfsfólk sviðsins tæki þátt og unnið var í hópum að innleiðingu ákveðinna verkefna. Þótti þetta þjappa starfsfólki saman eftir töluvert umrót mánuðanna á undan. Verkefninu lauk formlega í lok maí.

Þann 1. júlí veitti rektor fjórum starfsmönnum sviðsins framgang í starf prófessors en það voru þau Viðar Halldórsson, Kári Kristinsson og Sveinn Agnarsson. Einnig hlaut Hervör Alma Árnadóttir framgang í starf dósents.

Skólaasetning sviðsins fór fram þann 4. september á Litla-Torgi en þar fór Daði Már Kristófersson, forseti sviðs, yfir helstu þætti sem framundan voru á skólaárinu. Auk þess var fræðsluáætlun sviðsins kynnt.

Nefndir og stjórnir

Fulltrúar Félagsvísindasviðs í stjórnnum og nefndum:

- Jóhanna Gunnlaugsdóttir, prófessor við Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild, átti sæti í stjórnarnefnd þjóðskjalasafns Íslands fyrir hönd sviðsins.
- Jón Gunnar Bernburg, prófessor við Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild átti sæti í framgangsnefnd Háskóla Íslands fyrir hönd sviðs auk þess að vera formaður. Sigrún Júlíusdóttir, prófessor emerítus, Félagsráðgjafardeild átti einnig sæti í framgangsnefndinni.
- Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, prófessor við Félagsfræði-, mannfræði-, og þjóðfræðideild og aðstoðarrektor vísinda átti sæti í vísindanefnd Háskóla Íslands auk þess að vera formaður auk þess var sat Þorgerður Einarsdóttur, prófessor við Stjórn málafræðideild sem fulltrúi sviðs í nefndinni.
- Aðalbjörg Lúthersdóttir rekstrarstjóri var varafulltrúi í stjórn Endurmenntun Háskóla Íslanda.

- Inga Jóna Jónsdóttir, dósent í Viðskiptafræðideild, sat í námsstjórn fyrir menntun framhaldsskólakennara fyrir hönd sviðsins.
- Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir, lektor í Stjórn málafræðideild, sat í stjórn Nýliðunarsjóðs Háskóla Íslands fyrir hönd sviðsins.
- Hafsteinn Þór Hauksson, dósent við Lagadeild, var í vísindasiðanefnd háskólans fyrir hönd sviðsins.
- Terry A. Gunnell, prófessor í Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild, sat í stjórn Stofnunar Árna Magnússonar fyrir hönd sviðsins.
- Gísli Pálsson, prófessor í Félags- og mannvísindadeild, Stofnunar Sæmundar fróða fyrir hönd sviðsins.
- Silja Bára dósent, jórnmálafræðideild og Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, prófessor og aðstoðarrektör vísinda sátu í stjórn Alþjóðamálastofnunar fyrir hönd sviðsins.
- Rannveig Traustadóttir, prófessor í Félags- og mannvísindadeild, átti sæti fyrir hönd sviðsins í framgangsnefnd Háskóla Íslands.
- Hanna Björg Sigurjónsdóttir, dósent í fötlunarfræðum í Félags- og mannvísindadeild, átti sæti í ráði Háskóla Íslands um málefni fatlaðs fólks.
- Björg Thorarensen, prófessor í Lagadeild, átti sæti í heiðursdoktoranefnd Háskóla Íslands.

Eftirtaldir áttu sæti í dóm- og framgangsnefnd Félagsvísindasviðs: Jón Gunnar Bernburg, prófessor við Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild, og Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir, forstöðumaður Rannsóknastofnunar Háskólans á Akureyri.

Jafnréttisnefnd Félagsvísindasviðs var skipuð eftirtöldum:

- Tamar M. Heijstra, fulltrúi Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild, formaður
- Hanna Björg Sigurjónsdóttir, fulltrúi Félags- og mannvísindadeildar,
- Ásgeir Brynjar Torfason, fulltrúi Viðskiptafræðideildar á vormisseri
- Sigrún Gunnarsdóttir, fulltrúi Viðskiptafræðideildar á haustmisseri
- Guðbjörg Ottósdóttir, fulltrúi Félagsráðgjafardeildar,
- Eyvindur G. Gunnarsson, fulltrúi Lagadeildar,
- Stefanía Óskarsdóttir, fulltrúi Stjórn málafræðideildar,
- Með nefndinni starfaði Ragna Kemp Haraldsdóttir aðjúnkt II með nefndinni.

Kennslunefnd Félagsvísindasviðs var skipuð eftirtöldum:

- Margrét Sigrún Sigurðardóttir, fulltrúi forseta sviðs og formaður,
- Guðrún Dröfn Whitehead, fulltrúi Félagsfræði-, mannfræði og þjóðfræðideildar ,
- Gunnar Óskarsson, fulltrúi Viðskiptafræðideildar,
- Sigrún Harðardóttir, , fulltrúi Félagsráðgjafardeildar,
- Hrefna Friðriksdóttir, fulltrúi Lagadeildar
- Marías Halldór Gestsson, fulltrúi Hagfræðideildar,
- Helgi Tómasson, fulltrúi Hagfræðideildar á vormisseri og Marías Gestsson á haustmisseri
- Eva Marín Hlynsdóttir, fulltrúi Stjórn málafræðideildar á haustmisseri,
- Róbert Ingi Ragnarsson, fulltrúi sviðsráðs nemenda.

Kolbrún Eggertsdóttir gæðastjóri sviðsins starfaði með nefndinni.

Vísindanefnd Félagsvísindasviðs var skipuð eftirtöldum:

- Þorgerður Einarsdóttir, fulltrúi forseta sviðs og formaður,
- Valdimar Tr. Hafstein, fulltrúi Félagsfræði-, mannfræði og þjóðfræðideildar,
- Tinna L. Ásgeirsdóttir, fulltrúi Hagfræðideildar,
- Sigurveig S. Sigurðardóttir, fulltrúi Félagsráðgjafardeildar,

- Eyvindur Gunnarsson, fulltrúi Lagadeildar,
- Hulda Þórisdóttir, fulltrúi Stjórn málafræðideildar,
- Erla S. Kristjánsdóttir, fulltrúi Viðskiptafræðideildar,
- Kristín Halldórsdóttir, fulltrúi nemenda.

Kolbrún Eggertsdóttir gæðastjóri sviðsins starfaði með nefndinni auk Sigrúnar D. Flóvenz, verkefnisstjóra.

Kennslumál og málefni nemenda

Skipan og starfsskipulag kennslunefndar 2018-2019

Kennslunefnd Félagsvísindasviðs er skipuð fulltrúum úr hverri deild sviðsins. Til ársins 2017 var formaður kennslunefndar valinn úr hópi nefndarfólks en er nú skipaður utan nefndar og vinnur í umboði sviðsforseta. Auk þess að veita kennslunefnd formennsku og sitja í kennslumálanefnd Háskólaráðs gegnir núverandi formaður Margrét Sigrún Sigurðardóttir (skipuð 2018) hlutverki kennsluþróunarstjóra Félagsvísindasviðs. Formaður og kennsluþróunarstjóri vinnur náði með verkefnastjóra kennsluþróunar, Pálma Gaut Sverrissyni auk yfirmanni nemendabjónustu, Elvu Ellertsdóttur, eftir þörfum. Staða kennslustjóra var lögð niður haustið 2019 en fyrrum kennslustjóri, Kolbrún Eggertsdóttir, gegnir nú stöðu gæðastjóra Félagsvísindasviðs.

Störf kennslunefndar 2018-2019

Frá árinu 2018 hefur kennslunefnd eftir megni unnið að gagnaöflun sem miðar að því að draga upp mynd af stöðu kennslumála á Félagsvísindasviði svo taka megí upplýstar og rökstuddar ákvarðanir um kennsluþróunarverkefni. Slíkt hefur verið gert með fundum með deildarforsetum allra deilda sviðsins hvert skólaár, viðhorfskönnunum um kennslu og nám meðal kennara og nemenda sviðsins og umræðum um gæði kennslu á þingi Félagsvísindasviðs 2018. Niðurstöður þessarar vinnu má draga saman í tveim staðhæfingum um markmið sviðsins; virkir nemendur og öflugt kennslusamfélag.

Nefndarfólk 2018-2019

- Margrét Sigrún Sigurðardóttir, formaður, viðskiptafræðideild
- Eva Marín Hlynsdóttir, stjórn málafræðideild
- Guðrún Dröfn Whitehead, félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild
- Gunnar Óskarsson, viðskiptafræðideild
- Hrefna Friðriksdóttir, lagadeild
- Marías Halldór Gestsson, hagfræðideild
- Róbert Ingi Ragnarsson, fulltrúi nemenda Félagsvísindasviðs
- Sigrún Harðardóttir, Félagsráðgjafardeild

Markaðs- og kynningarmál

Frekari skref voru tekin í að efla vefsvæði námsbrauta og endurspeglast það í áherslum sviðsins. Öll vinna við prentað kynningarefni var fært inn á sviðið og sá starfsfólk um uppsetningu þess. Að auki var prentefninu breytt með það að leiðarljósi að auka hagræði og draga úr óþarfa prentun á efni. Ekki var framleitt nýtt kynningarefni fyrir allar námsbrautir heldur var tekið mið af því hvort breytingar

hefðu átt sér stað á náminu sjálfu eða ef ekki taldist nægjanlega mikið til af prentefni fyrir þær kynningar sem haldnar yrðu á árinu.

Kynningarstarf inn í einstaka framhaldsskóla var á frumkvæði einstakra námsbrauta og deilda líkt og venja hefur verið undanfarin ár og var ekki beint á vegum sviðsins í heild. Félagsvísindasvið tók á mótí nemendum Kvennaskólans í Reykjavík bæði á vor- og haustmisseri þar sem nemendur skólans fengu kynningu á því fjölbreytta grunnnámi sem í boði er við sviðið.

Ráðstefnur, fyrirlestrar og málstofur

Tuttugasti Þjóðarspegillinn var haldinn þann 1. nóvember þetta ár en að þessu sinni voru ríflega 50 málstofur haldnar í fjölmörgum byggingum á háskólasvæðinu. Í tilefni afmælisins var settur upp nýr vefur fyrir ráðstefnuna, thjodarspegillinn.hi.is.

Félagsvísindasvið heldur í reynd ekki mikið af viðburðum sjálf, slíkt er vanalega á vegum einstakra deilda, námsbrauta eða starfsmanna deilda.

Innsetningarfyrirlestrar

Á vegum sviðsins voru haldnar tvær innsetningarathafnir yfir árið fyrir starfsmenn sem hlutu framgang í stöðu prófessors. Um er að ræða:

- Steinunni Hrafnadóttur, prófessor við Félagsráðgjafardeild
- Viðar Halldórsson, prófessor við Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild

Ráðstefnur, fyrirlestrar og málstofur

Þjóðarspegillinn var haldinn 1. nóvember þetta árið en líkt og fyrri ár fóru málstofur fram í fjölmörgum byggingum á háskólasvæðinu. Þetta var í tuttugasta skipti sem Þjóðarspegill bauð upp á mikinn fjölda málstofa auk þess sem boðið var upp á veggspjaldasýningar.

Félagsvísindasvið heldur í reynd ekki mikið af viðburðum sjálf, slíkt er vanalega á vegum einstakra deilda, námsbrauta eða starfsmanna deilda.

Vísindanefnd og doktorsnám

Í Vísindanefnd FVS voru í janúar 2019:

- Þorgerður Einarsdóttir, formaður,
- Þórólfur Matthíasson, Hagfræðideild,
- Steinunn Hrafnadóttir, Félagsráðgjafardeild,
- Erla S. Kristjánsdóttir, Viðskiptafræðideild,
- Ágústa Pálsdóttir, Félagsfræði- mannfræði- og þjóðfræðideild,
- Eva Heiða Önnudóttir, Stjórn málafræðideild,
- Eyvindur Gunnarsson, Lagadeild,
- Sigríður Sunna Ebenzardóttir, fulltrúi nemenda,
- Hulda Proppé, rannsóknarstjóri og
- Kolbrún Eggertsdóttir, kennslustjóri.

Sérstök málstofa var haldin í janúar fyrir nýja doktorsnema að venju.

Á vormisseri fékk Vísindanefnd FVS Reyni Arnar Jóhannesson, verkefnisstjóra á Vísinda- og nýsköpunarsviði til að ræða birtingarvettvang, sérstaklega með tilliti til doktorsnema.

Styrkir vegna útgáfu nemenda á doktorsritgerðum voru endurskoðaðir, ákveðið að fækka prentuðum ritgerðum en hækka ekki styrkinn. Þetta er gert í ljósi umræðna um rafræn skil og yfirferð verklags um þau sem skólinn vann að.

Á haustmisseri 2019 voru eftirtaldir í Vísindanefnd FVS:

- Þorgerður Einarsdóttir, formaður,
- Erla Sólveig Kristjánsdóttir, Viðskiptafræðideild,
- Sigurveig H. Sigurðardóttir, Félagsráðgjafardeild,
- Eyvindur Gunnarsson, Lagadeild,
- Valdimar T. Hafstein, Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild,
- Kristín Halldórsdóttir, fulltrúi nemenda,
- Tinna Laufey Ásgeirsdóttir, Hagfræðideild,
- Eva Heiða Önnudóttir, stjórn málafræðideild,
- Kolbrún Eggertsdóttir, kennslustjóri og
- Hulda Proppé, rannsóknarstjóri.

Á vormisseri Vísindanefnd fékk Reyni Arnar Jóhannesson, verkefnisstjóra á Vísinda- og nýsköpunarsviði til að ræða birtingarvettvang, sérstaklega með tilliti til doktorsnema.

Ráðstefna doktorsnema skipulögð á haustmisseri þetta árið að venju og var haldin 18. október á Hótel Sögu. Ráðstefnustjóri var Ana Orelj doktorsnemi í viðskiptafræði. Sex doktorsnemar voru með erindi ásamt því að Dr. Ásta Jóhannsdóttir nýdoktor og Dr. Ingólfur V. Gíslason ræddu samstarf doktorsnema og leiðbeinanda.

Vísindanefnd skipulagði þing FVS þetta haustið og var yfirskriftin rannsóknir og rannsóknarinnviðir.

Dagskrá þingsins var svona:

- Setning þings, Daði Már Kristófersson, forseti FVS
- Ávarp formanns Vísindanefndar FVS, Þorgerður Einarsdóttir formaður Vísindanefndar
- Efst á baugi í HÍ, Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, aðstoðarrektror vísinda HÍ
- Opinn aðgangur, Birna Gunnarsdóttir, verkefnisstjóri og Hulda Proppé, rannsóknarstjóri FVS
- Vísindasiðareglur HÍ, Sólveig Anna Bóasdóttir, formaður Vísindasiðanefndar HÍ
- Aðstoð við rannsóknir, Hulda Proppé, rannsóknarstjóri FVS
- GAGNÍS, Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, forstöðumaður Félagsvísindastofnunar og Ævar Þórólfsson, verkefnisstjóri Félagsvísindastofnun

Samantekt og umræður, Þorgerður Einarsdóttir formaður Vísindanefndar FVS.

Þingið gekk vel og var almenn ánægja með kynningar

Unnið að reglum um MPhil nám á sviðinu. Umræður úti í deildum voru jákvæðar en ekki allir sammála um hvernig þetta nám skuli skilgreint.

Gæðamál

Samkvæmt áætlun gæðastjóra Háskóla Íslands fór fram innri úttekt, eða sjálfsmat faglegra eininga (QEF2), á þremur af sex deildum Félagsvísindasviðs á haustönn 2019, en það voru Hagfræðideild, Lagadeild og Stjórn málafræðideild. Sérstakar sjálfsmatsnefndir voru stofnaðar með deildarforseta í fararbroddi og hófst vinna þeirra í september 2019, en fyrstu drögum var skilað til Gæðastjóra H.Í. í nóvemberbyrjun sama ár.

Að beiðni gæðastjóra voru skipaðir þrjú erlendir sérfræðingar til að fjalla um allar sex deildir sviðsins. Sviðsforseti lagði til að fengnir yrðu einstaklingar sem hefðu þekkingu á jafn fjölbreyttum deildum og því var ákveðið að biðja sviðsforseta áþekkra sviða í þremur norrænum háskólum að taka vinnuna að sér. Erlendu sérfræðingar Félagsvísindasviðs voru þau Christofer Edling, sviðsforseti Félagsvísindasviðs við Lundarháskóla, Gro Ellen Mathisen forseti Félagsvísindasviðs við Háskólann í Stavanger og Rasmus Antoft, forseti Félagsvísindasviðs við Álaborgarháskóla. Erlendu sérfræðingarnir heimsóttu deildirnar síðustu vikuna í nóvember og fékk hver deild einn dag til umfjöllunar. Þar sem erlendu sérfræðingarnir höfðu heimsótt hinar þrjár deildir sviðsins árinu áður, gátu þau sett sig enn betur inn í aðstæður og menningu Háskóla Íslands í þetta sinn. Heimsókninni lauk með sameiginlegum fundi með deildarforsetum og sviðsforseta þar sem helstu niðurstöður og tækifæri til umbóta voru rædd. Í janúar fengu deildirnar skýrslur erlendu sérfræðinganna þar sem ýmsar gagnlegar ábendingar voru lagðar til, og munu deildirnar skila lokaeyntaki til Gæðastjóra H.Í. í mars 2020.

Árið 2019 var ákveðið að setja ½ stöðugildi til að sinna sérstökum gæðaverkefnum.

Rannsóknþjónusta FVS

Árið 2019 var unnið frekar að uppbyggingu, stefnmótun og viðhaldi rannsóknþjónustu Félagsvísindasviðs á sviði upplýsingagjafar (Ugla, Fræðsluáætlun, sérstakar kynningar, málstofa í umsóknargerð), aðstoðar við mótun rannsóknaverkefna, umsókna- og styrkjasókn, rekstur og uppgjör verkefna og uppbyggingu rannsóknarinnviða. Styrkjasókn í erlenda og innlenda styrktarsjóði var áfram eflað á sviðinu. Enn fremur var unnið að mótun reglna og verkferla innan sviðsins í tengslum við rannsóknir, rannsóknþjónustu og rannsóknatengda reikninga á Félagsvísindasviði Háskóla Íslands. Rannsóknastjóri vann áfram með vísindanefnd sviðsins og er í Samstarfshópi um með ferð erlendra styrkja (SMES) innan Háskóla Íslands. Rannsóknastjóri sat í vinnuhóp Háskóla Íslands um samfélagsvirkni akademísku starfsfólks og sat fund um kortlagningu á nýsköpunarumhverfi Háskóla Íslands 24. September 2019.

Þjóðarspegill var haldinn í tuttugasta sinn föstudaginn 1. nóvember 2019. Sviðsþing Félagsvísindasviðs var haldið 22. nóvember 2019 þar sem lögð var áhersla á rannsóknir, rannsóknþjónustu og rannsóknarinnviði á sviðum félagsvísinda og tók rannsóknastjóri þátt í sviðsþingi FVS.

Áfram var unnið að eflingu og þróun verksviðs og verkferla sameiginlegrar Verkefnastofu Félagsvísindasviðs og Verkfræði og náttúruvísindasviðs ásamt innleiðingu Teams og One drive. Kristmundur Þór Ólafsson hóf störf sem verkefnastjóri á Verkefnastofu 18. febrúar 2019. Árlegur starfsdagur Verkefnastofu var haldinn 9. maí 2019. Verkefnastofa tók á móti starfsfólki Hafrannsóknarstofnunar Íslands 10. október 2019 þar sem verksvið Verkefnastofu voru kynnt og Hafrannsóknarstofnun var veitt var ráðgjöf varðandi meðferð og uppgjör evrópskra rannsóknastyrkja.

en var endurskipulögð árið 2002 og hefur í kjölfarið staðið fyrir fjölbreyttum rannsóknum, útgáfustarfsemi, málstofum og fyrirlestrum. Undir Alþjóðamálastofnun starfa þrjú rannsóknasetur, Rannsóknasetur um smáríki, Rannsóknasetur um norðurslóðir og Höfði friðarsetur sem er samstarfsverkefni Alþjóðamálastofnunar og Reykjavíkurborgar. Helstu rannsóknasvið stofnunarinnar eru smáríki, norðurslóðir, friðar- og átakafræði, íslensk utanríkismál, Evrópumál og öryggis- og varnarmál. Sjá nánar á vefsíðu: www.ams.hi.is.

Stjórn og starfslið

Guðmundur Hálfðánarson, prófessor í sagnfræði og forseti Hugvísindasviðs er formaður stjórnar, en auk hans sitja í stjórn; Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, aðstoðarrektör vísinda og prófessor í félagsfræði, Hólmfríður Garðarsdóttir, prófessor í spænsku, Maximilian Conrad, prófessor í stjórnmálafræði, Silja Bára Ómarsdóttir, dósent í stjórnmálafræði, María Mjöll Jónsdóttir, deildarstjóri á skrifstofu ráðuneytisstjóra í utanríkisráðuneytinu og Stefán Eiríksson, borgarritari. Rannsóknastjóri Rannsóknaseturs um smáríki er Baldur Þórhallsson, prófessor í stjórnmálafræði.

Starfsfólk Alþjóðamálastofnunar eru Pia Hansson, forstöðumaður, Margrét Cela, verkefnastjóri Rannsóknaseturs um norðurslóðir, Tómas Joensen, verkefnastjóri Rannsóknaseturs um smáríki, Auður Örlýgsdóttir, verkefnastjóri Höfða friðarseturs og Auður Birna Stefánsdóttir, verkefnastjóri Alþjóðamálastofnunar.

Styrkir og verkefni

Jean Monnet Networks

Höfði friðarsetur Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands hlaut á árinu styrk úr sjóði *Jean Monnet Networks*, sem heyrir undir Erasmus+ áætlun Evrópusambandsins, fyrir verkefnið *Post-Truth Politics, Nationalism and the (De)Legitimation of European Integration*. Styrkurinn er til þriggja ára og hljóðar upp 300.000 evrur. Meginmarkmið verkefnisins er að rannsaka og greina áhrif og umfang „falsfrétta“, upplýsingafölsunar (e. *disinformation*) og stjórnmála „eftirsannleikans“ á samfélög okkar og lögmæti Evrópusamrunans. Sérstök áhersla verður lögð á miðlun upplýsinga og þær breytingar sem hafa átt sér stað á fjölmiðlaumhverfinu þar sem netmiðlar og samfélagsmiðlar eru orðin afar mikilvæg uppspretta og vettvangur stjórnmálaupplýsinga og samskipta.

Nordplus Higher Education

Höfði friðarsetur Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands hlaut styrk úr tveimur sjóðum, Nordplus Higher Education og Erasmus+ Strategic Partnership, fyrir þriggja ára samstarfsverkefni á háskólastigi. Verkefnið felur í sér undirbúning og framkvæmd á þremur örnámskeiðum í friðar- og átakafræðum og þróun á edX námskeiði sem hýst verður af Ulfelandx á edX vefnum (edx.org) þar sem finna má öflugt framboð á hágæða gjaldfrjálsum netnámskeiðum.

Styrkur frá Norrænu ráðherranefndinni - úttekt á skýrslu Thorvalds Stoltenbergs

Alþjóðamálastofnun fékk styrk frá Norrænu ráðherranefndinni til að gera úttekt á skýrslu Thorvalds Stoltenbergs, fyrrverandi utanríkisráðherra Noregs, um norræna samvinnu í tilefni af því að 10 ár voru síðan að skýrslan kom út. Í skýrslunni var gerð úttekt á því hvaða þýðingu skýrslan hafði og hvort og hvernig það samstarf hefur þróast sem lagt var til í skýrslunni. Alþjóðamálastofnun vann skýrsluna með NUPI, í samstarfi við UI, FIIA og DIIS.

Snjallræði

Nýsköpunarhraðallinn Snjallræði fór fram í annað sinn á árinu en að þessu sinni voru átta framúrskarandi verkefni á sviði samfélagslegrar nýsköpunar valin til þátttöku úr hópi 46 umsækjenda. Hraðallinn stóð yfir í átta vikur, frá 7. október - 28. nóvember, og á lokadegi hraðalsins fór fram stórglæsileg uppskeruhátíð í borgarstjórnarsal Reykjavíkur þar sem teymin kynntu hugmyndir sínar og afraksturinn af þátttöku í hraðlinum.

Umboðsmenn friðar

Höfði friðarsetur Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands stóð í þriðja sinn fyrir námskeiði í mannréttinda- og friðarfræðslu í samstarfi við skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. Að þessu sinni var efnt til samstarfs við þrjá skóla í Reykjavík, Fellaskóla, Austurbæjarskóla og Laugarnesskóla og fór námskeiðið fram í nokkrum lotum í október og nóvember.

Sumarskóli Rannsóknaseturs um smáriki

Rannsóknasetur um smáriki við Háskóla Íslands stóð fyrir sumarskóla dagana 10.-15. júní. Yfirskrift skólans var "*Leadership in Small States: An Introduction*" og var han hluti af Erasmus+ samstarfsverkefninu "*Leadership in Small States (LIST)*". Þetta var sautjándi árið í röð sem setrið skipuleggur sumarskóla af þessu tagi. Framúrskarandi nemendur frá 6 háskólum í Evrópu tóku þátt í skólanum að þessu sinni ásamt erlendum fræðimönnum sem taka að sér kennslu.

Háskóli norðurslóða, UArctic

Rannsóknasetur um norðurslóðir tók að sér aukið hlutverk í samræmingu norðurslóðastarfs Háskóla Íslands á árinu. Í því felst einkum tvennt. Í fyrsta lagi að halda utan um þátttöku háskólans í Háskóla norðurslóða (Uarctic). Háskólinn tók þá ákvörðun að vera virkari í því samstarfi og var Magnús Tumi Guðmundsson, prófessor í jarðeðlisfræði, var tilnefndur í háskólaráð UArctic og hlaut kjör í ráðið.

Vísindin á norðurslóðum

Við Háskóla Íslands leggur fjöldi fræðimanna stund á rannsóknir sem tengjast norðurslóðum. Markmið þessarar fyrirlestraraðar var annars vegar að kynna þá fjölbreyttu flóru rannsókna við háskólann sem lúta að norðurslóðum og hins vegar að efla opinbera umræðu um þær áskoranir sem við stöndum frammi fyrir og leita góðra leiða til að takast á við þær. Fyrirlestraröðin var skipulögð af Rannsóknasetri um norðurslóðir.

Ráðstefnur, málþing og viðburðir

4. apríl: *Small States and Good Governance*. Háskólanum í Ljubljana, Slóveníu.

Málþing sem Háskólinn í Ljubljana hélt í samstarfi við Rannsóknasetur um smáriki, en málþingið var hluti af Jean Monnet verkefninu *Navigating the Storm: The Challenges of Small States in Europe (NAS)*.

24. apríl: *Alþjóðasamvinna á krossgötum: Hvert stefnir Ísland?*, í Norræna húsinu.

Árleg ráðstefna Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands, Norðurlanda í fókus og utanríkisráðuneytisins, í samstarfi við Félag stjórnmálafræðinga og Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála.

29. ágúst: *Brexit: Horft til framtíðar.*

Alþjóðamálastofnun í samstarfi við utanríkisráðuneytið hélt alþjóðlega ráðstefnu um útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu þar sem núverandi staða var rædd og hverjar framtíðarhorfurnar í samskiptum Bretlands við ESB og EES-ríkin yrðu? Ráðstefnan var hluti af verkefninu *Post-Brexit Europe: Lessons from the EEA (PELEEA)* sem styrkt var af Erasmus+.

10. september: *Velferð, styrkur og samfélagsleg þátttaka ungmenna á norðurslóðum.*

Opin ráðstefna af tilefni fundar vinnuhóps Norðurskautsráðsins um sjálfbæra þróun. Á ráðstefnunni var fjallað um stöðu, viðhorf og samfélagslega þátttöku ungmenna sem endurspeglast í ýmsum rannsóknum og verkefnum, með sérstakri áherslu á verndandi þætti og félagslega stöðu.

25. september: *Samtal um þjóðaröryggi: Tækni og grunngildi í Norræna húsinu.*

Alþjóðamálastofnun hélt utan um málstofuna með þjóðaröryggisráði, en aðrir samstarfaðilar voru: Blaðamannafélag Íslands, Fjölmíðlanefnd, Kvikmyndamiðstöð Íslands, Varðberg, utanríkisráðuneytið, dómsmálaráðuneytið, mennta- og menningarmálaráðuneytið, samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytið, Persónuvernd, Póst- og fjarskiptastofnun, Ríkislögreglustjóri, Verkfræðingafélag Íslands og nefnd um starfsemi stjórnmálaflokka.

10. október: *The Imagine Forum: Women for Peace.* Veröld hús Vigdísar.

Árleg friðarráðstefna Höfða friðarseturs og utanríkisráðuneytisins var þetta ár haldin í samstarfi við jafnréttisskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna en á ráðstefnunni var lögð áhersla á mikilvægt hlutverk kvenna, frumkvöðla og aðgerðarsinna í að stuðla að jákvæðum breytingum.

10. desember: *Human Rights and the Role of Small States in the Global Arena* í Hátíðarsal Háskóla Íslands.

Opinn fundur á vegum Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands, utanríkisráðuneytisins og Mannréttindaskrifstofu Íslands í tilefni af alþjóðlega mannréttindadeginum.

12. - 13. desember: *Small States and the European Migration Crisis* í Norræna húsinu.

Alþjóðleg tveggja daga ráðstefna á vegum Rannsóknaseturs um smáríki, þar sem fræðimenn í smárikjafræðum kynntu rannsóknir sínar sem birtar verða í bókinni "Small States and the European Migration Crisis: Challenges and Responses".



Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild

Almennt yfirlit og stjórn

Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild skiptist í sex námsbrautir í lok ársins 2019: Félagsfræði, fötlunarfræði, mannfræði, náms- og starfsráðgjöf, upplýsingafræði og námsbraut í þjóðfræði og safnafræði. Formenn námsbrauta eiga sæti í deildarráði ásamt deildarforseta og varadeildarforseta. Deildarstjóri starfar á skrifstofu deildarinnar.

Haldnir voru 3 deildarfundir og 8 deildarráðsfundir.

Starfsfólk

Viðar Halldórsson hlaut framgang í starf prófessors 1. júlí. Þrír nýdoktorar voru starfandi við deildina í lok árs 2019.

Nám og kennsla

Grunnnám: Í námsbrautum Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideildar var boðið upp á fjölbreytt grunnnám sem lýkur með BA-prófi. Til BA-prófs voru kenndar eftirfarandi námsgreinar: Félagsfræði, mannfræði og þjóðfræði. Hægt var að taka 120e í aðalgrein og 60e í aukagrein innan og utan deildar. Auk framangreindra námsgreina voru fjölmiðlafræði, líffræðileg mannfræði og safnafræði kenndar sem aukagreinar.

Framhaldsnám: Fjölbreytt framhaldsnám var í boði við deildina, rannsóknartengt og starfsmiðað. Boðið var upp á diplómanám á meistarastigi í eftirfarandi námsgreinum: Afbrotafræði, fjölmiðlafræði, fötlunarfræði, hnattrænum fræðum, hnattrænni heilsu, rannsóknaraðferðum félagsvísinda, safnafræði, upplýsingafræði og þróunarfræði. Meistaránám getur bæði verið skipulagt sem einstaklingsmiðað og/eða með námskeiðum. Boðið er upp á meistaránám (120e) í aðferðafræði, félagsfræði, fötlunarfræði, hnattrænum fræðum, mannfræði, náms- og starfsráðgjöf, norrænni trú, safnafræði, upplýsingafræði og þjóðfræði.

Nám á ensku: Hægt var að taka 15 námskeið á ensku á haustmíssi, bæði á grunn- og framhaldsstigi. Á vormíssi voru námskeiðin 12.

Fjarnám: Boðið var upp á öflugt fjarnám í deildinni. Allt nám í fötlunarfræði, hnattrænum fræðum, mannfræði, safnafræði, upplýsingafræði, þjóðfræði og þróunarfræði má taka sem fjarnám. Aðrar námsbrautir bjóða einstök námskeið í fjarnámi.

Móttaka nýnema í grunnnámi var haldin í upphafi haustmíssis. Námsbrautir sáu um kynningar sinna nema, sem hefur gefist vel.

Doktorsnám:

Öflugt doktorsnám er rekið við deildina og er hægt að stunda doktorsnám í öllum námsgreinum hennar. Í upphafi míssis er doktorsnemunum boðið á kynningarfund með leiðbeinanda ásamt deildarforseta og verkefnisstjóra doktorsnámsins.

Doktorsvarnir

- 23. maí varði Árdís Kristín Ingvarsdóttir doktorsritgerð sína í félagsfræði „Karlmennskumótun á landamærum: Tengsl sjálfsverundar við manngildistefnur, réttsýni og hreyfanleika (Border masculinities: Emergent subjectivities through humanity, morality and mobility)“.
- 29. maí varði Ragna Kemp Haraldsdóttir doktorsritgerð sína í upplýsingarfræði „Skráning, aðgengi og notkun einstaklingsbundinnar þekkingar starfsfólks, (e. Registration, Access and Use of the Personal Knowledge of Employees)“.
- 24. júní varði Guðrún Sif Friðriksdóttir doktorsritgerð sína í mannfræði „The Battle for Belonging: Reintegration of Ex-combatants in Burundi, eða Barist fyrir samfélagsaðild: Aðlögun fyrrverandi hermanna og skæruliða í Búrúndí“.
- 28. júní varði Laufey Elísabet Löve doktorsritgerð sína í fötlunarfræði „Sjálfræði, jafnrétti og fötlun: Reynsla fatlaðs fólks sem uppspretta þekkingar við stefnumótun og lagasetningar (e. Achieving Disability Equality: The Inclusion of the Lived Experience of Disability in Law and Policymaking)“.

Rannsóknir

Eitt af höfuðeinkennum Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideildar er öflugt alþjóðlegt samstarf á fagsviði þeirra námsleiða sem heyra undir námsbrautir. Deildarmenn sækja ráðstefnur og fundi á eigin fræðasviði og fylgjast þannig með nýjum straumum og stefnum.

Í tengslum við rannsóknir sínar reka fjölmargir rannsóknasetur/-stofur sem staðsettar eru undir Félagsvísindastofnun. Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild er ein af þremur deildum fræðasviðsins sem á aðild að Félagsvísindastofnun.

Kennarar í Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild koma oftlega að vinnu í samfélaginu sem snerta þeirra fræðasvið. Þetta getur verið ráðgjafarvinna vegna lagasetningar yfir í að sitja í ráðum og nefndum víðs vegar um samfélagið um málefni sem snerta hverja námsleið.

Útgáfur á vegum deildarinnar voru m.a. greinar í virtum innlendum og erlendum tímaritum.

Í ritnefnd ritraðar í félagsvísindum eru Guðbjörg Vilhjálmsdóttir (formaður), Kristín Loftsdóttir og Valdimar Hafstein. Jón Gunnar Bernburg og Ólafur Rastrick eru ritstjórar ritraðarinnar.

Jón Gunnar Bernburg og Sigrún Ólafsdóttir eru í forsvari fyrir verkefnið Ójöfnuður á Íslandi: Samanburður yfir tíma og á milli svæða sem fékk verkefnisstyrk á árinu.

Birna Þórisdóttir fékk rannsóknastöðustyrk fyrir verkefnið Langtíma rannsókn á tengslum milli næringar, líkamssamsetningar og annarra þátta sem hafa áhrif á vöxt og þroska ungbarna.

Alþjóðasamskipti

Kennarar deildarinnar tóku þátt í margvíslegum samstarfsverkefnum, bæði innlendum og erlendum. Deildin er í samstarfi við erlenda háskóla um nemenda- og kennaraskipti.

Karl Aspelund er gestalektor við námsbraut í þjóðfræði og safnafræði frá 12. maí 2014 til 11. maí 2019. Enrique del Acebo Ibáñez er gestaprófessor við námsbraut í félagsfræði frá 1. júlí 2015 til 30. júní 2020. Jason Beckfield er gestaprófessor við námsbraut í félagsfræði frá 8. desember 2016 til 7. desember 2021. John Lindow er heiðursdoktor í þjóðfræði.

Ráðstefnur og málstofur

Málstofa deildar var ekki haldin á árinu.

Félagsráðgjafardeild

Almennt yfirlit og stjórn

Stjórn deildarinnar var í höndum deildarforseta og deildarfundar. Í ársbyrjun tók Guðný Björk Eydal, prófessor við starfi deildarforseta og Steinunn Hrafnadóttir prófessor starfi varadeildarforseta.

Haldnir voru fjórir deildarráðsfundir og átta deildarfundir.

Félagsráðgjafardeild er einn af stofnendum Rannsóknarstofnunar í barna- og fjölskylduvernd (RBF) og í tengslum við það skapast fjölbreytt samstarf við aðila á vettvangi. Deildin er einn stofnaðila Fræðaseturs þriðja geirans og er auk þess ein þriggja deilda á Félagsvísindasviði sem standa að Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Félagsráðgjafardeild tekur virkan þátt í erlendu samstarfi bæði við háskóla og rannsóknarstofnanir. Virkt samstarf er við háskólann í Lundi, Svíþjóð og Jyväskylä háskólann í Finlandi um norrænt meistaranám í öldrunarfræðum.

Félagsráðgjafardeild átti aðila í eftirfarandi nefndum, til viðbótar við nefndir Félagsvísindasviðs: Sérfræðinefnd og matsnefnd um sérfræðileyfi í félagsráðgjöf (sem báðar starfa skv. reglugerð um sérfræðileyfi í félagsráðgjöf nr. 555/1999), framkvæmdastjórn RBF, stjórn NUASA og stjórn Félagsvísindastofnunar. Þá á deildin einnig fulltrúa í ritstjórn tímarits Félagsráðgjafafélags Íslands og stjórn ÍS-Forsa.

Vísindanefnd deildarinnar skipuðu árið 2019:

- Steinunn Hrafnadóttir, formaður vormisseri 2019
- Freydís J. Freysteinsdóttir, formaður haustmisseri 2019
- Sigurveig H. Sigurðardóttir
- Guðný Björk Eydal

Starfsfólk

Jón Kristján Rögnvaldsson, deildarstjóri í 100% starfi.

Arna Pétursdóttir, verkefnastjóri var tengiliður nemendaþjónustu við Félagsráðgjafardeild.

Alls voru 12 fastir kennarar við deildina í 10,4 stöðugildum. Þann 1. júlí fékk Hervör Alma Árnadóttir framgang í dósent.

Nám og kennsla

Við Félagsráðgjafardeild voru í boði eftirfarandi námsleiðir á árinu: BA nám í félagsráðgjöf, MA í félagsráðgjöf til starfsréttindi, rannsóknartengt MA nám í félagsráðgjöf, rannsóknartengt MA nám í öldrunarfræði, Norrænt meistaranám í öldrunarfræðum (NordMaG), rannsóknartengt MA nám í fjölskyldumeðferð, viðbótardiplóma í öldrunarþjónustu, viðbótardiplóma í fjölmenningu, margbreytileika og flóttafólk og loks viðbótardiplóma í áfengis- og vímuefnamálum.

Móttaka nýnema í grunn- og framhaldsnámi var haldin í upphafi beggja kennslumissera.

Í lok ársins stunduðu tæplega 260 grunnnemar nám í deildinni en alls voru nemar 365, þar af 22 karlar.

Doktorsnám

Við deildina voru skráðir tveir doktorsnemar á árinu. Haldnar voru reglulegar málstofur doktorsnema og annarra framhaldsnema í tengslum við rannsóknaverkefni þeirra og komu erlendra sérfræðinga til landsins.

Kynningarmál

Námið var kynnt með hefðbundnum hætti á Háskóladeginum sem og með því að rækta kynningarstarf á Facebook síðu deildarinnar. Gerðir voru einblöðungar fyrir Háskóladag og heimsóknir frá framhaldsskólum. Kynningarefni var einnig sent út með rafrænum hætti til félagsráðgjafa á vettvangi með aðstoð Félagsráðgjafafélags Íslands og Facebook.

Gæðamál

Haustið 2018 vann deildin að sjálfsmati í samvinnu við gæðaráð Háskóla Íslands, matið QEF2 og var matið unnið af starfsfólki deildarinnar með aðstoð rýnihópa nemenda auk erlendra sérfræðinga. Afrakstur vinnunnar var skýrsla sem var tilbúin í febrúar 2019.

Rannsóknir og alþjóðasamskipti

Kennarar Félagsráðgjafardeildar stunda rannsóknir á ýmsum sviðum, s.s. á sviði áfengis- og vímuefnamála, barnaverndar, skólafélagsráðgjafar, velferðar- og fjölskyldurannsóknar, starfsendurhæfingar, öldrunarfræða og þriðja geirans. Þeir eru virkir þátttakendur í rannsóknastarfi bæði héraðs og á alþjóðlegum vettvangi, m.a. norrænum öndvegissetrum á sviði velferðarrannsókna: REASSESS og Nordwell.

Hagfræðideild

Almennt yfirlit og stjórn

Deildarforseti fram yfir mitt ár var Ásgeir Jónson en hann hætti störfum þann 19 .ágúst og tók þá við embætti seðlabankastjóra. Við tók Birgir Þór Runólfsson sem áður var varadeildarforseti og til varadeildarforseta var kosinn Tor Einarsson.

Haldnir voru fjórir deildarfundir á árinu, tveir á hvoru misseri.

Í Doktorsnefnd sátu Þórólfur Geir Matthíasson , sem jafnframt gegndi formennsku, Gylfi Zoega og Helgi Tómasson.

Kennslunefnd skipuðu Marías H. Gestsson, Birgir Þór Runólfsson og deildarforseti hverju sinni, þ.e. Ásgeir Jónsson og tók Gylfi Zoega síðan sæti Birgis er hann var kosinn sem deildarforseti.

Starfsfólk

Nokkrar mannbreytingar urðu hjá deildinni á árinu. Ragnar Árnason prófessor fór á eftirlaun á sjötugasta aldursári sínu og fékk stöðu prófessors emeritus, Ásgeir Jónsson lét af störfum, eins og áður kom fram, er hann var ráðinn í embætti seðlabankastjóra til næstu fimm ára. Þá lét Sigrún Dögg Kvaran, deildarstjóri einnig af störfum og í hennar stað var ráðin Guðbjörg Melsted. Gerðar voru breytingar á starfi og starfshlutfalli deildarstjóra og gegnir Guðbjörg nú 100% stöðu deildarstjóra en sér jafnframt um fjármál Hagfræðistofnunar sem og markaðsmál bæði deildar og stofnunar.

Nám og kennsla

Við Hagfræðideild er bæði grunn- og framhaldsnám í boði. Grunnám er kennt eftir hefðbundinni misserisskiptingu en framhaldsnámið er kennt í lotum. Engar breytingar hafa verið gerðar á þessu ári utan fjölgunar kjörsviða kjörsviði í grunnnámi um eitt kjörsvið, Hagfræði og stjórnmál. Ásókn í námið, þá sérstaklega grunnámið, hefur aukist jafnt og þétt síðust þrjú ár eða svo og hafa umsóknir nánast helmingfaldast frá því sem áður var.

Í lok ársins stunduðu rúmlega 300 namar nám í deildinni.

Grunnnám

Í grunnnámi í Hagfræði er boðið uppá tvær námsleiðir, Hagfræði BS og Hagfræði BA auk þess sem hægt er að taka hagfræði sem aukagrein til 60 eininga. Í Hagfræði BS er hægt að velja um fjögur kjörsvið, allt eftir því hvaða áherslur nemendur vilja leggja á innan hagfræðinnar.

- Almenn hagfræði
- Viðskiptahagfræði
- Fjármálahagfræði
- Hagfræði og stjórnmál

Hagfræði BA er í raun samsett háskólagráða þar sem gert er ráð fyrir að nemendur taki aukagrein að einum þriðja námsins á móti námskeiðum í hagfræði.

Framhaldsnám

Hagfræðideild býður uppá tvær námsleiðir í meistarnámi í hagfræði, Fjármálhagfræði MS og Hagnýtta Hagfræði MA. Þá er einnig í boði 60 eininga viðbótardiplómanám í almennri hagfræði, doktorsnám í hagfræði og tvær námsleiðir í þverfaglegu námi, Fjármál M.Fin í samstarfi með Viðskiptafræðideild og meistaraþróf í Umhverfis- og auðlindafræði í samstarfi við Verk-og náttúruvísindasvið.

Fjarnám

Ekki hefur verið boðið uppá fjarnám við deildina

Kennsla á erlendum málum

Ekki er kennt á öðrum tungumálum en íslenskiu í langflestum námskeiðum Hagfræðideildar utan einu námskeiði sem kennt er í samvinnu við þverfaglegt nám í Umhverfis- og auðlindafræði.

Nemendaskipti

Nemendur Hagfræðideildar fara gjarnan í skiptinám á vegum Erasmus hvort sem er til Bandaríkjana eða Evrópu og er almenn ánægja með skiptinámið. Fáir nemendur koma hinsvegar erlendis frá til skiptináms við Hagfræðideild sjálfsagt vegna fárra námskeiða sem kennd eru á ensku.

Doktorsvarnir

Ein doktorsvörn var á árinu. Þann 17.mai varði Krístín Helga Birgisdóttir doktorsritgerð sína sem ber heitið Hagsveiflur og heilsa: Áhrif íslenska efnahagrunsins 2008 á heilsu (Business cycles and health: Health responses to the 2008 economic collapse in Iceland). Leiðbeinandi var dr. Tinna Laufey Ásgeirsdóttir, prófessor við Hagfræðideild, andmælendur voru dr. Dhaval Dave, prófessor við Bentley University, Bandaríkjunum og dr. Mikael Svenson, prófessor við Göteborgs Universitet, Svíþjóð, athöfninni stýrði Birgir Þór Runólfsson, varadeildarforseti Hagfræðideildar. Í doktorsnefnd sátu dr. Christopher Ruhm, prófessor við University of Virginia, Bandaríkjunum, dr. Unnur Anna Valdimarsdóttir, prófessor við Læknadeild Háskóla Íslands og dr. Arna Hauksdóttir, prófessor við Læknadeild Háskóla Íslands.

Kynningarmál

Námskynningar voru allar haldnar í nánu samstarfi við námskynningar almennt á vegum Félagsvísindasviðs. Nemendafélagið Ökonomía, félag nemenda í hagfræði, var mjög ötullt að aðstoða við námskynningar og gerðu nemndur það af einstakri fagmennsku og með bros á vör.

Málstofur voru haldnar í samstarfi við Hagfræðistofnun sem hélt utan um skipulag þeirra og verða nánari upplýsingar um þær í kafla um stofnunina.

Hagfræðideild hélt lokaða ráðstefnu fyrir deildarfólk þann 27.mai þar sem ungum íslenskum hagfræðingum erlendis, sem ýmist eru að klára sitt doktorsnám eða eru nýdóttarar, að kynna sínar rannsóknir. Þá hélt deildin tveggja daga ráðstefnu dagana 5.-6.september í samstarfi við London School of Economics, The Regulations and Operations of Modern Financial Markets, sem var fjölsótt af bæði innlendum og erlendum hagfræðingum.

Gæðamál

Sjálfsmat Hagfræðideildar fór fram á haustmánuðum 2019 í framhaldi af sjálfsmati annarra deilda innan Félagsvísindasviðs. Skipuð var nefnd innan deildarinnar sem í sátu Birgir Þór Runólfsson, Marías H. Gestsson og Tor Einarsson ásamt fulltrúum framhalds- og grunnema í hagfræði. Jafnframt var settur saman rýnihópur nemenda af báðum námsstigum sem skiluðu sinni skýrslu til nefndarinnar til að vinna úr í lokaskýrslu. Þriggja manna hópur sérfræðinga erlendis frá kom svo til landsins í

nóvember og eftir rýni í skýrslu nefndarinnar, viðtöl við bæði kennara og fulltrúa nemenda deildarinnar skila svo sínum niðurstöðum sem teknar verða saman í lokaskýrslu sjálfsmat deildarinnar snemma á næsta ári.

Rannsóknir og alþjóðasamskipti

Kennarar Hagfræðideildar hafa sinnt rannsóknum samhliða kennsl ötullega síðastliðin ár og er engin undantekning á því árið 2019. Þar á meðal eru fjölmörg samstarfsverkefni við erlenda fræðimenn sem og innlenda sem hlotið hafa bæði alþjóðlega og innlenda styrki.

Hagfræðistofnun

Almennt yfirlit og stjórn

Stjórn Hagfræðideildar skipuðu Sigurður Jóhannesson, forstöðumaður Hagfræðistofnunnar, Daði Már Kristófersson, sviðsforseti Félagsvísindasviðs, Bynhildur Davíðsdóttir, prófessor í Umhverfisauðlindafræði, Óttar Guðjónsson og Ásgeir Jónsson, deildarforseti Hagfræðideildar en Birigr Þór Runólfsson, nýkjörinn deildarforseti, tók við er Ásgeir lét af störfum við Hagfræðideild. Þá sat Arnþór Freyr Sigþórsson áfram í stjórn sem fulltrúi nemenda.

Starfsfólk

Starfsmenn stofnunarinnar, fyrir utan Sigurð Jóhannesson forstöðumann, voru tveir; Ágúst Arnórsson og Sigurður Björnsson sem báðir gegndu stöðum verkefnisstjóra. Þá unnu nokkrir starfsmenn ýmis tímabundin verkefni á vegum Hagfræðistofnunar í styttri eða lengri tíma þ. á m. Kári Kristjánsson hagfræðinemi og Kristín Eiríksdóttir hagfræðingur. Hagfræðistofnun stendur reglulega fyrir málstofum og á því var engin undantekning árið 2019 en alls voru haldnar sex málstofur á árinu og voru þær ágætlega sóttar.

Rannsóknir og útgáfa

Hagfræðistofnun gaf út sex skýrslur á árinu 2019, þær ritrýndar af óháðum sérfræðingum og birtar á heimasíðu Hagfræðistofnunnar. Áfram er stefnt að því að allar skýrslur stofnunarinnar verði ritrýndar af óháðum sérfræðingum og birtar á vef Hagfræðistofnunar.

Hagfræðistofnun seldi einnig út vinnu Ágústar Arnórssonar til BSRB í nokkra mánuði og einnig til Félagsmálaráðuneytisins til að uppfæra neysluviðmið. Önnur stærri verkefni sem ekki er lokið eru m.a. vinna tengd Rammaáætlun vegna virkjunar í Urriðafossi. Þá voru birtir nokkrir vinnupappírar m.a. eftir Gylfa Zoega prófessor við Hagfræðideild.

Lagadeild

Almennt yfirlit og stjórn

Stjórn deildarinnar var í höndum deildarforseta og deildarfundar. Eiríkur Jónsson prófessor var forseti Lagadeildar til 31. ágúst. Aðalheiður Jóhannsdóttir tók við sem forseti deildarinnar 1. september og Ása Ólafsdóttir prófessor var varaforseti deildarinnar áfram.

Haldnir voru níu deildarfundir á árinu.

Almennt um starfsmenn

Við deildina voru 23 fastráðnir kennarar í árslok: tíu prófessorar, þar af sjö í fullu starfi, einn í launalaus leyfi og tveir í hlutastarfi, sex dósentar, þar af fjórir í fullu starfi og fjórir lektorar í hlutastarfi. Þá var einn aðjúntk I í fullu starfi einn aðjúntk II í hlutastarfi og níu aðjúntkar III við deildina í lok árs.

Valgerður Sólves fékk framgang í starf dósents frá og með 1. Janúar 2019.

Helgi Dagbjartur Áss Grétarsson lét af störfum sem dósent.

Eiríkur Jónsson fór í 5% starfshlutfall samhliða nýju starfi sem dómari í Landsrétti.

Einn starfsmaður starfaði á skrifstofu Lagadeildar í lok árs sem deildarstjóri Lagadeildar.

Rannsóknaprófessorar og aðrir gestakennarar

Þrjú rannsóknaprófessorar voru við deildina í lok árs og tveir starfsmenn með emeritasamninga við deildina í árslok.

Við deildina störfuðu 72 stundakennarar á árinu.

Nám og kennsla

Í Lagadeild er boðið upp á þriggja ára nám til BA-prófs í lögfræði (180e). Að loknu BA-prófi er boðið upp á 120 eininga framhaldsnám til meistaraþrófs í lögfræði og útskrifast nemendur með lærdómstítillinn magister juris.

Meistaránemar sinna umræðu- og verkefnatímum í mörgum BA-námskeiðum við deildina og geta fengið aðstoðarkennsluna metna til allt að 6 eininga í meistaránámi sínu. Í öðrum námskeiðum BA-námsins eru doktorsnemar oft þeir sem sinna umræðu- og verkefnatímum.

LL.M. in Natural Resources Law and International Environmental Law er sérhæft 90 eininga meistaránám í alþjóðlegum umhverfisrétti og auðlindarétti. Námið fer fram á ensku.

Lagadeild og Viðskiptafræðideild standa saman að þverfaglegu meistaránámi í skattarétti og reikningshaldi. Námið veitir fræðilega menntun á sviðum er snerta skattamál og reikningsskil. Námið er til 90 eða 120 eininga.

Doktorsnám

Lagadeild býður upp á 180 eininga doktorsnám í lögfræði og við lok árs 2018 voru fimm nemendur skráðir í doktorsnám við deildina.

Lagadeild Háskóla Íslands og Lagadeild Kaupmannahafnarháskóla standa enn fremur að sameiginlegri doktorsgráðu í lögfræði. Boðið er upp á þriggja ára doktorsnám á ensku. Þeir doktorsnemar sem valdir eru í námið sinna rannsóknum í tvö ár við annan háskólann og eitt ár við hinn. Nemendur eru valdir á grundvelli alþjóðlegrar auglýsingar og mats sérstakrar matsnefndar á vegum deildanna.

Doktorsvarnir

Ein doktorsvörn fór fram á árinu við deildina, en hinn 6. desember 2019 varði doktor Margrét Einarsdóttir doktorsritgerð sína í lögfræði sem ber heitið: "Framkvæmd EES-samningsins af hálfu íslenska ríkisins: Uptaka afleiddrar löggjafar í EES-samninginn og innleiðing í íslenskan rétt."

Nefndir og ráð

Við Lagadeild störfuðu í árslok Náms- og kennslunefnd og Vísindanefnd. Í Náms- og kennslunefnd sitja þrjú kennarar deildarinnar og tveir fulltrúar nemenda. Í Vísindanefnd sitja þrjú kennarar og í A-prófsnefnd sitja þrjú kennarar.

Samstarf Lagadeildar

Samstarf Lagadeildar við fyrirtæki og opinberra aðila hefur verið talsvert um árabil. Starfsmenn Lagadeildar eru m.a. ráðgjafar stjórnvald við ýmis verkefni og viðburði og eru í ýmsum nefndum og ráðum úti í þjóðfélaginu vegna sérþekkingar sinnar á lögum og tengsl við það þekkingarsamfélag sem er einstakt við Lagadeild Háskóla Íslands.

Lagadeild Háskóla Íslands og Hafréttarstofnun endurnýjuðu samstarfssamning sinn til næstu tveggja ára.

Gæðamál

Aðgangspróf

Í júní 2019 var í níunda sinn haldið inntökupróf (A-próf) fyrir umsækjendur um BA-nám við deildina. Deildarfundur Lagadeildar ákvað á árinu að hætta að nota inntökupróf (A-próf) við inntöku nýnema í deildinni og tekur sú breyting gildi við inntöku á vormisseri 2020.

Mentorastarf

Nýnemum Lagadeildar býðst að taka þátt í mentoraverkefni sem felst í því að nemendur á 3.–5. ári taka að sér hóp nýnema að hausti og veita þeim leiðsögn við upphaf laganáms. Þá er yfirmmentor í hverjum hóp mentora en u.þ.b. 10 nemendur eru á hvern mentor.

Fulltrúar nemenda eiga sæti á deildarfundum og eru með atkvæðisrétt á fundunum. Einnig eiga tveir nemendur sæti í Náms- og kennslunefnd og eru þar með atkvæðisrétt. Nefnd um Sjálfsmatsskýrslu Lagadeildar hefur jafnframt á að skipa tveim fulltrúum nemenda. Á hverju ári eru haldnir fundir um kennslukannanir með tveim fulltrúum hvers árs bæði í BA-náminu og meistaranáms.

Rannsóknir

Lagastofnun Háskóla Íslands, Hafréttastofnun Íslands, Mannréttindastofnun Háskóla Íslands og Rannsóknastofnun Ármanns Snævarr um fjölskyldumálefni eru vísindalegar rannsóknastofnanir sem tengjast Lagadeild og standa að útgefnu efni sem sjá má á heimasíðu stofnananna.

Kennarar deildarinnar voru afkastamiklir við rannsóknir og ritstörf á árinu. Þeir tóku þátt í fjölmörgum málstofum, fundum og ráðstefnum á vegum deildarinnar, tengdra stofnana. Þeir voru framsögumenn á ýmsum málstofum annarra deilda Háskóla Íslands, á Lagadegi Lögfræðingafélags Íslands, Lögmannafélags Íslands og Dómarafélags Íslands, á vegum Orators, félags laganema og á ráðstefnum erlendis svo eitthvað sé nefnt.

Alþjóðasamskipti

Lagadeild tekur þátt í nokkrum samstarfsnetum Nordplus-laganetinu og tveimur netum lagadeilda innan Erasmus-áætlunarinnar, þ.e. ELPIS (European Legal Practice Intergrated Studies) og Rotterdam Law Net. Alþjóðafultrúi Lagadeildar sækir árlega fundi á þeirra vegum.

Á árinu stunduðu 28 íslenskir laganemar skiptinám við erlenda háskóla, auk þess sem deildin tók á móti 21 erlendum skiptinemum.

Alþjóðasamstarf

Lagadeild Háskóla Íslands og Lagadeild Kaupmannahafnarháskóla eru með samning um að standa að sameiginlegri doktorsgráðu í lögfræði. Samningurinn felur í sér að rannsakandi (doktorsneminn) fái laun frá Kaupmannahafnarháskóla í tvö ár og í eitt ár frá Háskóla Íslands. Einn nemandi er í doktorsnáminu núna og einn brautskráðist á árinu.

Lagadeild hefur gert samning um sumarskóla við Ohio Northern University College of Law og er hann haldinn fimmta hvert ár, næst árið 2020.

Lagadeild er einnig í samstarfi við erlenda háskóla mest á norðurlöndum þegar kemur að námskeiðum er varða doktorsnema s.s. JURFORSK sem er norrænt laganet fyrir rannsóknir í lögfræði. En lögð er mikil áhersla á samstarf við erlendar lagadeildir sem bjóða upp á námskeið fyrir doktorsnema.

Í áráraðir hafa fyrirlesarar frá Lagadeild tekið þátt í samstarfsnetum með akademíunni víða um heim og má þar nefna helst Norræna sakfræðiráðið sem halda árlega fyrirlestra og ráðstefnur sem Lagadeild tekur þátt í.

Lagastofnun

Almennt yfirlit og stjórn

Lagastofnun Háskóla Íslands er vísindaleg rannsóknastofnun sem heyrir undir Lagadeild. Stofnunin er vettvangur rannsókna- og þróunarstarfs í lögfræði. Hlutverk Lagastofnunar er fyrst og fremst að stuðla að og styðja við rannsóknir og kennslu á sviði lögfræði. Meginhlutverk stofnunarinnar felst í rannsóknum og fræðilegri útgáfu þeim tengdum. Stofnunin tekur einnig að sér þjónustuverkefni á borð við ritun skýrsla og álitserða um lögfræðileg álitæfni og stendur fyrir fræðslunámskeiðum, ráðstefnum og málþingum á sviði lögfræði. Þá hefur stofnunin frá árinu 2005 gefið út ritröð um lögfræðileg viðfangsefni og staðið fyrir málstofum og fundum í tengslum við þá útgáfu.

Stjórn Lagastofnunar árið 2019 skipuðu Ása Ólafsdóttir prófessor (formaður stjórnar), Eyvindur G. Gunnarsson prófessor, Hrefna Friðriksdóttir prófessor, Hafsteinn Þór Hauksson dósent og Silja Rán Arnarsdóttir laganemi. Friðrik Árni Friðriksson Hirst, doktorsnemi, gegndi starfi framkvæmdastjóra stofnunarinnar.

Rannsóknir og verkefni

Í upphafi árs stofnaði Lagastofnun rannsóknastofu í stjórnslurétti en stjórn rannsóknastofunnar skipa Páll Hreinsson, Trausti Fannar Valsson og Maren Albertsdóttir. Hlutverk stofunnar er að efla og stunda rannsóknir á sviði stjórnsluréttar. Auk hennar starfrækir Lagastofnun fjórar aðrar rannsóknastofur, þ.e. á sviði norðurslóðaréttar, refsiréttar, Evrópuréttar og umhverfis- og auðlindaréttar.

Málþing og ráðstefnur

Þann 20. mars hélt Lagastofnun málþing um dóm Mannréttindadómstóls Evrópu vegna skipunar dómara við Landsrétt. Í dóminum var komist að þeirri niðurstöðu að skipun dómara við Landsrétt hafi ekki samræmst kröfum 6. gr. MSE um að skipan dómstóls skuli ákveðin með lögum. Áætlað er að um 200 manns hafi sótt málþingið en því var einnig streymt á netinu. Framsögumenn voru Davíð Þór Björgvinsson dómari við Landsrétt, Björg Thorarensen prófessor, Trausti Fannar Valsson dósent, Kristín Benediktsdóttir dósent og Ingibjörg Þorsteinsdóttir héraðsdómari og formaður dómarafélagsins. Fundarstjóri var Friðrik Árni Friðriksson Hirst doktorsnemi og framkvæmdastjóri Lagastofnunar.

Þann 18. október hélt Lagastofnun norræna ráðstefnu á sviði persónuverndar í samstarfi við Norrænu ráðherranefndina, Persónuvernd, dómsmálaráðuneytið og dómstólasýsluna. Yfirskrift ráðstefnunnar var „Njóta börn nægrar persónuverndar í stafrænum heimi? Áskoranir fyrir stjórnslu, dómstóla og skóla“ en hún fjallaði að meginstefnu um áhrif af vaxandi stafrænni vinnslu persónuupplýsinga með sérstakri áherslu þessarar þróunar á persónuvernd barna. Björg Thorarensen prófessor og formaður stjórnar Persónuverndar var fundarstjóri og norrænir fræðimenn frá Íslandi, Svíþjóð, Danmörku, Noregi og Finnlandi héldu erindi á ráðstefnunni.

Ritröð Lagastofnunar HÍ

Á árinu voru gefin út þrjú rit í ritröð Lagastofnunar:

Um tómlæti og réttaráhrif þess einkum í vinnurétti, eftir Viðar Má Matthíasson hæstaréttardómara (rit nr. 17). Í ritinu er gerð grein fyrir reglum kröfuréttar um tómlæti með áherslu á vinnurétt, og þá sérstaklega með tilliti til réttarsambands starfsmanns og vinnuveitanda hans.

Vinnsla persónuupplýsinga við meðferð stjórnslumála eftir Pál Hreinsson, forseta EFTA-dómstólsins (rit nr. 18). Í ritinu er fjallað um hvernig ákvæði laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga auk reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 3016/679 hafa þýðingu fyrir málsmeðferð stjórnvalda þar sem fyrirhugað er að taka stjórnvaldsákvörðun.

Dómar um umboðssvik í kjölfar bankahrunsins eftir Eirík Tómasson fyrrverandi hæstaréttardómara (rit nr. 19). Í ritinu er gerð grein fyrir dómum Hæstaréttar í málum tengdum efnahagshruninu árið 2008 þar sem einstaklingar voru ákærðir fyrir umboðssvik, og fjallað um megineinkenni skilyrða umbossvika.

Annað

Í nóvember var gefið út rafrænt lögfræðiorðasafn og það gert aðgengilegt á vefsíðu stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum (Árnastofnunar). Orðasafnið er afrakstur samstarfsverkefnis Lagastofnunar og Árnastofnunar sem var styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna. Rafræna lögfræðiorðasafnið er að stofni til byggt á ritinu Lögfræðiorðabók: með skýringum, sem gefið var út árið 2008 af Páli Sigurðssyni, prófessor emeritus. Jón Sigurðsson Nordal laganemi sá um að koma orðasafninu í rafrænan búning.



Stjórnmálafræðideild

Almennt yfirlit og stjórn

Stjórnun deildar var í höndum deildarforseta og deildarfundar. Maximilian Conrad prófessor gegndi starfi deildarforseta og Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor starfi varadeildarforseta. Deildarstjóri var Elva Ellertsdóttir. Skrifstofa deildarinnar er í Gimli og kennarar hennar hafa aðsetur í Odda.

Haldnir voru ellefu deildarfundir á árinu.

Námsnefndir 2019-2020

Kynjafræði: Gyða Margrét Pétursdóttir, Laufey Axelsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir. Formaður Gyða Margrét Pétursdóttir.

Opinber stjórnsýsla: Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir, Eva Marín Hlynsdóttir og Margrét S. Björnsdóttir. Formaður Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir.

Fjölmíðla- og boðskiptafræði: Ragnar Karlsson, Ólafur Þ. Harðarson og Valgerður Anna Jóhannsdóttir. Birgir Guðmundsson, dósent fulltrúi Háskólans á Akureyri. Helgi Gunnlaugsson, fulltrúi Félags- og mannvísindadeildar. Formaður Ragnar Karlsson.

Blaða- og fréttamennska: Valgerður Anna Jóhannsdóttir og Ragnar Karlsson og Helgi Gunnlaugsson, fulltrúi Félags- og mannvísindadeildar. Formaður Valgerður Anna Jóhannsdóttir.

Alþjóðasamskipti: Silja Bára Ómarsdóttir, Baldur Þórhallsson og Page Wilson. Formaður Silja Bára Ómarsdóttir.

BA-nám: Stefanía Óskarsdóttir, Agnar Freyr Helgason og Gunnar Helgi Kristinsson. Formaður Stefanía Óskarsdóttir.

Vísindanefnd deildar: Eva Heiða Önnudóttir, Þorgerður Einarsdóttir. Formaður Eva Heiða Önnudóttir

Stofnun stjórnmála og stjórnsýslufræða starfar undir Stjórnmálafræðideild. Deildin er aðili að Félagsvísindastofnun.

Deildin er einnig aðili að ECPR, European Consortium for Political Research og IPSA, International Political Science Association.

Eva Heiða Önnudóttir var formaður Félags stjórnmálafræðinga, í stjórn NoPSA (Nordic Political Science Associatio) og í stjórn CCS (Comparative Candidate Surveys).

Silja Bára Ómarsdóttir fékk Basil Chubb viðurkenningu fyrir bestu doktorsritgerð í stjórnmálafræði á Írlandi. Einnig hlaut hún viðurkenningu frá Háskóla Íslands fyrir lofsvert framlag til kennslu við skólann.

Starfsfólk

Agnar Freyr Helgason ráðinn lektor til eins árs í 75% starfshlutfall frá 1. júlí 2019.

Valgerður Anna Jóhannsdóttir ráðinn lektor í blaða- og fréttamennsku frá og með 1. júlí 2019. Hún gegndi áður starfi aðjúnkts í sömu grein.

Hulda Þórisdóttir, dósent var í launalaus leyfi háskólaárið 2019-2020. Hún var við kennslu í NYU í Abu Dhabi.

Nám og kennsla

Grunnnám

Í Stjórn málafræðideild er unnt að stunda þriggja ára nám í stjórn málafræði sem lýkur með BA-prófi. Kynjafræði er kennd sem aukagrein í grunnnámi. Til BA-prófs er krafist minnst 180 eininga og skal nemandi ljúka annaðhvort 180 einingum í aðalgrein eða 120 einingum í aðalgrein og 60 einingum í aukagrein.

Framhaldsnám

Að loknu BA-prófi er hægt að stunda tveggja ára meistaranám í eftirfarandi námsgreinum: Alþjóðasamskiptum, blaða- og fréttamennsku, fjölmiðla- og boðskiptafræði, kynjafræði, opinberri stjórnsýslu, stjórn málafræði og vestnorrænum fræðum. Hægt er að stunda 30 eininga diplómanám í alþjóðasamskiptum, blaða- og fréttamennsku, fjölmiðla- og boðskiptafræði, hagnýtri jafnréttisfræði, opinberri stjórnsýslu og smáríkjafræðum. Einnig er hægt að stunda doktorsnám í kynjafræði og stjórn málafræði.

Boðið er upp á fjarnám í fjölmiðla- og boðskiptafræði, opinberri stjórnsýslu og kynjafræði.

Móttaka nýnema í grunn- og framhaldsnámi var haldin í upphafi haustmíssis. Haldnir voru tveir leiðsagnarfundir á haustmíssis og einn á vormíssis með nýnemum deildarinnar í grunnnámi. Markmið fundanna er m.a. að bæta ástundun og árangur nemenda með persónulegri leiðsögn kennara.

Kennsla á erlendum málum

Á árinu var boðið upp á 23 námskeið kennd á ensku, samtals 120 einingar. Frá og með haustmíssis 2019 er meistaranám í alþjóðasamskiptum alfarið kennt á ensku. Einnig er viðbótardiplóma í smáríkjafræðum, 30 eininga námsleið og meistaranám í vestnorrænum fræðum 120 eininga námsleið sem kennd er í samstarfi við umhverfis- og auðlindafræði innan Háskóla Íslands, kennd á ensku. Inntökuskilyrðum var jafnframt breytt á þá vegu að erlendir umsækjendur, sem ekki hafa ensku að móðurmáli, þurfa að sýna fram á góða þekkingu á enskri tungu (TOEFL eða IELTS) í allar námsleiðir deildarinnar þar sem kennsla fer fram á ensku.

Nemendur komu frá ýmsum löndum. Þá stóð Rannsóknasetur um smáríki, í samvinnu við Stjórn málafræðideild fyrir viku löngum alþjóðlegum sumarskóla dagana 10.-15. júní þar sem öll kennsla fór fram á ensku.

Doktorsvarnir

Þann 21. janúar varði Laufey Axelsdóttir doktorsritgerð sína í kynjafræði „Kynjuð valdatengsl í æðstu stjórnunarstöðum. Starfsþróun, kynjakvótar og kynjajafnvægi í fjölskylduábyrgð.“ (e. Gendered Power Relations in Top Management. Career Progression, Gender Quotas, and Gender-Balanced Family Responsibility). Leiðbeinandi: Dr. Þorgerður Einarsdóttir, prófessor í kynjafræði við Stjórn málafræðideild Háskóla Íslands.

Þann 7. mars varði Erla Hlín Hjálmarsdóttir doktorsritgerð sína í stjórnmálafræði „Kjarni árangurs í þróunarsamvinnu. Vatnsveitur í sveitahéruðum Namibíu“ (e. Essence of Performance in Development. Rural Water Supply in Namibia). Leiðbeinandi var dr. Ómar Hlynur Kristmundsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands.

Kynningarmál

Starfsfólk deildarinnar tók þátt í háskóladeginum ásamt öðrum deildum skólans. Að venju var bæklingur um BA-nám gefinn út af því tilefni sem og nýr bæklingur og kynningarmyndband um diplómanám í smáríkjafræðum. Einnig var unnið að því að kynna áhugaverð lokaverkefni fyrir fjölmiðlum. Deildin heldur einnig úti Facebook-síðu þar sem m.a. er vakin athygli á formlegum og óformlegum viðburðum er tengjast deildinni.

Gæðamál

Samkvæmt áætlun gæðastjóra Háskóla Íslands fór Stjórn málafræðideild í gegnum sjálfsmat faglegra eininga (QEF2) á haustmisseri 2019. Í sjálfsmatinu var sérstök áhersla lögð á kennslu og rannsóknir. Undirbúningur hófst á vormisseri 2019 með öflun gagna og sjálfsmatshópur deildar var stofnaður í mars 2019. Verkaskipting var með þeim hætti að deildarforseti skrifaði þá kafla sem að almennt fjölluðu um deildina, en nefndarfólk skrifaði kaflana sem sneru að einstaka námsbrautum. Nefndin hittist fimm sinnum meðan á vinnunni stóð og skilaði fyrstu drögum til gæðastjóra HÍ í nóvemberbyrjun. Í lok nóvember fékk deildin heimsókn frá erlendum sérfræðingum sem skipaðir voru af sviðsforseta Félagsvísindasviðs. Sérfræðingarnir voru þau Christofer Edling, sviðsforseti Félagsvísindasviðs við Háskólann í Lundi í Svíþjóð, Gro Ellen Mathisen forseti Félagsvísindasviðs við Háskólann í Stavanger Noregi og Rasmus Antoft, forseti Félagsvísindasviðs við Háskólann í Álaborg í Danmörku. Sérfræðingarnir hittu bæði sjálfsmatnefndina og deildina í heild sinni, auk þess að hitta hóp af nemendum deildarinnar. Sérfræðingarnir skiluðu skýrslu til deildar í janúarlök, en þá höfðu einnig borist athugasemdir frá gæðastjóra og Kennslusviði HÍ. Endanleg sjálfsmatsskýrsla deildar verður tilbúin á vormánuðum 2020.

Rannsóknir og alþjóðasamskipti

Kennarar deildarinnar eru afkastamiklir við rannsóknir og ritstörf. Þeir hafa mikil alþjóðleg tengsl og taka margir þátt í alþjóðlegum rannsóknarverkefnum. Helstu rannsóknarsvið kennara eru: Íslensk stjórnsmál, sveitarstjórnarmál, kosningar, kjósendur, stjórnsmálaflokkar og fulltrúalýðræði, alþjóðastjórnsmál, fjölmiðlar, lýðræði, opinber stjórnsýsla, mannauðsstjórnun hins opinbera, smáríki og samrunapróunin í Evrópu, öryggis- og varnarmál, pólitísk sálfræði og kynja- og margbreytileikafraeði.

Stofnun stjórnsýslufræða

Almennt yfirlit

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnsmála er rannsókn- fræðslu- og þjónustustofnun sem heyrir undir Stjórnsmálafræðideild á Félagsvísindasviði. Hún var stofnuð árið 2002 og hlutverk hennar er að vera vettvangur samstarfs Háskóla Íslands við opinbera aðila um eflingu náms og rannsókna um stjórnun opinberra stofnana, bæði ríkis og sveitarfélaga, og vettvangur umræðu um stjórnsmál og stjórnsýslu. Tvö rannsóknasetur eru starfrækt hjá stofnuninni, Rannsóknasetur um sveitarstjórnarmál og Rannsóknasetur um fjölmiðlun og boðskipti.

Stjórn og starfslið

Forseti Félagsvísindasviðs skipar stofnuninni sex manna stjórn til þriggja ára. Deildarfundur í Stjórnsmálafræðideild tilnefnir þrjár menn í stjórnina, rektor Háskóla Íslands einn, og forseti Félagsvísindasviðs skipar tvo stjórnarmenn án tilnefningar. Engar breytingar voru gerðar á stjórninni árið 2019. Fulltrúar Stjórnsmálafræðideildar í stjórn voru: Margrét S. Björnsdóttir, formaður stjórnar, Baldur Þórhallsson og Gunnar Helgi Kristinsson. Aðrir í stjórn voru: Trausti Fannar Valsson, dósent við Lagadeild HÍ og skipaður af rektor, Steinunn Halldórsdóttir, sérfræðingur í mennta- og menningarmálaráðuneytinu sem fulltrúi forsætisráðuneytisins í stjórn, og Helga Björg Ragnarsdóttir, skrifstofustjóri á skrifstofu borgarstjóra, sem fulltrúi Reykjavíkurborgar í stjórn.

Skrifstofa stofnunarinnar er í húsnæði Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands í Gimli við Sæmundargötu. Árið 2019 störfuðu þrír starfsmenn í fullu starfi hjá stofnuninni: Sjöfn Vilhelmsdóttir, forstöðumaður, Lára Hrönn Hlynsdóttir, verkefnisstjóri á skrifstofu, og Helga Kristín Sæbjörnsdóttir, verkefnisstjóri við Rannsóknasetur um sveitarstjórnarmál með aðsetur á Laugarvatni. Sjöfn forstöðumaður var námsleyfi í tvo mánuði á árinu til að klára doktorsritgerð sína. Einnig störfuðu Kjartan Páll Sveinsson, Árný Lára Sigurðardóttir og Randver Kári Randversson í hlutastarfi hjá stofnuninni. Kjartan Páll hafi umsjón verkefnum stofnunarinnar sem snúa að útgáfu Tímarits um viðskipti og efnahagsmál (TVE), Árný Lára aðstoðaði við undirbúning og utanumhald með námskeiðum stofnunarinnar, og Randver Kári vann verkefni fyrir tímaritið Stjórnsmál & stjórnsýsla. Þá hafði Haukur Arnþórsson sem fyrr umsjón með vef tímaritsins Stjórnsmál & stjórnsýslu, sem og vef TVE.

Starfsemi

Stofnunin leitaðist sem fyrr við að styðja við rannsóknir og þróunarverkefni og vera öflugur umræðuvettvangur um málefni stjórnsmála og stjórnsýslu. Stofnunin starfaði í nánú samstarfi við kennara Stjórnsmálafræðideildar og hafði umsjón með rannsóknarverkefnum á þeirra vegum. Stofnunin setti á laggirnar nýtt rannsóknasetur um sveitarstjórnarmál í byrjun árs með stuðningi frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu og skrifaði undir nýjan samstarfssamning við forsætisráðuneytið þar sem samstarfið var útvíkkað og nær núna líka til rannsókna. Útgáfa tímaritsins Stjórnsmál og stjórnsýsla var mikilvægur þáttur í starfsemi stofnunarinnar eins og fyrri ár, sem og

umsjón stofnunarinnar með útgáfu Tímarits um viðskipti og efnahagsmál. Mikil breidd var í viðfangsefnum námskeiðanna sem stofnunin skipulagði fyrir starfsfólk í stjórnsýslu ríkisins og hjá sveitarfélögum, og hefur þátttaka í námskeiðum stofnunarinnar aldrei verið meiri en árið 2019. Sem fyrr stóð stofnunin að fjölda opinna funda um rannsóknir fræðimanna og um málefni líðandi stundar í samstarfi við ýmsa aðila.

Rannsóknir

Meginaðkoma stofnunarinnar að rannsóknum felst í að hafa umsjón með rannsóknaverkefnum og aðstoða kennara Stjórn málafræðideildar við að vinna umsóknir í rannsóknasjóði. Sem umsjónaraðili rannsóknaverkefna kemur stofnunin að gagnaöflun og úrvinnslu, sér um fjármálaumsýslu og hefur umsjón með viðburðum og kynningu á rannsóknarniðurstöðum í samstarfi við rannsóknarstjóra. Árið 2019 voru tvö rannsóknaverkefni vistuð hjá stofnuninni: Valds- og lýðræðisrannsókn Félagsvísindasviðs og rannsóknarverkefni um lögmæti.

Valds- og lýðræðisrannsókn Félagsvísindasviðs var skipulögð sem fjöggra ára verkefni þar sem athyglinni var beint að megingerendum í valds og lýðræðiskerfum íslensks samfélags, s.s. að löggjafanum, framkvæmdavaldinu, stjórnsýslunni, stjórn málaflokkum, hagsmunasamtökum, fjölmiðlum og almenningi. Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor við Stjórn málafræðideild, stýrir rannsókninni en um 30 fræðimenn úr ólíkum deildum hafa komið að verkefninu. Verkefninu var formlega lokið árið 2018 þegar sérhefti með tíu ritrýndum fræðigreinum sem allar byggðu á rannsóknum í verkefninu kom út hjá Stjórn málum og stjórnsýslu. Hins vegar á enn eftir að koma út bók um áhrifahópa í íslensku samfélaginu í nafni rannsóknarverkefnisins. Rannsóknarstjóri vann við ritun bókarinnar á árinu 2019 og aðstoðaði verkefnisstjóri stofnunarinnar hann við gagnaöflun og úrvinnslu, en áætluð útgáfa bókarinnar er nú síðla árs 2020. Á vefsíðu verkefnisins má sjá afrakstur rannsókna verkefnisins frá 2014-2019 (www.vol.hi.is).

Árið 2018 hlaut rannsóknarverkefnið Hefur lögmæti áhrif? þriggja ára verkefnastyrk upp á 26 milljónir úr Rannsóknasjóði Íslands (Rannís). Rannsóknin leitast við að meta hvort lögmæti hafi áhrif á hegðun fólks og þar er sjónum sérstaklega beint að skattaundanskotum, spillingu og popúlisma. Rannsóknarstjóri verkefnisins er Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor við Stjórn málafræðideild. Framvinda verkefnisins á árinu fylgdi rannsóknaráætlun. Gagnasöfnun lauk á vormánuðum og tók þá við gagnaúrvinnslu og greining og aðstoðaði verkefnisstjóri stofnunarinnar rannsóknarstjóra í því verkefni. Þrjú meistaranemar skrifuðu lokaritgerðir sínar um efni sem tengjast megináherslum rannsóknarinnar og fengu greidd nemalaun í þrjá mánuði meðan á ritgerðarskrifunum stóð. Tvö handrit að greinum um niðurstöðum rannsóknarinnar voru send til alþjóðlegra fræðitímarita til birtingar.

Stofnunin hefur tekið að sér afmörkuð verkefni í rannsóknum kennara við Stjórn málafræðideild og hefur þessi þáttur verið að aukast í starfi stofnunarinnar undanfarin ár. Annað árið í röð vann stofnunin verkefni fyrir íslensku kosningarannsóknina sem snúa að frágangi á gögnum fyrir alþjóðlega gagnagrunna og skýrsluskrifum. Einnig aðstoðaði stofnunin Sigurbjörgu Sigurgeirsdóttur, dósent við Stjórn málafræðideild, við gangaöflun í rannsóknarverkefni hennar.

Þjónustuverkefni

Reykjavíkurborg hefur verið samstarfsaðili stofnunarinnar frá upphafi og er samstarfið stofnuninni mikill styrkur. Samstarfið hefur verið formgert með þjónustusamningi og samningurinn sem nú er í gildi nær til fjöggra þátta: 1) þjónustuverkefni, 2) stjórnsýsluskóli fyrir starfsmenn borgarinnar, 3) hugmyndabanki um rannsóknarverkefni og, 4) þátttaka í námskeiðum í opinberri stjórnsýslu og kynjafræðum.

Stofnunin skrifaði undir nýjan þjónustusamstarfssamning við forsætisráðuneytið árið 2019 þar sem samstarfið var útvíkkað og fjárframlag ráðuneytisins til stofnunarinnar var hækkað, en aðilarnir hafa átt með sér samstarf um námskeiðahald frá árinu 2005. Þjónustusamningurinn gildir til tveggja ára og tekur til fjöggra þátta: 1) rannsóknarverkefni um árangur í stefnumótun, 2) framkvæmd könnunar á stöðu stefnumótunar innan stjórnarráðsins, 3) stjórnsýsluskóli fyrir starfsmenn stjórnarráðsins, og 4) hugmyndabanki um rannsóknarverkefni fyrir nema.

Frá 2018 hefur forstöðumaður setið í faghópi III í verndar- og orkunýtingaráætlunar umhverfis- og auðlindaráðuneytisins (í daglegu tali nefnd Rammaáætlun). Hlutverk hópsins er að meta virkjunarkosti og landsvæði með tilliti til áhrifa þeirra á samfélagið. Faghópi III er einnig ætlað að þróa aðferðarfræði sem nýtast á við mat á virkjunarvalkostum í 4. áfanga Rammaáætlunar. Sem hluti af þeirri þróunarvinnu framkvæmdi hópurinn vettvangsrannsókn til að meta samfélagsleg áhrif virkjana sem hafa verið reistar í Suður-Þingeyjarsýslu og Austur-Húnavatnssýslu á undanförunum árum og áratugum. Niðurstöður rannsóknarinnar verða notaðar til að þróa frekar aðferðafræðina við mat á samfélagsáhrifum í rammaáætlun. Fulltrúarnir í faghópnum sinntu framkvæmd rannsóknarinnar, allt frá hönnun rannsóknasniðs að skýrslugerð, og tók vinnan í starfi faghópsins töluverðan starfstíma forstöðumanns á árinu 2019.

Fjármál

Háskóli Íslands og Stjórn málafræðideild leggja stofnuninni til starfsaðstöðu og almenna umsýsluþjónustu, m.a. vegna fjármála, sem auk annars styður við fjárhagslega stöðu stofnunarinnar. Að öðru leyti er stofnunin rekin fyrir sjálfsaflafé og aflar fjármagns til rekstrar með styrksamningum, þjónustusamningum, umsjón með málþingum, námskeiðum, og opnum fundum, rannsóknarverkefnum, áskriftum að tímariti stofnunarinnar og öðrum styrkjum.

Gæðamál

Engin verkefni voru hjá stofnuninni árið 2019 sem teljast til gæðamála.

Ráðstefnur og þing

Engar ráðstefnur eða málþing voru haldin í nafni stofnunarinnar árið 2019, en þeim um meiri þungi var í námskeiðahaldi og skipulaginu fræðslufunda og málstofa.

Fundur, fundaraðir og málstofur

Stofnunin lagði mikla áherslu á að bjóða upp á styttri námskeið fyrir starfsfólk í stjórnsýslu ríkisins og hjá sveitarfélögum eins og fyrri ár. Bæði var boðið upp á staðnáms og fjarnám með streymi í rauntíma, en með undantekningum í námskeiðum þar sem lögð er áhersla á þátttöku í umræðum og hópaverkefni.

Sem fyrr var áhersla á að standa fyrir opnum fundum og málstofum um málefni sem eru efst á baugi varðandi stjórn mála og stjórnsýslu í samstarfi við ýmsa aðila. Markhópur þessa fræðslu- og umræðuvettvangs eru stjórnendur í opinberum rekstri, starfsfólk stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga og fag-, fræði- og áhugafólk um opinbera stjórnsýslu og stjórn mála. Alls sóttu um 396 manns þessa tegund viðburða á árinu 2019, sem voru:

- Staða kjörinna fulltrúa í sveitarstjórnnum og samspil við embættismenn. Málstofa haldin í tilefni opunarhátíðar Rannsóknaseturs um sveitarstjórnarmál á Laugarvatni 5. apríl. Fyrirlesari var Colin Copus emeritus professor í sveitastjórnarfræðum við De Montfort háskólann í Leicester og gestaprófessor við háskólann í Ghent.

- Niður úr fílabEinsturninum: Hvað geta rannsóknir gert fyrir íslensk sveitarfélög á 21. öldinni? Opnunarhátíð Rannsóknaseturs um sveitarstjórnarmál á Laugarvatni 5. apríl. Sigurður Ingi Jóhannsson ráðherra samgöngu- og sveitarstjórnarmála hélt opnunarávarp. Fyrirlesarar voru Colin Copus emeritus prófessor við De Montfort háskóla í Leicester, Björg Ágústsdóttir bæjarstjóri Grundarfjarðarbæjar, Eva Marín Hlynsdóttir, dósent við Stjórnmálafræðideild HÍ og rannsóknarstjóri setursins.
- Eurovision og stjórnmál. Hádegisfundur haldinn í samstarfi við Félag stjórnmálafræðinga 14. maí. Í pallborði voru Baldur Þórhallsson, prófessor í stjórnmálafræði, Hildur Tryggvadóttir Flóvenz, ráðgjafi hjá KPMG og Baldvin Þór Bergsson, dagskrárstjóri Rásar 2.
- Alræðishugtakið. Opinn fundur haldinn 17. maí. Fyrirlesarar voru Hannes H. Gissurarson, prófessor í stjórnmálafræði og Sigurður Snævarr, heimsspekingur.
- Hæfni og pólitískar ráðningar. Hádegisfundur haldinn 24. maí. Fyrirlesari var Carl Dahlström, prófessor við Gautaborgarháskóla.
- Populism and Polish politics. Hádegisfundur haldinn í samstarfi við Félag stjórnmálafræðinga 14. maí. Fyrirlesari var Mikołaj Cześniak, dósent við SWPS háskólann í Varsjá.
- Hvernig er hægt að auka traust til stjórnmála? Málstofa sem Félag stjórnmálafræðinga og stofnunin stóðu að 18. júní. Fyrirlesarar voru: Sjöfn Vilhelmsdóttir doktorsnemi við Stjórnmálafræðideild, Svanur Kristjánsson, prófessor emeritíus, Hulda Þórisdóttir, dósent í stjórnmálasálfræði og Henry Alexander Henrysson, heimsspekingur. Í lok málstofunnar veitti Félag stjórnmálafræðinga verðlaun fyrir framúrskarandi lokaritgerðir í stjórnmálafræði sem skilað var á árinu 2018.
- Eru alþingsmenn rannsóknarefni? Opinn fundur haldinn í samstarfi við Félag stjórnmálafræðinga 24. október. Fyrirlesari var Haukur Arnþórsson, stjórnsýslufræðingur.
- Sameining samþykkt! En hvað svo? Hádegisfundur haldinn í samstarfi við Félag stjórnmálafræðinga 26. nóvember. Fyrirlesarar voru Róbert Ragnarsson ráðgjafi hjá RR ráðgjöf og Eva Marín Hlynsdóttir, dósent við Stjórnmálafræðideild.
- Er í lagi að múta í útlöndum? Hádegisfundur haldinn í samstarfi við Félag stjórnmálafræðinga 5. desember. Í pallborði voru Gunnar Helgi Kristinsson prófessor í stjórnmálafræði í HÍ, Þórdís Ingadóttir dósent við lagadeild HR, Valgerður Anna Jóhannsdóttir lektor í fjölmiðlafræði í HÍ og Jón Ólafsson prófessor við Íslensku- og menningardeild í HÍ.
- Um stjórnmálamanninn Halldór Ásgrímsson. Hádegisfundur haldinn 12. desember. Fyrirlesarar voru Guðjón Friðriksson, sagnfræðingur og Jón Sigurðsson fyrrverandi formaður Framsóknarflokksins.

Stofnunin hefur átt mjög fjarsælt samstarf við Félag forstöðumanna ríkisstofnana (FFR) í mörg ár með það að markmiði að efla fræðslu og umræðu um viðfangsefni og starfsumhverfi í opinberri stjórnsýslu og rekstri opinberra stofnana. Í október héldu FFR og stofnunin fræðslufund um lífeyrisréttindi og reglur um starfslok forstöðumanna, en fundurinn var bara opinn félagsmönnum FFR.

Aðrir viðburðir

Í mörg ár sá stofnunin um að skipuleggja Rannsóknarborð kennara við Stjórnmálafræðideild, en árið 2019 tóku kennarar deildarinnar yfir umsjón með Rannsóknarborðinu. Á heimasíðu stofnunarinnar www.stjornsyslustofnun.hi.is má finna upplýsingar um rannsóknaráherslur kennara og doktorsnema Stjórnmálafræðideildar undir Rannsóknaráherslur fræðimanna.

Alþjóðasamskipti

Forstöðumaður stofnunarinnar hefur verið leiðandi í að koma á samstarfi milli stjórnmálafræðideildar Háskóla Íslands og stjórnmálafræðideildar Háskólans í Namibíu (University of Namibia - UNAM). Í ársbyrjun 2019 komu tveir kennarar frá UNAM í heimsókn til Íslands í gegnum Erasmus+ prógrammið og sá forstöðumaður um að skipuleggja heimsóknina. Gestirnir funduðu með kennurum í Stjórnmálafræðideild, héldu fyrirlestra fyrir nemendur um stjórnmál Namibíu, auk þess að hitta fulltrúa Reykjavíkurborgar og fjármála- og efnahagsráðuneytisins sem fara með kynjaða fjármálagarð, sem og sérfræðinga á því sviði í innan háskólans.

Útgáfa

Stofnunin hefur gefið út tímaritið Stjórnmál og stjórnsýsla frá árinu 2005 og er tímaritið öllum aðgengilegt á vefsíðunni www.irpa.is. Prentuð útgáfa kemur út einu sinni á ári, en í henni eru ritrýndar greinar vefútgáfunnar frá árinu áður og eru um 100 einstaklingar og opinberar stofnanir áskrifendur að tímaritinu. Frá upphafi til ársloka 2019 hafa birst 255 ritrýndar fræðigreinar í tímaritinu, 69 almennar greinar og 128 bókadómar. Ritryndar greinar sem birtast í tímaritinu eru metnar til 15 stiga í matskerfi opinberra háskóla. Sú breyting varð á árinu að Margrét S. Björnsdóttir hætti í ritstjórnina en hún hafði setið í ritstjórninni alveg frá stofnun tímaritsins árið 2005. Sem fyrr í ritstjórn sátu: Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor; Agnar Freyr Helgason lektor; Eva H. Önnudóttir, dósent; og Eva Marín Hlynsdóttir, dósent, en þau starfa öll við Stjórnmálafræðideild, sem og Sjöfn Vilhelmsdóttir forstöðumaður stofnunarinnar.

Samstarf stofnunarinnar við Tímarit um viðskipti og efnahagsmál (TVE) hélt áfram á árinu 2019, en stofnunin hefur haft umsjón með útgáfu tímaritsins í samstarfi við ritstjórn þess frá því 2017. Seðlabanki Íslands, Hagfræðideild HÍ, Viðskiptafræðideild HÍ og viðskiptafræðideild Háskólans í Reykjavík standa að útgáfu tímaritsins. Um er að ræða fræðitímarit með ritryndum greinum sem kemur út í vefútgáfu og birting þar gefur 10 stig í matskerfi opinberra háskóla. Breytingar urðu í ritstjórn TVE á árinu þegar Þröstur Olaf Sigurjónsson fór úr ritstjórn sem fulltrúi Háskólans í Reykjavík og Axel Hall kom inn í hans stað í árslok. Sem fyrr í ritstjórn sátu: Gylfi Zoega, prófessor við Hagfræðideild HÍ og formaður ritstjórnar, Birgir Þór Runólfsson, dósent við Hagfræðideild HÍ, og Þórhallur Örn Guðlaugsson, dósent við Viðskiptafræðideild HÍ. Tímaritið kom út tvisvar á árinu á í júní og svo aftur í desember á www.efnahagsmal.is. Alls birtust 13 ritryndar greinar í TVE árið 2019.

Vefur

Á vef stofnunarinnar, www.stjornsyslustofnun.hi.is, er að finna helstu upplýsingar um starfsemi hennar og um viðburði. Stofnunin nýtir sér einnig samfélagsmiðla til kynningar á starfseminni og heldur úti Facebook-síðu og er á Twitter. Stofnunin rekur einnig vefsíðu tímaritsins Stjórnmál og stjórnsýsla (www.irpa.is) og hefur umsjón með vefsíðu Valds- og lýðræðisrannsóknarinnar (www.vol.hi.is) en þar má sjá afrakstur rannsókna verkefnisins frá 2014-2019.

Rannsóknasetur um sveitarstjórnarmál

Hlutverk rannsóknasetursins er að vera í senn rannsókna-, fræðslu- og þjónustustofnun fyrir sveitarstjórnarstigið og sinna rannsóknum sem styðja við opinbera stefnumótun og ákvarðanir í málefnum sveitarfélaga og á sviðum byggða-, samgöngu- og samskiptamála. Rannsóknarstjóri

setursins er Eva Marín Hlynsdóttir, dósent í opinberri stjórnáslu við Stjórn málafræðideild, en forstöðumaður stofnunarinnar er jafnframt forstöðumaður setursins. Í ársbyrjun 2019 hóf Helga Kristín Sæbjörnsdóttir störf sem verkefnisstjóri setursins með starfsstöð í húsnæði Háskólans á Laugarvatni.

Rannsóknasetrið var formlega opnað í byrjun apríl með viðhöfn. Dagskráin hófst með málstofu um stöðu kjörinna fulltrúa í sveitarstjórnnum og samspil við embættismenn, en fyrirlesari var Colin Copus emeritus prófessor í sveitastjórnarfræðum við De Montfort háskólann í Leicester og gestaprófessor við háskólann í Ghent. Í framhaldi var haldin opunarhátíð undir fyrirsögninni „Niður úr fílabEinsturninum: Hvað geta rannsóknir gert fyrir íslensk sveitarfélög á 21. öldinni?“ Sigurður Ingi Jóhannsson ráðherra samgöngu- og sveitarstjórnarmála hélt opunarávarp, en fyrirlesarar voru Colin Copus emeritus prófessor við De Montfort háskóla í Leicester, Björg Ágústsdóttir bæjarstjóri Grundarfjarðarbæjar, Eva Marín Hlynsdóttir, dósent við stjórn málafræðideild HÍ og rannsóknarstjóri setursins.

Það kom fljótlega í ljós þegar var verið að undirbúa opnun setursins í byrjun árs að viðhaldi á húsnæðinu á Laugarvatni hafði ekki verið sinnt sem skyldi þar sem þak byggingarinnar lak og það var vart við myglu í húsnæðinu. Verkefnisstjórinn hafði strax og hún hóf störf byrjað að finna fyrir einkennum sem má rekja til ofnæmisviðbragða við myglu. Niðurstaðan var sú að aðstöðu setursins í húsnæðinu var lokað í byrjun maí og verkefnisstjórinn fékk nýja vinnuáðstöðu í húsnæði Menntaskólans á Laugarvatni. Viðgerðum á húsnæðinu lauk síðan á haustmánuðum, en verkefnisstjóri setursins fær enn ofnæmisviðbrögð þegar hún fer inn í bygginguna og hefur því setrið ekki opnað aftur í húsnæði Háskóla Íslands á Laugarvatni.

Vandamál með aðstöðuna í húsnæði Háskóla Íslands á Laugarvatni og síðar lokun setursins þar hafa haft áhrif á framvindu verkefnisins. En margt hefur áunnist, sérstaklega hvað varðar rannsóknarhlutann í starfinu og umsóknir undir formerkjum setursins voru sendar inn til Rannís og Rannsóknasjóðs HÍ. Hlaðvarp um sveitarstjórnsmál undir formerkjum setursins fór í loftið síðla ár þar sem rætt er við fræðafólk um rannsóknir sem snúa að málefnum sveitarstjórnarsígsins. Þrjú námskeið voru haldin á árinu sérstaklega fyrir starfsfólk í stjórnáslu sveitarfélaga og byrjað er að vinna sérstaka vefsíðu fyrir setrið.

Rannsóknasetur um fjölmiðlun og boðskipti

Rannsóknasetur um fjölmiðlun og boðskipti er rannsókn-, fræðslu- og þjónustustofnun sem starfrækt er af Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri. Hlutverk þess er að auka og efla rannsóknir á sviði fjölmiðla og fréttamennsku og að vera samstarfsvettvangur á milli fræðasamfélags og fjölmiðlafólks. Setrið var gert að sjálfstæðri einingu innan Stofnunar stjórnáslufræða og stjórn mála árið 2016, en hefur eigin stjórn. Engir viðburðir voru skipulagðir á vegum setursins árið 2019.

Viðskiptafræðideild

Almennt yfirlit og stjórn

Stjórn deildarinnar var í höndum deildarforseta og deildarfundar.

Ingi Rúnar Eðvarðsson prófessor er deildarforseti og Svala Guðmundsdóttir er varaforseti. Deildarstjóri er Gyða Hlín Björnsdóttir. Engilbert Aron Kristjánsson er verkefnastjóri markaðs- og kynningarmála deildarinnar.

Kristín Klara Einarsdóttir fór á eftirlaun 1. júlí 2019.

Bjarni Frímann Karlsson fór á eftirlaun 1. september 2019.

Jakob Már Ásmundsson lét af störfum við deildina 1. október 2019

Haukur Camillus Benediktsson fór í launalaust leyfi 31. desember 2019.

Ásgeir Brynjar Torfason lét af störfum vorið 2019.

Eypór Ívar lét af störfum vorið 2019.

Ingólfur Guðmundsson var ráðinn aðjúnt I frá 1. september 2019 í eitt ár.

Ellert Rúnarsson var ráðinn aðjúnt í 49% starf í eitt ár frá 1. júlí 2019.

Ásdís Petersen var ráðin sem aðjúnt II í 49% stöðu frá 1. júlí í eitt ár.

Pröstur Olaf Sigurjónsson var ráðinn lektor í Stjórnarháttum frá 1. júlí 2019.

Jón Arnar Baldurs var ráðinn sem aðjúnt í reikningsskilum og endurskoðun frá 1. janúar 2019 til tveggja ára.

Sigurður Guðjónsson var ráðinn lektor í stjórnun frá 1. janúar 2019 til tveggja ára.

Arney Einarsdóttir lét af störfum sem lektor 31. desember 2019.

Engilbert Aron Kristjánsson var ráðinn verkefnastjóri markaðs- og kynningarmála frá 1. janúar 2019.

Doktorsnám

Haldnar voru reglulegar málstofur doktorsnema í tengslum við rannsóknaverkefni þeirra. Við deildina eru 24 doktorsnemar.

Rannsóknir

Kennarar deildarinnar hafa verið afkastamiklir við rannsóknir og ritstörf á árinu. Helstu rannsóknasvið kennara eru: fjármál og fjármálamarkaðir, endurreisn fjármálakerfisins, klasar, leiðtogafræði, mannauðsstjórnun, markaðsfræði og vörumerkjastjórnun, nýsköpun, stefnumótun, orkuiðnaður, staða innflytjenda á vinnumarkaði, stéttarfélag, þjóð- og fyrirtækjamenning og þekkingarstjórnun.



Alþjóðasamskipti

Þátttaka í alþjóðlegum samstarfsverkefnum hefur aukist mikið innan deildarinnar. Margir deildarmeðlimir hafa einnig verið í samstarfi við akademíska starfsmenn erlendis við útgáfu greina sem hafa birst í alþjóðlegum tímaritum og bókarköflum. Einnig hafa Erasmus plús styrkir verið að aukast og voru tveir gestakennarar sem komu í gegnum það ferli 2019.

Þá hefur Viðskiptafræðideild verið í samstarfi á árinu eins og fyrri ár við eftirfarandi erlenda háskóla: Belgíu, Tékklandi, Danmörku, Frakklandi, Finnlandi, Grikklandi, Ítalíu, Póllandi, Litháen, Noregi, Spáni, Þýskalandi, Bretlandi og Svíþjóð.

Ráðstefnur og málstofur

Árið 2019 stóð Viðskiptafræðideild fyrir fjölda funda og viðburða, þ.á.m. fjórum hádegisfyrirlestrum, 10 málstofum doktorsnemenda, sjö opnum fundum auk viðkomu að miðlægum viðburðum Háskóla Íslands.

Húsnæðisbreytingar

Breytingar voru gerðar á húsnæði Viðskiptafræðideildar í Gimli árið 2019. Glæsileg kaffiaðstaða fyrir kennara var útbúin og lesrými doktorsnema var skipt upp. Rýmum fyrir doktorsnema var fjölgað um tvo og aðstaða bætt. Auk þess var útbúin kaffi- og fundaraðstöðu fyrir nemendur í MBA-námi.

Viðskiptafræðistofnun

Inngangur

Viðskiptafræðistofnun (VFS) Háskóla Íslands er fræðslu- og rannsóknastofnun sem er starfrækt í umboði Viðskiptafræðideildar Háskóla Íslands. Þrátt fyrir víðtækt hlutver stofnunarinnar samkvæmt reglum nr. 548/ 2010 hefur rekstur MBA-námsins verið þungamiðja starfseminnar en auk þess hýsir VFS rannsóknarmiðstöðvar sem heyra undir starfsmenn deildarinnar.

Stjórn og starfsfólk

Stjórn VFS skipa; Svala Guðmundsdóttir formaður, Jakob Már Ásmundsson varaformaður, Árelía Guðmundsdóttir, Friðrik Larsen og Lára Jóhannsdóttir. Starfsmenn VFS eru Elín Þ. Þorsteinsdóttir og Sigrún Lóa Svansdóttir.

Kennsla og námsskrá

Til að laga námið enn frekar að breyttum áherslum í hinu ytra umhverfi og búa nemendur betur undir framtíðina, var farið í endurskoðun á námsskrá sem skiluðu nokkrum breytingum. Þær fólu m.a. í sér

að tvö ný námskeið bættust við; Sjálfbærni í rekstri og Persónuleg færni. Þá var ákveðið að bjóða ekki lengur upp á valfög.

Fjöldi nemenda

Eins og kemur í töflunni hér að neðan hefur nemendum fjölgað frá árinu 2018.

Árgangur	Fjöldi
2016-2018	25
2017-2019	24
2018-2020	31
2019-2021	33

Aðstaða MBA nema

Í október var tekin í notkun aðstaða fyrir MBA nema sem fram að þessu hefur ekki verið til. Segja má að þetta skref hafi verið til mikilla bóta, bæði hvað varðar samkeppni og umgjörð námsins og félagsleg samskipti nemenda.

Samstarf

Samstarf við erlenda háskóla hefur verið hluti af MBA námi HÍ. Frá árinu 2015 hafa nemendur á 2. ári farið í námsferð til Georgetown University í Washington D.C. í Bandaríkjunum þar sem kenndur var hluti af námskeiðinu Alþjóðleg stjórnun. Ákveðið var, að undangengnum heimsóknum til fjögurra erlendra háskóla, að hætta samstarfi við Georgetown University og ganga til formlegra samninga við Yale Business School í New Haven í Bandaríkjunum og við IESE í Barcelona á Spáni.

Rannsóknarmiðstöðvar

Innan Viðskiptafræðistofnunar starfa rannsóknarmiðstöðvar sem eru vettvangur rannsókna- og þróunarstarfs þar sem meginmarkmið er að miðla aukinni þekkingu til fræðasamfélagsins sem og til íslensks þjóðlífs. Á árinu störfuðu sex rannsóknarmiðstöðvar innan VFS en gerð er grein fyrir hverri þeirra hér á eftir:

- Rannsóknarmiðstöð um alþjóðaviðskipti. Forstöðumaður: Gunnar Óskarsson - Engin starfsemi
- Rannsóknarmiðstöð um markaðs- og þjónustufræði. Forstöðumaður: Þórhallur Ö. Guðlaugsson. Rannsóknarverkefni um þjónustugæði og þjónustumeningu
- Rannsóknarmiðstöð um skapandi greinar. Forstöðumaður: Margrét Sigrún Sigurðardóttir. Rannsóknarverkefni um næturhagkerfið
-
- Rannsóknarmiðstöð um stefnu og samkeppnishæfni. Forstöðumaður: Runólfur S. Steinþórsson. Erindi, greinar og rannsóknarsamstarf
- Rannsóknarmiðstöð um verkefnastjórnun. Forstöðumaður: Inga Minelgaite. Erindi, rannsóknarsamstarf og gestakennarar
- Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti hefur verið lögð niður.

Félagsvísindastofnun

Almennt yfirlit

Félagsvísindastofnun er rannsókn- og fræðastofnun innan Háskóla Íslands og heyrir undir þrjár af deildum skólans: Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild, Félagsráðgjafardeild og Stjórn málafræðideild. Stofnunin sinnir rannsóknum, ráðgjöf og þjónustuverkefnum sem tengjast viðfangsefnum félagsvísinda. Undir hatti Félagsvísindastofnunar voru á árinu 2019 starfrækt 14 rannsóknasetur og rannsóknastofur á fræðasviðum deildanna þriggja sem að stofnuninni standa.

Auk þess er stofnunin í nánú samstarfi við fræðimenn við deildirnar og aðrar rannsóknastofnanir innan Háskóla Íslands og utan. Stofnunin hefur verið starfrækt frá árinu 1985 og var starfsárið 2019 því 34. starfsár stofnunarinnar.

Stjórn

Stjórn Félagsvísindastofnunar er skipuð til þriggja ára. Í henni sitja deildarforsetar deildanna þriggja sem að stofnuninni standa en þeir skipa jafnframt framkvæmdastjórn. Auk þeirra sitja í stjórninni þrír fulltrúar til viðbótar, kjörnir af deildunum, tveir úr Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild og einn úr Stjórn málafræðideild og einnig áheyrnarfulltrúar námsbrauta og starfsfólks stofnunarinnar. Árið 2019 sátu í framkvæmdastjórn: Stefán Hrafn Jónsson deildarforseti Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideildar, formaður stjórnar, Guðný Björk Eydal deildarforseti Félagsráðgjafardeildar og Maximilian Conrad deildarforseti Stjórn málafræðideildar. Aðrir fulltrúar í stjórn stofnunarinnar voru tilnefndir um mitt ár til þriggja ára. Þeir voru Agnar Freyr Helgason, lektor í stjórn málafræði, Rannveig Traustadóttir, prófessor og Geir Gunnlaugsson, prófessor, fulltrúar Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideildar og Ágústa Pálsdóttir prófessor, sem áheyrnarfulltrúi námsbrautar í upplýsingafræði og Guðlaug Júlía Sturludóttir sem áheyrnarfulltrúi starfsfólks stofnunarinnar.

Starfsfólk og starfsumhverfi

Starfslið Félagsvísindastofnunar í reglubundnu starfi, að hluta eða allt árið 2019, var sem hér segir: Árni Bragi Hjaltason, Ásdís A. Arnalds, Eik Haraldsdóttir, dr. Guðbjörg Andrea Jónsdóttir (forstöðumaður), dr. Guðbjört Guðjónsdóttir, Guðlaug Júlía Sturludóttir, Guðný Bergþóra Tryggvadóttir, dr. Guðný Gústafsdóttir, Hafsteinn Birgir Einarsson, Helgi Guðmundsson, Hrafnhildur Snæfríðar Gunnarsdóttir, Inga Rún Sæmundsdóttir, Margrét Valdimarsdóttir, Natan Freyr Guðmundsson, Sindri Baldur Sævarsson, Stefán Þór Gunnarsson, Ævar Þórólfsson og dr. Örnólfur Thorlacius. Þessir 18 starfsmenn skiluðu 13,6 ársverkum. Að auki komu að starfi stofnunarinnar á annað hundrað aðrir einstaklingar sem spyrjar í rannsóknaverkefnum eða í öðrum störfum fyrir stofnunina.

Félagsvísindastofnun er alfarið fjármögnuð af sjálfsaflafé, rannsókn- og tölfræðiráðgjöf, gagnaöflun og úrvinnslu fyrir kennara háskólans, hagnýtum þjónusturannsóknum fyrir aðila innan og utan háskólans, styrkjum sem hún aflar, fundum, námskeiðum og útgáfu. Skv. 10. gr. e-lið reglna um stofnunina segir að hún fái framlög frá deildunum sem standa að henni ef „þörf krefur“. Árið 2019 var velta Félagsvísindastofnunar og rannsóknastofa sem starfa undir henni tæpar 440 milljónir kr.

Rannsóknir og verkefni

Félagsvísindastofnun kom að um það bil 130 ólíkum verkefnum á árinu 2019.

Dæmi um verkefni innan HÍ:

- Viðhorf fyrrverandi og núverandi nemenda HÍ til gæða náms við skólann 2018-2019. Verkefnið er liður í gæðastarfi Háskóla Íslands og hefur verið unnið árlega fyrir skrifstofu rektors frá árinu 2011.
- Ráðgjöf og greining á launum karla og kvenna vegna innleiðingar jafnlaunastaðals við Háskóla Íslands og Raunvísindastofnun.
- Hefur lögmæti áhrif? Rannsókn Gunnars Helga Kristinssonar og félaga sem styrkt var af Rannsóknasjóði RANNÍS.
- Starfsumhverfi Háskóla Íslands: Könnun meðal starfsfólks árið 2018 .
- Rannsókn á eðli og umfangi kynferðislegrar og kynbundinnar áreitni, erfiðra samskipta og eineltis innan Háskóla Íslands. Rannsóknin var unnin fyrir innri endurskoðanda HÍ.
- Þjóðarspegill 2019. Árleg ráðstefna Félagsvísindasviðs.
- Ráðgjöf og aðstoð vegna styrkumsókna. Aðstoð við umsóknir og rekstur rannsóknaverkefna á Félagsvísindasviði.
- Kennsla og tölfræðiráðgjöf í ýmsum námskeiðum og verkefnum tengdum aðferðafræði á Félagsvísindasviði, Heilbrigðisvísindasviði og Verkfræði- og náttúruvísindasviði, m.a. spurningalistakannanir, kannanir, viðtöl og vettvangsathuganir, kennsla á SPSS og önnur stundakennsla.

Undanfarin ár hefur áhersla verið á uppbyggingu rannsóknarinnviða og þátttöku í alþjóðlegum könnunum. Á árinu 2019 var unnið að öllum þeim þremur alþjóðlegu könnunum sem Félagsvísindastofnun hefur tekið reglulega þátt í:

- EVS – European Values Study 2017 sem er 5. lota rannsóknarinnar. Gagnaöflun lauk árið 2018 en á árinu 2019 var unnið að greinaskrifum um lotu 5. Ísland hefur tekið þátt í öllum lotunum og var rannsóknin styrkt af Rannsóknasjóði RANNÍS. Verkefnisstjórar voru Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, forstöðumaður og Sigrún Ólafsdóttir, prófessor í félagsfræði.
- ISSP – International Social Survey Programme . Á árinu 2019 var lokið gagnaöflun í ISSP 2018 um trúmál. Rannsóknin var styrkt af Rannsóknasjóði RANNÍS. Verkefnisstjóri var Sigrún Ólafsdóttir, prófessor í félagsfræði. Ísland hefur tekið þátt í ISSP frá árinu 2009.
- ESS ERIC – European Social Survey 2018, lota 9 um tímasetningu lífsviðburða (Timing of Life) og viðhorf til réttlætis og sanngirni (Justice and Fairness). Gagnaöflun fór fram í lok árs 2019 með stuðningi frá Háskóla Íslands. Verkefnisstjórar voru Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, forstöðumaður og Sigrún Ólafsdóttir, prófessor í félagsfræði.

Áfram var unnið að uppbyggingu rannsóknarinnviðanna GAGNÍS, gagnaþjónustu félagsvísinda á Íslandi og var ráðinn verkefnisstjóri að GAGNÍS á árinu. Þjónustan er staðsett á Félagsvísindastofnun og hefur það að meginmarkmiði að undirbúa rannsóknagögn fyrir opinn aðgang og veita ráðgjöf um notkun þeirra gagna sem verða birt. Gagnaþjónustan mun sækja um aðild að og starfa samkvæmt verklagsreglum CESSDA ERIC – Consortium of European Social Science Data Archives. Til að byrja með er GAGNÍS styrkt með árlegum framlögum úr Aldarafmælisjóði Háskóla Íslands.

Í samstarfi við Siðfræðistofnun og háskólana í Oxford, Osló og Uppsala vann Félagsvísindastofnun áfram að verkefninu „Governance of Health Data in Cyberspace“ sem mun standa til ársins 2021 og er styrkt af Nordforsk. Á árinu 2019 var Eik Haraldsdóttir ráðin sem doktorsnemi í verkefninu.

Í verkefninu „The challenge from terrorism in the Nordic countries: An analysis of citizens' reactions, policy responses and legitimacy“ sem Félagsvísindastofnun vinnur að í samstarfi við Háskólann í Bergen, UNI Research í Bergen og Gautaborgarháskóla og var styrkt af Nordforsk var gerð könnun á skilgreiningu íbúa Íslands, Noregs og Svíþjóðar á hugtakinu hryðjuverk. Könnunin var lögð fyrir netpanel Félagsvísindastofnunar, Norwegian Citizen Panel hjá Háskólanum í Bergen og Citizen Panel hjá Háskólanum í Gautaborg. Verkefnið mun standa til ársins 2021.

Alþjóðasamskipti

Stofnunin er virkur þátttakandi í starfi alþjóðlegu samstarfshópanna sem standa að rannsóknunum European Values Study (<http://www.europeanvaluesstudy.eu/>), European Social Survey - ERIC (www.europeansocialsurvey.org) og International Social Survey Programme (<http://www.issp.org/>) en Ísland (Guðbjörg Andrea Jónsdóttir og Sigrún Ólafsdóttir) á sæti í aðferðafræðinefnd (Methodology Committee) ISSP til ársins 2020.

Á árinu var haldið áfram samstarfi Félagsvísindastofnunar við CESSDA, samtök evrópskra gagnavarðveislusafna í félagsvísindum (www.cessda.eu). Meginmarkmiðið með því samstarfi hefur verið að fræðast um og fá ráðgjöf samtakanna um uppbyggingu gagnavarðveislusafna og verklag í kringum rannsóknagögn í opnum aðgangi. Þá var undirbúningur að aðildarumsókn hafinn.

Guðbjörg Andrea Jónsdóttir og Ásdís A. Arnalds eru þátttakendur í COST verkefninu ETHMIGSURVEYDATA – The International Ethnic and Immigrant Minorities' Survey Data Network. Í því verkefni er megináhersla lögð á að safna saman upplýsingum um kannanir sem gerðar hafa verið meðal innflytjenda og minnihlutahópa í Evrópu frá árinu 2000. Sett hefur verið upp gagnagátt þar sem hægt er að nálgast lýsigögn um þessar kannanir auk þess sem útbúinn verður spurningabanki.

Félagsvísindastofnun er meðlimur í samtökunum ENSR (European Network for Social and Economic Research) og hefur tekið þátt í ýmsum verkefnum tengdum evrópskum vinnumarkaði. Forstöðumaður stofnunarinnar er einnig félagi í ESOMAR, alþjóðasamtökum markaðs- og viðhorfsrannsakenda og ESRA (European Survey Research Association).

Ráðstefnur og útgáfa

Eins og fyrri ár hélt Félagsvísindastofnun utan um framkvæmd og útgáfu í tengslum við einn stærsta viðburð félagsvísindanna á Íslandi, Þjóðarspegilinn. Þjóðarspejill 2019 – Rannsóknir í félagsvísindum XX var haldinn föstudaginn 1. nóvember. Alls voru 204 erindi flutt á ráðstefnudaginn í 52 málstofum. Í tengslum við ráðstefnuna voru til sýnis veggspjöld á Háskólatorgi ráðstefnuvikuna. Í aðdraganda ráðstefnunnar fór í loftið ný heimasíða Þjóðarspejilsins á léninu thjodarspejillinn.hi.is með ítarlegum upplýsingum um dagskrá ráðstefnunnar, ágripum og upplýsingum um þátttakendur. Til stendur að halda áfram að þróa heimasíðuna og gera þannig upplýsingar um ráðstefnuna aðgengilegri. Ráðstefnan var vel sótt og gekk vel. Aðalviðburðirnir, erindi dr. Hein de Haas og pallborðsumræður í kjölfar erindisins, voru skipulagðir í samstarfi við aðstandendur öndvegisverkefnisins „Hreyfanleiki og þverþjóðleiki á Íslandi“ (mobileiceland.hi.is).

Unnið var að gerð þróunaráætlunar fyrir gagnabjónustuna GAGNÍS og heldur hún áfram vinnu við að auka aðgengi nemenda, fræðimanna og almennings að upplýsingum úr könnunum um íslenskt samfélag, viðhorf og lífsgildi Íslendinga. Nýtt gagnasafn Íslensku kosningarannsóknarinnar 2017 var

sett í opinn aðgang og gert aðgengilegt í NESSTAR-forritinu, sem gefur áhugasömum kost á að skoða niðurstöður einstakra spurninga á netinu án þess að nýta til þess sérstök tölfraeðiforrit.

Vefur stofnunarinnar

Á vef stofnunarinnar má finna allar helstu upplýsingar um starfsemina, rannsóknastofur og upplýsingar um aðgengi að opnum gagnasöfnum um íslenskt samfélag sem stofnunin og aðrir hafa átt þátt í að afla. Veffang Félagsvísindastofnunar er: www.felagsvisindastofnun.is.

Fræðasetur þriðja geirans

Almennt yfirlit

Fræðasetur þriðja geirans var stofnað í nóvember 2010 og er það rekið af Félagsráðgjafardeild og Stjórn málafræðideild. Meginhlutverk fræðasetursins er að efla rannsóknir, þróunarverkefni og fræðslu á sviði þriðja geirans og almennra félaga sem starfa án hagnaðarvonar. Sá rekstur sem hvorki fellur undir opinberan rekstur eða einkarekstur hefur verið nefndur þriðji geirinn, þ.e. rekstur t.d. félagasamtaka og sjálfseignarstofnana sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni.

Markmið fræðasetursins eru:

- að bæta grunn- og þjónusturannsóknir á sviði þriðja geirans á Íslandi í samstarfi við erlenda háskóla,
- að vinna að þróunarverkefnum sem miða að því að auka nýsköpun og framþróun í þriðja geiranum í samvinnu við félagasamtök og hið opinbera,
- að miðla vísindalegri og hagnýtri þekkingu um þriðja geirann,
- að taka þátt í opinberri stefnumörkun um málefni þriðja geirans í samvinnu við opinbera aðila og félagasamtök,
- að veita nemendum í rannsóknatengdu framhaldsnámi tækifæri og aðstoð við rannsóknir á sviði þriðja geirans.

Þann 21. nóvember 2019 var undirrituð sameiginleg viljayfirlýsing nýsköpunarráðherra, Háskóla Íslands og Almannaheilla um samstarf háskólans, stjórnvalda og þriðja geirans. Á grunni viljayfirlýsingarinnar verður unnið að því að skapa þriðja geiranum aukna möguleika á að starfa að samfélagslegum umbótum. Áhersla verður lögð á samfélagslega nýsköpun í tengslum við þriðja geirann eða félagshagkerfið og mun Fræðasetur þriðja geirans sem fær nýtt heiti: Vaxandi – Miðstöð um samfélagslega nýsköpun vinna að þessum verkefnum í samvinnu við Almannaheill og stjórnvöld.

Stjórn

Stjórn setursins skipa Ómar Kristmundsson og Steinunn Hrafnadóttir.

Starfsemi

Hákon Gunnarsson vann fyrir setrið hluta ársins að undirbúningi Vaxandi – Miðstöðvar um samfélagslega nýsköpun.

Mannfræðistofnun

Almennt yfirlit

Mannfræðistofnun var stofnuð 1974. Skv. reglum stofnunarinnar frá 1997 er hlutverk stofnunarinnar að efla rannsóknir á sviði mannfræði, bæði félagslegrar og líffræðilegar, m.a. með því að:

- gangast fyrir rannsóknum á þessu sviði hérlendis og erlendis,

- stuðla að samstarfi aðila á þessu sviði,
- gefa út og kynna niðurstöður mannfræðirannsókna,
- halda ráðstefnur, námskeið og fyrirlestra á þessu sviði,
- veita framhaldsnemum í mannfræði rannsóknnaðstöðu,
- annast varðveislu rannsóknagagna.

Stjórn

Ekki hafa verið kjörnir fulltrúar í stjórn stofnunarinnar um nokkurra ára skeið.

Starfsemi

Enginn fastur starfsmaður vann við stofnunina á árinu og lá öll starfsemi niðri.

Miðstöð margbreytileika- og kynjarannsókna – MARK

Almennt yfirlit

Miðstöð margbreytileika- og kynjarannsókna (MARK) var stofnuð í janúar 2011 og heyrir undir Félagsvísindastofnun. Miðstöð margbreytileika- og kynjarannsókna er vettvangur rannsókna og fræðslu á sviði mannréttinda og mismununar og jafnréttis-, kynja- og margbreytileikafræða í víðum skilningi. Að miðstöðinni standa kennarar og fræðafólk á Félagsvísindasviði sem stunda rannsóknir á ofangreindum rannsóknasviðum. Hlutverk og markmið miðstöðvarinnar er að stuðla að rannsóknum á fræðasviðinu með því að efna til samstarfs við innlent og erlent fræðafólk og rannsóknastofnanir, veita nemum aðstöðu og þjálfun til rannsóknastarfa, efla tengsl rannsókna og kennslu, sinna ráðgjöf og rannsóknatengdum þjónustuverkefnum og efla yfirsýn yfir fræðasviðið. Enn fremur hefur miðstöðin það hlutverk að miðla þekkingu og kynna niðurstöður rannsókna með útgáfu, fyrirlestrum, fræðslufundum, málþingum og ráðstefnum. Þá hefur miðstöðin að markmiði að stuðla að marktækri og markvissri stefnumótun, umræðu og framþróun á sviðinu í samstarfi við opinbera aðila, atvinnulíf og þjóðlíf.

Stjórn

Í stjórn miðstöðvarinnar eru: Ingólfur V. Gíslason, formaður, Finnborg Salome Steinþórsdóttir, Ásta Snorradóttir, Erla Sólveig Kristjánsdóttir og Stefan Celine Hardon.

Starfsemi

Enginn fastur starfsmaður vann við miðstöðina á árinu en MARK stóð fyrir málþingi þann 21. febrúar 2019 þar sem fræðafólk kynnti rannsóknir sína á sviði mannréttinda og mismununar, jafnréttis-, kynja- og margbreytileikafræða.

Miðstöð rannsóknablaðamennsku á Íslandi

Almennt yfirlit

Miðstöð rannsóknablaðamennsku á Íslandi var stofnuð árið 2011. Miðstöðin hefur tvíþætt meginmarkmið, annars vegar að fræða með fyrirlestrum, námskeiðahaldi, útgáfu, nemendasamstarfi og upplýsingamiðlun á netinu og hins vegar að vinna að einstökum brýnum rannsóknaverkefnum þar sem stefnt er að því að birta rannsóknaniðurstöður í hefðbundnum miðlum á Íslandi sem og erlendis og á vefsvæði samtakanna.

Stjórn

Valgerður Anna Jóhannsdóttir stýrir miðstöðinni. Stjórn skal skipuð til árs í senn en ný stjórn hefur ekki verið skipuð.

Starfsemi

Enginn fastur starfsmaður vann við miðstöðina á árinu og lá öll starfsemi niðri.

Rannsóknamiðstöð í þjóðfræði

Almennt yfirlit

Markmið Rannsóknamiðstöðvar í þjóðfræði, sem stofnuð var árið 2008, er að stunda sjálfstæðar rannsóknir á hversdagsmenningu, lífsháttum og lífssýn á okkar dögum og áður fyrr. Meginstoðir starfseminnar eru verkefni á fjórum sviðum: munnmælum, efnismenningu, trúarlífi og menningararfi.

Hlutverk Rannsóknamiðstöðvar í þjóðfræði er að auka og efla rannsóknir á ofangreindu sviði, m.a. með því að:

- eiga frumkvæði að og sinna rannsóknum á tilgreindu sviði,
- taka að sér verkefni fyrir aðila utan sem innan Háskóla Íslands, hafa samstarf við innlendar stofnanir, fyrirtæki og samtök og leita eftir samstarfi við erlenda fræðimenn og stofnanir á skyldu sviði,
- efla tengsl rannsókna og kennslu á starfssviði sínu,
- veita nemum í rannsóknámi aðstöðu og búnað til rannsóknastarfa og þjálfun og reynslu í vísindalegum vinnubrögðum með því að gefa þeim kost á að vinna rannsóknastörf á vegum rannsóknamiðstöðvarinnar eftir því sem unnt er,
- kynna niðurstöður rannsókna, m.a. með útgáfu fræðiritra, fræðilegum námskeiðum, fyrirlesturum og ráðstefnum á starfssviðinu.

Stjórn

Rannsóknamiðstöðinni er ekki formlega skipuð stjórn en kennarar í þjóðfræði stýra starfi hennar.

Starfsemi

Enginn fastur starfsmaður hefur verið við rannsóknamiðstöðina og hefur virkni verið lítil undanfarin misseri.

Rannsóknasetur í fötlunarfræðum

Almennt yfirlit

Rannsóknasetur í fötlunarfræðum var formlega stofnað þann 3. mars 2006. Með Rannsóknasetri í fötlunarfræðum varð til þverfaglegur vettvangur rannsókna á sviði fötlunarfræða en setrið var fyrsta stofnunin á þessu fræðasviði hér á landi. Þar starfa fastir kennarar í fötlunarfræðum, verkefnisstjórar, nýdóttorar og nemendur í MA- og doktorsnámi en þeim síðarnefndu gefst þar tækifæri til að öðlast reynslu og þjálfun í vísindalegum vinnubrögðum. Erlendir nýdóttorar og doktorsnemar hafa sóst eftir og fengið rannsóknáðstöðu hjá setrinu með erlendum styrkjum en starfsemi setursins er vel þekkt utan landsteinanna.

Stjórn

Forstöðumaður rannsóknasetursins er Rannveig Traustadóttir prófessor og aðstoðarforstöðumaður er Hanna Björg Sigurjónsdóttir, dósent í fötlunarfræðum. Stjórn setursins er þriggja manna, tveir eru kennarar og fræðimenn í fötlunarfræðum, forstöðumaður og aðstoðarforstöðumaður sem nefndir eru hér að framan, en forstöðumaður Félagsvísindastofnunar, sem nú er Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, er þriðji stjórnarmaðurinn.

Starfsemi

Enginn fastur starfsmaður var við rannsóknasetrið á árinu.

Rannsóknir

Rannsóknasetur í fötlunarfræðum hefur unnið fjölda rannsókna á málefnum og stöðu fatlaðs fólks á Íslandi en lítil sem engin starfsemi var á vegum setursins árið 2019.



Rannsóknasetur í safnafræðum

Almennt yfirlit

Rannsóknasetur í safnafræðum var stofnað árið 2010. Hlutverk Rannsóknaseturs í safnafræðum er að auka og efla rannsóknir í safnafræðum með því að:

- eiga frumkvæði að og sinna rannsóknum á sviði safnafræða,
- sinna rannsóknatengdum þjónustuverkefnum á sviði safnafræða,
- efla tengsl rannsókna og kennslu á sviði safnafræða,
- hafa samstarf við innlendar og erlendar rannsóknastofnanir og fræðimenn í safnafræðum og efla tengsl við atvinnu- og þjóðlíf,
- veita nemum í rannsóknanámi aðstöðu og búnað til rannsóknastarfa og veita nemum þjálfun og reynslu í vísindalegum vinnubrögðum með því að gefa þeim kost á að vinna rannsóknastörf á vegum setursins eftir því sem unnt er,
- kynna niðurstöður rannsókna, m.a. með útgáfu fræðigreina, gangast fyrir faglegum námskeiðum, fyrirlestrum og ráðstefnum á sviði safnafræða,
- vera ráðgefandi á sviði safnafræða, hvort sem það er til hagsmunaaðila, stofnana, fyrirtækja eða annarra,
- stuðla að útgáfu fræðilegra verka á sviði safnafræða.

Stjórn

Í stjórn Rannsóknaseturs í safnafræðum sitja Ingibjörg Áskelsdóttir, Borgarsögusafni, fulltrúi Félags íslenskra safna og safnmanna, Guðbrandur Benediktsson, Borgarsögusafni, fulltrúi Safnaráðs, Raket Pétursdóttir, deildarstjóri Listasafns Íslands, fulltrúi Félags íslenskra safnafræðinga, Þóroddur Bjarnason, prófessor, fulltrúi University College London, Guðrún Dröfn Whitehead, lektor, fulltrúi námsbrautar í safnafræði við Háskóla Íslands, Sigurjón Baldur Hafsteinsson, prófessor, fulltrúi námsbrautar í safnafræði og formaður stjórnar RSS og Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, forstöðumaður Félagsvísindastofnunar

Starfsemi

Framkvæmdastjóri setursins er Sigurjón Baldur Hafsteinsson.

Ráðstefnur og málþing

Vorið 2019 stóð setrið í samstarfi við Félag íslenskra safna og safnmanna fyrir vinnustofu um hagnýtar leiðir fyrir stjórnendur og starfsmenn safna í að vekja máls á hlutverkum og starfsemi safna. Ember Farber, frá bandarísku safnasamtökunum (AAM) leiddi vinnustofuna. Setrið stóð einnig að baki nokkrum styrkumsóknum í innlenda og erlenda sjóði. Sumarið 2019 kom út bókin Saga listasafna á Íslandi í ritstjórn Sigurjóns Baldurs Hafsteinsonar á vegum setursins. Bókin hefur að geyma umfjallanir um sögu 25 listasafna eftir 26 höfunda og er hún aðgengileg í heild sinni á Opin vísindi..

Rannsóknasetur í stjórnámálum og efnahagsmálum

Almennt yfirlit

Rannsóknasetur í stjórnámálum og efnahagsmálum hét áður Rannsóknasetur í skatta- og velferðarmálum og var stofnað árið 2007. Tilgangur þess er að stunda rannsóknir á sviði stjórnmála og efnahagsmála og miðla upplýsingum um þær.

Stjórn

Rannsóknasetrinu er ekki formlega skipuð stjórn en Hannes Hólmsteinn Gissurarson er forstöðumaður þess.

Rannsóknir

Engin starfsemi var á vegum setursins á árinu 2019.

Rannsóknasetur um fólksflutninga og fjölmenningu

Almennt yfirlit

Markmið Rannsóknaseturs um fólksflutninga og fjölmenningu, sem stofnað var árið 2010, er að stuðla að og kynna rannsóknir á málefnum tengdum fjölmenningu, innflytjendum og farandverkafólki. Einnig beinir það sjónum sínum að þjóðerni, kynþáttahyggju, samlögun og samþættingu, í alþjóðlegu og staðbundnu samhengi.

Stjórn

Rannsóknasetrinu er ekki formlega skipuð stjórn en kennarar í mannfræði stýra starfi þess.

Starfsemi

Enginn fastur starfsmaður hefur verið við rannsóknasetrið og hefur virkni þess verið lítil undanfarin misseri.

Rannsóknastofa í afbrotufræði

Almennt yfirlit

Rannsóknastofa í afbrotufræði er samstarfsvettvangur Háskóla Íslands og lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Stofan annast fyrst og fremst margvíslegar rannsóknir er lúta að afbrotum. Í þeim málaflokki eru m.a. tíðni og félagslegt mynstur brota, viðhorf og reynsla af afbrotum, ótti við afbrot og öryggi borgaranna, auk alþjóðlegs samanburðar og fjölþjóðlegrar samvinnu.

Stjórn og starfsfólk

Helgi Gunnlaugsson, prófessor í félagsfræði, og Rannveig Þórisdóttir, aðjunkt í félagsfræði og sérfræðingur hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, hafa stýrt stofunni frá upphafi.

Starfsemi

Á árinu var rannsóknastofan í samstarfi við Ríkislögreglustjóra og Lögregluna á höfuðborgarsvæðinu um rannsóknir á reynslu almennings af afbrotum, viðhorfi og trausti til lögreglu.

Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd (RBF)

Almennt yfirlit

Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd er rannsókn- og fræðslustofnun. Stofnuninni er ætlað að vera víðtækur vettvangur rannsókna á sviði félagsráðgjafar, einkum öllu því er lýtur að stefnu-mörkun, þróun og þjónustu í barna- og fjölskylduvernd sem spannar allt lífskeiðið frá æsku til efri ára. Markmið Rannsóknastofnunar í barna- og fjölskylduvernd er jafnframt að miðla vísindalegri þekkingu um félagsráðgjöf og laða fræðimenn til starfa á þessu sviði. Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd var formlega stofnuð þann 12. maí 2006. Samstarfsaðilar stofnunarinnar eru Barnaverndarstofa, Hafnarfjarðarbær, Reykjanesbær, félagsmálaráðuneytið og velferðarsvið Reykjavíkurborgar.

Starfslið

Enginn starfsmaður var í starfi hjá RBF á árinu. Kennarar í Félagsráðgjafardeild komu að starfseminni í styttri eða lengri tíma í mismunandi verkefnum. Þá starfar Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd í nánu samstarfi við sérfræðinga Félagsráðgjafardeildar og Félagsvísindastofnunar.

Stjórn

Stjórn Rannsóknastofnunar í barna- og fjölskylduvernd skipuðu á árinu:

- Freydís Jóna Freysteinsdóttir, formaður stjórnar,
- Sigurveig H. Sigurðardóttir, deildarforseti og dósent, fulltrúi Félagsráðgjafardeildar,
- Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, forstöðumaður Félagsvísindastofnunar,
- Erla Björg Sigurðardóttir, fyrir velferðarsvið Reykjavíkurborgar,
- Þór G. Þórarinsson, fyrir félagsmálaráðuneyti,
- Anna Guðrún Halldórsdóttir, Félagsráðgjafafélagi Íslands.

Rannsóknir og þjónustuverkefni

- Sigrún Júlíusdóttir hefur unnið að verkefninu Staða barns við andlát foreldris.

Málstofur, ráðstefnur og námskeið

Vormisseri 2019.

Föstudaginn, 15. febrúar – Félagsráðgjafabíngið 2019: Börnin geta ekki beðið. FRG, RBF og FÍ.

Málstofur Félagsráðgjafardeildar og RBF vor 2019

Föstudaginn, 11. mars – Dr. Ralf Och: Þýskar almannatryggingar, uppruni, þróun og áskoranir.

Föstudaginn, 29. mars – Sigríður Þorsteinsdóttir, sálfræðingur og Gunnar Þór Gunnarson, félagsráðgjafi: ART sem forvörn

Föstudaginn, 5. apríl – Elísabet Sigfúsdóttir, félagsráðgjafi: Lengi býr að fyrstu gerð.

Þriðjudaginn, 16. apríl – Mariel Van Pelt, lektor í félagsráðgjöf: Kynning á starfsendarannsóknnum í Hollandi út frá sjónarhorni félagsráðgjafar..

Þriðjudaginn, 23. apríl – Salvör Sæmundsdóttir: Kynfræðsla í grunnskólum.

Málstofur Félagsráðgjafardeildar og RBF haust 2019

Föstudaginn, 4. október – Ásmundur Einar Daðason, félagsmálaráðherra: Ný hugsun í þjónustu við börn og fjölskyldur

Föstudaginn, 11. október – Gyða Sigurlaug Haraldsdóttir, forstöðumaður Þroska og hegðunarstöðvar: Samfelld heilbrigðisþjónusta, almenn og sérhæfð, við börn frá upphafi.

Föstudaginn, 25. október – Sigrún Daníelsdóttir, verkefnastjóri hjá Embætti Landlæknis: Geðrækt og forvarnir í skólastarfi á Íslandi.

Föstudaginn, 8. nóvember – Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldusviðs Hafnarfjarðar: Brúin, nýjar áherslur í Hafnarfirði. Júlía Sæmundsdóttir, félagsmálastjóri Fljótsdalshéraðs: Austurlandslíkanið.

Föstudaginn, 22. nóvember – Anna Elísabet Ólafsdóttir, sérfræðingur lýðheilsamála í Kópavogi: Lífsgæði barna í hátekjulandi, þróun mælaborðs í Kópavogi.

Sérfræðisetur í ævilangri náms- og starfsráðgjöf

Almennt yfirlit

Sérfræðisetur í ævilangri náms- og starfsráðgjöf, sem er rannsókn- og þróunarsetur við Háskóla Íslands, var stofnað árið 2009. Helsta hlutverk setursins er að auka og efla rannsóknir á sviði náms- og starfsráðgjafar á Íslandi með því að:

- eiga frumkvæði að og sinna rannsóknum á sviði náms- og starfsráðgjafar,
- sinna rannsóknatengdum þjónustuverkefnum,
- efla tengsl rannsókna og kennslu,
- eiga samstarf við hagsmunaaðila, stofnanir, samtök, fyrirtæki, stéttarfélög og fleiri,
- kynna samstarfsverkefni og niðurstöður rannsókna,
- vera ráðgefandi um náms- og starfsráðgjöf í samfélaginu, taka þátt í umræðu um náms- og starfsráðgjöf og hvetja til umræðu um hana.

Stjórn

Stjórn Sérfræðiseturs í ævilangri náms- og starfsráðgjöf er skipuð fjórum mönnum skv. 4. gr. reglna um setrið. Síðasta stjórn hefur ekki komið saman undanfarin ár en í henni voru:

- Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, prófessor í náms- og starfsráðgjöf, formaður,
- Helga Helgadóttir, formaður Félags náms- og starfsráðgjafa,
- María Dóra Björnsdóttir, forstöðumaður Náms- og starfsráðgjafar Háskóla Íslands,
- Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, forstöðumaður Félagsvísindastofnunar.

Starfsemi

Enginn fastur starfsmaður var við sérfræðisetrið á árinu lá starfsemi þess niðri.

Sundstofa – Rannsóknamiðstöð um sundlaugar og samfélag

Almennt yfirlit

Sundstofa – Rannsóknamiðstöð um sundlaugar og samfélag var stofnuð árið 2013. Að Sundstofu standa námsbraut í þjóðfræði og safnafræði við Félags- og mannvísindadeild og Viðskiptafræðideild. Sundstofu er ætlað að vera víðtækur vettvangur þverfaglegra rannsókna á sundmenningu og samfélagi þeirra sem nýta jarðvarma. Stofan leggur áherslu á fræðilegt sjálfstæði í þeim verkefnum sem hún tekur sér fyrir hendur. Hlutverk Sundstofu er að auka og efla rannsóknir á sundlaugum og samfélagi með því að:

- eiga frumkvæði að og sinna rannsóknum um gildi heits vatns fyrir daglegt líf með sérstakri áherslu á sundmenningu,
- sinna þverfaglegum rannsóknum um sundmenningu og samfélagslegt gildi jarðvarma,
- hafa samstarf við innlendar og erlendar rannsóknastofnanir og fræðimenn,
- veita nemum í rannsóknanámi aðstöðu og búnað til rannsóknastarfa, sem og þjálfun og reynslu í vísindalegum vinnubrögðum með því að gefa þeim kost á að vinna rannsóknastörf á vegum rannsóknamiðstöðvarinnar eftir því sem unnt er,
- kynna niðurstöður rannsókna, m.a. með útgáfu fræðigreina, gangast fyrir faglegum námskeiðum, fyrirlesturum og ráðstefnum á sviði safnafræða,
- stuðla að útgáfu fræðilegra verka um sundmenningu og félagslega þýðingu jarðvarma.

Stjórn

Stjórn Sundstofu er skipuð þremur mönnum til þriggja ára í senn. Viðskiptafræðideild og námsbraut í þjóðfræði og safnafræði við Félags- og mannvísindadeild tilnefna hvor sinn fulltrúa í stjórn og skal

annar þeirra vera formaður. Valdimar Tr. Hafstein, prófessor í þjóðfræði, er í forsvari fyrir stofuna. Aðrir í stjórn eru Ólafur Rastrick, lektor í þjóðfræði, og Örn D. Jónsson, prófessor í viðskiptafræði.

Rannsóknir

Í samstarfi við Þjóðminjasafn Íslands hefur Sundstofa stundað rannsóknir á reynslu Íslendinga og viðhorfum til sundlauga.

Þjóðmálastofnun

Almennt yfirlit

Þjóðmálastofnun var stofnuð árið 2005. Markmið stofnunarinnar er að efla rannsóknir og upplýsingamiðlun á sviði vinnu, velferðar og þjóðfélags. Stofnunin hefur verið virkur þátttakandi í alþjóðlegu rannsóknasamstarfi og hluti af norrænu öndvegissetri í velferðarrannsóknum (NCoE - Nordic Center of Excellence in Welfare Research).

Stjórn

Þjóðmálastofnun hefur ekki formlega skipaða stjórn en Stefán Ólafsson, prófessor í félagsfræði, er forstöðumaður hennar.

Starfsemi

Enginn fastur starfsmaður vann við stofnunina á árinu og lá öll st



[Efni fyrir sviðið er í vinnslu]

Heilbrigðisvísindasvið

Almennt yfirlit, stjórn og stefna

Á Heilbrigðisvísindasviði eru sex deildir: Hjúkrunarfræðideild, Lyfjafræðideild, Læknadeild, Matvæla- og næringarfræðideild, Sálfræðideild og Tannlæknadeild. Forseti Heilbrigðisvísindasviðs er Inga Þórsdóttir, prófessor í næringarfræði, úr Matvæla- og næringarfræðideild. Auk forseta sviðsins sitja deildarforsetar í stjórn þess og einn fulltrúi nemenda. Rekstrarstjóri situr stjórnarfundum. Rekstrarstjóri er Vilborg Loftsborg.

Viðfangsefni stjórnar sviðsins voru m.a. ráðningarbeiðnir, fjármál, húsnæðismál, styrkjamál, bókasafnmál, rannsóknamiðstöð, starfsnefndir, erindisbréf nefnda, stefnumótun Háskóla Íslands og Heilbrigðisvísindasviðs, klínískt rannsóknasetur, klínískt færnissetur, klínískar nafnbætur, framtíðarskipulag sviðsskrifstofu, breytingar á reglum deilda og sviðs, stjórnunartímar, viðhorfskannanir starfsmanna og nema, fjöldatakmörkanir, skjalamál, alþjóðamál Heilbrigðisvísindasviðs, skipulag og starfsemi rannsóknastofnana, sjálfsmatsskýrslur deilda, málefni stundakennara, þing Heilbrigðisvísindasviðs o.fl. Fjöldmargir gestir komu inn á fundum stjórnar, s.s. margir fulltrúar frá miðlægrei stjórnsýslu Háskóla Íslands, sviðsráð nemenda og fulltrúar frá Landsbókasafni og Landspítala.

Þing Heilbrigðisvísindasviðs

Árlegt þing Heilbrigðisvísindasviðs fór fram í Hátíðasal Háskóla Íslands þriðjudaginn 19. apríl sl. Þingið var vel heppnað og þátttaka var góð. Þingið var að mestu tileinkað vinnu í nýrri stefnu Heilbrigðisvísindasviðs.

Svanhvít Jakobsdóttir, forstjóri Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, opnaði þingið með erindi sem bar heitið „Breyttir tímar í heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu“. Svanhvít fór yfir helstu áskoranir í starfsemi heilsugæslunnar um þessar mundir og hvernig rekstur stofnunarinnar mun taka breytingum m.a. með auknu sjálfstæði heilsugæslustöðvanna. Hún greindi jafnframt frá sóknarfærum í kjölfar breytinganna. Svanhvít tók við fjölmörgum spurningum úr sal.

Inga Þórsdóttir, prófessor og forseti Heilbrigðisvísindasviðs, flutti skýrslu um starfsemi sviðsins á síðastliðnu ári. Í skýrslu sinni greindi Inga einnig frá helstu áherslum á árinu 2016 og má þar nefna nýja kennsluhætti, stefnu í alþjóðamálum, aukna rannsóknþjónustu, tölfræðiráðgjöf HVS, samskiptaverkefni starfsmanna og endurskoðun deililíkans. Inga sagði frá því að stutt sviðsþing yrði haldið í haust til þess að vinna í nýrri stefnu Heilbrigðisvísindasviðs.

Fráfarandi formaður sviðsráðs Heilbrigðisvísindasviðs, sem er hluti Stúdentaráðs, Páll Óli Ólason, nemi í læknisfræði, kom sjónarmiðum nemenda á framfæri. Páll Óli lagði ríka áherslu á fjárskort Heilbrigðisvísindasviðs í ræðu sinni. Hann hvatti starfsfólk og nemendur sviðsins að taka höndum saman og þrýsta á stjórnvöld, sérstaklega í ljósi komandi alþingiskosninga.

Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands, fjallaði um stefnu HÍ 2016-2021. Helstu áherslur í stefnu HÍ eru framsækin sýn á nám og kennslu sem býr nemendum undir þátttöku í atvinnu- og þjóðlífi; sterkir rannsóknainviðir sem styðja við þekkingarsköpun og alþjóðlegt samstarf; starf Háskólans hafi víðtæk áhrif og takist á við áskoranir samtímans; góður vinnustaður; gæðamenning og skilvirk

upplýsingatækni. Þessar áherslur eru útfærðar á formi markmiða og aðgerða í fjórum meginflokkum: nám og kennsla, rannsóknir, þátttaka í samfélagi og atvinnulífi og mannauður. Jón Atli greindi frá því að aðgerðir á vettvangi myndu hefjast fljótlega og rýni yrði gerð í lok vormisseris hvers árs.

Að lokinni umfjöllun rektors hófst vinna í stefnu Heilbrigðisvísindasviðs. Þátttakendum á þinginu var skipt upp í átta umræðuhópa. Umfjöllunarefni hópanna voru meginflokkarnir fjórir úr stefnu HÍ yfirfærðir á Heilbrigðisvísindasvið. Þeir eru nám og kennsla, rannsóknir – drifkraftur nýrrar þekkingar, virk þátttaka í samfélagi og atvinnulífi og mannauður. Tveir hópar fjölluðu um hvern flokk. Vinnan í umræðuhópnum gekk mjög vel. Helstu niðurstöður hópanna voru kynntar stuttlega í lok þings en svo verður unnið áfram með þær í vinnu við nýja stefnu Heilbrigðisvísindasviðs. Skipaður hefur verið stýrihópur fyrir þá vinnu. Í honum sitja Ása Vala Þórisdóttir, Björn Guðbjörnsson, Bryndís Eva Birgisdóttir, Erna Sigurðardóttir, Steinunn Gestsdóttir og starfsmaður hópsins er Sæunn Gísladóttir. Stýrihópurinn mun skila drögum að nýrri stefnu í haust sem svo verður lögð fyrir sviðsþingið þá. Fundarstjóri þingsins var Guðjón Þorkelsson, prófessor og forseti Matvæla- og næringarfræðideildar. Að þingi loknu var boðið upp á veitingar og héldu starfsmenn glaðir út í síðdegisd.

Starfsfólk

Árið 2016 störfuðu 85 prófessorar, 54 dósentar, 38 lektorar og 20 aðjuntar með kennsluskyldu á Heilbrigðisvísindasviði. Í heild voru stöðugildi þeirra 128,2.

Stundakennarar voru alls um 940. Starfsmenn við rannsóknir, þjónustu og nýdóttar voru alls 83 í 67 stöðugildum.

Stoðþjónusta og stjórnsýsla

Á skrifstofu Heilbrigðisvísindasviðs störfuðu, auk forseta, rekstrarstjóri, upplýsinga- og vefstjóri, starfsmannastjóri, rannsóknarstjóri og tveir verkefnastjórar. Á árinu unnu 29 starfsmenn við stjórnsýslu í deildum og á sviðsskrifstofu í 24,6 stöðugildum. Aðrir starfsmenn við stoðþjónustu, í klíník í Tannlæknadeild og við ýmsar rannsóknastofnanir voru 9 í 6,9 stöðugildum.

Rekstrarstjóri ber ábyrgð á rekstri og stjórnun stoðþjónustunnar í samráði við forseta sviðsins. Innan hvernar deildar er deildarskrifstofa.

Reglulegir fundir voru haldnir með öllum starfsmönnum í stjórnsýslu og stoðþjónustu. Rekstrarstjóri og aðrir starfsmenn á sviðsskrifstofu funda mánaðarlega með deildarstjórum og verkefnastjórum námsbrauta.

Nefndir

Fulltrúar deilda í fastanefndum sviðsins eru skipaðir til þriggja ára og fulltrúar nemenda til eins árs í senn. Nefndir heyra undir stjórn Heilbrigðisvísindasviðs. Þær eru kennslumálanefnd, vísindanefnd, doktorsnámsnefnd og jafnréttisnefnd.

Húsnæðismál

Heilbrigðisvísindasvið hefur aðstöðu í átta húsum sem dreifast á svæði sem nær frá Vínlandsleið í Grafarholti í austri að Hofsvallagötu í vestri. Stjórnsýslu- og stoðþjónustan er á þrettán mismunandi stöðum. Þetta setur töluvert mark á starfsemi sviðsins. Ljóst er að starfsemin mun ekki komast undir eitt þak fyrr en með tilkomu nýs Landspítala. Þar er gert ráð fyrir að allar deildir sviðsins fái aðstöðu fyrir skrifstofur, kennslu og rannsóknir.

Samstarf við Landspítala – háskólasjúkrahús

Heilbrigðisvísindasvið á í nánú samstarfi við Landspítala – háskólasjúkrahús. Árið 2012 var undirritaður nýr samstarfssamningur milli Háskóla Íslands og spítalans í því skyni að skapa umgjörð og sérhæfða aðstöðu fyrir þau svið háskólans sem byggja kennslu, þjálfun og rannsóknir á efni við og starfsemi háskólasjúkrahússins. Samningurinn gildir í fimm ár frá undirritun hans.

Samstarfið er margþætt og er fyrst og fremst fólgið í eftirfarandi þáttum:

Kennsla og menntun

Landspítali – háskólasjúkrahús er vettvangur klínískrar kennslu og þjálfunar í grunn-, framhalds- og sérnámi í heilbrigðisvísindagreinum. Vísinda-, mennta- og nýsköpunarsvið spítalans hefur yfirumsjón með þjónustu hvað varðar kennslu og rannsóknir á spítalanum í nánu samstarfi við forstöðumenn fræðigreina og forsvarsmenn fræðasviða háskólans, svo og framkvæmdastjóra Landspítala – háskólasjúkrahúss, yfirlækna, deildarstjóra og aðra þá starfsmenn spítalans sem að háskólastarfinu koma.

Vísindasamstarf

Háskóli Íslands og Landspítali – háskólasjúkrahús reka klínísk rannsóknasetur og sameiginlegar rannsóknastofur og -stofnanir. Enn fremur er rekið heilbrigðisvísindabókasafn fyrir nemendur og starfsmenn.

Sameiginlegir starfsmenn

Sameiginlegir starfsmenn Háskóla Íslands og Landspítala – háskólasjúkrahúss teljast þeir sem hafa ráðningarsamning við báðar stofnanirnar. Þeir geta verið í fullu starfi við aðra stofnunina og í hlutastarfi við hina eða í hlutastarfi við báðar. Kennsla er hluti af starfi allra klínískra starfsmanna háskólaspítala. Stjórnendur fræðasviða og fræðigreina við háskólann geta í samráði við framkvæmdastjóra sviða, yfirlækna, deildarstjóra og aðra ábyrgðarmenn (klínískrar) þjónustu á Landspítala – háskólasjúkrahúsi leitað til starfsmanna spítalans og óskað eftir að þeir leiðbeini nemendum í námi á spítalanum.

Markaðs- og kynningarmál

Háskóladagurinn var haldinn 27. febrúar. Á háskóladeginum kynna flestir háskólar á Íslandi námsframboð sitt í grunn- og framhaldsnámi. Allar deildir Heilbrigðisvísindasviðs, auk Heilsutorgs, tóku þátt í dagskránni og voru kynningarbásar sviðsins á Háskólatorgi (Litla-Torgi). Námsframboð sviðsins var einnig kynnt í framhaldsskólum á landsbyggðinni. Grunnám var enn fremur kynnt í framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu.

Rannsóknnum vísindamanna úr öllum deildum sviðsins voru gerð góð skil í Tímariti Háskóla Íslands. Fréttabréf Heilbrigðisvísindasviðs, HeilbrigðisVísir, var gefið út tvisvar á árinu.

Nýir bæklingar voru gerðir fyrir fjórar námsleiðir, geislafræði, hjúkrunarfræði, lyfjafræði og sálfræði.

Ytri vefur Heilbrigðisvísindasviðs gegnir hlutverki upplýsingamiðlunar og kynningar á starfsemi sviðsins. Þar er ávallt finna nýjustu upplýsingar um nám, auk fréttu og upplýsinga um viðburði. Vefurinn er í sífelldri þróun enda í eðli sínu síbreytilegur og lifandi og þarfnast stöðugs viðhalds og vinnu. Heimasvæði Heilbrigðisvísindasviðs í Uglu er í sífelldri þróun.

Háskóli unga fólksins var haldinn um miðjan júní þar sem mörg námskeið af Heilbrigðisvísindasviði voru í boði.


Aðrir viðburðir

Ráðstefna doktorsnema fór fram á árinu að vanda en á ráðstefnunni gefst doktorsnemum við Heilbrigðisvísindasvið tækifæri til þess að kynna rannsóknir.

Kennsludagur Heilbrigðisvísindasviðs var haldinn í Læknagarði í desember þar sem flutt voru margvísleg erindi um kennslutengd málefni. Jólagleði starfsfólks Heilbrigðisvísindasviðs fór fram að lokinni dagskrá kennsludags.

Sviðsráð Heilbrigðisvísindasviðs og Heiló, fulltrúaráð nemendafélaga á Heilbrigðisvísindasviði, héldu Heilsudag HÍ hátíðlegan annað árið í röð þann 31. mars 2016. HeilsudagsQuiz var haldið í hádeginu af þessu tilefni.

Skipurit Heilbrigðisvísindasviðs og stofnana þess



Miðstöð í lýðheilsuvísindum

Almennt yfirlit og stjórn

Miðstöð í lýðheilsuvísindum er rannsóknastofnun Háskóla Íslands í lýðheilsuvísindum og sér miðstöðin jafnframt um þverfræðilegt nám á meistara- og doktorsstigi í þeim fræðum.

Í stjórn þverfræðilega námsins sátu Haraldur Briem, sóttvarnalæknir og dósent við Læknadeild, formaður námsstjórnar, Lárus Steinþór Guðmundsson, lektor við Lyfjafræðideild, Magnús Karl Magnússon, prófessor og forseti Læknadeildar, Tinna Laufey Ásgeirsdóttir, prófessor við Hagfræðideild, og Unnur Anna Valdimarsdóttir, prófessor og forstöðumaður Miðstöðvar í lýðheilsuvísindum. Fastir kennarar námsins hafa áheyrn á stjórnarfundum.

Starfsfólk

Unnur Anna Valdimarsdóttir prófessor gegndi starfi forstöðumanns Miðstöðvar í lýðheilsuvísindum. Auk hennar voru í upphafi árs þrír fastráðnir kennarar við miðstöðina. Einnig kenndu þrír aðjuntar við Miðstöð í lýðheilsuvísindum, þeir Gunnar Tómasson, Héðinn Svarfdal Björnsson og Tryggvi Þorgeirsson.

Einnig höfðu þeir Sigurður Yngvi Kristinsson og Þorvarður Jón Löve, prófessorar við Læknadeild, aðstöðu við Miðstöð í lýðheilsuvísindum, sem og doktorsnemendur Sigurðar Yngva. Þá var Vilhjálmur Rafnsson, prófessor emeritus frá og með september 2015, með starfsaðstöðu við Miðstöð í lýðheilsuvísindum ásamt doktorsnemum sínum.

Að jafnaði höfðu tæplega tuttugu doktorsnemar, aðjuntar, gestanemar og nýdoktorar aðstöðu við Miðstöð í lýðheilsuvísindum og tóku flestir þeirra þátt í stunda- og dæmatímakennslu, sem og handleiðslu meistaranema.

Fjölmarginir gesta- og stundakennarar voru fyrirlesarar í skyldunámskeiðum og auk þess voru starfsmenn ýmissa samstarfsstofnana Háskóla Íslands gjarnan skipaðir í meistara- og doktorsnefndir.

Kennarar frá fimm deildum og námsbrautum við Félagsvísindasvið, Heilbrigðisvísindasvið og Menntavísindasvið tóku þátt leiðsögn við rannsóknaverkefni nemenda.

Nám og kennsla

Megináhersla í meistaranámi í lýðheilsu (MPH, Master of Public Health) er lögð á rannsóknaraðferðir (faralds- og líftölfræði), undirbúning rannsókna, heilsueflingu og forvarnir. Próaðar hafa verið þrjár námsleiðir innan námsins þar sem í fyrsta lagi er lögð áhersla á sérþekkingu á meginlegum aðferðum lýðheilsuvísinda og framkvæmd rannsókna, í öðru lagi á heilbrigðisstjórnun og forvarnir og loks á heilsueflingu. Auk kennara í lýðheilsufræðum taka gestafyrirlesarar úr öðrum deildum Háskóla Íslands og samstarfsstofnunum innanlands og utan þátt í kennslu í skyldunámskeiðum.

Námskeiðin Almenn aðferðafræði A, Faraldsfræði og Líftölfræði I eru samkennd með Læknadeild.

Rannsóknir

Rannsóknaverkefni meistara- og doktorsnema sneru flest að einhverju á ofangreindum sviðum. Helstu samstarfsaðilar í verkefnum nemenda eru Hjartavernd, Krabbameinsskrá, embætti landlæknis, Íslensk erfðagreining og Landspítali – háskólasjúkrahús.

Nemendur og kennarar í lýðheilsuvísindum hlutu á árinu styrki til rannsóknaverkefna sinna m.a. frá Rannsóknasjóði Háskóla Íslands, Aðstoðarmannasjóði Háskóla Íslands, embætti landlæknis, Rannís og Vísindasjóði Landspítala – háskólasjúkrahúss.



Starfsfólk og nemendur Miðstöðvar í lýðheilsuvísindum fengu svo tugi greina birtar eða samþykktar á árinu í erlendum ritrýndum tímaritum.

Markaðs- og kynningarmál

Nám í lýðheilsuvísindum var kynnt á sameiginlegri námskynningu háskólans og einnig var boðið upp á kynningarfund í tengslum við umsóknarfrest á vormisseri. Opnar málstofur á vegum Miðstöðvar í lýðheilsuvísindum voru haldnar reglulega. Meistara- og doktorsnemar voru mjög virkir í kynningum á eigin verkefnum á ráðstefnum og málþingum innanlands og erlendis.

gra þátta
ækt (1)
ngur (2)
ýrir alla (4)
ynjanna (5)
n/hreinlætisaðstaða (6)
nuður (10)
í vatni (14, 15)



SA OG VELLÍÐAN



Hjúkrunarfræðideild

Almennt yfirlit og stjórn

Í Hjúkrunarfræðideild er í boði grunn- og framhaldsnám í hjúkrunarfræði og ljósmóðurfræði. Áhersla er lögð á að efla klínískar rannsóknir og fjölga framhaldsnemendum.

Forseti Hjúkrunarfræðideildar var Helga Jónsdóttir prófessor.

Starfsfólk

Í lok árs störfuðu níu prófessorar, sjö dósentar, sjö lektorar og sex aðjuntar með kennsluskyldu við deildina, auk 19 aðjunktá án kennsluskyldu í deildinni og eins nýdóktors. Að auki voru átján manns með klíníska lektorsnafnbót við deildina í ársbyrjun. Á þriðja hundrað stundakennara tóku að sér kennslu við deildina.

Í stjórnarsýslu störfuðu fimm manns á skrifstofu, auk verkefnisstjóra við verknámsstofu. Alls voru þetta 4,95 stöðugildi. Stöðugildi fastráðinna kennara voru 23,4.

Nám og kennsla

Nám til BS-prófs í hjúkrunarfræði er 240 einingar og prófið gefur leyfi til að sækja um hjúkrunarleyfi á Íslandi. Embættispróf í ljósmóðurfræði er 120 eininga nám að loknu BS-prófi í hjúkrunarfræði. Meistaránám í hjúkrunarfræði er 120 einingar og meistaránám í ljósmóðurfræði sömuleiðis. MS-nám er með áherslu ýmist á klíníska sérhæfingu, rannsóknþjálfun eða stjórnun. Á árinu var einnig í boði viðbótardiplómanám á meistarastigi í skurðhjúkrun til 84 eininga, í öldrunarhjúkrun til 30 eininga, í geðhjúkrun til 30 eininga og þverfræðilegt diplómanám á meistarastigi í kynfræði til 30 eininga. Doktorsnám er til 180 eininga. Alls stunduðu um 500 nemendur nám við deildina í árslok.

Alþjóðasamskipti

Hjúkrunarfræðideild er aðili að nokkrum norrænum samstarfsnetum, svo sem Norlys, Nordsne, Nordinnet, Nordannet, Medico og Midwives of the North. Norlys er samstarfsnet um grunnnám í hjúkrun og nýttist bæði til klínísks skiptináms og til alþjóðlegs námskeiðahalds. Á framhaldsnámsstigi tók deildin þátt í fagmiðuðum samstarfsnetum, til dæmis Nordannet (svæfingahjúkrun), Nordinnet (gjörgæsluhjúkrun), Midwives of the North (ljósmóðurfræði) og Nordsne (þverfaglegu neti á framhaldsstigi í hjúkrun). Að lokum má nefna þverfaglega netið Nordlys sem Háskóli Íslands er aðili að og nýst hefur nemendum Hjúkrunarfræðideildar til klínísks skiptináms. Hafa þessi norrænu samstarfsnet því bæði nýst nemendum og kennurum. Deildin tók á móti nokkrum skiptinimum í klínískt skiptinám frá samstarfsskólum okkar.

Hjúkrunarfræðideild hefur umsjón með rússnesk-norræna verkefninu Project to Promote Multifaceted Collaboration in the Field of Nursing Education and Research, sem er hluti af áætluninni The Nordic-Russian Cooperation Programme in Higher Education and Research 2012–2016. Þessi áætlun er samstarfsverkefni Norrænu ráðherranefndarinnar og menntamálaráðuneytis Rússlands og er verkefnið kostað af Norrænu ráðherranefndinni. Megintilgangur þess er tvíþættur. Í fyrsta lagi er markmiðið að efla rannsóknafærni hjúkrunarfræðikennara í samstarfsskólunum í Rússlandi, sem eru ríkisháskólarnir í Pétursborg og Novgorod, en auk Háskóla Íslands og þessara tveggja skóla tekur Háskólinn í Turku í Finnlandi þátt í verkefninu. Í öðru lagi er tilgangurinn að leggja grunn að framtíðarrannsóknasamstarfi rússnesku og norrænu skólanna. Páll Biering er umsjónar- og ábyrgðarmaður verkefnisins en auk hans tekur Þóra Jenný Gunnarsdóttir þátt í því.

Rannsóknir

Rannsóknastarfsemi við deildina er öflug. Fjórtán doktorsnemar störfuðu með kennurum að verkefnum sínum.

Deildin hlaut þriggja ára styrk frá NordForsk til þátttöku í norrænu þverfaglegu rannsóknaverkefni sem ber heitið ActivABLES: Einfaldur tæknibúnaður til að stuðla að árangursríkri endurhæfingu heima fyrir fólk með heilablóðfall. Heildarupphæð styrksins er 91 milljón íslenskra króna. Verkefnið felur í sér þróun á einfaldri tæknilegri aðstoð við endurhæfingu fólks sem fengið hefur heilablóðafall með það að markmiði að aðstoða það og aðstandendur þess við að viðhalda starfrænni getu og lífsgæðum heima hjá sér. Fulltrúar Hjúkrunarfræðideildar í verkefninu eru Þóra B. Hafsteinsdóttir, Helga Jónsdóttir og Ingibjörg Hjaltadóttir.

Guðrún Kristjánsdóttir prófessor er meðrannsakandi í verkefni sem norska vísindaráðið styrkir með styrk að upphæð 1,2 milljónir evra á tímabilinu 2015–2018. Verkefnið nefnist Persónuleg áhersla í heilbrigðisþjónustu – Nýjar leiðir til framfara í hjúkrun í samvinnu sjúklinga, klínískra sviða og menntasetra. Ábyrgðarmaður er Lisbeth M. Fagerström prófessor og alls eru með henni sex meðrannsakendur að verkefninu frá fjórum löndum en vinnan fer að megninu til fram í Noregi. Styrkurinn fer meðal annars í að styrkja doktorsnemendur og standa straum af kostnaði við gagnasöfnun o.fl.

Markaðs- og kynningarmál

Grunn- og meistaranám í hjúkrunarfræði og nám í ljósmóðurfræði var kynnt á háskóladeginum 27. febrúar. Nemendur buðu gestum upp á blóðsykurs- og blóðþrýstingsmælingar við góðar undirtektir. Jafnframt buðu nemendur gestum upp á fræðslu um grunnþætti í endurlífgun og fengu gestir að prófa að beita hjartahnoði á endurlífgunardúkku. Nemendur á 3. og 4. námsári í BS-námi fóru í framhaldsskóla og áhersla hefur verið lögð á að fjölga karlkynsnemendum í námi í hjúkrunarfræði og hefur kynningarefni og markaðssetning í tengslum við aðgangspróf (A-próf) við deildina tekið mið af því. Framboð á framhaldsnámi var auk þess kynnt í sérstakri blaðaauglýsingu.

Viðburðir

„Á krossgötum“, kynningardagur nemenda á lokaári BS-náms í hjúkrunarfræði við Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands, fór fram sjöunda sinn í Eirbergi þann 22. janúar. Fjöldi fólks lagði leið sína í Eirberg til þess að kynna sér fjölbreyttan starfsvettvang hjúkrunarfræðinga. Þar kenndi ýmissa grasa og gátu gestir og gangandi m.a. kynnt sér hjúkrun í tengslum við heimafæðingar, vökudeild og nýburagjörgæslu, aðstoð við flóttafólk, verkjateymi Landspítala - háskólasjúkrahúss, Frú Ragnheiði - skaðaminnkunarverkefni Rauða krossins, lífsstílsmóttöku og hjúkrunarnemafélagið Hlíf. Það voru því bæði nýstárlegar og hefðbundnari hliðar starfs hjúkrunarfræðinga sem nemendurnir völdu að kynna fyrir gestum. Kynningardagurinn er liður í námskeiðinu Hjúkrun sem starfs- og fræðigreinin en tilgangur þess er að auka innsýn og skilning nemenda á þáttum sem hafa áhrif á störf og starfsþróun hjúkrunarfræðinga. Að venju stóðu nemendur fyrir kaffisölu en að þessu sinni rann allur ágóðinn til styrktar félagsmiðstöð aldraðra í Hæðagarði.

Lokaverkefnisdagur BS-nema við Hjúkrunarfræðideild var haldinn 26. maí í Eirbergi.

Lokaverkefnisdagur BS-nema við Hjúkrunarfræðideild var haldinn 26. maí síðastliðinn í Eirbergi. Alls kynntu 58 nemendur lokaverkefni sín, sem voru 31 talsins, í níu málstofum. Helga Jónsdóttir, prófessor og deildarforseti Hjúkrunarfræðideildar, hóf dagskrána. Fulltrúar afmælisárganga hjúkrunarfræðinga, Ástrós Sverrisdóttir og Rut Rebekka Sigurjónsdóttir fluttu ávörp. Þá flutti Inga María Árnadóttir ávarp fyrir hönd 4. árs nema. Átta nemendur fengu viðurkenningu fyrir áhugaverð og vel unnin lokaverkefni.

Föstudaginn 27. maí síðastliðinn kynntu ljósmæðranemar lokaverkefni sín til kandidateisprófs á sérstakri málstofu í Eirbergi, Eiríksgötu 34. Alls kynntu tíu nemendur lokaverkefni sín. Dagskráin hófst með ávarpi Helgu Gottfreðsdóttur námsbrautarstjóra í ljósmóðurfræði við Hjúkrunarfræðideild. Þá fluttu fulltrúar útskriftarárganga ávörp, Áslaug Hauksdóttir ljósmóðir fyrir hönd 50 ára útskriftarárgangs og Stefanía Guðmundsdóttir fyrir hönd 10 ára útskriftarárgangs. Því næst hófust kynningar nemenda.

Annað

Endurskoðun námskrár

Deildarráð hefur samþykkt að frá og með skólaárinu 2019–2020 verði nám til starfsréttinda í ljósmóðurfræði og meistaragráðu samhliða. Með því styttest nám til meistaragráðu í ljósmóðurfræði um eitt ár. Einnig var meistaranámi í hjúkrunarfræði breytt í þá veru að nú fást 30 einingar metnar úr grunnnámi í hjúkrunarfræði í meistaranáminu og með því styttest nám til meistaragráðu um hálf ár.

Endurskoðun kennsluhátta

Endurskoðun kennsluhátta er verkefni sem Þórdís Katrín Þorsteinsdóttir stýrir með reglulegum hádegisfundum kennara. Úrbætur á leiðsögn í klínísku námi og almennt skipulag þarfnast sérstakra úrbóta sem unnið er að. Sett var á stofn námskeið, Hjúkrunarrannsóknir „Honors program“, sem veitir framúrskarandi nemendum sérstakt tækifæri til að kynna og taka þátt í fræðistörfum í deildinni.

Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði

Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands og Landspítala vinnur samkvæmt reglum nr. 542 frá 15. júní 2010 um Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands og Landspítala. Aðalviðfangsefni stofnunarinnar er að styðja við rannsóknir í hjúkrunar- og ljósmóðurfræði og efla þær. Vefsíða stofnunarinnar er: www.rsh.hi.is og stofnunin heldur einnig úti síðu á Facebook.

Stjórn og starfslið

Í stjórn Rannsóknastofnunar í hjúkrunarfræði árið 2016 sátu:

- Erla Kolbrún Svavarsdóttir, prófessor við Hjúkrunarfræðideild
- Jóhanna Bernharðsdóttir, lektor við Hjúkrunarfræðideild, formaður
- Oddný S. Gunnarsdóttir, tilnefnd af framkvæmdarstjóra hjúkrunar við Landspítala – háskólasjúkrahús.
- Sóley S. Bender, prófessor við Hjúkrunarfræðideild, tilnefnd af Hjúkrunarfræðideild.
- Ólöf Ásta Ólafsdóttir, lektor við Hjúkrunarfræðideild, tilnefnd af Hjúkrunarfræðideild.

Starfsmaður Rannsóknastofnunar í hjúkrunarfræði er Margrét Björnsdóttir, verkefnastjóri daglegs reksturs, og er hún í 50% stöðugildi.

Húsnæði

Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði hefur aðstöðu í Eirbergi við Eiríksgötu. Verkefnastjóri daglegs reksturs er með skrifstofu á þriðju hæð í B-álmu hússins. Á annarri hæð í A-álmu er lesaðstaða fyrir nemendur í meistaranámi. Á þriðju hæð í A-álmu er vinnuaðstaða fyrir nemendur í doktorsnámi. Verkefnastjóri daglegs reksturs heldur utan um vinnuaðstöðuna og sér um úthlutun í upphafi hvers misseris. Á fyrstu hæð í C-álmu er Rannsóknasetur Rannsóknastofnunar í hjúkrunarfræði (Mörgustofa). Markmið setursins er að auðvelda kennurum Hjúkrunarfræðideildar og samstarfsfólki þeirra á Landspítala að stunda meðferðarrannsóknir.

Rannsóknir

Markmið Rannsóknastofnunar í hjúkrunarfræði er að styðja við rannsóknir kennara við Hjúkrunarfræðideild, hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra við Landspítala. Einnig leitast stofnunin við að koma rannsóknum á framfæri með ráðstefnum, málstofum og fyrirlestrum og með því að birta upplýsingar um þær á vefsíðu stofnunarinnar.

Í stefnu Hjúkrunarfræðideildar 2012–2017 er meðal annars lögð áhersla á frjótt rannsóknnaumhverfi og árangur af rannsóknum. Rannsóknir í Hjúkrunarfræðideild taka mið af alþjóðlegum viðurkenndum

mælikvörðum og gæðaviðmiðum. Lögð er áhersla á árangur, áhrif og gæði rannsókna og hagnýtingu rannsóknaniðurstaðna. Í því skyni ætlar Hjúkrunarfræðideild meðal annars að auka rannsóknavirkni og gæði rannsókna. Því til viðbótar vill deildin fjölga birtum greinum, sérstaklega í virtum ritrýndum tímaritum.

Viðburðir

Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði leggur áherslu á að fylgjast með þeim rannsóknum sem verið er að vinna að og koma þeim á framfæri. Það er gert með því að halda ráðstefnur, málstofur, fyrirlestra, vinnusmiðjur og málþing þar sem greint er frá rannsóknum og rannsóknaniðurstöðum.

Tæplega fjögur hundruð þátttakendur sóttu ráðstefnuna „Hjúkrun í fararbroddi“ sem Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði (RSH) stóð fyrir í Stakkahlíð þann 15. janúar. Á ráðstefnunni var greint frá 35 spennandi rannsóknum í hjúkrunar- og ljósmóðurfræði í átta málstofum.

Ráðstefnuna setti Jóhanna Bernharðsdóttir, lektor við Hjúkrunarfræðideild og formaður stjórnar Rannsóknastofnunar í Hjúkrunarfræði. Helga Jónsdóttir, forseti Hjúkrunarfræðideildar, kynnti nýjar áherslur í námi við deildina og Sóley Bender, formaður stýrihóps um Heilsutorg háskólanema, flutti erindi um Heilsutorgið. Eins og fyrr segir voru erindin á ráðstefnunni flutt í átta málstofum og var yfirskrift þeirra: klínísk hjúkrun, meðganga og fæðing, verkir og verkjameðferð, fjölskylduhjúkrun, heilbrigðisþjónusta, langvinnir sjúkdómar, sálfélagleg líðan og starfsþróun. Ráðstefnugestum gafst einnig kostur á að sitja spennandi vinnusmiðjur sem fram fóru samhliða fyrirlestrunum. Þá stóð fjölbreytt veggspjaldasýning yfir allan daginn. Hér má skoða ágrip allra rannsókna sem kynnt voru á ráðstefnunni.

Úthlutað var úr minningarsjóði Guðrúnar Marteinsdóttur en einn tilgangur sjóðsins er að veita nýútskrifuðum hjúkrunarfræðingum viðurkenningu fyrir góðan námsárangur á sviði heilsugæsluhjúkrunar. Styrkinn hlaut Sigríður Lilja Magnúsdóttir fyrir framúrskarandi námsárangur í heilsugæsluhjúkrun í BS-námi en viðurkenninguna afhenti Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands. Sigríður Lilja vann ýmis verkefni í námskeiðinu Heilsugæsluhjúkrun. Hún skrifaði til að mynda forvarnarverkefni um netfíkn og fékk góða umsögn fyrir það. Einnig vann Sigríður Lilja lífstílsverkefni um reykingar á meðgöngu þar sem hún studdist við heilsueflingarlíkan Nolu Pender.

Rannsóknasjóðir

Rannsóknasjóður Ingibjargar R. Magnúsdóttur

Markmið Rannsóknasjóðs Ingibjargar R. Magnúsdóttur er að efla rannsóknir í hjúkrunarfræði og ljósmóðurfræði. Styrkir eru veittir til rannsóknaverkefna hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra í doktorsnámi, sem falla að markmiði sjóðsins. Sjóðurinn veitti styrki að upphæð 700.000 kr. árið 2016. Þetta var í níunda skipti sem úthlutað var úr sjóðnum.

Minningarsjóður Bjargar Magnúsdóttur ljósmóður og Magnúsar Jónassonar

Hinn 22. desember 2008 var Minningarsjóður Bjargar Magnúsdóttur ljósmóður og Magnúsar Jónassonar bónda stofnaður. Stofnfé var 25 m.kr. Tilgangur sjóðsins og markmið er að styrkja ljósmæður og hjúkrunarfræðinga til framhaldsnáms. Sjóðurinn er í vörslu Styrktarsjóða Háskóla Íslands. Árið 2016 voru styrkþegar ljósmæðurnar Emma Marie Swift og Valgerður Lísu Sigurðardóttir. Þetta er í fimmta sinn sem úthlutað er úr sjóðinum.

Lyfjafræðideild

Almennt yfirlit og stjórn

Hákon Hrafn Sigurðsson prófessor var deildarforseti og Elín Soffía Ólafsdóttir prófessor varaforseti

Í deildarráði sátu eftirtaldir:

- Hákon Hrafn Sigurðsson prófessor, deildarforseti,
- Elín Soffía Ólafsdóttir prófessor, varadeildarforseti,
- Sveinbjörn Gizurarson prófessor,
- Margrét Þorsteinsdóttir dósent,
- Lárus Steinþór Guðmundsson dósent.

Starfsfólk

Sjö prófessorar, tveir dósentar og þrjú lektorar, þar af tveir í hlutastarfi, störfuðu við deildina. Við deildina starfaði einnig deildarstjóri, sérfræðingur sem var umsjónarmaður Lyfjafræðisets í 60% stöðu og 40% stöðu við rannsóknir, og aðstoðarmaður á rannsóknastofum. Fjöldi stundakennara kenndi við deildina og þrjú nýdoktorar störfuðu við hana.

Nám og kennsla

Í Lyfjafræðideild fara fram rannsóknir, kennsla, fræðsla og þjónusta. Starfsemi deildarinnar miðast við að sinna þessum fjórum þáttum en aðaláherslan er lögð á kennslu og rannsóknir í lyfjafræði og lyfjavísindum. Við deildina eru lyfjafræðingar menntaðir og markmið háskólanáms í lyfjafræði er að nemendur séu að námi loknu hæfir til að stunda öll almenn lyfjafræðistörf: í lyfjabúðum, við lyfjagerð, í lyfjaiðnaði og lyfjaheildverslunum, á sjúkrahúsum og við rannsóknir.

Við Lyfjafræðideild er boðið upp á 180 eininga, þriggja ára, BS-nám í lyfjafræði og 120 eininga, tveggja ára, MS-nám í lyfjafræði. Að loknu tveggja ára meistaranámi í lyfjafræði og sex mánaða starfsnámi í lyfjabúðum geta nemendur sótt um starfsleyfi lyfjafræðings til embættis landlæknis.

Við Lyfjafræðideild er einnig boðið upp á 120 eininga meistaranám í lyfjavísindum fyrir þá sem hafa lokið BS-prófi í efnafræði, lífefnafræði, líffræði, lyfjafræði eða skyldum greinum.

Að loknu meistaranámi býður Lyfjafræðideild upp á þriggja ára doktorsnám í lyfjafræði og lyfjavísindum, sem er 180 eininga nám.

Á haustmisseri 2016 voru rúmlega 200 nemendur innritaðir í nám í Lyfjafræðideild.

Rannsóknir

Í deildinni er mikil áhersla lögð á rannsóknir og góður árangur á því sviði einkennir starf hennar. Allir fastráðnir kennarar eru virkir í rannsóknum, eins og sjá má á vef deildarinnar þar sem kennarar birta m.a. ritmíðalista sína. Fjöldi greina sem birtur er í svokölluðum ISI-tímaritum er almennt viðurkenndur mælikvarði á rannsóknvirkni og þar er árangur kennara í Lyfjafræðideild með því besta sem gerist við Háskóla Íslands. Þessi mikla rannsóknvirkni endurspeglast í fjölda doktors- og meistaranema við deildina. Kennarar í deildinni eru iðnir við að sækja um rannsóknastyrki og fá þá oft, úr bæði innlendum og erlendum samkeppnissjóðum, til að standa straum af launum doktorsnema og rekstri rannsóknastofa.

Markaðs- og kynningarstarf

Lyfjafræðinám var kynnt á háskóladeginum 27. febrúar. Lyfjafræðinemar tóku enn fremur að sér að kynna námið í nokkrum framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu. Doktorsnemar, meistaranemar og kennarar Lyfjafræðideildar, auk erlendra og innlendra gestafyrirlesara, hafa kynnt rannsóknir sínar á málstofum Lyfjafræðideildar.

Annað

Sex doktorsnemar við Lyfjafræðideild Háskóla Íslands, sem vinna m.a. að því að einangra lífvirk efni úr náttúrunni og hagnýta svokölluð sýklódextrín til flutnings á lyfjum í auganu, hlutu þann 29. nóvember viðurkenningu úr Verðlaunasjóði Bergþóru og Þorsteins Schevings Thorsteinssonar lyfsala við Háskóla Íslands.

Lyfjafræðisetur

Almennt yfirlit

Lyfjafræðisetur Háskóla Íslands er rannsóknasetur í lyfjafræði og lyfjavísindum (Centre of Research in Pharmacy and Pharmaceutical Sciences). Það var stofnað í janúar 2011. Lyfjafræðisetur heyrir undir Lyfjafræðideild og er regnhlíf yfir rannsóknastarfsemi deildarinnar. Að jafnaði stunda u.þ.b. 10 fræðimenn, 20 doktorsnemar og 14 meistaranemar deildarinnar rannsóknir sínar undir þeirri hlíf. Lyfjafræðisetur hefur aðsetur í húsnæði Lyfjafræðideildar í Haga við Hofsvallagötu.

Hlutverk Lyfjafræðisets er að stunda rannsóknir á sviði lyfjafræði og lyfjavísinda við Háskóla Íslands. Markmið setursins er að styrkja og hafa umsjón með aðstöðu og tækjabúnaði til rannsókna í lyfjafræði og lyfjavísindum við skólann og efla vísindalega þjálfun ungs fólks á þessu sviði. Jafnframt leggur Lyfjafræðisetur áherslu á að miðla rannsóknaniðurstöðum og kynna störf vísindamanna og nemenda deildarinnar með málstofum og fundum og kynningu á vef setursins. Rannsóknastarfsemi setursins er skipað í þrjú kjarna hvað skipulag varðar: kjarna í lyfjaefnafræði, kjarna í lyfjagerðarfræði og kjarna í klínískri lyfjafræði og félagslyfjafræði. Rannsóknahópum sem starfa innan deildarinnar er jafnframt skipað í þessa þrjú kjarna.

Stjórn og starfsmenn

Lyfjafræðisetur hefur þriggja manna stjórn, skipaða akademískum starfsmönnum Lyfjafræðideildar. Sveinbjörn Gizurarson, prófessor, gegndi stöðu formanns árinu. Stjórn vinnur náið með umsjónarmanni setursins og deildarforseta. Lyfjafræðisetur hefur ekki sérstakan fjárhag og er alfarið undir fjárhagslegri stjórn Lyfjafræðideildar.

Bergþóra Sigríður Snorradóttir var umsjónarkona Lyfjafræðisets. Hún sér um gæðamál og daglegan rekstur rannsóknaraðstöðunnar, viðhald og viðgerðir á tækjabúnaði. Einnig leiðbeinir hún nýjum starfsmönnum og stundar jafnframt eigin rannsóknir. Þá sér hún um að afla styrkja og halda við heimasíðu setursins. Umsjónarmaður setursins er jafnframt starfsmaður Lyfjafræðideildar.

Rannsóknastofnun um lyfjamál

Stofnunin starfaði ekki á árinu. Stofnunin hefur þó ekki formlega verið lögð niður.

Læknadeild

Almennt yfirlit og stjórn

Í Læknadeild fer fram kennsla og rannsóknir í læknisfræði en að auki heyra undir deildina námsbraut í sjúkraþjálfun, námsbraut í geislafræði og námsbraut í lífeindafræði, Miðstöð í lýðheilsuvísindum (sem sér um þverfaglegt meistara- og doktorsnám í þeim fræðum) og þverfræðilegt meistaranám í talmeinafræði. Námsbrautirnar hafa sérstakar námsbrautarstjórnir og situr deildarforseti stjórnarfundum þeirra (sjá sérstaka kafla um námsbrautirnar).

Deildarráð Læknadeildar var þannig skipað árið 2016:

- Magnús Karl Magnússon prófessor, deildarforseti,
- Unnur Anna Valdimarsdóttir prófessor, varadeildarforseti,
- Tómas Guðbjartsson prófessor,
- Jórunn Erla Eyfjörð prófessor,
- Runólfur Pálsson dósent,
- Reynir Arngrímsson dósent,
- Guðlaug Björnsdóttir aðjunkt, námsbrautarstjóri í geislafræði,
- Martha Ásdís Hjálmarsdóttir lektor, námsbrautarstjóri í lífeindafræði,
- Þórarinn Sveinsson prófessor, námsbrautarstjóri í sjúkraþjálfun.

Auk þeirra sátu fundi deildarráðs Kristján Erlendsson kennslustjóri og tveir fulltrúar nema.

Varamenn í deildarráði voru:

- Arna Hauksdóttir dósent,
- Bryndís Benediktsdóttir prófessor,
- Pétur Henry Petersen dósent,
- Karl K. Andersen prófessor,
- Ragnar G. Bjarnason prófessor.

Starfsfólk

Í ársbyrjun störfuðu 89 fastráðnir starfsmenn við kennslu og rannsóknir í læknisfræði, þar af voru 50 prófessorar í hópi fastráðinna kennara, 24 dósentar og 11 lektorar, að auki voru 3 rannsóknarsérfræðingar og 1 vísindamaður. Aðjunktur voru 11. Læknadeild starfar náið með Landspítala og fleiri heilbrigðisstofnunum og eru hlutastörf klínískra kennara við deildina yfirleitt í tengslum við a.m.k. 50% starf á sama fræðasviði á þeim stofnunum. Á árinu hlutu nokkrir starfsmenn framgang í starfi og nýráðið var í tvær stöður. Hér að neðan er gerð grein fyrir þessum breytingum.

Nám og kennsla

Inntökupróf í læknisfræði og sjúkraþjálfun fóru fram í júní. Samtals þreyttu rúmlega 250 stúdentar próf. Um haustið hófu um 50 stúdentar nám í læknisfræði og rúmlega 30 stúdentar í sjúkraþjálfun.

Mikil gróska er í rannsóknatengdu framhaldsnámi deildarinnar. Formaður rannsóknanámsnefndar er sem fyrr Helga M. Ögmundsdóttir prófessor og Bjarnheiður K. Guðmundsdóttir gegnir starfi kennslustjóra rannsóknatengds framhaldsnáms. Breyting hefur orðið á starfsemi rannsóknanámsnefndar þar sem umsjón með doktorsnámi í Læknadeild var á árinu færð frá doktorsnámsnefnd Heilbrigðisvísindasviðs til rannsóknanámsnefndar Lækna- og Tannlæknadeildar. Dagleg umsýsla með doktorsnámi í Læknadeild er einnig í höndum deildarinnar. Handbækur fyrir meistara- og doktorsnám voru gefnar út á árinu. Málstofur fyrir MS-nema í formi dagslangrar ráðstefnu voru haldnar bæði á haust- og vormisseri. Skyldumæting er á málstofur og allir nemar flytja þar erindi um verkefni sín. Einkunnir eru ekki lengur gefnar fyrir MS-próf heldur fá nemendur skriflegt mat fyrir ritgerðir og frammistöðu á MS-prófi.

Doktorsnám

Frá upphafi hefur Læknadeild nú brautskráð yfir 100 nemendur með doktorspróf og er kynjahlutfall því sem næst jafnt.

Alþjóðasamskipti

Nemendur á 6. ári í læknisfræði þreyttu að venju alþjóðlegt próf, CCSE (Comprehensive Clinical Science Examination). Gildi prófsins er margþætt. Alþjóðlegt viðmið fyrir námið er afar þýðingarmikið, skoða má árangur í einstökum greinum og nemendur fá upplýsingar um stöðu sína í samanburði við erlenda nemendur.

Afar sterk hefð er fyrir alþjóðlegu rannsóknasamstarfi í deildinni og einnig koma margir læknar erlendis frá að kennslu í Læknadeild. Þá er að skapast hefð fyrir því að erlendir andmælendur við doktorsvarnir haldi fyrirlestra í heimsóknum sínum í tengslum við doktorsvarnir í deildinni.

Rannsóknir

Kennarar og aðrir vísindamenn Læknadeildar eru afar öflugir á sviði rannsókna. Auk sjálfstæðra verkefna, innlendra og erlendra, tengjast kennarar deildarinnar mörgum helstu rannsóknastofnunum landsins, Keldum, Íslenskri erfðagreiningu, Hjartavernd og Krabbameinsfélagi Íslands. Landspítali – háskólasjúkrahús er síðan vettvangur rannsókna allra þeirra kennara sem gegna samhliða störfum við Háskóla Íslands og Landspítala – háskólasjúkrahús. Vísindanefnd er starfsfólki deildarinnar til ráðgjafar um mál er lúta að rannsóknum og aðstöðu til þeirra, auk þess sem hún stendur fyrir árlegri

rannsóknaráðstefnu í líf- og heilbrigðisvísindum í samstarfi við aðrar deildir sviðsins. Rannsóknavirkni er sem fyrr afar háð styrkveitingum og á árinu hlutu starfsmenn Læknadeildar fjölda styrkja til hinna ýmsu rannsóknaverkefna.

Markaðs- og kynningarmál

Læknadeild kynnti námsframboð á háskóladeginum í febrúar. Auk hefðbundinnar kynningar þar sem kennarar og nemar kynntu gestum námsframboð, var sett upp líkan af skurðstofu þar sem gestir fengu að spreyta sig á saumaskap og mæltist það afar vel fyrir. Grunnám deildarinnar var einnig kynnt í nokkrum framhaldsskólum sem höfðu sérstaklega óskað eftir því.

Annað

Viðurkenningar

Á árs hátíð Félags læknanema var tilkynnt að Sigrún Helga Lund hlyti kennsluverðlaun. Kennsluverðlaunum er ætlað að vera kennurum hvatning ásamt því að veita nemendum tækifæri til að þakka fyrir vel unnin störf í þeirra þágu. Guðmundur Þorgeirsson fékk heiðursverðlaun, Sindri Aron Viktorsson fékk deildarlæknaverðlaun og Árni Johnsen fékk sérstök læknanemaverðlaun fyrir rök og ósérhlífín vinnubrögð er hann kippti ónothæfri heimasíðu læknanema í liðinn, einn og óstuttur.

Einar Stefán Björnsson, yfirlæknir meltingarlækninga, var valinn heiðursvísindamaður Landspítala árið 2016. Honum hlotnaðist sá heiður á Vísindum á vordögum, árlegri vísindadagskrá í Hringisal á Landspítala Hringbraut, 26. apríl.

Námsbraut í geislafræði

Stjórn og starfsfólk

Þrír starfsmenn voru í hlutastarfi við námsbraut í geislafræði sem samhliða voru í starfi á rannsóknastofum eða myndgreiningardeildum. Guðlaug Björnsdóttir var námsbrautarstjóri. Eitt 50% stöðugildi er við stjórnsýslu námsbrautarinnar, sem rekið er í samvinnu við námsbraut í lífeindafræði.

Kennsla

Kennsla í geislafræði hófst við Háskóla Íslands árið 2005 og fyrstu nemendurnir útskrifuðust með BS-gráðu vorið 2008. Haustið 2008 hófst kennsla á framhaldsstigi og fyrstu nemendurnir með diplómapróf á framhaldsstigi útskrifuðust vorið 2009 en það próf veitir réttindi til að sækja um starfsleyfi sem geislafræðingur. Fyrsti meistaranemandinn í geislafræði útskrifaðist með meistaraþágu vorið 2011. Enn er unnið að uppbyggingu framhaldsnámsins, sem og áframhaldandi þróun á kennslu í grunnnámi.

Rannsóknir

Rannsóknir þær sem kennarar við námsbrautina stunduðu fóru að mestu fram á Landspítalanum, hjá Röntgen Domus og hjá Hjartavernd. Rannsóknir snerust um beinþéttnimælingar, geislameðferð, tölvusneiðmyndun, segulómun og ómskoðun.

Markaðs- og kynningarstarf

Nemendur og kennarar við námsbrautina unnu saman að því að kynna nám í geislafræði á háskóladeginum 27. febrúar. Félag lífeinda- og geislafræðinema, FLOG, skipulagði kynninguna af hálfu nemenda. Enn fremur tóku nemendur þátt í kynningum ætluðum framhaldsskólanemum á höfuðborgarsvæðinu.



Göngum saman


Göngum saman

Stefán Þ. Sigurðsson
hlýtur styrk úr styrktarjóni Göngum saman að upplæð
2.600.000 kr
til verkefnisins „Drjústakrahbæmi íslenskra karla, vangi
stökkbreytinga í DNA viðgerðargænum“

Reykjavík, 9. október 2019

Guðbjörg Óskarsdóttir
Guðbjörg Óskarsdóttir
formaður Göngum saman

Námsbraut í lífeindafræði

Stjórn og starfsfólk

Við námsbraut í lífeindafræði störfuðu sjö fastráðnir kennarar, flestir í hlutastarfi, þar eð þeir störfuðu samhliða á rannsóknastofum Landspítalans. Auk þess kenndi fjöldi stundakennara við námsbrautina. Martha Ásdís Hjálmarsdóttir var námsbrautarstjóri.

Nám og kennsla

Kennsla og nám í lífeindafræði miðast við að diplómapróf á framhaldstigi sé nægilegur grunnur til að geta starfað sem lífeindafræðingur á öllum gerðum rannsóknastofa við heilbrigðisstofnanir og aðrar stofnanir og fyrirtæki sem stunda lífvísindi. Diplómanám er jafnframt fyrra árið í meistaranámi og velur meirihluti nemenda við námsbrautina að ljúka meistaraþrófi.

Námsbrautin tekur þátt í samstarfsnetinu BIONord, sem er samstarfsnet átján skóla á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjunum, styrkt af Nordplus. Meginviðfangsefni þessa samstarfsnets eru nemenda- og kennaraskipti, samskiptanet kennara innan sérgreina lífeindafræðinnar og aðferðir við námsmat.

Rannsóknir

Rannsóknir sem kennarar og nemendur stunda fóru að mestu fram á rannsóknadeildum Landspítalans og sneru að flestum sviðum lífeindafræðinnar. Nemendur búa vel að því að mikil hefð er fyrir rannsóknum í faginu og unnið er að fjölbreyttum rannsóknum.

Markaðs- og kynningarstarf

Nemendur og kennarar unnu saman að því að kynna nám í lífeindafræði á háskóladeginum 27. febrúar og tóku nemendur enn fremur þátt í kynningum í framhaldsskólunum.

Námsbraut í sjúkráþjálfun

Stjórn og starfsfólk

Árið 2016 störfuðu sex fastráðnir kennarar við námsbrautina auk tveggja aðjunktá sem voru í hlutastörfum. Tveir starfsmenn voru í stjórnáslu. Stjórn námsbrautarinnar var skipuð öllum fastráðnum kennurum námsbrautarinnar, auk þriggja fulltrúa nemenda. Deildarforseti Læknadeildar, Magnús Karl Magnússon, var áheyrnarfulltrúi á námsbrautarfundum.

Nám og kennsla

Á árinu voru starfræktar tvær námsleiðir í grunnnámi: fjögurra ára nám (240 einingar) til BS-gráðu, sem veitir rétt til starfsleyfis, og þriggja ára nám (180 einingar) til BS-gráðu. Til viðbótar seinni námsleiðinni er boðið upp á tveggja ára nám (120 einingar) til viðbótar til MS-gráðu (meistaraþrófs í hreyfivísindum), sem veitir rétt til starfsleyfis. Síðast voru nemendur teknir inn í fyrstnefndu námsleiðina (til 240 eininga) haustið 2013 og verður hún ekki starfrækt eftir að þeir nemendur hafa lokið námi (vorið 2017). BS-nám til 180 eininga leysir gamla BS-námið af hólmi og var nýja námsleiðin fyrst kennd haustið 2014.

Kynningarstarf

Nemendur og kennarar við námsbraut í sjúkráþjálfun unnu saman að því að kynna nám í sjúkráþjálfun á námskynningu á háskóladeginum 28. febrúar mars. Þar var m.a. dreift bæklingi um nám í sjúkráþjálfun og starf að námi loknu. Hreyfingur, sem stofnaður var árið 2006, er fræðslu- og kynningarverkefni þar sem nemar í sjúkráþjálfun fara í framhaldsskóla og fræða nemendur. Verkefnið

er hugsað til forvarna gegn álagseinkennum hjá framhaldsskólanemum þar sem hvatning til aukinnar hreyfingar og bættra lífshátta vegur þungt.

Rannsóknir

Nokkur verkefni voru unnin í samstarfi við stoðtækjafyrirtækið Össur og það samstarf var þróað áfram á árinu. Unnið er að nýsköpunarverkefninu Gönguhermirinn, sem er unnið í samstarfi eins kennara við námsbraut í sjúkraþjálfun og verkfræðingateymis hjá verkfræðifyrirtækinu Samey. Kennarar við námsbrautina fluttu á árinu nokkra fyrirlestra á erlendum vísindaráðstefnum, auk fjölda fyrirlestra fyrir ýmsar stofnanir og samtök á Íslandi.

Rannsóknastofa í hreyfivísindum

Rannsóknastofa í hreyfivísindum er rannsóknavettvangur kennara við námsbraut í sjúkraþjálfun. Hún er til í húsa í Stapa þar sem námsbraut í sjúkraþjálfun hefur einnig aðsetur. Þar er góð aðstaða til ýmiss konar rannsókna á sviði hreyfivísinda, auk þess sem rannsóknastofan er notuð til kennslu í grunn- og framhaldsnámi við námsbraut í sjúkraþjálfun. Flestar rannsóknir við námsbrautina fara fram við Rannsóknastofuna. Námsbrautin hefur einnig átt samstarf við aðrar deildir Háskóla Íslands og fyrirtæki um notkun rannsóknastofunnar til rannsókna, kennslu og þróunar.

Lífeðlisfræðistofnun

Lífeðlisfræðistofnun Háskóla Íslands var komið á fót árið 1995 og tók þá við hlutverki Rannsóknastofu í lífeðlisfræði sem starfrækt hafði verið í þrjá áratugi. Stofnunin er til húsa í Læknagarði en aðstaða til rannsókna á lífeðlisfræði öndunar og endurhæfingu er á Reykjalandi. Meginhlutverk stofnunarinnar er tvíþætt: annars vegar að stunda rannsóknir í lífeðlisfræði og hins vegar að veita aðstöðu til verklegrar kennslu í lífeðlisfræði, bæði í grunnnámi og rannsóknatengdu framhaldsnámi.

Stofnunin heyrir undir Læknadeild en veitir engu að síður öllum fastráðnum kennurum og sérfræðingum Háskóla Íslands í lífeðlisfræði rannsóknaraðstöðu, í hvaða deild sem þeir eru. Einnig getur stjórn stofnunarinnar veitt vísindamönnum á öðrum fræðasviðum aðstöðu eftir því sem aðstæður leyfa og efni standa til. Á stofnuninni er unnið að undirstöðurannsóknum á margvíslegum sviðum lífeðlisfræðinnar. Með þessum rannsóknum er aflað nýrrar þekkingar sem kemur að notum við lausn á ýmsum viðfangsefnum, bæði fræðilegum og hagnýtum.

Starfsmenn stofnunarinnar annast alla kennslu í lífeðlisfræði við Háskóla Íslands og leggur stofnunin til aðstöðu og tækjabúnað til verklegrar kennslu. Að auki hefur stofnunin tekið að sér að annast kennslu í lífeðlisfræðinámskeiðum í þeim námsleiðum við skólann sem ekki hafa fastráðinn kennara í greininni. Þannig hefur tekist að halda nær allri starfsemi á sviði lífeðlisfræði innan háskólans á einum stað. Auk þess annast stofnunin kennslu í tveimur námskeiðum í lífeðlisfræði í heilbrigðisverkfræði

Lífvísindasetur

Almennt yfirlit og stjórn

Lífvísindasetur Háskóla Íslands tók formlega til starfa í nóvember 2011. Lífvísindasetur er samstarfsvettvangur rannsóknahópa í sameindalíffræði við Háskóla Íslands, Landspítala, Landbúnaðarháskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík og Háskólann á Akureyri, en hefur heimilisfesti við Læknadeild Háskóla Íslands. Rannsóknir vísindamanna við Lífvísindasetur eru afar fjölbreyttar og snúa meðal annars að ýmsum tegundum krabbameina, stofnfrumum, taugalíffræði, ónæmisfræði,

örverufræði, þroskunarfræði og lífeðlisfræði. Hópstjórar sem tengjast setrinu eru á bilinu 60 – 70 og nemendur á meistara- og doktorsstigi sem þeim tengjast vel á annað hundrað. Í þessum hópi fjölgar erlendum doktorsnemum og nýdoktorum stöðugt.

Rekstrarstjóri Lífvísindaseturs er Sigríður Klara Böðvarsdóttir.

Rannsóknir

Lífvísindasetur Háskóla Íslands hefur það meginmarkmið að efla rannsóknir á sviði grunnvísinda í sameindalíffræði. Það felst m.a. í uppbyggingu kjarnaeyninga en þær auka hagræðingu og efla samvinnu milli rannsóknahópa setursins.

Aukin gæði vísinda

Gæði þeirra rannsókna sem starfsmenn Lífvísindaseturs stunda hafa aukist til muna á undanförunum árum og greinum sem hafa birtst eftir þá hefur bæði fjölgað og þær birst í virtari tímaritum en áður. Sú þekkingarsköpun sem á sér stað og yfirfærsla þekkingar milli rannsóknahópa hefur eftir Lífvísindasetrið mun hraðar en búist var við í upphafi. Rannsóknahóparnir hafa stækkað, sumir hafa sameinast um verkefni og rekstur og nokkrir hópar hafa náð þeim faglega styrk sem gerir starfsemina samkeppnishæfa við erlenda rannsóknahópa. Þessu til sönnunar er aukinn áhrifaþáttur vísindagreina sem koma frá Lífvísindasetri og hratt vaxandi fjöldi tilvitnana í greinar frá setrinu.

Kjarnaeyningar

Uppbygging kjarnaeyninga er eitt af lykilmarkmiðum Lífvísindaseturs. Settar hafa verið á laggirnar fimm kjarnaeyningar:

- 1) Smásjár- og myndgreiningareining. Hér er að finna tvær glænýjar smásjár, annars vegar rafeindasmásjá og hins vegar lagsjá (confocal microscopy), auk eldri lagsjár og annarra minni smásjáa.
- 2) CRISPR/Cas9-stökkbreyti- og genaleiðréttingareining.
- 3) Tilraunadýraeyning með áherslu á sebrafiska.
- 4) Frumuræktunareiningar.
- 5) Frumuflæðisjáreyning.

Þessar einingar eru í stöðugri notkun enda eru þær opnar öllum þeim sem taka þátt í starfi Lífvísindaseturs. Eðli málsins samkvæmt höfum við þurft að þjálfa upp starfsfólk til að sinna þjónustu í kringum þessar einingar. Árið 2013 fékkst styrkur frá rektor Háskóla Íslands til þess að ráða í tvö stöðugildi til tveggja ára til þessarar þjónustu. Tobias Richter var ráðinn í fullt starf til að setja upp CRISPR-eininguna, Sævar Ingþórsson var ráðinn í hálf starf til að sjá um smásjáreyninguna og Valerie Meier var ráðin í hálf starf til að setja upp sebrafiskaeininguna. Þetta hefur skilað sér í frábærri þjónustu við þá rannsóknahópa sem hafa nýtt sér þessa aðstöðu.

Útgefnar vísindagreinar á vegum vísindamanna setursins árið 2016 voru um 100.

Kynningarstarfsemi

Á vefsíðu Lífvísindaseturs eru reglulega birtar almennar fréttir, upplýsingar um nýbirtar vísindagreinar sem hópstjórar eru höfundar að og upplýsingar um fyrirlestra Lífvísindaseturs. Þar er jafnframt að finna upplýsingar um alla hópstjóra setursins, rannsóknastarfsemi o.fl. Lífvísindasetur hefur til lengri tíma staðið fyrir reglulegri málstofu í Læknagarði sem stendur yfir allt skólaárið, að jafnaði einu sinni í viku, í hádeginu á fimmtudögum. Þar kynna sérfræðingar og framhaldsnemendur innan setursins rannsóknir sínar, auk þess sem mikil áhersla er lögð á að fá sérfræðinga utan setursins til að kynna sín verkefni. Málstofan fer fram á ensku. Auk þess eru vikulegir fræðslufundir á Ónæmisfræðideild Landspítala – háskólasjúkrahúss, á Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum og Líffræðistofu Háskóla Íslands og eru allir þessir fyrirlestrar auglýstir á vefsíðunni.

Árlega koma nemendur í líffræðiáföngum í framhaldsskólum í heimsókn til að kynna sér starf vísindamanna á rannsóknastofum Lífvísindaseturs. Yfir vetrarmánuðina eru slíkar heimsóknir nánast í hverjum mánuði og hópstjórar skiptast á að vera með stuttar kynningar fyrir hópana, auk þess sem nemendurnir fá kynningu á rannsóknastofum. Þar á meðal kemur árlega hópur frá Danmörku. Auk þess er árlega tekið á móti vísindaferðum nemendafélaga líffræðinema (HAXI) og lífefna- og sameindalíffræðinema (HVARF).

Allar nánari upplýsingar um starfsemi Lífvísindaseturs má finna á vefsíðu setursins: <http://lifvisindi.hi.is/>.

Lífefna- og sameindalíffræðistofa

Almennt yfirlit og stjórn

Lífefna- og sameindalíffræðistofa er rannsóknaveitvangur kennara Læknadeildar í fræðigreininum lífefnafræði, sameindalíffræði og erfðafræði. Á fræðasviðinu eru stundaðar grunnrannsóknir og rannsóknir á hagnýtri notkun þessara fræðigreina í læknisfræði og öðrum heilbrigðisvísindum. Lífefna- og sameindalíffræðistofa tengist erfða- og sameindalæknisfræðideild og klínískri lífefnafræðideild við Landspítala – háskólasjúkrahús með samstarfssamningi Háskóla Íslands við sjúkrahúsið. Ýmsir aðilar á skyldum sviðum nota aðstöðu á stofunni. Forstöðumaður er Jón Jóhannes Jónsson prófessor. Óttar Rolfsson lektor er með aðalstarfsaðstöðu við Rannsóknarsetur í kerfislíffræði og Erna Magnúsdóttir er í stöðu rannsóknasérfræðings við Læknadeild. Umsjón með daglegum rekstri rannsóknastofunnar hefur Jónína Jóhannsdóttir yfirlífeindafræðingur. Á rannsóknastofunni starfar á annan tug nema í rannsóknatengdu námi. Auk framangreindra unnu nokkrir einstaklingar að ýmsum verkefnum við stofuna.

Rannsóknir

Helstu rannsóknasvið Lífefna- og sameindalíffræðistofu eru efnaskipti og eiginleikar kjarnsýra, líffræði erfðamengis mannsins, genatjáning, stofnfrumur og þroskunarlíffræði, næringarfræðitengd ónæmisfræði, erfðarannsóknir á tilraunadýrum, rannsóknir á stofnfrumulínum úr músa- og mannafrósturvísingum og kerfislíffræði efnaskipta.

Á rannsóknastofunni er sérhæfður tækjabúnaður fyrir sameindalíffræðivinnu sem jafnframt er notaður við klínískar sameindaerfðarannsóknir í samstarfi við erfða- og sameindalæknisfræðideild Landspítala – háskólasjúkrahúss.

Annað

Vísindamenn rannsóknastofunnar eru hluti Lífvísindaseturs Háskóla Íslands og þeir taka þátt í framhaldsnámsprógramminu GPMLS (Graduate Program in Molecular Life Sciences) við Háskóla Íslands. Eiríkur Steingrímsson var fulltrúi menntamálaráðuneytisins hjá European Molecular Biology Conference (EMBC) og European Molecular Biology Laboratory (EMBL) Council.

Rannsóknastofa í krabbameinsfræðum

Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknastofa í krabbameinsfræðum við Læknadeild Háskóla Íslands fæst við grunnrannsóknir á krabbameini. Stjórn rannsóknastofunnar er sem fyrr í höndum Helgu M. Ögmundsdóttur og Jórunnar Erlu Eyfjörð, sem báðar eru prófessorar við Læknadeild.

Alþjóðlegt samstarf

Rannsóknastofan á í virku alþjóðlegu samstarfi. Má þar m.a. nefna samstarf við vísindamenn á Sanger Institute í Cambridge og þátttöku í The International Human Cancer Genome Consortium, (ICGC),

samstarf við IDIBELL-stofnunina í Barcelona um rannsóknir á sviperfðum og samstarfi um rannsóknir á litningaendum (telomerum) með vísindamönnum við Kaliforníuháskóla í San Francisco.

Rannsóknastofa í lyfja- og eiturefnafræði

Stjórn og starfsfólk

Rannsóknastofa í lyfja- og eiturefnafræði heyrir undir Læknadeild Háskóla Íslands og forstöðumaður hennar er Magnús Karl Magnússon prófessor og skrifstofustjóri er Sigríður Ísafold Håkansson. Fastir starfsmenn eru 20, að meðtöldum kennurum með starfsaðstöðu á rannsóknastofunni og doktorsnemum.

Starfsfólk Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði sá um eða tók þátt í að kenna læknanemum, tannlæknanemum, hjúkrunarfræðinimum, geislafræðinimum, nemum í sjúkrapjálfun, líffræðinimum, lífefnafræðinimum og lyfjafræðinimum við Háskóla Íslands, auk þess sem starfsmenn hennar voru prófdómarar við meistaraverkefni við ýmsar deildir háskólans. Einnig kenndi starfsfólk rannsóknastofunnar á ýmsum öðrum námskeiðum m.a. við Lögregluskóla ríkisins, Jarðhitaskóla Sameinuðu þjóðanna og Landbúnaðarháskóla Íslands.

Sameiginleg málstofa Lyfjafræðideildar og Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði var haldin þrisvar sinnum á árinu.

Þjónusturannsóknir

Við rannsóknastofuna voru stundaðar umfangsmiklar þjónusturannsóknir í réttarefnafræði í líffssýnadeild og efnissýnadeild. Rannsóknir þessar og matsgerðir þeim tengdar voru unnar fyrir dómsmála- og lögregluyfirvöld, félagsmálayfirvöld og meðferðarstofnanir, alls rúmlega 3000 mál, þar af voru réttarkrufningar yfir 100. Sérfræðingar Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði bera vitni fyrir dómi í um 100 málum á ári þessu tengdum. Aðrar þjónusturannsóknir snúa flestar að efnamengun fyrir aðila eins og heilbrigðiseftirlit, ÍSOR, Matís, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og ýmis fyrirtæki.

Alþjóðasamskipti

Starfsfólk Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði er í góðu og stöðugu sambandi við kollega á sambærilegum rannsóknastofum á Norðurlöndum og annars staðar í Evrópu. NAFTA (Nordic Association of Forensic Toxicology), ENFSI (European Network of Forensic Science Institutes) og AMAP Human Health m.a.

Húsnæði og tækjakostur

Rannsóknastofa í lyfja- og eiturefnafræði er til húsa í Haga, Hofsvallagötu 53. Á þriðju hæð í nýrri hluta hússins eru 16 skrifstofur og fundarherbergi og á fyrstu hæð eru rannsóknastofur.

Matvæla- og næringarfræðideild

Almennt yfirlit og stjórn

Deildarforseti Matvæla- og næringarfræðideildar var Guðjón Þorkelsson, prófessor í matvælafræði Þórhallur Ingi Halldórsson, prófessor í næringarfræði var varadeildarforseti.

Starfsfólk

Við Matvæla- og næringarfræðideild störfuðu tólf fastráðnir kennarar í mismunandi starfshlutföllum, sex í næringarfræði og sex í matvælafræði. Starfandi fræðimenn hjá Matís ohf. og næringarráðgjafar á Næringarstofu Landspítala sinntu einnig stundakennslu við deildina. Auður Ingólfssdóttir er deildarstjóri Matvæla- og næringarfræðideildar í hálfu starfi.

Nám og kennsla

Deildin leitast við að vera í fremstu röð með vönduðum rannsóknum og kennslu sem stenst samanburð á alþjóðlegum vettvangi á sviði matvæla- og næringarfræði. Matvæla- og næringarfræðideild er öflug eining innan Háskóla Íslands hvað varðar rannsóknvirkni á hvert stöðugildi kennara og kemur um helmingur fjárframlags til deildarinnar til vegna rannsókna.

Á árinu bauð Matvæla- og næringarfræðideild upp á nám til BS-, MS- og doktorsgráðu í báðum fræðigreinum deildarinnar, matvælafræði og næringarfræði. Á haustmisseri 2014 hófst kennsla í meistaranámi í klínískri næringarfræði á nýju kjörsviði innan næringarfræðinnar. Yfirumsjón með því námi hefur Ólöf Guðný Gestsdóttir, lektor í næringarfræði, og verður fyrsta útskrift vorið 2016.

Alþjóðasamskipti

Kennarar við deildina og nemendur í framhaldsnámi eru í erlendu samstarfi við fræðimenn við evrópskar og bandarískar stofnanir og skóla. Erlendir nemendur sækja nokkuð í nám við deildina og eru oftast á bilinu einn til þrjú erlendir nemendur í rannsóknatengdu framhaldsnámi við deildina í einu. Jafnframt eru tengsl milli deildarinnar og Sjávarútvegsskóla Sameinuðu þjóðanna (UNU-skólans) og nokkrir nemendur hafa komið til náms í deildinni eftir að hafa lokið námi við hann.

Rannsóknir

Rannsóknir hafa verið öflugar í deildinni og eru þær að stærstum hluta unnar í samstarfi við Rannsóknastofu í næringarfræði við Háskóla Íslands og Landspítala, Matís ohf, Hjartavernd, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Embætti landlæknis og Rannsóknastofu í matvælaefnafræði.

Markaðs- og kynningarmál

Í mars var nemendum sem áhuga höfðu á meistaranámi í matvælafræði, boðið að hitta kennara og skoða kennslu- og rannsóknæðstöðu í matvælafræði í samvinnu við Matís ohf. Ávallt er leitast við að hafa upplýsingar um nám í deildinni sem nýjast og réttast og stöðug endurnýjun og uppfærsla fer fram á vef deildarinnar en stefnt er að nýju kynningarefni vegna framhaldsnáms á íslensku og ensku.

Rannsóknastofa í næringarfræði

Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknastofa í næringarfræði tók til starfa 1997 og hefur starfað samkvæmt samningi milli Landspítala – háskólasjúkrahúss og Háskóla Íslands frá árinu 2005. Rannsóknastofan hefur aðstöðu á Landspítala þar sem stofan deilir aðstöðu með Næringarstofu spítalans að Eiríksgötu 29.

Í stjórn Rannsóknastofu í næringarfræði sátu: Ágústa Guðmundsdóttir prófessor, formaður stjórnar, Pálmi V. Jónsson, prófessor og yfirlæknir, Lilja Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri skurðlækningasviðs Landspítala – háskólasjúkrahúss, og Oddný Gunnarsdóttir, verkefnastjóri á vísinda- og þróunarsviði Landspítala – háskólasjúkrahúss, ritari stjórnar. Forstöðumaður Rannsóknastofu í næringarfræði er Ingibjörg Gunnarsdóttir, prófessor við Matvæla- og næringarfræðideild.

Samstarf og styrkir

Samstarfsaðilar í rannsóknastörfum Rannsóknastofu í næringarfræði eru fjölmargir og er virkt samstarf við u.þ.b. 30 alþjóðlegar stofnanir og háskóla, auk stofnana innanlands. Rannsóknastofa í næringarfræði hlaut á árinu nokkra erlenda styrki (sjá kafla um rannsóknir), auk minni innlendra styrkja.

Markaðs- og kynningarstarf

Rannsóknastofa í næringarfræði sinnir margs konar þjónustu fyrir samfélagið, bæði hérlendis og erlendis. Töluvert er t.d. um að fjölmiðlar og stofnanir á borð við Heilsugæsluna, Embætti landlæknis og Matvælastofnun leiti til stofunnar eftir sérfræðiáliti.

Á heimasíðu Rannsóknastofu í næringarfræði (www.rin.hi.is) er að finna helstu upplýsingar um stofnunina, yfirlit yfir rannsóknir, birtar skýrslur og vísindagreinar. Eins er þar haldið utan um fréttir af starfseminni.

Sálfræðideild

Almennt yfirlit og stjórn

Ragna Benedikta Garðarsdóttir, D.Phil. var deildarforseti og Fanney Þórsdóttir, Ph.D. varadeildarforseti.

Deildarráð hélt fundi hálfsmánaðarlega. Deildarforseti og varadeildarforseti eru sjálfskipaðir en var deildarráð þannig skipað: Daníel Þór Ólason, dósent, Ragna B. Garðarsdóttir, dósent, Urður Njarðvík, dósent og Zuilma G. Sigurðardóttir, dósent. Fulltrúar nemenda voru Anika Sigtryggisdóttir, trúnaðarmaður BS-nema og Auður Gróa Valdimarsdóttir, fulltrúi framhaldsnema.

Kennarafundir voru haldnir einu sinni í mánuði, deildarráðsfundir að jafnaði hálfsmánaðarlega og deildarfundir einu sinni til tvisvar á misseri.

Starfsfólk

Við Sálfræðideild störfuðu þrjú prófessorar, níu dósentar, tveir lektorar og sex aðjúntkar, auk deildarstjóra og verkefnisstjóra á skrifstofu deildarinnar.

Nám og kennsla

Nemendur í Sálfræðideild voru ríflega 600 þann 20. október. Nýnemar í BS-námi voru u.þ.b. 250 talsins. Sálfræði er kennd til BS-prófs, MS-prófs (einstaklingsbundins rannsóknatengds meistaranáms), cand. psych.-prófs og doktorsprófs.

Markaðs- og kynningarmál

Sálfræðideild tók þátt í námskynningu á grunn- og framhaldsnámi á háskólageginum 27. febrúar

Tannlæknadeild

Almennt yfirlit og stjórn

Forseti Tannlæknadeildar var Bjarni Elvar Pjetursson prófessor og varadeildarforseti Ellen Flosadóttir dósent. Í deildarráði voru Björn Ragnarsson klínikstjóri og formaður fjármálanefndar, Sigurjón Arnlaugsson lektor fulltrúi kosinn af deildarfundum, Aðalheiður Svana Sigurðardóttir námsbrautarstjóri tannsmiða og tveir fulltrúar nemenda. Ellen Flosadóttir sat í deildarráði bæði sem varadeildarforseti og formaður kennslunefndar. Deildarfundur er æðsta vald deildarinnar og þar eiga sæti allir fastráðnir kennarar og þrjú fulltrúar nemenda.

Starfsfólk

Við deildina störfuðu þrjú prófessorar, fjórir dósentar, sex lektorar og einn aðjúntkari, alls 14 kennarar í tæplega 12 stöðugildum, auk fjölda stundakennara. Aðrir starfsmenn deildarinnar eru verkefnisstjóri tannsmiðanáms, tannsmiður, tveir deildarstjórar og fjórir starfsmenn í móttöku og á sjúklingaklíník deildarinnar. Breytingar á starfsliði voru með minnsta móti.

Nám og kennsla

Árið 2016 skráðu yfir fimmtíu nemendur sig í tannlæknánám á fyrsta ári. Samkeppnispróf fyrsta árs nema voru að venju haldin í lok haustmísseris og að þeim loknum halda sjö nemendur áfram.

Umsjón meistara- og doktorsnáms við Tannlæknadeild er í höndum sameiginlegrar meistara- og doktorsnámsnefndar Lækna- og Tannlæknadeildar. Þrjár málstofur voru haldnar á árinu, ein á vormísserri og tvær á haustmísserri.

Kennsla á fyrstu þremur árum tannlæknánámsins hefur verið færð æ meira yfir í lotuform til að gefa nemendum betri möguleika á að einbeita sér að einu fagi í einu og til að auðvelda samvinnu við aðrar deildir Heilbrigðisvísindasviðs sem kenna í lotum.

Tannlæknadeild hefur síðustu ár verið virkur þátttakandi í starfi ADEE (Association for Dental Education in Europe) og hún leggur ríka áherslu á að uppfylla skilyrði European Commission um 3000 klukkustunda klíniska þjálfun þannig að nemendur geti sótt um íslensk og evrópsk tannlækningaleyfi strax að loknu námi, án þess að þurfa að starfa undir handleiðslu eða á opinberum tannlæknastofum eftir að námi líkur til að öðlast klíniska reynslu eins og tíðkast víða í nágrannalöndunum.

Rannsóknir

Tannlæknadeild er í samstarfi við einstaklinga, háskóladeildir héraðs og erlendis, stofnanir, félög og fyrirtæki hvað varðar rannsóknir í tannlæknisfræðum. Innan háskólans er mikil áhersla lögð á rannsóknir og kröfur gerðar til kennara um að afla styrkja úr rannsóknasjóðum. Kennarar deildarinnar hafa í vaxandi mæli reynt að fjármagna rannsóknaverkefni með þessum hætti. Einnig hafa fengist styrkir frá Rannsóknasjóði Háskóla Íslands, Vísindasjóði Tannlæknafélags Íslands og fleiri aðilum.

Markaðs- og kynningarmál

Tannlæknadeild tók þátt í sameiginlegum kynningum á starfsemi og námsframboði, meðal annars

Rannsóknastofnun í tannlæknisfræði

Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknastofa í tannlæknisfræði var sett á laggirnar árið 1984 í kringum rannsóknastarf í Tannlæknadeild. Hún veitir klíniska rannsóknþjónustu m.a. á sviði greininga tengdri ýmsum munnsjúkdómum. Svo er eftirlit með dauðhreinsun aðallega á tannlæknastofum á landsbyggðinni og fleiri stofum m.a. á heilsugæslum. Kennarar og meistaranemar vinna þar rannsóknaverkefni sín og það hefur verið talsverður áhugi undanfarin ár á orsakabáttum sem tengjast glerungseyðingu. Það hefur verið gott samstarf við Lyfjafræðideild vegna rannsókna í rúmlega áratug. Starfsmenn eru tveir, í tæplega einu stöðugildi, og tekjur eru af þjónusturannsóknum og rannsóknastyrkjum.

Tannlækningastofnun

Almennt yfirlit og stjórn

Tannlækningastofnun er rannsókn-, fræðslu- og þjónustustofnun í tannlæknisfræði og skyldum greinum sem stundaðar eru við Tannlæknadeild. Stofnunin er til húsa í Læknagarði.

Stjórn Tannlækningastofnunar 2016 skipuðu Svend Richter dósent, formaður, Björn Ragnarsson lektor, Sigurjón Arnlaugsson lektor, Karl Örn Karlsson lektor, Sigfús Þór Elíasson prófessor emiritus. Fulltrúi nemenda var Íris Þórsdóttir.

Helstu þættir starfseminnar eru nú þessir:

Rannsóknir sem starfsmenn Tannlæknadeildar stunda:

Árlegir fundir um rannsóknir í tannlækningum þar sem kynntar eru rannsóknir og rannsóknáætlanir starfsmanna stofnunarinnar, nema í rannsóknartengdu framhaldsnámi og annarra á sviði tannlæknisfræði.

Símenntunarnámskeið og árleg röð fyrirlestra fyrir tannlækna.

Álitsgerðir sem unnar eru af sérfræðingum stofnunarinnar fyrir opinbera aðila, einkum landlækni, Sjúkratryggingar Íslands, Úrskurðarnefnd almannatrygginga, Útlendingastofnun og lögreglu.

Sérverkefni á sviði heilbrigðisþjónustu, einkum í samvinnu við Landspítala – háskólasjúkrahús.

Tekjum Tannlækningastofnunar er varið til að efla rannsóknir og kennslu við Tannlæknadeild.



[Efni fyrir sviðið er í vinnslu]

Hugvísindasvið

Skipulag og stjórn

Á Hugvísindasviði eru fjórar deildir: Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda, Guðfræði- og trúarbragðafræðideild, Íslensku- og menningardeild og Sagnfræði- og heimspekideild.

Guðmundur Hálfánarson, Jóns Sigurðssonar prófessor í sagnfræði, tók við stöðu sviðsforseta þann 1. janúar 2016.

- Deildarforseti Deildar erlendra tungumála var Geir Sigurðsson, dósent og Ingibjörg Ágústsdóttir lektor varadeildarforseti.
- Deildarforseti Guðfræði- og trúarbragðafræðideildar var Arnfríður Guðmundsdóttir prófessor deildarforseti og Hjalti Hugason prófessor varadeildarforseti.
- Deildarforseti Íslensku- og menningardeildar var Sveinn Yngvi Egilsson prófessor deildarforseti og Gunnþórunn Guðmundsdóttir varadeildarforseti.
- Deildarforseti Sagnfræði- og heimspekideildar var Svavar Hrafn Svavarsson prófessor.

Stjórn Hugvísindasviðs er skipuð forseta sviðsins og deildarforsetum, auk þess sem nemendur eiga einn aðalfulltrúa og einn áheyrnarfulltrúa.

Á fræðasviðinu starfar heildstæður stjórnarsýslu- og skrifstofukjarni fyrir allt sviðið. Þar eru m.a. starfandi verkefnastjórnar einstakra deilda sem sinna erindum deildanna og tryggja tengsl þeirra við stjórnarsýslu- og þjónustumiðstöð sviðsins, sem og miðlæga stjórnarsýslu háskólans.

Á skrifstofunni eru tólf starfsmenn: sviðsforseti, rekstrarstjóri, rannsóknastjóri, kennslustjóri, kynningar- og vefstjóri, verkefnastjóri alþjóðamála og verkefnastjóri Hugvísindastofnunar, auk fjögurra annarra verkefnastjóra sem sinna málefnum deilda, framhaldsnáms, húsnæðismála, brautskráningar, móttöku- og samskiptamála, sem og annarri þjónustu við deildir, kennara og nemendur sviðsins.

Markaðs- og kynningarmál

Á sviðinu var gefið út innanhússfréttabréf, Hugskeyti, sem var sent í tölvupósti til allra fastráðinna starfsmanna sviðsins og ýmissa tengiliða innan skólans. Í fréttabréfinu, sem kom út fjórum sinnum á árinu, var sagt frá helstu tíðindum af starfsmannamálum, viðburðum, viðurkenningum og öðru fréttæmu í starfi sviðsins og fréttum af starfsmönnum.

Vefur sviðsins gegnir lykilhlutverki í upplýsingamiðlun og kynningarstarfi. Þar er ávallt að finna nýjustu upplýsingar um nám og kennslu á sviðinu, auk þess sem greint er frá viðburðum og fréttir birtar um það sem ber hæst hverju sinni. Á innri vef, Uglu, er að finna ýmsar upplýsingar sem eingöngu eru ætlaðar starfsmönnum, s.s. fundargerðir, sniðmát, eyðublöð o.fl.

Sviðið rekur vefritið Hugras.is þar sem birtar voru greinar og pistlar fræðimanna og nemenda í hugvísindum. Í október var vefritið opnað í endurbættri útgáfu í tilefni þess að fimm ár eru liðin frá því að vefurinn leit fyrst dagsins ljós. Útlit vefsins tók stakkaskiptum með meiri áherslu á myndræna

framsetningu og fjölbreyttar leiðir til miðlunar. Auður Aðalsteinsdóttir var ráðin ritstjóri Hugrásar og Sóley Stefánsdóttir myndritstjóri.

Hugvísindasvið tók þátt í almennum kynningum á námi við Háskóla Íslands þar sem nemendur og kennarar lögðu gjörva hönd á plóg ásamt kynningarnefnd sviðsins. Hæst bar háskóladaginn 27. febrúar auk þess sem framhaldsskólar voru heimsóttir og tekið var á móti einstökum hópum.

Rannsóknir

Starfsemi Hugvísindastofnunar hefur verið með hefðbundnu sviði. Stofnunin veitir akademískum starfsmönnum sínum þjónustu og stuðning við rannsóknaverkefni, ráðstefnuhald, útgáfu fræðiritra og fleiri rannsóknatengda þætti. Fjallað er ítarlega um starfsemi stofnunarinnar í kaflanum um Hugvísindastofnun og undirstofnanir hennar.

Forseti sviðsins er jafnframt stjórnarformaður Hugvísindastofnunar og sú starfsemi sem lýtur sérstaklega að stjórnun og þjónustu rannsóknamála – þ.e. störf rannsóknastjóra og verkefnastjóra Hugvísindastofnunar, auk ýmissa starfa sviðsforseta og rekstrarstjóra – eru þannig hluti af því heildstæða stjórnsýslustarfi sem sinnt er á skrifstofu sviðsins. Stjórn Hugvísindastofnunar er jafnframt vísindanefnd sviðsins. Hugvísindastofnun sinnir margvíslegri rannsóknþjónustu á sviðinu og undir hana heyra sex fastar grunnstofnanir (Bókmennta- og listfræðastofnun, Guðfræðistofnun, Heimspekistofnun, Málvísindastofnun, Sagnfræðistofnun og Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum), sem og aðrar sjálfstæðar rannsóknastofnanir sem hafa heimilisfesti á Hugvísindasviði og eiga fulltrúa í stjórn Hugvísindastofnunar. Þrjár stofnanir hafa slíka aðild að Hugvísindastofnun, þ.e. Siðfræðistofnun, Edda – öndvegissetur og Rannsóknastofa í jafnréttisfræðum (RIKK, áður Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum). Þetta eru öflugar stofnanir sem standa fyrir þverfræðilegum rannsóknum og tengslum Hugvísindasviðs við önnur fræðasvið háskólans, sem og út fyrir skólann. Sjá nánar umfjöllun í köflum um stofnanirnar. Innan vébanda Hugvísindastofnunar og einstakra aðildarstofnana hennar starfa einnig sérhæfðar rannsóknastofur.

Nefndir og ráð

Auk vísindanefndar, sem vikið er að hér að framan, starfa nokkrar fastanefndir á sviðinu: kennslunefnd, kynningarnefnd og jafnréttisnefnd.

Stefna sviðsins

Hugvísindasvið vinnur eftir stefnu sem var samþykkt fyrir árin 2013–2018. Hana má lesa á heimasíðu sviðsins. Endurskoðuð jafnréttisáætlun Hugvísindasviðs var birt en henni var ætlað að árétta þá stefnu sem sett er fram í jafnréttisáætlun Háskóla Íslands og heimfæra á aðstæður á Hugvísindasviði.

Sagnfræði- og heimspekideild setti sér stefnu um eflingu siðferðilegrar dómgreindar og þjálfun í gagnrýninni hugsun, fyrst deilda Háskóla Íslands. Kveðið er á um það í stefnu háskólans fyrir árin 2011–2016 að öll fræðasvið og deildir skuli setja sér markmið og skilgreina leiðir til að flétta saman siðfræði og faglegt nám, efla siðferðilega dómgreind og þjálfu gagnrýna hugsun. Samkvæmt hinni nýju stefnu Sagnfræði- og heimspekideildar skal þess m.a. gætt að hæfniviðmið námskeiða í grunnnámi taki mið af henni og að kennarar hafi samráð um hvaða námskeið séu best fallin til kennslu og þjálfunar einstakra þátta hennar.

Starfsmannamál

Nánar er fjallað um starfsmannamál í köflum um einstakar deildir sviðsins og í kafla um ný og breytt störf.

Doktorsvarnir

Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda

Rósa Elín Davíðsdóttir málfræðingur, 9. apríl

Heiti ritgerðar: La lexicographie bilingue islandais-français: Propositions d'articles pour un dictionnaire islandais-français avec une attention particulière au traitement des locutions figées et semi-figées (Tvímála orðabókagerð milli íslensku og frönsku: tillögur að orðabókarflettum fyrir íslensk-franska orðabók með áherslu á föst orðasambönd).

Sameiginleg doktorsgráða frá Háskóla Íslands og Sorbonne-háskóla í París og fór vörnin fram í París.

Guðfræði- og trúarbragðafræðideild

María Ágústsdóttir guðfræðingur, 1. nóvember.

Heiti ritgerðar: Að taka við hinum. Lifuð reynsla af Oikoumene sem veruleika er lýsir hagnýtum, félagslegum og andlegum tengslum eða Receiving the Other (The Lived Experience of Oikoumene as a Practical, Relational, and Spiritual Reality).

Torfi Kristján Stefánsson guðfræðingur, 10. febrúar

Heiti ritgerðar: „elska Guð og biðja“ - Guðræknibókmenntir á Íslandi á lærdómsöld.

Íslensku- og menningardeild

Pórdís Edda Jóhannesdóttir bókmenntafræðingur, 7. nóvember

Heiti ritgerðar: Jómsvíkinga saga: Sérstaða, varðveisla og viðtökur.

Christopher Crocker bókmenntafræðingur, 7. október

Heiti ritgerðar: Situating the Dream: Paranormal Dreams in the Íslendingasögur (Staðsetning draumsins: Yfirnáttúrulegir draumar í Íslendingasögum).

Gunnar Theodór Eggertsson bókmenntafræðingur, 25. ágúst

Heiti ritgerðar: Eiginleg dýr: Athuganir á veröldum dýra í tungumáli, menningu og sagnahefð (Literal Animals: An Exploration of Animal Worlds through Language, Culture and Narrative).

Soffía Auður Birgisdóttir bókmenntafræðingur, 12. maí

Heiti ritgerðar: Ég skapa – þess vegna er ég. Sjálfsmyndir, sköpun og fagurfræði í skrifum Þórbergs Þórðarsonar.

Sean B. Lawing bókmenntafræðingur, 25. apríl

Heiti ritgerðar: Líkamleg afmyndun í íslenskri menningu á þjóðveldisöld – Rannsókn á lögum og sagnatextum (Perspectives on Disfigurement in Medieval Iceland).

Auður Aðalsteinsdóttir bókmenntafræðingur, 12. febrúar

Heiti ritgerðar: Bókmenntagagnrýni á almannavettvangi. Vald og virkni ritdóma á íslensku bókmenntasviði.

Sagnfræði- og heimspekideild

Astrid Lelarge sagnfræðingur, 30. september

Heiti ritgerðar: Útbreiðsla gatnakernfis sem mynda sammiðja hringi – Mismunandi útfærslur á frumgerðum í borgarskipulagi Brussel, Genfar og Reykjavíkur (1781-1935) (La diffusion des projets de voies de circulation concentrique – Les multiples versions d'une forme urbaine générique à Bruxelles, Genève et Reykjavík (1781-1935))

Sameiginleg doktorsgráða frá Háskóla Íslands og Université Libre de Bruxelles og fór vörnin fram í Brussel.

Erla Doris Halldórsdóttir hjúkrunarfræðingur, 21. október

Heiti ritgerðar: Fæðingarhjálp á Íslandi 1760-1880.

Nikola Trbojevic fornleifafræðingur, 6. júní

Heiti ritgerðar: Áhrif landnáms á skóglendi Íslands á víkingaöld (The impact of settlement on woodland resources in Viking age Iceland).

Heidrun Wulfekühler félagsráðgjafi, 6. maí

Heiti ritgerðar: Siðferðilegur kjarni félagsráðgjafar: Ný-aristotelísk nálgun (The ethical purpose of social work: A neo-Aristotelian perspective).

Aðrir viðburðir

Hugvísindasvið og stofnanir þess standa fyrir fjölmörgum viðburðum í hverjum mánuði, ýmist í samstarfi við aðra eða á eigin vegum. Viðburðirnir eru af ýmsum toga, s.s. stakir fyrirlestrar, fyrirlestraraðir, málþing, menningarhátíðir, málstofur og innlendar sem alþjóðlegar ráðstefnur, auk hins árlega Hugvísindapings. Hér að aftan er sagt frá stærstu viðburðum ársins.


Hugvísindaping

Hugvísindaping fór fram dagana 11. og 12. mars 2016. Á dagskrá voru 38 málstofur og um 150 fyrirlestrar. Að vanda voru efnistöð fjölbreytt, meðal annars var fjallað örnefni, fátækt, framtíð íslenskunnar, dauðann og stöðu kvenna í kjölfar kosningaréttar. Að þessu sinni var sjónum beint sérstaklega að loftslagsbreytingum. Hugvísindaping fagnaði afmæli þetta árið, en í ár var Hugvísindaping haldið í tuttugasta sinn. Guðmundur Hálfðánarson, forseti Hugvísindasviðs, setti þingið í Hátíðarsal Aðalbyggingar.

Menningarhátíðir

Hin árlega Japanshátíð var haldin í tíunda sinn á árinu en hún hefur öðlast fastan sess hjá mörgum enda er mjög vandað til hennar af hálfu nemenda og kennara í japönsku. Hátíðin er haldin í samstarfi við japanska sendiráðið. Efnt var til kínverskrar nýárshátíðar með menningarveislu á Háskólatorgi. Hátíðin var skipulögð af Konfúsíusarstofnuninni Norðurljósum í samvinnu við Hugvísindasvið, Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur, sendiráð Kína á Íslandi, Samtök Kínverja á Íslandi og Tehúsið. Hátíðirnar voru fjölsóttar að vanda og dagskrá þeirra beggja vegleg.

Skipurit Hugvísindasviðs og stofnana þess



Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda

Stjórn

Við Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda eru kenndar 13 erlendar tungumálagreinar. Lögð er áhersla á að tungumálakunnátta nemenda og fræðileg innsýn í bókmenntir, málvísindi og menningu annarra þjóða veiti nemendum þekkingu og færni til að takast á við störf t.d. við alþjóðasamskipti, menningartengd málefni, viðskipti, þýðingar, fjölmiðla, ferðapjónustu, útgáfu, almannatengsl og stjórnsýslu.

Forseti Deildar erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda var Geir Sigurðsson, dósent í kínverskum fræðum og Ingibjörg Ágústs dóttir lektor var varadeildarforseti.

Ráð og nefndir

Deildinni er skipað í þrjár námsbrautir: námsbraut í ensku, námsbraut í rómönskum málum, grísku, latínu og japönsku og námsbraut í Norðurlandamálum, kínversku, rússnesku og þýsku. Við deildina starfa þrjár fastar stjórnunareiningar til viðbótar, auk deildarfundar: deildarráð, framhaldsnámsnefnd og kennslunefnd.

Námsgreinar

Við deildina voru eftirfarandi námsgreinar í boði: danska, enska, frönsk fræði, gríska, ítalska, japanskt mál og menning, kínversk fræði, Austur-Asíufræði, Ameríkufræði, latína, norska, Norðurlandafræði, rússneska, spænska, sænska, þýska, þýska í ferðapjónustu og miðlun og loks enska: bókmenntir, menning og miðlun.

Guðfræði- og trúarbragðafræðideild

Markmið Guðfræði- og trúarbragðafræðideildar er að bjóða upp á nám í guðfræði og trúarbragðafræðum sem stenst alþjóðlegan samburð. Með því er stúdentum gert mögulegt að afla

sér þekkingar sem sífellt skiptir meira máli á öllum sviðum samfélagsins. Deildin er helsta miðstöð guðfræði- og trúarbragðafræðirannsókna hérlendis.

Stjórn

Forseti Guðfræði- og trúarbragðafræðideildar fyrri hluta árs var Arnfríður Guðmundsdóttir prófessor deildarforseti og Hjalti Hugason prófessor varadeildarforseti.

Ráð og nefndir

Við deildina starfa eftirtaldar stjórnunareiningar, auk deildarfundar: rannsóknanámsnefnd, stjórn Trúarbragðafræðistofu, stjórn Guðfræðistofnunar og ritnefnd Ritraðar Guðfræðistofnunar.

Námsgreinar

Við deildina er boðið upp á eftirfarandi námsgreinar: trúarbragðafræði, djáknanám og guðfræði.

Íslensku- og menningardeild

Deildin hvílir á tveimur meginstöðum, annars vegar íslensku og tengdum greinum og hins vegar menningargreinum. Í deildinni eru nú kenndar á annan tug námsgreina, sumar bæði á grunn- og framhaldsstigi, aðrar eingöngu í grunnnámi og enn aðrar eingöngu í framhaldsnámi.

Stjórn

Forseti Íslensku- og menningardeildar var Sveinn Yngvi Egilsson prófessor og Gunnþórunn Guðmundsdóttir varadeildarforseti.

Ráð og nefndir

Við deildina starfa þrjár fastar stjórnunareiningar: deildarfundur, deildarráð og framhaldsnámsnefnd.

Námsgreinar

Við deildina eru eftirfarandi námsgreinar í boði: almenn bókmenntafræði, almenn málvísindi, íslenska, íslenska sem annað mál, kvikmyndafræði, listfræði, ritlist, táknafræði, þýðingfræði, nýttjapýðingar, hagnýt ritstjórn og útgáfa, menningarfræði, máltækni, íslensk miðaldafræði og norrænt meistaranám í víkinga- og miðaldafræðum.

Sagnfræði- og heimspekideild

Í Sagnfræði- og heimspekideild er skapandi samstarf á milli nemenda og kennara, bæði í kennslu og rannsóknum. Í kennslunni, sem meðal annars fer fram í formi málstofa, er lögð áhersla á að virkja nemendur til rökræðu um viðfangsefnin. Í öflugu rannsóknanámi deildarinnar starfa nemendur og kennarar náið saman í því augnamiði að nemendur verði sem hæfastir á sínu sviði.

Stjórn

Forseti Sagnfræði- og heimspekideildar á árinu var Svavar Hrafn Svavarsson, prófessor í heimspeki.

Námsbrautir

Við deildina eru eftirfarandi námsgreinar í boði: sagnfræði, heimspeki, fornleifafræði, klassísk fræði, hagnýt menningarmiðlun og hagnýt siðfræði.

Ráð og nefndir

Við deildina starfa tvær fastar stjórnunareiningar, auk deildarfundar: framhaldsnámsnefnd og deildarráð.

Guðfræðistofnun

Stjórn

Stjórn sem var kjörin á ársfundi stofnunarinnar 28. apríl 2014 gegndi áfram starfi á árinu. Stjórnina skipa: Rúnar M. Þorsteinsson prófessor, sem er formaður, Hjalti Hugason prófessor, meðstjórnandi og varaformaður, og Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir, sem er fulltrúi doktorsnema (skipuð 22. apríl 2015). Varamaður er Sólveig Anna Bóasdóttir prófessor.

Ritröð Guðfræðistofnunar

Ritstjórn Ritraðarinnar skipa núna: Rúnar M. Þorsteinsson (ritstjóri), Sólveig Anna Bóasdóttir og Gunnlaugur A. Jónsson.

Tvö hefti Ritraðarinnar, nr. 42 og 43, komu út á árinu en sú nýbreytni var tekin upp árið 2014 að útgáfa ritsins var færð á netið og kemur það nú einungis út sem vef tímarit þar sem aðgangur er opinn öllum. Hlekkurinn er: ojs.hi.is/ritrodgudfraedistofnunar.

Rannsóknir

Rannsóknaverkefnið 2017.is

Þverfræðilega rannsóknaverkefnið Siðaskipti í sögu og samtíð – Þverfaglegt rannsóknarverkefni um áhrif siðaskiptanna á kirkju, samfélag og menningu í 500 ár (2017.is) hélt áfram starfi sínu en til þess var stofnað á haustmíssi 2011. Stýrihópur: Arnfríður Guðmundsdóttir (formaður), Hjalti Hugason (framkvæmdastjóri), Auður Styrkárdsdóttir, Erla Hulda Halldórsdóttir og Sveinn Yngvi Egilsson.

Í undirbúningi er útgáfa greinasafns og hafa rúmlega tuttugu höfundar sent inn hugmyndir að greinum. Fyrirhugað er að greinasafnið komi út 2017. Á árinu var mikil vinna unnin við að koma ritgerðasafninu af stað, mynda ritstjórn, safna höfundum (um 25) og setja ýmiss konar ramma og reglur um verkið. Áætlaður útgáfudagur er 31. október 2017.

Ritstjórn greinasafns: Loftur Guttormsson (ritstjóri), Hjalti Hugason og Margrét Eggertsdóttir.

Alþjóðlegt samstarf

Félagsmenn Guðfræðistofnunar eru virkir þátttakendur í mörgum norrænum og alþjóðlegum samstarfsverkefnum.

Trúarbragðafræðistofa

Stjórn Trúarbragðafræðistofu skipuðu: Pétur Pétursson (formaður), Terry Gunnell og Sigríður Þorgeirsdóttir. Starfsmaður Trúarbragðafræðistofu (ólaunaður) var Bjarni Randver Sigurvinnson.

Nokkrar málstofur og málþing voru haldin á vegum Trúarbragðafræðistofu á tímabilinu, í sumum tilfellum í samvinnu við ýmsa aðra aðila á sviði trúarbragðafræða.

Trúarbragðafræðistofa tekur einnig þátt í samnorrænu rannsóknarverkefni, NOREL, um stöðu trúmála á Norðurlöndunum. Þá hefur Trúarbragðafræðistofa sömuleiðis tekið virkan þátt í starfi Samráðsvettvangs trúfélaga en þar eru haldnir sex fundnir að jafnaði á hverju ári með forystumönnum helstu skráðra trúfélaga landsins eða fulltrúum þeirra. Fulltrúi Trúarbragðafræðistofu, Bjarni Randver Sigurvinnson, hefur jafnframt haldið marga fundi með fulltrúum ýmissa trúfélaga og hreyfinga af sérstaklega austrænum toga og íslömskum.

Heimpekistofnun

Stjórn

Stjórnarformaður Heimpekistofnunar árið 2016 var Björn Þorsteinsson lektor en aðrir í stjórn voru Gunnar Harðarson prófessor og Emma Björg Eyjólfsdóttir, fulltrúi doktorsnema. Varamaður var Erlendur Jónsson prófessor.

Húsnæði

Stofnunin hefur aðsetur í Gimli þar sem hún hefur til afnota herbergi á þriðju hæð.

Fyrirlestrar og málþing

Aristotle and Non-Human Perception as flourishing. Chelsea S. Harry, prófessor í heimpeki við Southern Connecticut University, heldur fyrirlestur um heimpeki Aristótelsar um skynjun ómennskra dýra og hvernig þau dafna. 11. nóvember 2016.

"What Are Bradley's Ethical Studies About?" Dina Babushkina frá Heimpekideild Helsinkiháskóla með fyrirlestur á vegum Heimpekistofnunar um siðfræði Bradleys. 1. nóvember 2016.

Jim Behuniak on Daoism and John Dewey. Jim Behuniak: "Intelligence and the Virtues of Dao-Learning: John Dewey and Daoism". Konfúsíusarstofnunin Norðurljós og Heimpekistofnun 11. október 2016.

Jim Behuniak: "Order and the One in the Daodejing". Konfúsíusarstofnunin Norðurljós og Heimpekistofnun. 13. október 2016.

Adorno on Art and Philosophy. Sven-Olov Wallenstein, prófessor í heimpeki við Södertörn háskóla í Svíþjóð heldur fyrirlestur á vegum Heimpekistofnunar. 4. október 2016.

A-subjectivity in Pregnancy. Fyrirlestur Jonna Bornemark, prófessors við heimpekideild Södertörnháskóla í Svíþjóð, á vegum Heimpekistofnunar. 27. september 2016.

Heimpekistofnun og Konfúsíusarstofnunin Norðurljós stóðu sameiginlega að ráðstefnu í ágúst 2016 sem bar yfirskriftina Moral Psychology China and West, Past and Present.



Vert
Ef þú
drekku
-ang

Málvísindastofnun

Almennt um stofnunina og starfseminna

Stjórn Málvísindastofnunar var eins skipuð og undanfarin ár. Fulltrúar kennara voru Eiríkur Rögnvaldsson, stjórnarformaður, og Rannveig Sverrisdóttir, en Sigríður Þorvaldsdóttir er varamaður. Bjarki Karlsson var fulltrúi framhaldsnema.

Stjórnin naut sem fyrr liðsinnis verkefnastjóra Hugvísindastofnunar, Margrétar Guðmundsdóttur. Stofnunin hefur í raun enga fasta aðstöðu lengur en hefur aðgang að geymslu í kjallara Árnagarðs og þar er hluti af bókalager hennar geymdur, fyrir utan þær útgáfubækur sem Háskólaútgáfan sér um dreifingu á.

Félagar í Málvísindastofnun á starfsárinu voru 29, þar af níu doktorsnemar. Þá eru ótaldir rannsóknamenn í tímabundnum verkefnum og erlendir gistifræðimenn.

Rannsóknir

Rannsóknaverkefni og rannsóknastyrkir til félaga í Málvísindastofnun

Félagar í Málvísindastofnun stýra fjölmörgum rannsókn- og þróunarverkefnum eða taka þátt í þeim, ýmist íslenskum eða fjölþjóðlegum. Á árinu 2016 bættust m.a. þessi verkefni í þann hóp:

Greining á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsambýlis. Öndvegisstyrkur frá Rannsóknasjóði. Verkefnisstjórar Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson.

Heili og tungumál: taugamálfræði og samspil setningagerðar og merkingar í íslensku. Verkefnisstyrkur frá Rannsóknasjóði. Verkefnisstjóri Matthew Whelpton.

Vélrænn upplýsingaútdráttur. Styrkur frá Rannsóknasjóði Háskóla Íslands. Verkefnisstjóri Eiríkur Rögnvaldsson.

Nýting rannsóknagagna: Aðgengi og samþætting. Styrkur frá Rannsóknasjóði Háskóla Íslands. Verkefnisstjóri Höskuldur Þráinsson.

Þyngd liða og færslur í íslensku. Styrkur frá Rannsóknasjóði Háskóla Íslands. Verkefnisstjóri Jóhannes Gísli Jónsson.

Colour in Context: Comparing Icelandic and Icelandic Sign Language. Styrkur frá Rannsóknasjóði Háskóla Íslands. Verkefnisstjóri Matthew Whelpton.

Nýja setningagerðin og framvinduhorf í máli ungra íslenskra barna. Styrkur frá Rannsóknasjóði Háskóla Íslands. Verkefnisstjóri Sigríður Sigurjónsdóttir.

Netsamskipti á Íslandi - málnotkun í óformlegu umhverfi netsins og viðhorf til hennar. Doktorsnemastyrkur frá Rannsóknasjóði til Vanessu Moniku Iseemann.

Þá var haldið áfram vinnu við eldri verkefni sem hafa notið ýmissa rannsóknarstyrkja, einkum frá Rannsóknasjóði Íslands og Rannsóknasjóði Háskólans - sjá ársskýrslur undanfarinna ára. Ótaldar eru svo allar þær rannsóknir sem félagar í stofnuninni vinna að í rannsóknatíma sínum án þess að hljóta til þess sérstaka styrki.

Styrkir sem stofnunin veitti

Framhaldsnemar, bæði meistara- og doktorsnemar, geta sótt um styrki frá Málvísindastofnun til að sækja fræðileg námskeið, enda nýtist þau beint í námi þeirra. Þeir eiga líka kost á því að sækja um ferðastyrki vegna fyrirlestrahalds á ráðstefnum, en doktorsnemar geta einnig sótt um ferðastyrki til Hugvísindastofnunar og Háskóla Íslands. Þá geta doktorsnemar sótt um styrki til þess að dveljast við fræðastofnanir. Á árinu veitti stofnunin einn ferðastyrk og einn styrk til þess að sækja námskeið.

Ráðstefnur og málþing

Stofnunin stóð fyrir eða átti aðild að eftirtöldum ráðstefnum, málþingum og vinnustofum á árinu:

Höskuldarárþing. Málþing til heiðurs Höskuldi Þráinssyni prófessor sjötugum, haldið í Reykjavík 16. janúar 2016 í samvinnu við Íslenska málfræðifélagið.

30. Rask-ráðstefnan, haldin í Reykjavík 29.-30. janúar 2016 í samvinnu við Íslenska málfræðifélagið.

GLAC 22, árleg ráðstefna Society for Germanic Linguistics, haldin í Reykjavík 20.-22. maí 2016. Skipuleggjendur Haraldur Bernharðsson, Eiríkur Rögnvaldsson, Margrét Guðmundsdóttir, Tonya Kim Dewey og Þórhallur Eypórsson.

Þá hafði stofnunin samvinnu við Íslenska málfræðifélagið um hið svokallaða „Málvísindakaffi“ á föstudögum, en Málfræðifélagið sá um skipulagninguna eins og undanfarin ár.

Útgáfa

Stofnunin átti aðild að útgáfu tveggja nýrra bóka á árinu:

Approaches to Nordic and Germanic Poetry. Ritstjórar Kristján Árnason, Stephen Carey, Tonya Kim Dewey, Haukur Þorgeirsson, Ragnar Ingi Aðalsteinsson og Þórhallur Eypórsson. Gefin út í samvinnu við Háskólaútgáfuna.

Hljóð og hlustun. Höfundar María Anna Garðarsdóttir og Sigríður Þorvaldsdóttir. Gefin út í samvinnu við Háskólaútgáfuna.

Rannsóknastofur tengdar Málvísindastofnun

Tvær rannsóknastofur starfa innan vébanda Málvísindastofnunar en í samvinnu við aðrar stofnanir samkvæmt sérstökum reglum. Þetta eru Máltæknisetur og Rannsóknastofa í táknmálsfræðum.

Máltæknisetur

Máltæknisetur er samstarfsvettvangur Háskóla Íslands, Háskólans í Reykjavík og Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum um rannsóknir, þróunarstarf og kennslu á sviði máltækni. Setrið er jafnframt stofa innan Málvísindastofnunar. Í stjórn þess sitja Eiríkur Rögnvaldsson (formaður), Hrafn Loftsson og Sigrún Helgadóttir.

Starfsemi Máltækniseturs lá niðri á árinu.

Rannsóknastofa í táknmálsfræðum

Stjórn, starfsmenn og húsnaði

Rannsóknastofa í táknafræðum er samstarfsvettvangur fræðimanna Málvísindastofnunar Háskóla Íslands og Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra (SHH) sem stunda rannsóknir á táknafræði. Auk starfsmanna þessara stofnanna eiga nokkrir utanaðkomandi aðilar aðild að rannsóknarstofunni. Starfsmenn HÍ og SHH hafa aðstöðu á sínum vinnustað en stofan hefur að öðru leyti ekki yfir sérstöku húsnæði að ráða. Stjórn stofunnar er skipuð til eins árs í senn og á síðasta ársfundi voru Júlía G. Hreinsdóttir, Rannveig Sverrisdóttir og Valgerður Stefánsdóttir endurkjörnar til ársins 2017.

Rannsóknir

Rannsóknaverkefni og rannsóknastyrkir til félaga í Rannsóknastofu í táknafræðum Engir nýjir rannsóknarstyrkir fengust á árinu 2016. Hins vegar var unnið að rannsóknnum á ýmsum sviðum og vinnu við fjölmörg verkefni haldið áfram:

☑ Júlía Hreinsdóttir vann að CEFR verkefninu, en það snýst um að aðlaga námsefni og kennslu í ÍTM að evrópskum tungumálaramma. Kristín Lena Þorvaldsdóttir og Hólmfríður Þóroddsdóttir þýddu CEFR yfir á íslensku og verður þýðingin send til European Centre for Modern Languages of the Council of Europe. Verkefnið er hluti af evrópska samstarfsverkefninu Pro-sign. Starfsmenn SHH vinna einnig að nýrri námskrá í íslensku táknafræði fyrir framhaldsskóla í samræmi við viðmið evrópska tungumálarammans.

Á árinu hófst formlegt starf um málheild (corpus) íslenska táknafræðisins og var það leitt af Kristínu Lenu Þorvaldsdóttur og Nathaniel Munchie. Haldnir voru tveir fundir á árinu þar sem rætt var vítt og breitt um hvernig best væri að haga og koma af stað vinnu við málheildina.

Vinna við málþroskarannsóknir hélt áfram undir stjórn Nedelinu Ivanovu. Unnið var að söfnun gagna og áframhaldandi þróun á einstaklingsmiðuðu stöðumati í færni á íslensku táknafræði.

Á árinu var einnig hafinn undirbúningur að ráðstefnunni FEAST (Formal and Experimental Advances to Sign Language Theory) sem haldin verður við Háskóla Íslands 21. og 22. júní 2017. Rannveig Sverrisdóttir leiddi þá vinnu.

Jóhannes Gísli Jónsson, Rannveig Sverrisdóttir og Kristín Lena Þorvaldsdóttir unnu að frekari rannsóknnum á táknafræði BIDD sem tengisögn.

Unnið var að gagnasöfnun vegna rannsóknar á Calendric terms í samstarfi Rannveigar Sverrisdóttur, Kristínar Lenu Þorvaldsdóttur og Dr. Klara Richterova við Háskólann í Prag.

Söfnun lágmarkspara í íslensku táknafræðinu hélt áfram. Markmiðið með söfnun þeirra er annars vegar að útbúa kennsluefni og greinandi próf fyrir grunnskóla og hins vegar að safna gögnum fyrir rannsókn á hljóðkerfislegum breytum íslensku táknafræðisins. Aðilar rannsóknastofunnar héldu nokkra fyrirlestra á árinu og tóku þátt í málþingum og ráðstefnum hér heima og erlendis:

Af erindum og þátttöku í fjölþjóðlegum ráðstefnum má nefna eftirfarandi:

Veggspjaldakynning Jóhannesar Gísla Jónssonar, Júlíu G. Hreinsdóttur, Kristínar Lenu Þorvaldsdóttur og Rannveigar Sverrisdóttur um „The Syntax of Finiteness in ÍTM“ á FEAST ráðstefnunni í Feneyjum 2. september 2016.

Fyrirlestur Jóhannesar Gísla Jónssonar og Elísu G. Brynjólfsdóttur um V2 í táknumálum á GLAC22 (The 22nd Germanic Linguistics Annual Conference) sem haldin var við Háskóla Íslands í maí 2016.

Tveir boðsfyrirlestrar Jóhannesar Gísla Jónssonar, annars vegar á ráðstefnunni 40 years after Keenan í háskólanum í Ghent í september 2016, heiti fyrirlestrarins var „Subjects in sign languages“. Hins vegar „Subjects and objects in sign languages“ við Hungarian Academy of Science 3. nóvember 2016.

☒ Af innlendum vettvangi má nefna nokkra fyrirlestra:

Júlía G. Hreinsdóttir hélt fyrirlestur í tilefni af alþjóða móðurmálsdeginum á vegum Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum þann 29. febrúar 2016. Fyrirlesturinn bar heitið „Íslenskt táknumál sem móðurmál 300 Íslendinga.“

Jóhannes Gísli Jónsson og Rannveig Sverrisdóttir héldu fyrirlestur á Hugvísindabæningi HÍ þann 12. mars 2016 um BIDD og kerfisvæðingu í táknumálum.

Rannveig Sverrisdóttir hélt tvo fyrirlestra um þróun og endurskoðun námskrár í táknumálsfræði og táknumálsstúlkun, annars vegar á Menntakviku í HÍ 7. október 2016, hins vegar á SHH þann 6. desember 2016.

Þórhalla Guðmundsdóttir Beck hélt fyrirlestur þann 10. nóvember í málstofuröð SHH um merkingu og orðmyndun litaheita.

Heimsóknir fræðimanna

Kati Huhtinen frá DIAK í Turku, Finnlandi kom til landsins í febrúar 2016. Hún tók þátt í kennslustundum í táknumálsstúlkun, hélt fyrirlestur fyrir nemendur í táknumálsfræði við HÍ um félagslega stöðu táknumála í Finnlandi og fundaði með táknumálsstúlkun á SHH og formanni Félags heyrnarlausra hér á landi.

Kynningarstarfsemi og útgáfa

Nokkrar greinar eftir aðila rannsóknastofunnar komu út á þessu ári;
o Why is the SKY BLUE? On colour signs in Icelandic Sign Language eftir Rannveigu Sverrisdóttur og Kristínu Lenu Þorvaldsdóttur. Greinin birtist í bókinni Semantic Fields in Sign Languages. Colour, Kinship and Quantification sem gefin var út hjá Walter de Gruyter and Ishara Press í ritstjórn Ulrike Zeshan og Keiko Sagara.
o Greinin Sign Language: Scandinavia birt í uppfléttiritinu The SAGE Deaf Studies Encyclopedia sem ritstýrt var af Genie Gertz og Patrick Boudreault. Útgefandi SAGA reference. Höfundar: Kristín Lena Þorvaldsdóttir og Elísa Guðrún Brynjólfsdóttir.
o Greinin Sign Language: One-Handed Fingerspelling birt í uppfléttiritinu The SAGE Deaf Studies Encyclopedia sem ritstýrt var af Genie Gertz og Patrick Boudreault. Útgefandi SAGA reference. Höfundar: Elísa Guðrún Brynjólfsdóttir og Kristín Lena Þorvaldsdóttir.

Á árinu var Facebook síðunni Rannsóknir á ÍTM komið á fót og hefur hún verið notuð til að kynna það sem er á döfinni í táknumálsrannsóknum hérlendis sem og til að leggja fyrir kannanir sem nýtast í táknumálsrannsóknum. Þá var gengið frá þýðingu á síðareglum SLLS á

Íslensku og íslensku táknmáli en táknmálsþýðing bíður frekari myndvinnslu áður en þýðingarnar verða birtar á Facebooksíðunni

Rannsóknastofa í jafnréttisfræðum – RIKK

Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum (RIKK) er sjálfstæð og þverfagleg stofnun sem heyrir undir Hugvísindasvið. Rannsóknastofnunin miðlar þekkingu á sviði kynja- og jafnréttisfræða m.a. með því að sinna rannsóknum, styðja við bakið á rannsakendum og skipuleggja ráðstefnur og fundi. Stofnunin tekur þátt í evrópskum og norrænum rannsóknaverkefnum og tengslanetum með fjölbreyttum áherslum. Þá birtir hún niðurstöður rannsókna á fræðasviðinu með bókaútgáfu og hefur frá upphafi staðið fyrir reglulegum fyrirlestrum og rabbfundum þar sem fræðimenn kynna rannsóknir sínar. Rannsóknastofnunin er rekin samhliða og í nánú samstarfi við Eddu – öndvegissettur og Jafnréttisskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna (UNU-GEST).

Stjórn og starfslið

Í stjórn Rannsóknastofnunar í jafnréttisfræðum sitja: Sólveig Anna Bóasdóttir, dósent í Guðfræði- og trúarbragðafræðideild, formaður, Jón Ólafsson, prófessor við Íslensku- og menningardeild og Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda, varaformaður, Erla Kolbrún Svavarsdóttir, prófessor við Hjúkrunarfræðideild, Gunnar Stefánsson, prófessor við Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild, Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, dósent við Viðskiptafræðideild, og Halla Gunnarsdóttir, kennari og sérfræðingur í alþjóðasamskiptum.

Forstöðumaður Rannsóknastofnunar í jafnréttisfræðum er Irma Erlingsdóttir, dósent við Hugvísindasvið, en hún hefur gegnt forstöðumannsstarfinu frá árinu 2000. Auk hennar starfar Kristín I. Pálsdóttir sem verkefnisstjóri stofnunarinnar.

Kynningarstarfsemi

Árið 2016 voru hádegisfyrirlestrar RIKK haldnir í samstarfi við UNU-GEST og Þjóðminjasafn Íslands. Efni fyrirlestranna var afar fjölbreytt, en þeir voru að jafnaði fluttir vikulega.

Að auki stóð RIKK fyrir tveimur málþingum. Þann 4. nóvember fór fram málþingið Heggur sá er hlífa skyldi? Málþing um samfélagslega ábyrgð gagnvart þolendum kynferðisofbeldis í samstarfi við Rótina – félag um málefni kvenna með áfengis- og fíknivanda á Hótel Reykjavík Natura og 14. nóvember hélt RIKK málþing um málefni intersex fólks í samstarfi við þverfræðilegt nám í kynfræði við Háskóla Íslands og félagið Intersex Ísland

Ráðstefnur

Dagana 30. nóvember – 2. desember stóð RIKK fyrir norrænni ráðstefnu í samstarfi við NIKK – norrænu upplýsingamiðstöðina um kynjajafnrétti og velferðarráðuneyti Finnlands, sem bar yfirskriftina Confronting gendered violence: Focus on perpetrators.

Samstarfsnet

Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum býr að víðtæku tengslaneti, innanlands og utan. Á árinu starfaði stofnunin með fjölda innlendra samstarfsaðila líkt og venja hefur verið. Stofnunin á m.a. fulltrúa í stjórn Kvennasögusafnsins og í Jafnréttisráði. Hún á að auki náið samstarf við Reykjavíkurborg á grundvelli samnings milli Háskóla Íslands og borgarinnar um rannsóknir á sviði kynja- og jafnréttisfræða.

Heimasíður

Á heimasíðu Rannsóknastofnunar í jafnréttisfræðum er þekkingu miðlað um kvenna- og kynjarannsóknir, sagt er frá rannsóknum, ráðstefnum og ólíkum möguleikum á rannsóknasviðinu, www.rikk.hi.is. Heimasíður Eddu – öndvegissetturs og UNU-GEST má nálgast hér: www.edda.hi.is og www.gest.unu.edu.

Edda – öndvegissetur

Edda er þverfaglegt öndvegissetur í gagnrýnum samtímarannsóknum með áherslu á jafnrétti og margbreytileika. Rannsóknir setursins eru m.a. á sviði stjórn mála, samfélags, menningar, öryggismála, sjálfbærni og þróunar. Edda hóf starfsemi sína árið 2009 á grundvelli öndvegisstyrks frá Rannís og er sjálfstæð og þverfagleg rannsóknastofnun með heimilisfesti á Hugvísindasviði. Stofnunin annast grunnrannsóknir, bæði með því að fjármagna þær og afla styrkja til þeirra, og leitast jafnframt við að hafa áhrif á opinbera stefnu og umræðu. Hún gengst fyrir ráðstefnum, námskeiðum, málstofum, fyrirlestrum, útgáfu og hvers konar annarri starfsemi sem stutt gæti rannsóknir á áherslusviðum setursins, eftir samband við alþjóðlegt háskólasamfélag og styrkt tengsl við opinberar og samfélagslegar stofnanir.

Stjórn og starfslið

Á árinu sátu í stjórn Eddu Valur Ingimundarson, prófessor í sagnfræði, formaður, Stefán Ólafsson, prófessor í félagsfræði, Anna Karlsdóttir, lektor í mannvistarlandfræði og ferðamálafræði, og Irma Erlingsdóttir, dósent í frönskum bókmenntum, sem er jafnframt framkvæmdastjóri. Marta Birna Baldursdóttir starfaði sem verkefnisstjóri við setrið.

Viðburðir og útgáfa

Edda stóð fyrir ýmsum viðburðum á árinu. Setrið kom t.d. að Reykjavík Roundtable on Human Rights í samstarfi við Institute for Cultural Diplomacy (ICD), Berlin. Viðburðurinn var haldinn með stuðningi frá ríkisstjórn Íslands, Forsetaembættinu og Reykjavíkurborg. Í maí var haldin alþjóðleg ráðstefna um framtíð lýðræðis.

Setrið kom einnig að útgáfu bókarinnar Iceland's financial crisis – The politics of blame, protest, and reconstruction sem Valur Ingimundarson, Philippe Urfalino, og Irma Erlingsdóttir ritstýrðu. Bókin var gefin út af Routledge. Að auki birtu rannsakendur og styrkþegar Eddu fjölda fræðilegra verka.

Samstarfsaðilar og samstarfsnet

Edda starfar náið með Jafnréttisskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna (www.gest.unu.edu) og RIKK – Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum (www.rikk.hi.is). Setrið tekur þátt í samstarfi við evrópska og bandaríska háskóla og rannsóknastofnanir, norræn öndvegissetur á sviði velferðarmála og rannsóknastofnanir og háskóla í Asíu og Afríku.

Heimasíða setursins er www.edda.hi.is.



UNITED NATIONS UNIVERSITY
UNU-GESTY UNIVERSITY OF ICELAND
2019 VIGDÍS FINNBOGADÓTTIR AWARD
Presented to
Najlaa A.M. Attaallah
In Recognition of an Outstanding Final Assignment
at
United Nations University
Gender Equality Studies and Training Programme
May 2019
Towards the Implementation of Effective Gender Planning

Sagnfræðistofnun

Stjórn og starfsmenn

Framan af árinu var stjórn Sagnfræðistofnunar þannig skipuð: Ragnheiður Kristjánsdóttir dósent, forstöðumaður, Guðni Th. Jóhannesson dósent, Steinunn J. Kristjánsdóttir prófessor og Margrét Gunnarsdóttir, fulltrúi doktorsnema. Á ársfundi sem haldinn var 31. maí 2016 var kjörin ný stjórn, þannig skipuð: Ragnheiður Kristjánsdóttir dósent, forstöðumaður, Guðmundur Jónsson prófessor, Steinunn J. Kristjánsdóttir prófessor og Margrét Gunnarsdóttir, fulltrúi doktorsnema.

Forstöðumaður er fulltrúi Sagnfræðistofnunar í stjórn Hugvísindastofnunar.

Sigurður Gylfi Magnússon situr fyrir hönd Sagnfræðistofnunar í fagráði Miðstöðvar munnlegrar sögu, varamaður er Erla Hulda Halldórsdóttir. Guðmundur Jónsson er fulltrúi Sagnfræðistofnunar í stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns Íslands. Guðmundur Jónsson er fulltrúi stofnunarinnar í Sjóði dr. Björns Þorsteinssonar.

Landsnefnd íslenskra sagnfræðinga var endurvakin á árinu 2014 undir stjórn Sagnfræðistofnunar. Landsnefndin sér um samskipti við CISH, heimssamtök sagnfræðinga. Í Landsnefndinni sátu (frá miðju ári 2015) tveir fulltrúar frá Sagnfræðistofnun, Ragnheiður Kristjánsdóttir og Guðni Th. Jóhannesson, tveir fulltrúar Þjóðskjalasafns Íslands, Eiríkur Guðmundsson og Hrefna Róbertsdóttir og tveir fulltrúar Sagnfræðingafélags Íslands, Vilhelm Vilhelmsson og Guðný Hallgrímsdóttir.

Meðlimir

Í fornleifafræði: Gavin Murray Lucas, prófessor; Orri Vésteinsson, prófessor; Steinunn J. Kristjánsdóttir, prófessor.

Í sagnfræði: Anna Agnarsdóttir, prófessor; Erla Hulda Halldórsdóttir, lektor, Guðmundur Hálfðanarson, prófessor; Guðmundur Jónsson, prófessor; Guðni Th. Jóhannesson, dósent (til 1. júlí); Ingi Sigurðsson, prófessor (til 1. október); Kristjana Kristinsdóttir, lektor; Már Jónsson, prófessor; Ragnheiður Kristjánsdóttir, dósent; Sigurður Gylfi Magnússon, prófessor; Sverrir Jakobsson, prófessor; Valur Ingimundarson, prófessor; Viðar Pálsson, lektor.

Í Hagnýtri menningarmiðlun: Sumarliði R. Ísleifsson, lektor og Halla Kristín Einarsdóttir, aðjunkt. Prófessorar emeriti í sagnfræði: Gísli Gunnarsson, Gunnar Karlsson, Helgi Þorláksson, Sveinbjörn Rafnsson og Þór Whitehead.

Nýdóttorar á vegum Sagnfræðistofnunar voru þau Þórir Jónsson Hraundal, Dawn Elise Mooney og Íris Ellenberger (frá 1. ágúst)..

Ráðstefnur, málþing, fyrirlestrar og fundir

Á vegum Sagnfræðistofnunar voru haldnir eftirfarandi viðburðir á árinu:

Á vegum námsbrautar í sagnfræði voru á vormisseri 2016 haldin vikuleg seminör um söguleg efni. Umsjónarmaður var Sigurður Gylfi Magnússon.

Á vegum námsbrautar í fornleifafræði var haldin fyrirlestraröðin Nýjar rannsóknir í íslenski fornleifafræði á vormisseri (samstarf við Félag fornleifafræðinga og Þjóðminjasafn Íslands). Umsjónarmaður var Orri Vésteinsson.

„Forseti Íslands: Hverskonar embætti er þetta?“, Fyrirlestraröð um forsetaembættið frá marsjúní 2016. (Í samstarfi við Stofnun stjórnsýslufræða og Lagastofnun).

Eric Vanhaute, „Famines in history“. Fyrirlestur 19. maí. Sjá:

„40 ár frá lokasigri. Málþing um sögu þorskastríðanna“, 1. júní 2016.

Minningarfyrirlestur Jóns Sigurðssonar: Eugenio F. Biagini, prófessor við Cambridgeháskóla hélt minningarfyrirlesturinn í hátíðarsal Háskóla Íslands þann 15. september. Fyrirlesturinn bar titilinn: „Democracy and the ‘national interest’: the making and unmaking of the UK, 1707-2016, and the lessons for the EU“.

Þann 14. september hélt hann auk þess semínar undir yfirkraftinni: „The Cambridge Social History of Ireland“. Sjá hér kynningu á fyrirlestrinum:

„Hugmyndaheimur Páls Briems“. Málþing í Þjóðminjasafni 19. október.

„Færði almenningi söguna“, Minningarþing um Eggert Þór Bernharðsson, 15. október 2016 (samstarf við Sögufélag o.fl.).

Silke Neunsinger, „Towards a Global History of Domestic and Care Giving Work“. Fyrirlestur 25. nóvember.

XIV Nordic Labour History Conference, Aðalbygging Háskóla Íslands, 28.-30. nóvember 2016. Í samstarfi við Arbetarrörelsens Arkiv och Bibliotek í Stokkólmi og EDDA- Centre of Excellence.

„Ævisagan og hin ævisögulega aðferð“. Seminar við Háskóla Íslands, með Tiinu Kinnunen prófessor við háskólann í Oulu, 2. desember 2016.

Ráðstefnur skipulagðar af meðlimum

„Religious Landscapes in the North Atlantic, á 22. Annual Meeting of the European Association of Archaeologists (EAA)“, Vilnius, í september. (Orri Vésteinsson skipulagði í samstarfi við Símun Arge og Jette Arneborg)

„Maritime Emergency Management and Transnational Cooperation in the High North“, á vegum MARPART-verkefnisins. (Valur Ingimundarson, aðalskipuleggjandi)

„The Reykjavik Human Rights Roundtable“ á vegum Institute for Cultural Diplomacy (ICD) (Berlín) og rannsóknasetursins EDDU við Háskóla Íslands. (Valur Ingimundarson aðalskipuleggjandi)

Fyrirlestrar

Auk ofangreinds héldu meðlimir Sagnfræðistofnunar fyrirlestra á málþingum og ráðstefnum á eftirfarandi stöðum: Akureyri, Árósar, Berlín, Bessastaðir, Bodø, Cambridge, Cluj-Napoca, Durham, Grindavík, Ísafjörður, London, Lincoln, Lundur, Moskva, Nýp á Skarðsströnd, Óðinsvé, Reykholt, Reykjavík, Skálholt, Skriðuklaustur, St. Pétursborg, Stykkishólmur, Tromsø, Toronto, Valencia, Varsjá, Vilnius og Volda.

Rannsóknir

Hér er stiklað á stóru. Í ritaskrá Háskóla Íslands er gerð nánari grein fyrir rannsóknum meðlima Sagnfræðistofnunar.

Rannsóknaverkefni á vegum stofnunarinnar

Reykholtsverkefnið. (Helgi Þorláksson)

Saga íslenskrar utanlandsverslunar. (Helgi Þorláksson, Guðmundur Jónsson, Anna Agnarsdóttir, Gísli Gunnarsson og Helgi Skúli Kjartansson)

Að auki stýra einstakir meðlimir stofnunarinnar fjölmörgum rannsóknarverkefnum.

Útgáfa

Bækur gefnar út af Sagnfræðistofnun

Historical Account of a Revolution on the Island of Iceland in the Year 1809, The University of Iceland Historical Document Series. Anna Agnarsdóttir og Óðinn Melsteð ritstjórar. Reykjavík: Sagnfræðistofnun og Háskólaútgáfan, 2016.

Sveinbjörn Rafnsson. Um Snorra Eddu og Munkagaman. Drög til menningarsögu íslenskra miðalda. Ritsafn Sagnfræðistofnunar 43. Reykjavík: Sagnfræðistofnun, 2016. (Ritstjóri Guðmundur Jónsson)

Tímarit

Ragnheiður Kristjánsdóttir var landsritstjóri tímaritsins Scandinavian Journal of History. Már Jónsson og Ragnheiður Kristjánsdóttir fulltrúar stofnunarinnar í ritnefnd tímaritsins Sögu.

Meðlimir stofnunarinnar birtu greinar og ritdóma í eftirfarandi tímaritum: Anthropos; Árbók hins íslenska fornleifafélags; Current Swedish Archaeology; Estonian Historical Journal; Hugrás; International Journal of Historical Archaeology; Journal of English and Germanic Philology; Journal of the North Atlantic; Journal of Social History; Mormon Historical Studies; Newsletter. International Federation for Research in Women's History; Quaternary Geochronology; Ráðstefnuriti Háskólans í St. Pétursborg; Revue d'histoire nordique; Ritið; Sjuttonhundrata. Nordic Yearbook for Eighteenth-Century Studies; Saga; Skírnir; Sredniowiecze Polskie i Powszechne (Polish and General Medieval Studies) og Viator. Journal of Medieval and Renaissance Studies.

Sýningar og fræðslufni fyrir almenning

Ísland í heiminum. Heimurinn á Íslandi. (Íris Ellenberger)

Hinsegin sögukvöld í ágúst og nóvember. (Íris Ellenberger)

Vinnandi fólk. Alþýðusamband Íslands 100 ára, 5. mars til 22. maí 2016, og síðar víðar um land. (Sumarliði R. Ísleifsson)

Auk þess má hér nefna fjölda greina eftir meðlimi stofnunarinnar á Vísindavef Háskólans. Miðstöð einsögurannsóknna

Stjórn

Sigurður Gylfi Magnússon var formaður. Meðstjórnendur voru Már Jónsson og Davíð Ólafsson.

Rannsóknaverkefni

Miðstöð einsögurannsóknna tók þátt í alþjóðlegu rannsóknarverkefni á árinu með fræðimönnum frá Íslandi, Ungverjalandi og Noregi sem nefnist: Working out the curriculum of a joint MA programme 'Microhistory', fjármagnað af Tempus Public Foundation (samstarfsaðilar: Eötvös University, Budapest, Volda University College (Noregi) og ReykjavíkúAkademían).

Miðstöðin hélt á Íslandi alþjóðlega tveggja daga ráðstefnu sem nefndist Methods and

Meaning of Microhistory dagana 27.–30. júní 2016.

Útgáfa

Miðstöðin stóð að útgáfu Sýnisbókar íslenskrar alþýðumenningar en á árinu kom út tvö verk: Jón Ólafur Ísberg og Sigurður Gylfi Magnússon, *Fátækt og fúlga. Þurfalingarnir 1902*. Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar 19 (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2016).

Guðrún Ingólfssdóttir, *Á hverju liggja ekki vorar göfugu kellíngar*. Bókmenning íslenskra kvennafrá miðöldum fram á 18. öld. Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar 20 (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2016).

Siðfræðistofnun

Stjórn og starfslið

Stjórn Siðfræðistofnunar var endurskipuð á árinu og í henni sitja þau Vilhjálmur Árnason prófessor, tilnefndur af námsbraut í heimspeki, formaður, Sólveig Anna Bóasdóttir prófessor, tilnefnd af Guðfræði- og trúarbragðafræðideild, varaformaður, Elínborg Sturludóttir, tilnefnd af kirkjuráði þjóðkirkjunnar, Ástríður Stefánsdóttir dósent, tilnefnd af Kennaraháskóla Íslands, og Haraldur Briem, dósent við Læknadeild, skipaður af háskólaráði án tilnefningar. Salvör Nordal var forstöðumaður í 60% starfshlutfalli. Henry Alexander Henrysson starfaði sem verkefnisstjóri við stofnunina og Jón Bragi Pálsson var ráðinn í tímabundin verkefni Stofnunin starfar innan vébanda Hugvísindastofnunar og á stjórnarformaður sæti í stjórn Hugvísindastofnunar.

Rannsóknir og erlent samstarf

Siðfræðistofnun kom að ýmsum rannsóknarverkefnum á árinu:

Nerri – Neuro-Enhancement: Responsible Research and Innovation í 7. Rammaáætlun ESB. Samtal fræðimanna og almennings. Lokaviðburður í Reykjavík 2016.

Aðild að Cost verkefninu – Citizens' Health through public-private Initiatives: Public health, Market and Ethical perspectives. Styrkt af ESB

Whole Genome Sequencing: Implications for the Nordic Solidaristic Medicine (PopGen). Styrkt af NosHS 2014–2015.

Framhaldsverkefni: Public Health and Personal Genomics. Recent Challenges for Solidarity-Based Health Care (PubGen).

Nordic-Baltic Network for Philosophy of Medicine and Medical Ethics – Stjórnarformaður leiðir þetta samstarfsnet milli Siðfræðistofnana sem var upphaflega styrkt af NordForsk. Fundur í Vilnius 2016.

Society, Integrity and Cyber-security. Styrkt af NordForsk 2017–2019.

Af öðru rannsóknartengdum verkefnum má nefna að stjórnarformaður er í stjórn International Association of Bioethics. Forstöðumaður á sæti í Norrænu lífsiðfræðinefndinni og sótti fjölmarga fundi og málþing á vegum á hennar. Þá hefur hann tekið þátt í Nordic Trial Alliances á vegum Nordforsk og situr í ráðgjafanefnd verkefnisins HUMAN, sem rannsakar öldrun. Stjórnarformaður er aðili að FinCris – Responsibilities, Ethics and the Financial Crisis, sem er þverfaglegt rannsóknarverkefni í samvinnu fræðimanna við háskólana í Birmingham, Warwick, Oxford og fleiri. FinCris er styrkt af Arts and Humanities Research Council (AHRC). Stjórnarformaður situr í ritnefndum tímaritanna *Medicine, Health Care and Philosophy*, *Genomics and Society* og *Etikk i Praksis* og hefur setið í ritstjórn *Nordisk tidsskrift* frá 2007.

Þjónusta

Siðfræðistofnun veitti sem fyrr umsagnir um ýmis lagafrumvörp og skýrslur á árinu og veitti fagfélögum, fyrirtækjum og stofnunum ýmiss konar ráðgjöf, einkum um siðareglur. Unnið hefur verið að þróun vefsíðu stofnunarinnar og síðu á Facebook. Jón Bragi Pálsson hefur m.a. unnið efni á síðuna sem fengið hefur góðar viðtökur. Stofnunin sinnti einnig ráðgjöf um setningu og innleiðingu siðareglna hjá fyrirtækjum, stofnunum og félagasamtökum og hélt fræðsluerindi og námskeið fyrir ýmsar stofnanir og faghópa.

Fyrirlestrar og útgáfa

Af sérstökum viðburðum Siðfræðistofnunar á árinu má nefna að Angus Dawson, prófessor við Sydneyháskóla kom í heimsókn í mars. Í tengslum við á heimsókn varh aldinn fundur um siðfræði og lýðheilsu. Á Hugvísindapingi í mars var haldin málstofa um dauðann. Þá var haldin málstofa um sólarhringsmeðferð í öndunarvél á heimili sjúklinga í samstarfi við Fagráð lungnahjúkrunarfræðinga á LSH og MND félagið. Í lok maí var haldið málþing um heimspeki Páls Skúlasonar og Siðfræðistofnun tók þátt í Fundi fólksins um umhverfismál.

Konfúsíusarstofnunin Norðurljós

Konfúsíusarstofnunin Norðurljós hóf á árinu sitt áttunda starfsár. Stofnunin er kínversk menningarstofnun sem rekin er í samstarfi Háskóla Íslands og Ningbo-háskóla og nýtur stuðnings Hanban, undirstofnunar kínverska menntamálaráðuneytisins.

Stjórn og starfsfólk

Í stjórn Konfúsíusarstofnunar, sem starfar innan vébanda Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, sátu Xu Tiefeng, aðstoðarrektur Ningbo-háskóla, formaður, Chen Yujuan, forstöðukona alþjóðaskrifstofu Ningbo-háskóla, Ástráður Eysteinnsson, forseti Hugvísindasviðs Háskóla Íslands, og Magnús Björnsson, sem jafnframt gegndi stöðu forstöðumanns stofnunarinnar. Ekki hefur enn verið ákveðið hver mun taka sæti Ingjalds Hannibalssonar í stjórn en hann féll frá árið 2014.

Á árinu störfuðu sendikennararnir Jia Yucheng, Liu Kailiang, Wang Xia og Fei Jie við stofnunina, þar eð þau kenndu kínversku við skólann. Aðrir starfsmenn, auk forstöðumanns, voru þau Stefán Ólafsson viðburðastjóri og Þorgerður Anna Björnsdóttir verkefnastjóri.

Kennsla

Meginhlutverk stofnunarinnar er að styðja við kennslu í námsleið í kínverskum fræðum við Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda. Stofnunin vinnur aukinheldur að því að koma á kínverskukennslu víðar í íslensku samfélagi, m.a. í góðu samstarfi við grunn- og framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu. Á síðasta ári varð sprenging í fjölda nemenda í grunnskólum sem nýttu sér kínverskukennslu á vegum stofnunarinnar. Eins hefur stofnunin stutt við kennslu í kínversku í tólmstundaskólum þótt það sé heldur á undanhaldi.

Menningarviðburðir

Viðburðir sem Konfúsíusarstofnun stóð fyrir á árinu voru fjölmargir. Stofnunin hélt sína hefðbundnu nýárshátíð í febrúar í tengslum við kínverska nýárið. Hátíðin tókst afar vel í alla staði og var sem fyrr fjölsótt.

Dagur Konfúsíusarstofnunar var haldinn hátíðlegur í september. Þá hélt píanóleikarinn David Witten tónleika í Kaldalóni í Hörpu þar sem kínversk tónlist eða verk sem voru innblásin af kínverskri menningu voru á dagskrá.

Tungumálamiðstöð

Tungumálamiðstöð Háskóla Íslands starfar undir hatti Hugvísindasviðs en býður öllum nemendum og starfsfólki skólans upp á kennslu í erlendum tungumálum.

Starfslið

Eyjólfur Már Sigurðsson var á árinu, sem fyrr, forstöðumaður miðstöðvarinnar og auk hans störfuðu eftirfarandi nemendur í tímavinnu á árinu: Vanessa Isenmann, Sabine Merlene Sennefelder, Stefanie Bade, Natalia Kovachkina, Ágúst Skorri Sigurðsson og Anita Rübberdt.

Starfsemi

Sem fyrr bauð miðstöðin upp á tungumálanámskeið bæði fyrir nemendur og starfsfólk. Nemendum gafst kostur á að stunda nám í dönsku, frönsku, ítölsku, spænsku og þýsku. Íslenskunámskeið voru haldin fyrir erlenda starfsmenn háskólans, bæði á vormisseri og á haustmisseri, og einnig var starfsmönnum boðið upp á enskunámskeið. Tungumálamiðstöðin hefur um árabil boðið upp á fjarkennslu í íslensku (Icelandic Online PLUS). Miðstöðin hélt að vanda alþjóðlegt stöðupróf í þýsku (TestDaF).

Alþjóðlegt samstarf

Tungumálamiðstöðin á í margs konar samstarfi við erlenda aðila. Hún er meðlimur í CERCLES (Confédération Européenne des Centres de Langues de l'Enseignement Supérieur), sem eru Evrópusamtök tungumálamiðstöðva á háskólastigi.

Forstöðumaður Tungumálamiðstöðvarinnar situr í stjórn Tungumálamiðstöðvarinnar í Graz í Austurríki (ECML, European Centre for Modern Languages). Hlutverk hennar er að efla og styðja við nám og kennslu í tungumálum í Evrópu.

Bókmennta- og listfræðastofnun

Bókmennta- og listfræðastofnun er vettvangur rannsókna og útgáfu á sviði íslenskra bókmennta, almennrar bókmenntafræði, kvikmyndafræði, listfræði, menningarfræði, ritlistar og þýðingafræði. Unnið er að margvíslegum verkefnum á vegum stofnunarinnar og má þar nefna þýðingar, ritstjórn og útgáfu bókmennta og fræðiritra. Stofnunin stendur einnig fyrir málþingum um bókmenntir, ritlistir og bókmenntafræði.

Að Bókmennta- og listfræðastofnun standa allir fastráðnir starfsmenn í Íslensku- og menningardeild sem sinna kennslu og rannsóknum á sviði bókmennta og annarra listgreina við Háskóla Íslands.

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum (SVF) er rannsóknastofnun á Hugvísindasviði Háskóla Íslands. Við stofnunina eru stundaðar rannsóknir í þrettán erlendum tungumálum sem eru kennd við háskólann, þ.e. arabísku, dönsku, ensku, frönsku, grísku, ítölsku, japönsku, kínversku, latínu, rússnesku, spænsku, sænsku og þýsku, ásamt bókmenntum, kvikmyndum og menningu viðkomandi málsvæða. Meginfræðasvið stofnunarinnar eru þýðingar, samanburðarmálvísindi, máltileinkun, menningarfræði, tungumálanám og -kennsla, svæðarannsóknir (Evrópu-, Norðurlanda-, Ameríku-, Mið-Austurlanda- og Asíufræði), samskipti á erlendum tungumálum og erlendar tungur og menning á Íslandi í sögu og samtíð. Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur hóf starfsemi sína í október 2001 og árið 2016 var því fimmtánda starfsár hennar. Að venju hefur starfsemin verið þróttmikil og fjölbreytt. Stofnunin hefur staðið fyrir fjölda viðburða í samvinnu við innlenda og erlenda fræðimenn og vísindastofnanir og áhersla

hefur verið lögð á að auka þekkingu og upplýsta umræðu meðal leikra og lærðra á fræðasviðum stofnunarinnar. Í því skyni hefur stofnunin staðið fyrir ráðstefnum, málþingum og fyrirlestraröðum ásamt útgáfu vef tímaritsins Milli mála – Tímarits um erlend tungumál og menningu og annarra fræðiritra.

Stjórn og starfsmenn

Stjórn stofnunarinnar skipuðu Auður Hauksdóttir formaður, Birna Arnbjörnsdóttir, Oddný G. Sverrisdóttir, Geir Þórarinn Þórarinsson og Guðmundur S. Brynjólfsson, en sá síðastnefndi er fulltrúi doktorsnema í stjórn. Varamenn voru þau Hólmfríður Garðarsdóttir og Gísli Magnússon. Auk stjórnarformennsku gegndi Auður Hauksdóttir starfi forstöðumanns. Stjórnin kom saman fjórum sinnum á árinu.

Ritnefnd stofnunarinnar var skipuð þeim Ásdísi R. Magnúsdóttur og Rebekku Þráinsdóttur, en ritstjórar tímaritsins Milli mála voru þeir Gísli Magnússon og Þórhallur Eypórsson. Guðrún Kristinsdóttir gegndi starfi verkefnisstjóra í fullu starfi og hafði umsjón með daglegum rekstri stofnunarinnar og verkefnum á hennar vegum, en auk þess höfðu þær Valgerður Jónasdóttir og Birna Bjarnadóttir með höndum verkefnisstjórn á vegum SVF.

Ráðstefnur og málþing

Í tilefni þess að 100 ár voru liðin frá því að dönskukennsla hófst við Háskóla Íslands efninámsleið í dönsku til ráðstefnu um danskar bókmenntir og norræn tjáskipti í fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins laugardaginn 9. apríl. Á ráðstefnunni var fjallað um birtingarmyndir Íslands í dönskum bókmenntum og nýjar rannsóknir á norrænum málskilningi.

Dagana 23. og 24. maí stóð Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur fyrir ráðstefnu í Reykholtium tengsl tungumála og menningar á Vestur-Norðurlöndum. Ráðstefnuna sóttu fræðimenn frá Norðurlöndum sem taka þátt í samstarfsneti um þetta efni.

Föstudaginn 11. nóvember stóð SVF fyrir málþingi í samvinnu við ELRC í Safnahúsinu við Hverfisgötu, þar sem fjallað var um vélrænar þýðingar og vélræn samskipti á íslensku.

Aðrir viðburðir

Vigdís Finnbogadóttir fv. forseti Íslands og Jón Atli Benediktsson rektor Háskóla Íslands lögðu hornstein að húsi Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum þann 19. júní – réttindadegi kvenna – að viðstöddu fjölmenni. Við þetta tækifæri fluttu þau einnig stutt ávörp og karlakórinn Fóstbræður söng nokkur lög. Athöfninni stjórnaði Auður Hauksdóttir, forstöðumaður SVF.

Í tilefni Evrópska tungumáladagsins 26. september stóð Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur fyrir hátíðardagskrá í samvinnu við mennta- og menningarmálaráðuneytið og STÍL – Samtök tungumálakennara á Íslandi í Hátíðarsal Háskóla Íslands undir yfirskriftinni „Þýðingar, tungumálakunnátta og heimsmýnd okkar“.

Útgáfa

Milli mála – Tímarit um tungumál og menningu kom út í áttunda sinn á árinu og í annað sinn í opnum aðgangi á <http://millimala.hi.is/is/> Ritstjórar voru þau Gísli Magnússon dósent í dönsku og Þórhallur Eypórsson prófessor í ensku.

Í lok ársins kom út hjá Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur og Háskólaútgáfunni bókin Heimar mætast. Smásögur frá Mexíkó. Hún hefur að geyma sextán smásögur eftir jafnmarga höfunda og spanna þær tímabilið frá 1952 til 2009. Sögurnar veita innsýn í hið fjölbreytta mannlíf í Mexíkó þar sem ólíkir menningarheimar og ólíkir tímar mætast. Kristín Guðrún Jónsdóttir lektor í spænsku valdi sögurnar og þýddi auk þess sem hún skrifaði inngang að verkinu. Ritstjóri bókarinnar er Erla Erlendsdóttir dósent í spænsku.



Menntavísindasvið

Almennt yfirlit og stjórn

Á Menntavísindasviði eru fjórar deildir: Deild faggreinakennslu, Deild menntunar og margbreytileika, Deild kennslu- og menntunarfræði og Deild heilsueflingar, íþróttar og tómstunda

Kolbrún Þorbjörg Pálsdóttir er forseti Menntavísindasviðs. Í stjórn fræðasviðsins eru deildarforsetar, ásamt sviðsforseta, og þeir voru:

- Freyja Hreinsdóttir er forseti Deild faggreinakennslu, Varadeildarforseti Helga Rut Guðmundsdóttir
- Ingólfur Ásgeir Jóhannesson er forseti Deild menntunar og margbreytileika, Varadeildarforseti: Guðrún Valgerður Stefánsdóttir
- Jónína Vala Kristinsdóttir er forseti Deild kennslu- og menntunarfræði, Varadeildarforseti Deildar kennslu- og menntunarfræði Kristín Jónsdóttir
- Anna Sigríður Ólafsdóttir er forseti Deild heilsueflingar, íþróttar og tómstunda, Varadeildarforseti Ársæll Már Arnarsson
- Kolbrún Lára Kjartansdóttir var fulltrúi nemenda í stjórn sviðsins á vormisseri og Sigurður Vopni Vatnsdal fulltrúi nemenda á haustmisseri. Stjórn sviðsins fundaði 19 sinnum á árinu

Eftirtaldir hlutu framgang á árinu

Kristján Jóhann Jónsson í starf prófessors við Menntavísindasvið
Helga Rut Guðmundsdóttir í starf prófessors við Deild faggreinakennslu
Sólveig Jakobsdóttir í starf prófessors við Deild faggreinakennslu
Þuríður Jóna Jóhannsdóttir í starf prófessors við Deild faggreinakennslu
Svanborg Rannveig Jónsdóttir í starf prófessors við Deild menntunar og margbreytileika

Stjórnsýsla og stoðþjónusta

Skrifstofa Menntavísindasviðs veitir nemendum og kennurum alla almenna þjónustu og starfsfólk skrifstofunnar sér einnig um margvísleg verkefni fyrir hönd sviðsins, s.s. fjármál, kennslumál, þjónustu við nemendur, markaðs- og kynningarmál, umsjón með upplýsingatæknimálum, starfsmannamál, þjónustu við rannsóknir kennara og skjalavistun.

Sviðsskrifstofa

Á Menntavísindasviði er starfrækt skrifstofa með stoðþjónustukjarna undir stjórn forseta fræðasviðsins. Á skrifstofunni er tekið við erindum til forseta og rekstrarstjóra sviðsins og þar er einnig miðstöð kynningarmála, fjármála og starfsmannamála á sviðinu. Skrifstofan er til húsa í Múla, Stakkahlíð. Haldnir voru starfsmannafundir og upplýsingafundir með starfsfólki eftir þörfum og forseti (ar) sendu upplýsingapistla til allra starfsmanna sviðsins reglulega.

Starfsfólk sviðsskrifstofu auk forseta;
Björg Gísladóttir rekstrarstjóri,
Sólveig María Þorlákssdóttir fjármálastjóri,
Lára Rún Sigurvinsdóttir mannauðsstjóri,
Ingunn Eypórsdóttir markaðs- og kynningarstjóri,
Lóa Wilberg verkefnisstjóri.

Auk þeirra þrír aðstoðarmenn, Gísli Björnsson, Jóhann Magnússon og Ragnar Smáráson.

Kennsluskrifstofa

Á kennsluskrifstofu er verkefnastjórar sem sinna skilgreindum verkefnum sem tengjast starfsemi sviðsins og fjórir deildarstjórar, einn fyrir hverja deild Menntavísindasviðs. Deildarstjórnir sjá m.a. um að halda utan um námsferla nemenda, mat á fyrra námi, vinna í kennsluskrá, inntökumálum, brautskráningu og svara fyrirspurnum frá nemum, kennurum og umsækjendum. Verkefnastjórar sjá um stundatöflugerð, stofubókanir, umsjón með stórum hluta vettvangsnáms á sviðinu og umsýslu sem tengist hvatningarstyrkjum sem mennta- og menningarráðuneytið greiðir. Kennsluskrifstofa kemur einnig að ýmsum þáttum sem tengjast lokaverkefnum grunnnema, meistaranema og doktorsnema. Alla almenna þjónustu geta nemar, kennarar og deildir fengið á kennsluskrifstofu. Kennsluskrifstofa er á fyrstu hæð í Enni, Stakkahlíð. Hún er opin frá 8:15-15:00 alla virka daga.

Starfsfólk kennsluskrifstofu;

- Anna María Hauksdóttir verkefnastjóri
- Auður Óskarsdóttir verkefnastjóri
- Ágústa Rós Björnsdóttir verkefnastjóri
- Bryndís Garðarsdóttir deildarstjóri
- Elín Jóna Þórsdóttir verkefnastjóri
- Guðrún Svava Guðmundsdóttir verkefnastjóri
- Helena Gunnarsdóttir verkefnastjóri
- Íris Árnadóttir verkefnastjóri
- Jóhanna Karitas Traustadóttir deildarstjóri
- Renata Emilsson Peskova verkefnastjóri
- Sigríður Pétursdóttir deildarstjóri
- Sigurlaug María Hreinsdóttir deildarstjóri
- Sólrún Björg Kristinsdóttir verkefnastjóri
- Védís Grönvold, kennslustjóri

Á skrifstofunni störfuðu einnig fjórir deildarstjórar og verkefnastjórar sem sáu um nærbjónustu við deildir sviðsins (sjá nánar umfjöllun um deildir).

Deild faggreinakennslu, Deildarstjóri, Sigríður Pétursdóttir

Deild menntunar og margbreytileika, Deildarstjóri, Jóhanna Karitas Traustadóttir

Deild kennslu- og menntunarfræði, Deildarstjóri, Bryndís Garðarsdóttir

Deild heilsueflingar, íþróttar og tómstunda, Deildarstjóri, Sigurlaug María Hreinsdóttir

Á kennsluskrifstofu voru reglubundnir starfsmannafundir, auk vikulegra samráðsfunda rekstrarstjóra með deildarstjórum.

Forseti hélt einnig upplýsingafundi með starfsfólki á skrifstofu sviðsins og sendi upplýsingapistla til allra starfsmanna sviðsins vikulega.

Þing Menntavísindasviðs

Þing Menntavísindasviðs var haldið 14. maí kl. 13.00, forseti Menntavísindasviðs, Kolbrún Pálsdóttir, setti þingið og fór yfir það sem helst var á döfni sl. ár. Tryggvi Thayer kennsluþróunarstjóri var með fyrirlestu, Kennsluhættir í háskóla framtíðarinnar. Haldin var vinnusmiðja og síðar voru pallborðsumæður um samfélagsleg áhrif háskóla. Daði Már Kristófersen var með fyrirlestur sem hann nefndi Hvernig getur Háskóli Íslands stutt við virkni starfsfólks? Þinginu var slitið kl. 16.00

Nefndir og stjórnir

Fulltrúar Menntavísindasviðs í stjórnnum og nefndum:

Doktorsnámsnefnd Menntavísindasviðs: Gestur Guðmundsson (formaður), Arna H. Jónsdóttir, Helga Rut Guðmundsdóttir, Ársæll Már Arnarsson, Atli V. Harðarson, Sólrún B. Kristinsdóttir og Bjarnheiður Kristinsdóttir (fulltrúi nemenda).

Jafnréttisnefnd Menntavísindasviðs var skipuð eftirtöldum: Brynja Elísabeth Halldórsdóttir (formaður) Svava Pétursdóttir, Jakob Frímann Þorsteinsson, Lára Rún Sigurvinsdóttir, Jónína Sigurðardóttir (fulltrúi nemenda)

Kennslunefnd Menntavísindasviðs var skipuð eftirtöldum: Ragný Þóra Guðjohnsen (formaður) Eyggló Rúnarsdóttir, Sigríður Ólafsdóttir, Torfi Hjartarson, Svanhildur Tekla Bryngeirsdóttir (fulltrúi nemenda) og Ásdís Hrefna Haraldsdóttir

Vísindanefnd Menntavísindasviðs var skipuð eftirtöldum: Annadís Rúdólfssdóttir (formaður), Börkur Hansen, Eyrún María Björnsdóttir (fulltrúi doktorsnema), Sigríður Lára Guðmundsdóttir, Kristín Harðardóttir og Berglind Gísladóttir.

Fastanefnd um meistaranám: Svanborg R Jónsdóttir formaður, Halldóra Vanda Sigurgeirsdóttir, Hrönn Pálmadóttir, Haukur Arason, Sigríður Fossberg Thorlacius (fulltrúi nemenda), Renata Emilsson Pesková (fulltrúi stjórnar MVS)

Fagráð um kennaramenntun: Kolbrún Þ. Pálsdóttir, Kristín Karlsdóttir, Jón Ingvar Kjarran og Freyja Hreinsdóttir, Kolbrún Lára Kjartansdóttir (fulltrúi nemenda) og Þórdís Lilja Gísladóttir, Oddný Sturludóttir.

2019 - Starfshópur á vegum mennta- og menningarmálaráðherra - Mótun stefnu um menntun barna og ungmenna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. Fulltrúar MVS voru: Jóhanna Einarsdóttir, prófessor – formaður og Sigríður Ólafsdóttir, lektor.

Fulltrúi Menntavísindasviðs í Framgangsnefnd var Jóhanna Einarsdóttir prófessor

Fulltrúar á háskólaþingi 2018 (nóvember), 2019 (maí, október) og 2020 (júní):

Ásdís Ósk Jóelsdóttir

Kristín Jónsdóttir

Sigurður Konráðsson

Varafulltrúar:

Amalía Björnsdóttir

Anna Kristín Sigurðardóttir

Berglind Rós Magnúsdóttir

Guðbjörg Pálsdóttir

Puríður Jóna Jóhannsdóttir

Auk þeirra á forseti sviðsins sæti á háskólabíngi, sem og forsetar deilda.

Nám og kennsla

Menntavísindasvið leggur áherslu á að bjóða sem mest af námskeiðum bakkalárnáms (grunnnáms) á sviðinu bæði í staðnámi (hefðbundnum dagskóla) og í fjarnámi með staðbundnum lotum.

Margar af bakkalárnámsleiðum Menntavísindasviðs er hægt að stunda frá upphafi til enda í fjarnámi með staðbundnum lotum, en í öðrum tilfellum er nauðsynlegt að taka a.m.k. sum námskeið á leiðunum í staðnámi sem krefst viðveru allt misserið sem þau eru tekin. Við árlega skráningu geta nemendur valið að skrást í námskeið annað hvort í fjarnámi með staðbundnum lotum eða í staðnámi. BS-nám í íþróttfræði er þó að öllu leyti skipulagt sem staðnám.

Námskeið í fjarnámi með staðbundnum lotum fara þannig fram að nemendur mæta að jafnaði tvisvar á misseri í staðlotur en þess á milli eru nemendur og kennarar í tölvusamskiptum. Staðlotur eru yfirleitt í upphafi og um miðbik misseris.

Á mörgum námsleiðum er vettvangsnám. *Skyldumæting er í nám á vettvangi.*

Þegar um skyldumætingu er að ræða í námskeiðshlutum öðrum en vettvangsnámi er það sérstaklega tekið fram í námskeiðslýsingu. Mælt er til þess að nemendur mæti í allar staðlotur og láti vita af forföllum.

Nám á meistarastigi

Námskeið á meistarastigi eru ýmist kennd í staðnámi (vikulegir tímar) eða í fjarnámi með staðbundnum lotum. Staðlotur eru *að jafnaði* tvær á hverju misseri.

Vettvangsnám

Mismunandi skipulag er á vettvangsnámi eftir því um hvaða námsleið er að ræða. Almennt má þó segja að nemandi verji einni viku (um 30 tímum, yfirleitt á dagvinnutíma) á vettvangi fyrir hverjar tvær vettvangseiningar. Fjöldi vettvangseininga kemur fram í skipan náms á hverri leið og vettvangstímabil koma fram í mikilvægum dagsetningum hvernar deildar/brautar.

Próf

Nemendur sem skráðir eru í námskeið í staðnámi taka próf sín í húsnaði Háskóla Íslands í Reykjavík. Þeir nemendur sem óska eftir að þreyta fjarpróf hafi samband við Miðstöð fjarprófa, fjarprof@hi.is.

[Nánari upplýsingar um fjarpróf má sjá hér.](#)

Upplýsingar um fyrirkomulag náms og kennslu

Nánari lýsingar á skipan náms (þ.m.t. vettvangsnáms) á hverri námsleið og í hverju námskeiði er að finna í köflum deilda og námskeiðalýsingum í kennsluskrá og á ytri vef Menntavísindasviðs.

Námskeið sem kennd eru í fjarnámi eru merkt með hnetti í kennsluskrá (sjá upplýsingar um táknmyndir í kennsluskrá).

Ef námskeið er ekki merkt með hnetti í kennsluskrá er það eingöngu skipulagt sem staðnám.

Stundatöflur nemenda birtast í UGLU undir flípanum *stundataflan mín*.

Kennslualmanak í kennsluskrá inniheldur almennar upplýsingar fyrir alla nemendur HÍ um kennslu-, prófa- og skráningartímabil.

Mikilvægar dagsetningar í hverri deild eða fyrir hverja námsbraut greina frá dagsetningum staðbundinna lota í grunnnámi, vettvangs- og verkefnavikum o.fl.

Þjónusta við nám og kennslu í Menntasmiðju

Stuðningur við námsumsjón í Moodle og Uglu í samstarfi við Kennslumiðstöð.

Tækniþjónusta við upptökur í kennslustundum, í hljóðklefa og vinnuaðstöðu kennara. Kennarar gera efnið aðgengilegt nemendum með leiðsögn tæknimanna. Starfsmaður Kennslumiðstöðvar, með aðsetur í Menntasmiðju, veitir þjónustuna í samstarfi við Menntasmiðju.

Einstaklingsaðstoð við kennara við notkun upplýsinga- og samskiptatækni í kennslu t.d. margmiðlun og rauntímasamskipti.

Tæknilegar og kennslufræðilegar leiðbeiningar fyrir nýja kennara um fyrstu skrefin við námsumsjónarkerfi. Aðstoð við þá sem eru lengra komnir við að efla tækniumgjörð kennslunnar.

Námskeið og þróunarstarf um upplýsinga- og samskiptatækni í þágu náms og kennslu í samvinnu við kennara, Kennslumiðstöð og aðra háskóla.

- reglur um námið: https://www.hi.is/menntavísindasvið/log_og_reglur_menntavísindasvið

Bókasafn Menntavísindasviðs

Bókasafn Menntavísindasviðs Háskóla Íslands er sérhæft safn á sviði uppeldis, kennslu, umönnunar og þjálfunar. Helstu viðfangsefni safnsins eru að veita faglega þjónustu, byggja upp vandaðan safnkosti sem styður við nám, kennslu og rannsóknir, og kennsla og þjálfun í upplýsingalæsi.

Starfslið

Starfsmenn safnsins eru sex í 5,55 stöðugildum. Forstöðumaður bókasafns er Gunnhildur Björnsdóttir.

Safnkostur

Safnkostur bókasafns Menntavísindasviðs er fjölbreyttur og telur rúmlega 91 þúsund skráð eintök í Gegni. Innlend og erlend fræðirit, kennslubækur og handbækur vega þýngst, en safnið hefur einnig að geyma fagurbókmenntir og fræðirit á flestöllum fræðasviðum. Sérstök áhersla er lögð á varðveislu og aðgengi að ritum um íslensk uppeldis- og menntamál. Bókasafnið býður að auki aðgang að margvíslegu rafrænu efni svo sem rafrænum tímaritum og greinum og rafbókum, bæði með séráskriftum og í gegnum landsaðgang. Ný aðföng á árinu eru 1.204 eintök. Þar af eru 290 lokaverkefni nemenda og 88 tímarit í áskrift. Safnkosturinn er skráður í Gegni og aðgengilegur á leitir.is.

Kennslugagnasafn

Í bókasafninu er sérstakt kennslugagnasafn þar sem safnað er öllu námsefni grunnskóla. Boðið er upp á kynningar á kennsluefni fyrir vettvangsnám í samvinnu við kennara.

Skemman og Opin vísindi

Bókasafnið er aðili að tveimur rafrænum varðveislusöfnum, Skemmuni og Opnum vísindum. Skemman er einkum ætluð fyrir lokaverkefni en þar hafa einnig verið varðveitt rannsóknarit kennara og fræðimanna. Frá árinu 2007 til ársloka 2019 hafa 4.047 lokaverkefni nemenda á Menntavísindasviði verið vistuð þar og er aðgangur opinn að þeim flestum. Þar eru jafnframt varðveittar 399 skýrslur og greinar eftir kennara sviðsins. Í Opnum vísindum eru vistaðar frá Menntavísindasviði, 116 greinar úr bókum og tímaritum eftir starfsmenn, 12 doktorsverkefni og þrjár rafbækur.

Útlán

Heildarfjöldi útlána og endurnýjana á árinu samkvæmt Gegni er 26.315. Inn í þessar tölur vantar notkun á handbókum og ýmsum tímaritum, einnig rafrænum skýrslum, rafbókum og handbókum á háskólanetinu. Sóttar voru 1.672 greinar úr sjö tímaritum sem einungis eru keypt rafræn í séráskrift. Þá er ótalin notkun á greinum sem fást gegnum landsaðgang eða eru aðgengilegar í opnum aðgangi.

Þjónusta

Starfsfólk bókasafnsins veitir nemendum aðstoð og leiðbeinir um heimildaleit í gagnasöfnum og handbókum. Lögð er áhersla á að fjarnemar búsettir utan höfuðborgarsvæðisins njóti sambærilegrar þjónustu og aðrir nemendur.

Kennurum, fræðimönnum og rannsóknarstofum við skólann er boðin margþætt þjónusta sem styður við menntarannsóknir. Má þar nefna aðstoð við heimildaleit, heimildaskráningu, skráningu birtra verka og árvekiþjónustu úr rafrænum tímaritum og gagnagrunnum.

Bókasafn Menntavísindasviðs útvegar notendum sínum í millisafnaláni, ljósrít af greinum sem ekki eru til í safninu og/eða rit frá erlendum bókasöfnum og söfnum utan höfuðborgarsvæðisins. Safnið fékk á árinu 74 rit að láni og lánaði 42 út.

Notendafræðsla

Eitt af meginmarkmiðum safnsins er að efla sjálfstæði nemenda við upplýsingaöflun. Kynningar og fræðsla í upplýsingalæsi, notkun einstakra gagnasafna og heimildarskráningarforrita er því mikilvægur þáttur starfseminnar. Safnið stendur fyrir notendafræðslu á mismunandi námskeiðum

ýmist í samvinnu við kennara, samstarfi við ritver, eða upp á eigin spýtur. Þá er boðið upp á námskeið og kynningar ætlaðar afmörkuðum hópum, fyrir framhaldsnema og kennara, vegna lokaverkefna, auk einkakennslu. Alls nutu 2.055 nemendur notendafræðslu í einhverri mynd á árinu.

Vefur

Vefur bókasafnsins (bokasafn.hi.is) er uppfærður reglulega og þar má finna upplýsingar um starfsemi og safnkost, birtingar starfsmanna Menntavísindasviðs, tengla í gagnasöfn, rafrænt efni og ýmsar leiðbeiningar um heimildaleit og heimildaskráningu. Bókasafnið dreifir einnig gagnlegum upplýsingum og áhugaverðu efni á helstu samskiptavefjum.

Aðstaða

Í bókasafninu er góð vinnuaðstaða í opnu rými, bæði fyrir einstaklinga og hópa. Einnig eru leigð út þrjú lesherbergi fyrir einstaklinga og eitt hópvinnuherbergi.

Samstarf

Bókasafnið á gott samstarf við önnur bókasöfn Háskóla Íslands og ritver og starfsmenn safnsins taka þátt í ýmsu samstarfi meðal háskólabókasafna. Safnið á fulltrúa í vinnuhópi um upplýsingalæsi, verkefnisstjórn Skemmunnar, verkefnisstjórn Opinna vísinda og bókasafnshóp NUAS (Det Nordiska Universitets Administratörs Samarbetet).

Góð samvinna er við Menntavísindastofnun og í samvinnu við hana eru í safninu settar upp kynningar á námsefni einstakra námsgreina auk standandi sýningar á öllu námsefni grunnskóla.

Ritver

Stjórn ritvers og starfsmenn

Ritver Menntavísindasviðs er miðstöð þekkingar, þjónustu og rannsókna á sviði fræðilegra skrifa fyrir stúdenta og starfsfólk. Ritverið er staðsett í opnu rými innst á bókasafni Menntavísindasviðs – Hamri, og hefur þar til umráða skrifborð, tölvu, síma og bókahillu. Góð samvinna er við bókasafnið. Enn fremur hefur ritver Menntavísindasviðs verið með starfsstöð á Þjóðarbókhöllu þar sem rekin er sameiginleg ritversþjónusta með ritveri Hugvísindasviðs.

Forstöðumaður ritvers er Randi W. Stebbins. Aðrir starfsmenn á árinu voru Berglind Hrönn Einarsdóttir, Sigríður H. Jónasdóttir og Tryggvi Rúnar Brynjarsson. Auk þeirra störfuðu í ritverinu á vormisseri: Kristján Guðmundsson, Margrét Ann Thors og Renata Emilsson Peškova. Á haustmisseri störfuðu í ritverinu: Fanney Benjamínsdóttir, Liina Maria og Telma Tórshamar. Samtals störfuðu tíu manns í ritverinu á árinu, sjö á hvoru misseri.

Ný stjórn ritvers var skipuð í ágúst 2018. Formaður var Baldur Sigurðsson dósent en aðrir í stjórn voru: Gunnhildur K. Björnsdóttir forstöðumaður bókasafns, Anna María Hauksdóttir verkefnisstjóri, Karen Rut Gísladóttir lektor, og Rúna Sif Stefánsdóttir doktorsnemi. Stjórnin kom saman þrisvar á árinu en forstöðumaður var í nánu sambandi við formann stjórnar.

Reglubundin starfsemi

Reglubundin starfsemi ritvers er margþætt, miðlun upplýsinga, ráðgjöf og námskeiðahald:

Vefurinn gegnir sívaxandi hlutverki í miðlun og samskiptum. Í tengslum við starfsemi ritvers eru nokkur vefsvæði:

Heimasíða með undirsíðum (<http://ritver.hi.is>). Opinbert viðmót ritvers, fróðleikur, leiðbeiningar, samskipti og tilkynningar um viðburði.

Leiðbeiningavefur um meðferð heimilda skv. útgáfureglum APA (<http://skrif.hi.is/ritver/>).

Ritver Mvs notar fésbókarsíður til samskipta við nemendur og einstaka hópa:

Opin fésbókarsíða ritvers (<https://www.facebook.com/Ritver.Menntavisindasviðs>) þar sem auglýstir eru viðburðir og svarað almennum fyrirspurnum.

Fésbókarsíða fyrir alla meistaranema á Menntavísindasviði (<https://www.facebook.com/groups/193088761059220/>).

Fésbókarsíður fyrir þátttakendur í vinnustofum ritvers fyrir meistaranema, (<https://www.facebook.com/groups/1387296528032771/>) sem fésbókarsíða fyrir alla meistaranema á Menntavísindasviði tók þó yfir á árinu.

Fésbókarsíða fyrir doktorsnema, HÍ PhD Writers' Date (<https://www.facebook.com/groups/169160876874569/>).

Fésbókarsíða fyrir nemendur við Háskóla Íslands sem skrifa á íslensku en hafa annað móðurmál, og hafa fengið sérstakan stuðning í ritverinu (<https://www.facebook.com/groups/530877697741142>).

Enn fremur tengist ritverið tveimur vefsvæðum í samvinnu við ritver Hugvísindasviðs:

Leiðbeiningavefur um meðferð heimilda skv. útgáfureglum Chicago (<https://vefir.hi.is/chicagoleidbeiningar/>).

Leiðbeiningavefur um fræðileg skrif (<https://ritun.hi.is/>).

Ráðgjafarfundir: Kjarni í starfsemi ritvers er einstaklingsbundin ráðgjöf við stúdenta með námskeiðsverkefni eða lokaverkefni í smíðum.

Námskeið og vinnustofur: Aðaláhersla er lögð á vinnustofur fyrir meistara- og doktorsnema með lokaverkefni í smíðum.


Húsnæðismál

Starfsemi Menntavísindasviðs fer að mestu leyti fram í höfuðstöðvum sviðsins við Stakkahlíð og í list- og verkgreinahúsi við Skipholt 37. Verkleg kennsla í íþrótt- og heilsufræði fer fram í Laugardal þar sviðið leigir frábæra aðstöðu til íþróttaiðkunar. Nemendur í náminu hafa einnig aðgang að líkamsrækarstöð World Class í Laugardal. Fjarlægð MVS frá háskólasvæðinu torveldar samstarf og er unnið að því að finna sviðinu framtíðarhúsnæði þar.

Rektor Háskóla Íslands skipaði starfshóp um framtíðarhúsnæði Menntavísindasviðs. Starfshópurinn er skipaður til eins árs í senn eða til 1. desember 2019. Gert er ráð fyrir að starfshópurinn skili áfangaskýrslu til rektors innan sex mánaða og lokaskýrslu að einu ári liðnu. Einnig er starfshópnum gert að veita umsögn um mál sem rektor beinir til hópsins og varða húsnæði Menntavísindasviðs.

Hópurinn skipa: Kolbrún Þ. Pálsdóttir, forseti Menntavísindasviðs og formaður, Steinunn Gestsdóttir, aðstoðarrektor kennslumála og þróunar og varaformaður, Erlingur S. Jóhannsson prófessor, Deild heilsuefningar, íþrótt- og tómsunda, Hanna Ólafsdóttir lektor, Deild faggreinakennslu, Svanborg R. Jónsdóttir dósent, Deild menntunar og margbreytileika, Svava Pétursdóttir lektor, Deild kennslu og

menntunarfræði, Kolbrún Lára Kjartansdóttir, fulltrúi nemenda, Guðmundur R. Jónsson, framkvæmdastjóri sameiginlegrar stjórnsýslu HÍ og Sigríður Sigurðardóttir, sviðsstjóri framkvæmda- og tæknisviðs. Með hópnum starfar Sigurlaug I. Lövdahl, skrifstofustjóri framkvæmda- og tæknisviðs.



Markaðs- og kynningarmál

2019

Menntavísindasvið tók þátt í Háskóladeginum sem haldinn var 2. mars. Þar kynntu fimm fræðasvið HÍ grunnám í Aðalbyggingu, Háskólatorgi, Gimli og í Öskju. Kennarar og nemendur Menntavísindasviðs kynntu námsleiðir við sviðið á Háskólatorgi auk þess sem fjölmargir viðburðir og uppákomur voru í boði fyrir fólk á öllum aldri. Að Háskóladegi loknum var grunn- og framhaldsnám kynnt víða um land. Kynningarstjóri fór ásamt nemendum sviðsins í framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu eða tók á móti framhaldsskólanemum í húsakynnum Menntavísindasviðs og kynnti námið.

Framhaldsnám skólans var kynnt 21. mars undir yfirskriftinni **Grunnám – hvað svo?**. Sérfræðingar deilda og sviða tóku á móti gestum og kynntu þær fjölmörgu námsleiðir sem í boði eru.

Stjórnvöld réðust í aðgerðir til að fjölga kennaranemum og starfandi kennurum á vormisseri 2019. Aðgerðirnar fólu í sér að kennaranemar í leik- og grunnskólakennaranámi geta verið í launuðu starfsnámi í 50% starfshlutfalli á lokaári kennaranáms, séu þeir með starf í skóla. Kennaranemar á lokaári fá hvatningarstyrk frá stjórnvöldum að upphæð 800.000 krónur, til þess að fá aukið fjárhagslegt svigrúm til að sinna ýmist lokaverkefni eða til að ljúka náminu með námskeiðum. Kennaranemum fjölgaði umtalsver vorið 2019.

Innsetningarfyrirlestrar

Þann 28. febrúar flytur Steinunn H. Lárusdóttir, prófessor við Menntavísindasvið, erindi í tilefni að framgangi sínum.

Málþing til heiðurs Dagnýju Kristjánsdóttur og Kristjáni Jóhanni Jóhannssyni, Laugardaginn 1. júní kl. 13

Afmælimálþing til heiðurs Sigrúnu Aðalbjarnardóttur var haldið 14. nóvember í Skriðu

Ráðstefnur, fyrirlestrar og málstofur

16. janúar Er ég að klúðra þessu? — Fræðslukvöld fyrir foreldra

8. febrúar Ráðstefna: Framhaldsskólinn í brennidepli

27. febrúar Óvissa um leiðsagnargildi gagna Jón Torfi Jónasson, prófessor emeritus við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, hefur framsögu og umræðustjóri er Anna María Gunnarsdóttir, varaformaður Kennarasambands Íslands.

21. mars Ákall samtíðar og framtíðar – velferð ungs fólks Í tilefni af útkomu bókar Sigrúnar Aðalbjarnardóttur prófessors Lífssögur ungs fólks – Samskipti, áhættuhegðun og styrkleikar

22. mars Börn og samskipti á internetinu: Áskoranir og tækifæri. Aðalfyrirlesari er Fred Langford, forseti INHOPE, alþjóðlegra regnhlífásamtaka ábendingalína og aðstoðarframkvæmdastjóri Watch Foundation.

3. apríl Jafnrétti fyrir alla - jafnréttisfræðsla í framhaldsskólum. Af hverju er jafnréttisfræðsla fyrir framhaldsskóla mikilvæg? Gísli Björnsson og Ragnar Smáráson verkefnastjórar verkefnisins Jafnrétti fyrir alla halda erindi um verkefnið sem hefur verið starfrækt við Menntavísindasvið frá árinu 2015.

4. apríl Saga jaðaríþrótta. Matt McDowell heldur hádegiserindi á vegum Námsbrautar í Íþrótta- og heilsufræði. Matt er lektor í stefnumótun íþrótta og alþjóðlegri þróun við Edinborgarháskóla. Hann er enn fremur formaður bresku íþróttasögusamtakanna (British Society of Sports History).

5. apríl Samstarf við foreldra grunnskólabarna með annað móðurmál en íslensku. Málþing á vegum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og Rannsóknastofu í fjölmenningsfræðum við Háskóla Íslands.

4. júní Skóli án aðgreiningar – réttlætisbarátta eða sparnaðaraðferð? Dr. Gunnlaugur Magnússon mun fjalla um hugtakið “inclusive education”, eða “skóli án aðgreiningar” frá ýmsum sjónarhornum.

7. júní Yfirmaður menntamála hjá OECD til Íslands. Dr. Andreas Schleicher, mun ræða um stöðu Íslands samanborið við aðrar þjóðir

14. ágúst Snjallt skólastarf – möguleikar og áskoranir nýrrar tækni. Ágústráðstefna Samtaka áhugafólks um skólaþróun verður haldin þann 14. ágúst í samstarfi við RANNUM. Þar verður snjalltæknin til skoðunar, möguleikar hennar, áskoranir og sóknarfæri.

15. ágúst Staðurinn fyrir útímenntun. Mark Leather er dósent í ævintýramenntun og útinámi við Plymouth Marjon háskólann í Bretlandi. Hann sérhæfir sig í reynslunámi og hefur síðan 2014 verið í ánægjulegu samstarfi við Háskóla Íslands.

9. september Eitthvað er sérkennilegt: Staða, straumar og áskoranir í sérkennslu í Japan. G. istiprófessorinn Oliver Belarga frá Kansai-háskóla í Japan flytur erindi um stöðu, nýlega stefnumótun og áskoranir sérkennslu í Japan.

10. september Framfarir í eigindlegum rannsóknaraðferðum: litið um öxl til betri framtíðar? Virginia Braun frá Háskólanum í Auckland á Nýja-Sjálandi flytur erindi um framfarir í eigindlegum rannsóknaraðferðum.

13. september Þekking til sölu? - Vantrúin á vísindi, ris hennar (og fall) Er þekking söluvara? Eru háskólar reknir eins og smjörlíkisverksmiðjur? Er menntun einkahagsmunir eða almannahagsmunir? Eru nemendur neytendur á markaði? Þessum spurningum og fleirum verður velt upp í fyrirlestraröðinni Þekking til sölu? Markaðsvæðing akademíunnar.

4. október Farsæld sem markmið menntunar. Kristján Kristjánsson, prófessor í heimspeki við Háskólann í Birmingham, flytur aðalerindi Menntakviku.

18. október Kynferðislegt ofbeldi - forvarnir og fræðsla. Forsætisráðuneytið, í samvinnu við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, boðar til opins málþings um forvarnir og fræðslu varðandi kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni.

21. október Rannsóknir á barnavernd í Noregi — Viðmiðunarmörk fyrir ákvarðanir um eftirlit. Fyrirlestur með dr. Sven Arild Vis dósent frá háskólanum í Tromsø Noregi. Rannsóknir um barnavernd í Noregi - viðmiðunarmörk fyrir ákvarðanir um eftirlit.

25. október Eigum við að fara á bjarndýraveiðar? — Málþing til heiðurs Ásu Helgu Ragnarsdóttur.

30. október Krílastund! Töfrar barnabóka — Málörvun og bernskulæsi. Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir lektor fjallar um barnabækur, bernskulæsi og málörvun ungra barna.

8. nóvember Hugurinn ber mig hálf leið — málþing um bernskulæsi. Bókmenntaborgin Reykjavík stendur fyrir, í samvinnu við SÍUNG - félag barnabókahöfunda, Fyrirmynd - félag myndhöfunda og Menntavísindasvið HÍ, fyrir málþingi um bernskulæsi í víðum skilningi.

11. nóvember Ráðstefna um hlutverk leiðsagnarkennara í norrænu skólakerfi. Norræn ráðstefna um störf og hlutverk leiðsagnakennara í skólasterfi á Norðurlöndum verður haldin í Reykjavík dagana 11. og 12. nóvember næstkomandi. Yfirskrift ráðstefnunnar er: Hlutverk leiðsagnarkennara á Norðurlöndum.

13. nóvember Ný tækifæri og áskoranir í erlendri tungumálakennslu. Gestafyrirlesarinn Kaisa Hahl frá Háskólanum í Helsinki flytur erindi um nýjar áskoranir og tækifæri fjölmeningarsamfélaga varðandi erlenda tungumálakennslu.

14. nóvember Er ég að klúðra þessu? — Fræðslukvöld fyrir foreldra.

18. nóvember Kynslóðin sem erfir loftslagsvandann — skólakerfi í viðmiðaskiptum. Menntavísindasvið Háskóla Íslands hrindir af stað nýrri fyrirlestraröð um loftslagshamfarir og hlutverk menntakerfisins. Á fyrsta fundinum munu Andri Snær Magnason, rithöfundur og Gunnhildur Óskarsdóttir, baráttukona og dósent við Deild kennslu- og menntunarfræði, fjalla um kynslóðina sem erfir loftslagsvandann.

Lærum með leiðtogum - fyrirlestraröð

- **23. janúar** Alda Karen: Framtíðarleiðtogar
- **13. febrúar** Kristín Gísladóttir: Verum #huguð
- **6. mars** Þorsteinn V. Einarsson: Leikreglur karlmennskunnar

Menntun framhaldsskólakennara

Skýrsla námsstjórnar um menntun framhaldsskólakennara

fyrir háskólaárið 2019 til 2020

Námsstjórn um menntun framhaldsskólakennara er skipuð af rektor Háskóla Íslands til þriggja ára. Skipunartími núvarandi stjórnar er til 30. júní 2021. Í henni eiga sæti:

- Formaður: Atli Harðarson dósent á Menntavísindasviði.
- Frá Félagsvísindasviði: Eva Marín Hlynsdóttir dósent. Varamaður Ólafur Rastrick dósent.
- Frá Heilbrigðisvísindasviði: Óttar Rolfsson prófessor. Varamaður: Ásta Bryndís Schram kennsluþróunarstjóri.
- Frá Hugvísindasviði: Ingibjörg Ágústsdóttir dósent. Varamaður: Viðar Pálsson dósent.
- Frá Menntavísindasviði: Þuríður Jóhannsdóttir prófessor.

- Frá Verkfræði- og náttúruvísindasviði: Anna Helga Jónsdóttir dósent. Varamaður: Ari Ólafsson dósent.
- Frá Skólameistarafélagi Íslands: Leifur Ingi Vilmundarson kennslustjóri Menntaskólans við Sund. Varamaður
- Sigurlaug A. Gunnarsdóttir aðstoðarskólameistari Menntaskólans á Akureyri.
- Frá Félagi framhaldsskólakennara: Anna María Gunnarsdóttir varaformaður Kennarasambands Íslands. Varamaður
- Guðjón Hreinn Hauksson formaður Félags framhaldsskólakennara.
- Ritari námsstjórnarinnar er Anna María Hauksdóttir verkefnastjóri við Menntavísindasvið.

Námsstjórnin hélt fjóra fundi á háskólaárinu 2019 til 2020. Þeir voru 7. október 2019, 18. nóvember 2019,

Á háskólaárinu 2019 til 2020 fylgdist námsstjórnin með undirbúningi að innleiðingu og framkvæmd nýrra laga um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnaenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 95/2019 og voru lög þessi meginviðfangsefnið á fundum hennar

Freyja Hreinsdóttir deildarforseti í Deild faggreinakennslu er fulltrúi Menntavísindasviðs í Samráðshópi um framkvæmd og innleiðingu laganna sem var skipaður af ráðherra. Hún kom á fundi námsstjórnarinnar 7. október 2019 og 18. nóvember 2019 og sagði frá umræðum í samráðshópnum.

Námsleiðir

Þverfræðilegar námsleiðir í kennsluskra næsta háskólaárs sem námsstjórnin ber faglega ábyrgð á eru þær sömu og á yfirstandandi háskólaári.

Þessar námsleiðir voru mótaðar á gildistíma eldri laga um kennaramenntun, þ.e. Laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnaenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008. Samkvæmt þeim lögum þurftu framhaldsskólakennarar í flestum greinum öðrum en iðn- og verknámsgreinum að hafa meistarapróf frá háskóla. Meistarapróf, þ.e. próf til MA, MS eða M.Ed. gráðu, inniheldur a.m.k. 30 eininga lokaverkefni, sem oftast er kallað meistararitgerð. Í viðmiðum um æðri menntun og prófgráður sem Mennta- og menningarmálaráðuneytið gaf út 16. maí 2011 er meistarapróf á þrepi 2.2.

Vorið 2019 voru samþykkt ný lög um kennaramenntun, þ.e. Lög um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnaenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 95/2019 og tóku þau gildi 1. janúar 2020.

Samkvæmt þessum lögum er hægt að fá réttindi til að kenna á öllum hæfniprepum framhaldsskóla með því að ljúka 120 eininga námi á meistarastigi án 30 eininga lokaverkefnis. Samkvæmt áðurnefndum viðmiðum um æðri menntun og prófgráður er slíkt nám á þrepi 2.1. Það er kallað MT nám og það skal, skv. 4. gr. laganna, innihalda a.m.k. 60 einingar í uppeldis- og kennslufræðigreinum.

Samkomulag milli fræðasviða háskólans um menntun framhaldsskólakennara frá 14. maí 2018 gefur námsstjórninni ekki umboð til að bera faglega ábyrgð á MT námi. Námsstjórnin hefur því ekki enn mótað námsleiðir af því tagi. Hins vegar hefur Deild faggreinakennslu við Menntavísindasvið fengið samþykki háskólaráðs fyrir 120 eininga MT námi til kennsluréttinda í framhaldsskólum.

Einnig ber Deild faggreinakennslu við Menntavísindasvið ábyrgð á námsleið til kennsluréttinda fyrir fólk sem hefur meistarapróf í kennslugrein.

Námsstjórnin telur afar brýnt að fá umboð til að bera faglega ábyrgð á MT námi. Formaður námsstjórnar sendi sviðsforsetum og rektor beiðni um að slíkt umboð yrði samþykkt í tölvupósti þann 16. júní 2020. Þegar slíkt umboð er fengið mun námsstjórnin beita sér fyrir stofnun þverfaglegra námsleiða með 120 einingum í námskeiðum á meistarastigi, þar af 60 einingum í uppeldis- og kennslufræðigreinum og 60 einingum í kennslugreinum eða greinaflokkum.

Aðsókn – innritun

Í byrjun júlí 2019 lágu fyrir 60 umsóknir um þverfaglegt nám til kennsluréttinda í framhaldsskólum. og 70 umsóknir um nám til viðbótardiplómu. Af þessum samtals 130 umsóknum voru 99 samþykktar.

Í október 2019 voru 60 við nám af þeim 99 sem voru samþykktir.

Það virðist stefna í aukna aðsókn í kennsluréttindanám fyrir framhaldsskólakennara á þessu ári (2020) því nú í lok júní liggja fyrir samtals 260 umsóknir ef 67 umsóknir um MT nám og 127 umsóknir um viðbótardiplómu við Menntavísindasvið eru taldar með. Umsóknir um þverfaglegt nám sem Námsstjórnin ber ábyrgð á eru 66, þar af 38 um MA nám, 19 um MS nám og 9 um M.Ed. nám. Þótt umsóknir séu 260 eru umsækjendur aðeins 243 því nokkrir eru með fleiri en eina umsókn.

Deild kennslu og menntunarfræði

Skipulag og stjórn deildar

Í deildinni eru tvær námsbrautir, Menntunarfræði leik- og grunnskóla og Menntastjórnun og matsfræði.

Menntunarfræði leik- og grunnskóla

Á námsbrautinni er boðið upp á grunnám á bakkalárstigi á þremur námsleiðum: Grunndiplóma í leikskólafræði, Leikskólakennarafræði, B.Ed. og Grunnskólakennslu yngri barna, B.Ed..

Meistaránám á námsbrautinni er fræðilegt og starfstengt 120e nám með sérstakri áherslu á nám og kennslu ungra barna í leik- og grunnskólum. Einnig er boðið upp á framhaldsnám og sérhæfingu fyrir starfandi kennara á eftirtöldum leiðum: Kennslufræði og skólastarf, Mál og læsi og Menntun án aðgreiningar.

Menntastjórnun og matsfræði

Á námsbrautinni er boðið upp á fræðilegt og starfstengt M.Ed. og MA nám á fjórum námsleiðum: Matsfræði, Menntastefnur og námskráfræði, Starfstengd leiðsögn og kennsluráðgjöf og Stjórnun menntastofnana.

Námsleiðin Kennslufræði fyrir háskólakennara, 30e er skipulögð í samstarfi við Kennslumiðstöð Háskóla Íslands. Umsjónarmaður námsins er Guðrún Geirsdóttir, dósent.

Stjórn deildar og deildarráð

Deildarforseti, Jónína Vala Kristinsdóttir, dósent

Varadeildarforseti, Kristín Jónsdóttir, lektor

Deildarstjóri, Bryndís Garðarsdóttir

Deildarráð skipa deildarforseti, varadeildarforseti, formenn námsbrauta, fulltrúar kennara og stúdenta. Fjöldi deildarráðsfunda á árinu 2019 var 15.

Formaður námsbrautar í Menntunarfræði leik- og grunnskóla, Svava Pétursdóttir, lektor
Varaformaður á haustmíssi var Hrönn Pálmadóttir, dósent og á vormíssi Kristín Karlsdóttir,
dósent.

Formaður námsbrautar í Menntastjórnun og matsfræði, Anna Kristín Sigurðardóttir, prófessor og
varaformaður Arna H. Jónsdóttir, dósent.

Deildafundi sitja allir kennarar deildarinnar - fjöldi deildafunda var 8.

Nefndir utan sviðs

Mennta – og menningarráðuneyti: Ráðgjafarnefnd vegna innleiðingar og eftirfylgni aðgerða til að
auka nýliðun kennara. Fulltrúi sviðsins er Kristín Jónsdóttir, dósent.

Nýráðningar

Í stöðu lektors voru ráðnar Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir og Sara Margrét Ólafsdóttir.

Hættu störfum

Steinunn Helga Lárusdóttir

Stefán Jökulsson

Deild menntunar- og margbreytileika

Deildarforseti var Ingólfur Ásgeir Jóhannesson og varadeildarforseti Guðrún V. Stefánsdóttir.
Deildarráð skipa deildarforseti, varadeildarforseti, formenn námsbrauta. Einnig voru tveir fulltrúar
kennara.

Deildarfundir á árinu voru tveir og deildarráðsfundir ellefu.

Stjórn og skipulag deildarinnar

Í Deild menntunar og margbreytileika voru þrjár námsbrautir: Alþjóðlegt nám í menntunarfræði,
Uppeldis- og menntunarfræði og Þroskaþjálfafraði.

Alþjóðlegt nám í menntunarfræði

Formaður námsbrautarinnar var Brynja E. Halldórsdóttir, lektor

Uppeldis- og menntunarfræði

Formaður námsbrautarinnar var Annadís Greta Rúdólfsson, dósent

Þroskaþjálfafraði

Formaður námsbrautarinnar var Kristín Lilliendahl, aðjunkt til 30. júní 2019. Ruth Jörgensdóttir
Rauterberg, aðjunkt frá 1. júlí 2019.

Starfsfólk

Deildarstjóri var Jóhanna Karitas Traustadóttir

Deild faggreinakennslu

Vormisseri 2019

Deild faggreinakennslu

Deild faggreinakennslu tók formlega til starfa 1. júlí 2018 og er þetta því fyrsta starfsárið. Í deildinni eru fjórar námsbrautir og er bæði grunn- og framhaldsnám í boði á þeim öllum. Brautirnar eru Íslenska og erlend tungumál, List- og verkgreinar, Samfélagsgreinar og Stærðfræði, náttúrugreinar og upplýsingatækni.

Í grunnnámi er grunnskólakennaranám til B.Ed. gráðu og sérhæfa kennaranemar sig í kennslu einnar kennslugreinar í grunnskóla. Kennslugreinar/sérhæfingar eru: Íslenska, enska, danska, hönnun og smíði, sjónlistir: myndmennt, leiklist, textímennt, tónmennt, samfélagsgreinar, stærðfræði, náttúrugreinar, upplýsingatækni og miðlun. Að auki taka allir nemendur 40 eininga faggreinakjarna sem nær yfir flestar námsgreinar grunnskólans, en öllum er skylt að taka 10e í íslensku og 10e stærðfræði.

Einnig er í boði 60 eininga kennaranám fyrir iðnmeistara og B.Ed. nám í kennslu verk- og starfsmenntunar.

Meistaránám í Deild faggreinakennslu er rannsóknartengt starfsnám til kennsluréttinda í grunn- og/eða framhaldsskólum. Námið er ætlað þeim sem lokið hafa B.Ed.-gráðu, en einnig BA-, BS-, MA- eða MS-gráðu í fræðigreinum sem samsvara kennslugreinum í grunn- og framhaldsskólum. Nám til kennsluréttinda í framhaldsskóla er skipulagt sem þverfræðilegt nám. Námið í Deild faggreinakennslu felur í sér nán tengsl við starfsvettvang bæði hvað varðar starfsþjálfun og rannsóknir. Á öllum námsbrautum er skipulagt M.Ed. nám fyrir starfandi kennara með leyfisbréf.

Deildarráð Deildar faggreinakennslu er skipað deildarforseta, varadeildarforseta, formönnum námsbrauta og umsjónarmanni með Menntun framhaldsskólakennara. Einnig eiga þrír fulltrúar nemenda sæti í deildarráði.

Freyja Hreinsdóttir, deildarforseti.

Helga Rut Guðmundsdóttir, varadeildarforseti.

Íslenska og erlend tungumál

Formaður námsbrautar: Samúel Lefever

List- og verkgreinar

Formaður námsbrautar: Hanna Ólafsdóttir

Samfélagsgreinar

Formaður námsbrautar: Ólöf Garðarsdóttir. Halla Jónsdóttir leysir Ólöfu af á haustmisseri 2018 vegna rannsóknarmisseris

Stærðfræði, náttúrugreinar og upplýsingatækni

Formaður námsbrautar: Guðbjörg Pálsdóttir

Þuríður Jóhannsdóttir, umsjónarmaður MFK (Menntun framhaldsskólakennara).

Á vormisseri 2019 voru haldnir fjórir deildarfundir og fjórir deildarráðsfundir.

Haustmisseri 2019

Á skólaárinu 2019 – 2020 urðu nokkrar breytingar á skipan náms í Deild faggreinakennslu.

Ný námsbraut var sett á laggirnar, Kennslufræði framhaldsskóla. Í grunnnámi tilheyra þeirri braut Kennslufræði fyrir iðnmeistara, grunndiplóma og B.Ed. nám í Kennslu verk- og starfsmenntunar. Í meistaranámi eru námsleiðir í Menntun framhaldsskólakennara (MFK).

Ný námsleið var stofnuð, Faggreinakennsla, viðbótardiplóma. Um er að ræða viðbótarnám fyrir þá sem þegar hafa lokið bakkalárprófi og eru með leyfisbréf til kennslu. Allar sérhæfingar (kjörsvið) eru í boði og hafa formenn námsbrauta umsjón með viðkomandi greinum. Tvö átaksverkefni eru á skólaárinu 2019-2020 sem eru átak í náttúrufræðimenntun og átak í dönskukennslu.

Nýtt kjörsvið á brautinni Íslenska og erlend mál á framhaldsstigi var skipulagt, Kennsla íslensku sem annars máls.

Deildarráð Deildar faggreinakennslu er skipað deildarforseta, varadeildarforseta og formönnum námsbrauta. Einnig eiga þrír fulltrúar nemenda sæti í deildarráði.

Freyja Hreinsdóttir, deildarforseti.

Helga Rut Guðmundsdóttir, varadeildarforseti.

Íslenska og erlend tungumál

Formaður námsbrautar: Samúel Lefever

List- og verkgreinar

Formaður námsbrautar: Hanna Ólafsdóttir

Samfélagsgreinar

Formaður námsbrautar: Ólöf Garðarsdóttir

Stærðfræði, náttúrugreinar og upplýsingatækni

Formaður námsbrautar: Guðbjörg Pálsdóttir

Kennslufræði framhaldsskóla

Formaður námsbrautar: Þuríður Jóhannsdóttir

Á haustmisseri 2019 voru haldnir fjórir deildarfundir og fjórir deildarráðsfundir auk stjórnendafunda.

Samkvæmt nýsamþykktum lögum um kennaramenntun sem koma til framkvæmda 1. janúar 2020 verður kennararáð skipað frá 1. janúar 2020 með fulltrúum ýmissa aðila m.a. frá háskólum og mun kennararáðið semja reglugerð með lögnum. Fulltrúi Menntavísindasviðs í kennararáði er Freyja Hreinsdóttir deildarforseti Deildar faggreinakennslu og hún á einnig sæti í samráðshópi um framkvæmd og innleiðingu laganna með fulltrúum ýmissa hagsmunaðila.

Deildarstjóri Sigríður Pétursdóttir

Deild heilsueflingar, íþróttar og tómstunda

Almennt yfirlit og stjórn

Stjórn deildar: Deildarforseti og deildarráð

Deildarforseti var Anna Sigríður Ólafsdóttir, hún fór í rannsóknarleyfi 1. júlí - 31. desember. Varadeildarforseti var Ársæll Már Arnarsson, hann leysti deildarforseta af. Deildarráð skipa deildarforseti, varadeildarforseti, formenn námsbrauta.

SMH á ekki upplýsingar um vorið, þá var þáverandi deildarstjóri, Anna María Hauksdóttir í veikindaleyfi og Embla Uggadóttir leysti af.

Haustið 2019 voru deildarfundir var einn deildarfundur og fjórir deildarráðsfundir.

Stjórn og skipulag deildarinnar

Í Deild heilsueflingar, íþróttar og tómstunda voru þrjár námsbrautir: Heilsuefling og heimilisfræði, Íþróttar- og heilsufræði, Tímstunda- og félagsmálafræði.

Heilsuefling og heimilisfræði

Formaður námsbrautar grunnnáms var Ragnheiður Júníusdóttir.

Formaður námsbrautar framhaldsnáms var Ástríður Stefánsdóttir á vormisseri og Anna Sigríður Ólafsdóttir á haustmisseri.

Íþróttar- og heilsufræði

Formaður námsbrautar grunn- og framhaldsnáms var Sigríður Lára Guðmundsdóttir á vormisseri og Örn Ólafsson á haustmisseri.

Tímstunda- og félagsmálafræði

Formaður námsbrautar grunnnáms var Ársæll Már Arnarsson á vormisserin og Jakob Frímann Þorsteinsson á haustmisseri.

Formaður námsbrautar framhaldsnáms var Ársæll Már Arnarsson á vormisserin og Jakob Frímann Þorsteinsson á haustmisseri.

Doktorsnám og doktorsvarnir

Doktorsnám á Menntavísindasviði er skipulagt þvert á deildir sviðsins. Doktorsráð hefur það meginhlutverk að þróa doktorsnámið og tryggja að það standist alþjóðlegar kröfur. Það starfar með deildum Menntavísindasviðs og hefur umsjón með náminu, námskeiðahaldi og þeirri stjórnarsýslu sem námið krefst. Auk þess hefur ráðið samstarf við Miðstöð framhaldsnáms um doktorsnámið

Meginviðfangsefni doktorsnámsnefndar á hverju ári eru inntaka í doktorsnám, skipulagning málstofa og námskeiða. Á árinu var undirritaður samningur um samvinnu Menntavísindasviðs í Nordic Graduate School Network for Teacher Education Relevant Research (NorTED), sem er samstarfsnet

níu háskóla á Norðurlöndum um doktorsnám í menntavísindum. Samningurinn felur í sér framboð námskeiða og þátttöku fræðimanna á Menntavísindasviði við aðra háskóla í NorTED netinu. Doktorsnemum á Menntavísindasvið er einnig veittur aðgangur að námskeiðum og ráðstefnum á vegum NorTED. Skipulögð voru námskeið sem eru í boði á NorTed vefnum og margir fræðimenn á Menntavísindasviði skráðu sig á lista yfir fræðimenn sem eru tilbúnir í samstarf á þessum vettvangi.

Kari Smith prófessor við NTNU, Norwegian University of Science and Technology gestakennari við Menntavísindasvið var með fyrirlestur fyrir leiðbeinendur um leiðsögn og fyrirlestur fyrir doktorsnema um hvernig á að skrifa kápu doktorsritgerðarinnar sem byggð er á greinum. Námskeiðið Philosophical critique of contemporary educational practice, policy and research í umsjón Atla Harðarsonar og Ólafs Páls Jónssonar var haldið á Laugavatni í ágúst. Doktorsnemar á Menntavísindasviði sóttu hagnýt smánámskeið í verkfærakistu Miðstöðvar framhaldsnám.

Fimm doktorsnemar fóru í áfangamat á árinu og sex doktorsnemar vörðu doktorsritgerðir sínar.

[Doktorsvörn Eyrúnar Maríu Rúnarsdóttur](#)

[Doktorsvörn Valgerðar S. Bjarnadóttur](#)

[Doktorsvörn Söru Margrétar Ólafsdóttur](#)

[Doktorsvörn Ingibjargar Óskar Sigurðardóttur](#)

[Doktorsvörn Kristínar Valsdóttur](#)

[Doktorsvörn Elvars Smára Sævarssonar](#)

Brautskráðir stúdentar frá Menntavísindasviði 2019

Menntavísindasvið	78	384	462
Deild faggreinakennslu	23	64	87
Deild heilsuefningar, íþróttar og tómstunda	37	75	112
Deild kennslu- og menntunarfræði	12	102	114
Deild menntunar og margbreytileika	6	143	149



Menntavísindastofnun

Almennt yfirlit

Meginhlutverk Menntavísindastofnunar er að efla rannsóknir og rannsóknæmhverfi, stuðla að sýnileika rannsókna og vinna að starfsþróun á vettvangi menntamála

Starfsemi

Þjónustan felur í sér ráðgjöf, úttektir og framkvæmd rannsókna á öllum stigum rannsóknarferlisins. Stofnunin sinnir starfsþróun og veitir faglega þjónustu í samstarfi við sérfræðinga. Undir stofnunina fellur einnig samstarfsvettvangurinn Menntamiðja. Menntavísindastofnun aðstoðar við ráðstefnuhald, styður við útgáfu tímarita Menntavísindasviðs og framkvæmir rannsóknir fyrir fyrirtæki og stofnanir. Menntavísindastofnun býður upp á ráðgjöf í meginlegri aðferðafræði fyrir lokaverkefni nemenda á grunn- og framhaldsstigi. Starfsmenn voru 10 árið 2019.

Ráðstefnur og þing

Menntakvika var haldin 12. október, haldin voru 200 erindi í 57 málstofum.

Útgáfa

Amalía Björnsdóttir, Puriður Jóhannsdóttir og Halla Jónsdóttir. (2019). [Nemar í leikskólakennaranámi: Spurningakönnun meðal leikskólakennaranema á fyrsta ári í B.Ed-námi skólaárið 2018-2019](#). Reykjavík: Menntavísindastofnun.

Amalía Björnsdóttir, Puriður Jóhannsdóttir og Halla Jónsdóttir. (2019). [Nemar í grunnskólakennaranámi: Spurningakönnun meðal grunnskólakennaranema á fyrsta ári í B.Ed.-námi skólaárið 2018-2019](#). Reykjavík: Menntavísindastofnun.

Bjarnfríður Magnúsdóttir. (2019). [Sundleikir: handbók fyrir kennara](#). Reykjavík: Menntavísindastofnun.

Bjarnfríður Magnúsdóttir. (2019). [Sundleikir: handbók fyrir kennara](#). Reykjavík: Menntavísindastofnun.

Tímaritið Uppeldi og menntun

Tímarit um uppeldi og menntun kemur út tvisvar á ári og er tekið á móti greinum allt árið. Tímaritið birtir greinar að jafnaði í þeirri röð sem þær eru tilbúnar til birtingar.

Rannsóknasetur / -stofur á Menntavísinda

Rannsóknastofa í fjölmenningsfræðum

Aðalmarkmið Rannsóknastofu í fjölmenningsfræðum er að auka og efla rannsóknir á sviði fjölmenningsfræða og leitast við að skapa samstarfsvettvang fyrir rannsóknir á því sviði. Stofan veitir fræðimönnum og rannsóknarhópum á þessu sviði tækifæri til að starfa á sínum vegum. Jafnframt hvetur hún meistara- og doktorsnema til rannsókna á sviði fjölmenningsfræða. Rannsóknastofan birtir afrakstur rannsókna sinna opinberlega meðal annars með því að miðla niðurstöðum í fræðigreinum, fræðiritum, fyrirlestrum og á málþingum og ráðstefnum héraðs og erlendis.

Stjórn og starfsmenn:

Gunnar J. Gunnarsson formaður, Anna Katarzyna Wozniczka, Brynja E. Halldórsdóttir, Fríða B. Jónsdóttir, Hanna Ragnarsdóttir og Hermína Gunnþórsdóttir. Rannsóknastofan hefur enga starfsmenn á launum en nýtur ýmiss konar aðstoðar Menntavísindastofnunar HÍ. Gunnar J. Gunnarsson tilkynnti á fundi í lok árs að hann myndi hætta störfum á Menntavísindasviði vorið 2020 og léti því jafnframt af formennsku í stjórn stofunnar.

Rannsóknarstofa í íslenskum fræðum og íslenskukennslu

Aðalmarkmið rannsóknarstofunnar er að hafa frumkvæði að auknum rannsóknum á íslenskum menningararfi og skólastarfi.

Lögð er áhersla á að stuðlað að rannsóknum á íslenskukennslu, aðferðum og námsefni en einnig kannað hvernig kennsla í íslensku tengist öðrum námsgreinum. Starfsmenn stofunnar vinna einnig að rannsóknum á íslenskum bókmenntum og málfræði í samvinnu við aðra fræðimenn og stofnanir. Stjórn og starfslid:

- Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir, lektor við Menntavísindasvið
- Arngrímur Vídalín, prófessor við Menntavísindasvið
- Baldur Sigurðsson, dósent við Menntavísindasvið

- Dagný Kristjánsdóttir, prófessor við Hugvísindasvið
- Brynhildur Þórarinsdóttir, dósent við Háskólann á Akureyri
- Finnur Friðriksson, dósent við Háskólann á Akureyri
- Hanna Óladóttir, aðjúntkt við Menntavísindasvið
- Ingibjörg B. Frímansdóttir, lektor við Menntavísindasvið
- Jón Yngvi Jóhannsson, lektor við Menntavísindasvið
- Kristján Jóhann Jónsson, dósent við Menntavísindasvið
- Sigurður Konráðsson, prófessor við Menntavísindasvið

Ný stjórn stofunnar var kjörin á aðalfundi hennar 17. maí 2019. Stjórn stofunnar er nú þannig skipuð:

Jón Yngvi Jóhannsson, formaður

Ásgrímur Angantýsson, meðstjórnandi

Brynhildur Þórarinsdóttir, meðstjórnandi

Baldur Sigurðsson, varamaður

Rannsóknastofan Lífshættir barna og ungmenna

Markmið stofunnar er að vera víðtækur vettvangur rannsókna á sviði lífshátta barna og ungmenna, einkum því sem lýtur að margvíslegum þroska þeirra, menntun, áhættuhegðun, seiglu og lífssýn

Í stjórn sitja: Sigrún Aðalbjarnardóttir prófessor forstöðumaður, Guðbjörg Linda Rafnsdóttir prófessor og Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir uppeldis- og menntunarfræðingur, framkvæmdastjóri.

Á árinu 2019 tóku eftirtaldar þátt í verkefnum á vegum stofunnar: Eyrún María Rúnarsdóttir doktorsnemi og aðjúntk við Menntavísindasvið (MVS) HÍ; Eva Harðardóttir doktorsnemi og aðjúntk við MVS; dr. Hrunn Þórarins Ingudóttir, lektor við MVS; dr. Kristjana Stella Blöndal dósent við náms- og starfsráðgjöf við Félagsvísindasvið; dr. Ragný Þóra Guðjohnsen, lektor við MVS og dr. Sigrún Aðalbjarnardóttir, prófessor við MVS.

NNN Rannsóknastofa, um námskrár, námsmat og annað námsskipulag

Í samræmi við reglur um rannsóknastofur við Menntavísindasvið leggur NNN Rannsóknastofa áherslu á rannsóknir á sínu sviði, að miðla þekkingu, stuðla að starfsþróun er tengist sviðinu, m.a. við námskrárþróun og námsmat, og skapa bæði verðandi og starfandi fræðimönnum vettvang fyrir þátttöku í rannsóknum. Rannsóknastofan hefur einnig lagt sig fram um að örva umræðu um námskrár, námsmat og annað námsskipulag, bæði meðal kennara og nemenda.

Stjórn hennar skipa *Gunnar E. Finnbogason*, prófessor, *Jóhanna Karlsdóttir*, lektor og *Meyvant Þórólfsson*, dósent.

Rannsóknarstofa um jafnrétti, kyngervi og menntun (RannKyn)

Aðalmarkmið rannsóknarstofunnar er að stunda rannsóknir á sviði kynjafræði og jafnréttis í skólum og í kennaramenntun.

Stofan stuðlar að fræðslu og þróunarstarfi á sínu sviði.

Stjórn

- Annadís G. Rúdólfsdóttir, Menntavísindasviði HÍ, formaður
- Auður Magnús Auðardóttir, Menntavísindasvið, HÍ.
- Berglind Rós Magnúsdóttir, Menntavísindasviði, HÍ (ritari)
- Brynja Elisabeth Halldórsdóttir, Menntavísindasviði, HÍ
- Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Jafnréttisskóla Reykjavíkurborgar
- Jón Ingvar Kjara, Menntavísindasvið, HÍ.
- Jóna Pálsdóttir, Mennta- og menningarmálaráðuneytið
- Þórdís Þórðardóttir, Menntavísindasvið HÍ
- Þórður Kristinsson, Kvennaskólinn í Reykjavík

Rannsóknarstofa um nám og kennslu erlendra tungumála og annars máls.

Markmið rannsóknarstofunnar er að efla og leggja stund á rannsóknir á námi og kennslu erlendra tungumála og íslensku sem annars máls. Rannsóknarstofan er samstarfsvettvangur fræðimanna á sviðinu og mun stuðla að tengslum við önnur fræðasvið og hafa samstarf við innlenda og erlenda aðila um rannsóknir og önnur samskipti.

Rannsóknarstofan miðlar þekkingu og kynnir niðurstöður rannsókna á sviðinu m.a. með útgáfu skýrsla, handbóka og fræðigreina, auk ráðstefnu- og fyrirlestrahalds.

Forstöðumaður rannsóknarstofunnar er Michael Dal dósent og aðrir starfsmenn eru og Samúel Lefever dósent og Erna Jessen.

Rannsóknarstofa um menntastefnu, alþjóðavæðingu og félagslegt réttlæti (RannMennt)

Stjórn, starfsmenn og húsnæði

Rannsóknarstofan er samstarfsvettvangur fræðimanna sem skoða samspil menntastefnu, alþjóðavæðingar og félagslegt réttlæti í rannsóknum sínum. Stofan heyrir undir Menntavísindastofnun Háskóla Íslands. Auk fræðimanna við deild menntunar og margbreytileika á Gunnlaugur Magnússon, lektor við Uppsala-háskóla sæti í stjórn.

- Berglind Rós Magnúsdóttir, dósent
- Annadís G Rúdólfsdóttir, dósent
- Brynja Elisabeth Halldórsdóttir, lektor
- Kristín Björnsdóttir, prófessor

- Jón Ingvar Kjaran, prófessor
- Auður Magndís Auðardóttir, aðjúnkt og doktorsnemi
- Eva Harðardóttir, aðjúnkt og doktorsnemi
- Gunnlaugur Magnússon, dósent við Uppsala háskóla
- Rannsóknarstofan hefur ekki haft eiginlega starfsmenn né sérstakt húsnæði.

Rannsóknarstofa í upplýsingatækni og miðlun (RANNUM)

Aðalmarkmið rannsóknarstofunnar er að auka og efla menntarannsóknir og þróunarstörf sem tengjast upplýsingatækni og miðlun.

Brýnt er að bæta og auka samstarf einstaklinga, samtaka og stofnana hvað varðar rannsóknir og þekkingarmiðlun.

Stjórn stofunnar (til þriggja ára frá vori 2018): Dr. Sólveig Jakobsdóttir, dósent (formaður), dr. Þuríður Jóhannsdóttir, dósent; Salvör Gissurardóttir, lektor; Skúlína Hlíf Kjartansdóttir (fulltrúi framhaldsnema). Stuðningsaðilar eru 3f - félag um upplýsingatækni í menntun, Heimili og skóli og Menntamiðja með eftirfarandi áheyrnarfulltrúa í stjórn: Elínborg Siggeirsdóttir, Guðberg K. Jónsson og Tryggvi B. Thayer.

Rannsóknarstofa um verk- og starfsmenntun (RannVerk)

stofnsett 2019.

Stjórn og starfslið

Stjórn rannsóknarstofunnar skipa (til þriggja ára frá 2019): Elsa Eiríksdóttir, dósent við deild faggreinakenndu, Menntavísindasviði Háskóla Íslands (stjórnarformaður), Jón Torfi Jónasson, prófessor emeritus, Menntavísindasviði Háskóla Íslands, Ársæll Guðmundsson, skólameistari Borgarholtsskóla og Jóhanna Vigdís Arnardóttir, verkefnastjórn í menntaverkefnum, Samtökum Iðnaðarins.

Markmið rannsóknarstofunnar er að skapa sameiginlegan vettvang til samstarfs og samræðu þeirra sem hafa áhuga á verk- og starfsmenntun (e. *vocational education and training*) og þróun verklegar kunnáttu (e. *procedural learning/skill acquisition*). Rannsóknarstofunni er ætlað þrjú hlutverk: Í fyrsta lagi er að vera vettvangur til samstarfs og samræðu um rannsóknir á þessu sviði, stuðla að rannsóknarsamstarfi við þá sem starfa að þessum málum á vettvangi og hýsa fjölbreyttar rannsóknir og verkefni sem tengjast verk- og starfsmenntun. Í öðru lagi er rannsóknarstofunni ætlað að vera þekkingarveita um rannsóknir og umfjöllun um verk- og starfsmenntun, bæði með því að safna saman gögnum og skrifum um efnið og leita leiða til að miðla upplýsingum til þeirra er málið varða. Í þriðja lagi er hlutverk rannsóknarstofunnar að hvetja til umræðna um verk- og starfsmenntun á breiðum grunni og verða þannig samræðuvettvangur fyrir þá sem hafa áhuga á verk- og starfsmenntun.

Rannsóknastofa um skapandi skólastarf (RASK)

Rannsóknarstofan samanstendur af aðilum í skólastarfi og almennt í menntun sem hafa áhuga á að efla sköpun í menntastarfi. Aðilar stofunnar standa fyrir rannsóknum á skólastarfi og styðja við kynningar á slíku starfi, niðurstöðum rannsókna og áhugaverðu skólastarfi og verkefnum sem efla skapandi hæfni þeirra sem taka þátt.

Í stjórn rannsóknarstofunnar sitja:

- Svanborg R Jónsdóttir forstöðumaður
- Kristín Dýrfjörð dósent við Háskólann á Akureyri
- Ása Helga Ragnarsdóttir kennari á Menntavísindasviði
- Skúlína Kjartansdóttir aðjúntk á Menntavísindasviði
- Ingibjörg Jóhannsdóttir skólastjóri Landakotsskóla
- Björgvin Ívar Guðbrandsson kennari í Langholtsskóla
- Brynhildur Þórarinsdóttir dósent við Háskólann á Akureyri

Rannsóknarstofa um Starfendarannsóknir

Markmið

Í samræmi við reglur um rannsóknastofur við Menntavísindasvið er það hlutverk Rannsóknastofu um starfendarannsóknir að stunda rannsóknir á sínu sérsviði, miðla þekkingu, styðja við starfsþróun í skyldum starfsgreinum og skapa verðandi fræðimönnum, meðal annars meistara- og doktorsnemum, vettvang fyrir þátttöku í rannsóknum.

Jafnframt mun Rannsóknarstofa um starfendarannsóknir leitast við að efla starfendarannsóknir í skólum og leggja skólum til ráðgjöf í því samhengi.

Í stjórn Rannsóknarstofa um Starfendarannsóknir eru Karen Rut Gísladóttir formaður, Hafdís Guðjónsdóttir, dósent, Hafþór Guðjónsson, dósent, Hjördís Þorgeirsdóttir, skólameistari Menntaskólans við Sund og doktorsnemi á Menntavísindasviði HÍ

Rannsóknarstofa í menntunarfræðum ungra barna (RannUng)

Aðalmarkmið rannsóknarstofunnar er að auka og efla rannsóknir á menntun og uppeldi ungra barna á aldrinum 0 til 8 ára og vera vettvangur fræðapróunar á því sviði. Rannsóknarstofunni er ætlað það hlutverk að eiga frumkvæði að og sinna rannsóknum, miðla þekkingu og kynna niðurstöður rannsókna á sviðinu m.a. með útgáfu fræðigreina, fræðiritra og með fyrirlestrahaldi.

Flest börn á aldrinum 2–5 ára sækja nú leikskóla og aukin þekking á því hvernig börn læra og þroskast hefur opnað augu fólks fyrir mikilvægi fyrstu æviáranna og menntun ungra barna. Starfsemi rannsóknarstofunnar kemur til móts við breyttar aðstæður í málefnum ungra barna. Á vegum

rannsóknarstofunnar taka vísindamenn og fagfólk höndum saman um að vinna rannsóknir og sinna brýnum og aðkallandi málefnum í íslensku samfélagi.

Stjórn RannUng

- Kristín Karlsdóttir, lektor við Háskóla Íslands
- Anna Magnea Hreinsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldusviðs Borgarbyggðar
- Elísabet Helga Pálmadóttir, verkefnastjóri sérkennslu á Skóla- og frístundasviði.
- Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir, meistaranemi og aðjúntk við Háskóla Íslands
- Sigurður Sigurjónsson, formaður Félags stjórnenda leikskóla

Forstöðumaður rannsóknarstofunnar var Dr. Kristín Karlsdóttir, lektorvið Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Anna Magnea Hreinsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldusviðs Borgarbyggðar, kom inn fyrir Margréti Maríu Sigurðardóttursem var umboðsmaður barna og Elísabet Helga Pálmadóttir, verkefnastjóri sérkennslu á Skóla-og frístundasviði, tók sæti Ingibjargar Margrétar í stjórn RannUng haustið 2018.Starfsmaður RannUng var Margrét S. Björnsdóttir aðjúntk og verkefnisstjórivið Menntavísindasvið Háskóla Íslands.



[Efni fyrir VON er í vinnslu]

Verkfræði- og náttúruvísindasvið

Stjórn og skipulag

Sviðsforseti verkfræði- og náttúruvísindasviðs var Hilmar Bragi Janusson. Í stjórn sviðsins voru eftirfarandi deildarforsetar:

- Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild: Kristján Jónasson, prófessor
- Jarðvísindadeild: Magnús Tumi Guðmundsson, prófessor
- Líf- og umhverfisvísindadeild: Anna Dóra Sæþórsdóttir, dósent
- Rafmagns- og tölvuverkfræðideild: Kristinn Andersen, prófessor
- Raunvísindadeild: Oddur Ingólfsson, prófessor
- Umhverfis- og byggingarverkfræðideild: Guðmundur Freyr Úlfarsson, prófessor

Auk sviðs- og deildarforseta eiga tveir fulltrúar stúdenta sæti í stjórn sviðsins en þeir fara sameiginlega með eitt atkvæði. Starfsmaður stjórnar er Íris Davíðsdóttir verkefnastjóri.

Nefndir

Nefndir sviðsins á árinu vor sex talsins: gæðanefnd, húsnæðisnefnd, jafnréttisnefnd, kennslunefnd og vísindanefnd. Allar nefndirnar hafa starfsmann sem undirbýr fundi og ritar fundargerðir.

Nefndirnar taka til umfjöllunar mál sem undir þær heyra og stjórn vísar til þeirra. Þær senda stjórn sviðsins fundargerðir og álit sem stjórnin tekur til afgreiðslu.

Kennslumál

Frá Verkfræði- og náttúruvísindadeild brautskráðust rúmlega 500 kandidatar eins og undanfarin ár.

Kynningar og viðburðir

Sviðsþing Verkfræði- og náttúruvísindasviðs var haldið 18. febrúar í Öskju. Deildir sviðsins gerðu grein fyrir stöðu sinni og stefnuviðmiðum. Vinnustofur voru haldnar þar sem lögð var áhersla á kennslu, rannsóknir, innviði, mannauð og hagnýtingu, ásamt skírskotun til samfélags. Lögð var áhersla á mótun framtíðar og fulltrúar vinnustofanna kynntu niðurstöður hópanna og sýn þeirra á framtíðina.


Nám við Verkfræði- og náttúruvísindasvið var kynnt í framhaldsskólum landsins í febrúar, mars og apríl. Háskóladagurinn var haldinn 27. febrúar. Sviðið hafði Öskju til umráða. Í mars kynnti sviðið námsframboð sitt í framhaldsskólum á landsbyggðinni.

Móttaka nýnema var haldin í byrjun skólaárs.

Vísindadagur Verkfræði- og náttúruvísindasviðs Háskóla Íslands var haldinn 29. október. Á boðstólum var sprengju-kata, dularfull dýrarannsóknarstofa, eldfjallaherbergi, stjörnutjald og vísindakosningar. „Vísindamenn sviðsins segja frá rannsóknum og fræða gesti og gangandi um undraheim vísindanna,“ eins og sagði í opinberri tilkynningu.

Skipurit Verkfræði- og náttúruvísindasviðs og stofnana þess

Rannsóknastofnanir og -stofur á Verkfræði- og náttúruvísindasviði



Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild

Almennt yfirlit og stjórn

Forseti Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideildar var Ólafur Pétur Pálsson prófessor og varadeildarforseti Kristján Jónasson prófessor. Formenn námsbrauta voru Tómas Philip Rúnarsson prófessor (iðnaðarverkfræði), Kristján Jónasson prófessor (tölvunarfræði) og Fjóla Jónsdóttir prófessor (vélaverkfræði). Deildarráð skipuðu þessi fjögur, auk tveggja fulltrúa nemenda.

Nemendur, nám og kennsla

Á árinu brautskráðust tæplega 200 kandiðatar frá deildinni.

Rannsóknir

Rannsóknnum sem fóru fram á árinu við deildina er lýst í kafla Verkfræðistofnunar.

Alþjóðasamskipti

Á árinu héldu 25 namar við deildina utan í skiptinám og 29 skiptinemar frá erlendum skólum stunduðu nám við deildina.

Jarðvísindadeild

Almennt yfirlit og stjórn

Þorvaldur Þórðarson prófessor var forseti Jarðvísindadeildar á árinu og Áslaug Geirsdóttir prófessor varadeildarforseti og formaður námsbrautar. Stjórn deildarinnar og Jarðvísindastofnunar er samtvinnuð, þ.e. akademískir fulltrúar í deildarráði skipa jafnframt stjórn Jarðvísindastofnunar og deildarfundi með fullum réttindum sitja allir kennarar og akademískir sérfræðingar.

Á árinu sátu í deildarráði Jarðvísindadeildar, auk deildarforseta og varadeildarforseta, Andri Stefánsson prófessor, Freysteinn Sigmundsson vísindamaður, Kristín Vala Ragnarsdóttir prófessor og Sigurður Jakobsson vísindamaður.

Nemendur, nám og kennsla

Á árinu brautskráðist tæplega 50 kandiðatar frá deildinni.

Alþjóðasamskipti

Á árinu héldu tveir nemar við deildina utan í skiptinám en um 100 skiptinemar frá erlendum skólum stunduðu nám við deildina á árinu.

Líf- og umhverfisvísindadeild

Almennt yfirlit og stjórn

Forseti Líf- og umhverfisvísindadeildar var Eva Benediktsdóttir dósent og varadeildarforseti Anna Dóra Sæþórsdóttir dósent.

Í deildinni störfuðu þrjár námsbrautir, námsbraut í líffræði, námsbraut í land- og ferðamálafræði og námsbraut í lífefnafræði og sameindalíffræði, en sú síðastnefnda var rekin í samvinnu við Raunvísindadeild. Námsbrautarformaður í líffræði var Snæbjörn Pálsson prófessor, í land- og ferðamálafræði Karl Benediktsson prófessor og í lífefna- og sameindalíffræði Zophonías O. Jónsson prófessor.

Nemendur, nám og kennsla

Á árinu brautskráðust tæplega 150 kandídatar frá deildinni.

Alþjóðasamskipti

Á árinu héldu 5 nemar við deildina utan í skiptinám og voru skiptinemar frá erlendum skólum rúmlega 30.

Rafmagns- og tölvuverkfræðideild

Almennt yfirlit og stjórn

Stjórn Rafmagns- og tölvuverkfræðideildar var þannig að Kristinn Andersen gegndi starfi deildarforseta og Anna Soffía Hauksdóttir starfi varadeildarforseta. Magnús Örn Úlfarsson var áfram námsbrautarstjóri í rafmagnsverkfræði og Helgi Þorbergsson námsbrautarstjóri í tölvuverkfræði.

Nemendur, nám og kennsla

Kennsla á nýju kjörsviði, læknisfræðilegri verkfræði, hófst haustið 2015. Fyrir voru innan deildarinnar kjörsviðin rafmagnsverkfræði og tölvuverkfræði.

Árið 2016 útskrifuðust tæplega 50 frá deildinni.

Raunvísindadeild

Almennt yfirlit og stjórn

Raunvísindadeild er vettvangur kennslu í stærðfræði, eðlisfræði og efnafræði við Háskóla Íslands og skiptist deildin í samsvarandi þrjár námsbrautir. Auk þess stendur deildin að námsbraut í lífefna- og sameindalíffræði ásamt Líf- og umhverfisvísindadeild og er sú námsbraut vistuð í Raunvísindadeild.

Forseti deildarinnar var Hafliði Pétur Gíslason og varaforseti deildarinnar var Oddur Ingólfsson.

Nemendur, nám og kennsla

Á árinu brautskráðust rúmlega 60 kandídatar frá deildinni.

Rannsóknir

Fjallað er um rannsóknirnar sem fóru fram á árinu í deildinni í kafla Raunvísindastofnunar.

Alþjóðasamskipti

Á árinu héldu sex nemar við deildina utan í skiptinám og fjórir skiptinemar frá erlendum skólum stunduðu nám við deildina á árinu.

Umhverfis- og byggingarverkfræðideild

Almennt yfirlit og stjórn

Guðmundur Freyr Úlfarsson prófessor var forseti Umhverfis- og byggingarverkfræðideildar á árinu og Sigurður Magnús Garðarsson prófessor varadeildarforseti. Formaður framhaldsnámsnefndar deildarinnar var Sigurður Erlingsson prófessor.

Nemendur, nám og kennsla

Á árinu brautskráðust rúmlega 40 kandídatar frá deildinni.

Alþjóðasamskipti

Á árinu héldu fjórir nemar við deildina utan í skiptinám og um 20 skiptinemar frá erlendum skólum stunduðu nám við deildina.

Líf- og umhverfisvísindastofnun

Almennt yfirlit og stjórn

Líf- og umhverfisvísindastofnun leiðir saman greinarnar líffræði, landfræði og ferðamálafræði og er rannsóknarvettvangur starfsmanna Líf- og umhverfisvísindadeildar. Hún býður upp á samstarfsmöguleika í rannsóknum og nýsköpun innan skólans og utan. Meginmarkmið Líf- og umhverfisvísindastofnunar er að efla rannsóknir á sviði líf- og umhverfisvísinda og leggja sitt af mörkum til að Háskóli Íslands nái langtímamarkmiðum sínum um að vera samkeppnishæfur gagnvart bestu rannsóknarháskólum heims.

Stjórn stofnunarinnar skipuðu á árinu:

- Þóra Ellen Þórhallsdóttir prófessor, formaður,
- Ólafur S. Andrésson prófessor,
- Gísli Már Gíslason prófessor,
- Egill Erlendsson lektor,
- Gunnar Þór Jóhannesson dósent.

Líf- og umhverfisvísindastofnun skiptist í tvær rannsóknastofur:

- Líffræðistofu,
- Land- og ferðamálafræðistofu.

Í árslok hafði 31 fastráðinn kennari aðstöðu við stofnunina. Auk þess störfuðu þar tveir verkefnisstjórar, fimm nýdóttar og níu doktorsnemar, að ótöldum meistaranemum í rannsóknaverkefnum.

Líffræðistofa

Til Líffræðistofu teljast þeir kennarar og starfsmenn sem stunda rannsóknir á líffræði og náskyldum greinum. Flestir vísindamenn stofunnar eru fastráðnir kennarar við Líf og umhverfisvísindadeild en nokkrir eru lausráðnir eða gestavísindamenn.

Starfsmenn

Í árslok 2015 störfuðu við stofuna einn verkefnastjóri, sex nýdóttorar og sjö doktorsnemar, auk fastra kennara.

Rannsóknir

Innan stofunnar eru stundaðar rannsóknir á mörgum sérsviðum líffræði, allt frá eiginleikum stórsameinda og frumna upp í samsetningu stofna og eiginleika vistkerfa. Vísindamennirnir fást við spurningar sem spanna vítt svið og beita til þess margs konar aðferðum, m.a. lífefnafræði, tölfraði, lífupplýsingafræði og sameindalífraði. Verkefni stofunnar eru oft unnin í samstarfi við utanaðkomandi aðila innanlands sem utan. Dæmi um rannsóknir á árinu má nefna verkefni Orsakir útlitsbreytileika beitukóns, sem var unnið í samstarfi við Háskólann á Hólum, og Uppbygging samfélaga í frumframvindu – Vistfræðilegir og starfrænir eiginleikar plantna.

Land- og ferðamálafræðistofa

Land- og ferðamálafræðistofa er rannsóknavettvangur kennara og annarra starfsmanna í landfræði og ferðamálafræði.

Starfsmenn

Í árslok störfuðu við stofuna, auk fastra starfsmanna, einn verkefnastjóri, tveir nýdóttorar og þrjú doktorsnemar.

Rannsóknir

Mikil fagleg breidd þessara tveggja greina, landfræði og ferðamálafræði, endurspeglast í þeim rannsóknavetkefnum sem unnið er að við stofuna. Sem dæmi má nefna rannsóknir í náttúruvandfræði á jarðvegsferlum og eðli og umfangi umhverfisbreytinga tengdum loftslagsbreytingum, landnotkun og eldvirkni í fortíð og nútíð. Þar var jafnframt unnið að rannsóknnum á viðhorfi fólks til náttúruvár sem býr við slíkar aðstæður og samskiptaleiðum við aðstæður náttúruvár.

Raunvísindastofnun

Raunvísindastofnun háskólans er fjárhagslega sjálfstæð rannsóknastofnun innan Verkfræði- og náttúruvísindasviðs Háskóla Íslands og starfar í alþjóðlegu vísindaumhverfi. Stofnunin er vettvangur grunnrannsókna og nytjarannsókna í raunvísindum. Meginmarkmið starfseminnar er að afla nýrrar þekkingar og stuðla að hagnýtingu hennar fyrir íslenskt samfélag, þjálfar nemendur í vísindalegum vinnubrögðum, veita sérfræðiaðstoð og annast fræðslustarfsemi. Stofnunin heldur utan um tilraunastarfsemi á sviði eðlisfræði, efna- og lífefnafræði, stærð- og reiknifræði og jarðvísinda í víðtæku samstarfi við aðrar innlendar og erlendar rannsóknastofnanir. Niðurstöður rannsókna eru birtar í alþjóðlegum tímaritsgreinum, bókarköflum og skýrslum, sem og á ráðstefnum.

Í árslok störfuðu 29 akademískir sérfræðingar, ásamt 33 verkefnaráðnum starfsmönnum, við rannsóknir, auk 12 tæknimanna og aðstoðarmanna. Níu manna starfslið vinnur á aðalskrifstofu og annast rekstur fasteigna. Raunvísindastofnun er rannsóknavettvangur kennara við raunvísinda- og jarðvísindadeildir Háskóla Íslands, kennarar voru 46 í árslok. Einnig höfðu fjölmargir nemar í framhaldsnámi við Háskóla Íslands starfsaðstöðu á stofnuninni í lengri eða skemmri tíma.

Raunvísindastofnun skiptist í Eðlisvísindastofnun og Jarðvísindastofnun og er þeim lýst hér að neðan í sérstökum köflum, auk yfirlits yfir stofur og setur innan þeirra.

Eðlisvísindastofnun

Eðlisvísindastofnun skiptist í þrjár rannsóknastofur, Stærðfræðistofu, Eðlisfræðistofu og Efnafræðistofu. Stofurnar þrjár hafa síðan innan sinna vébanda tiltölulega sjálfstæðar deildir.

Í árslok störfuðu 33 kennarar Raunvísindadeildar við Eðlisvísindastofu, auk tveggja kennara úr öðrum deildum sem höfðu rannsóknastöðu á stofnuninni. Einnig voru við stofnunina tólf akademískir sérfræðingar en þeir stunduðu sjálfstæðar rannsóknir, verkefnaáðnir sérfræðingar voru tíu, nýdóttar átta og tæknimenn þrír.

Eðlisfræðistofa

Almennt yfirlit

Á Eðlisfræðistofu eru stundaðar grunnrannsóknir í tilraunaeðlisfræði, kennilegri eðlisfræði þéttfnis og stjarnaeðlisfræði. Á stofunni eru þrír hópar fyrirferðarmestir. Einn þeirra sinnir rannsóknum á sviði tilraunaeðlisfræði með áherslu á hátæknieðlisfræði og örtækni. Annar hópur stundar kennilegar rannsóknir og líkanagerð af eiginleikum rafeindakerfa á nanóskvarða í hálfleiðurum og sameindum. Þriðji hópurinn leggur stund á rannsóknir í stjarnaeðlisfræði með megináherslu á gammablossa og heimsfræði. Auk þessara hópa stunda einstakir kennarar og sérfræðingar á stofunni rannsóknir sem ekki falla undir framangreind svið. Unnu þeir meðal annars við mælingar á radoni í grunnvatni og endurbætta mælitækni aldursgreininga með geislakoli.

Efnafræðistofa

Almennt yfirlit

Á Efnafræðistofu eru stundaðar grunnrannsóknir í efnasmíðum lífrænna og ólífrænna efna, efnagreiningu og eðlisefnafræði, bæði með tilraunum og kennilegum rannsóknum. Stofan rekur Efnagreiningasetur Háskóla Íslands en þar er boðið upp á ýmsar hátæknigreiningar, svo sem NMR- og massagreiningar. Við Lífefnafræðideild stofunnar eru stundaðar ýmsar rannsóknir, einkum á próteinum og lípíðum.

Háloftadeild

Við Háloftadeild stofunnar eru stundaðar ýmsar rannsóknir á segulsviði jarðar, bæði skammtíma-breytingar af völdum rafagnastrauma frá sólu og hægfara breytingar sem stafa af hræringum í kjarna jarðar. Háloftadeildin sér einnig um rekstur tveggja stöðva til norðurljósarannsókna en stöðvarnar eru í eigu Pólrannsóknastofnunar Japans. Þá sér Háloftadeildin um rekstur tveggja ratsjárstöðva til rannsókna á rafhvolfi jarðar. Önnur þeirra er við Stokkseyri en hin við Þykkvabæ. Þessar stöðvar eru mikilvægur hlekkur í keðju slíkra stöðva sem nær bæði til norður- og suðurhvels jarðar. Markmiðið með keðjunni er að kortleggja áhrif sólar á rafhvolfið.

Almanak Háskóla Íslands er reiknað og búið til prentunar við Háloftadeild.

Lífefnafræðideild

Við Lífefnafræðideild stofunnar eru stundaðar ýmsar rannsóknir, einkum á próteinum og lípíðum.

Stærðfræðistofa

Almennt yfirlit

Stærðfræðistofa er vettvangur rannsókna í stærðfræði, stærðfræðilegri eðlisfræði, reiknifræði og tölfraði. Þar af heyra reiknifræði og tölfraði undir reiknifræðideild stofunnar.

Reiknifræðideild

Á Reiknifræðideild eru stundaðar rannsóknir sem tengjast reiknifræði, tölfraði og líkindafræði undir samheitinu hagnýtt stærðfræði og tölfraði. Undir Reiknifræðideild heyrir Tölfraðimiðstöð Háskóla Íslands, sem veitir ráðgjöf í tölfraði við skólann og er jafnframt starfsvettvangur doktorsnema í tölfraði. Við miðstöðina starfa nemendur í framhaldsnámi í tölfraði og nemendur langt komnir í BS-námi sem ráðgjafar undir stjórn forstöðumannsins, Gunnars Stefánssonar prófessors.

Tölfraðimiðstöð heldur einnig úti málstofu í tölfraði. Helstu viðfangsefni deildarinnar eru á sviði tölfraði, líkindafræði, bestunarfræði og tölulegrar greiningar. Sérstök áhersla hefur verið lögð á líkanagerð fyrir ýmsar greinar vísinda.

Jarðvísindastofnun

Almennt yfirlit og stjórn

Jarðvísindastofnun er önnur tveggja sjálfstæðra stofnana Raunvísindastofnunar. Hún er til húsa í Öskju, Náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands. Meginhlutverk Jarðvísindastofnunar er að afla nýrrar þekkingar með grunnrannsóknum og nytjarannsóknum í jarðvísindum og byggja upp og veita aðstöðu fyrir viðamiklar tilraunir og mælingar í jarðvísindum. Auk þess rekur stofnunin norrænt rannsóknasetur í eldfjallafræðum, Norræna eldfallasetrið (Nordvulk), þar sem ungir norrænir jarðvísindamenn eru menntaðir og þjálfaðir. Starfsmenn stofnunarinnar starfa með innlendum og erlendum háskólum, rannsóknastofnunum og öðrum aðilum með gagnkvæma miðlun á þekkingu í huga og til þekkingaröflunar fyrir íslenskt samfélag. Starfsmenn veita ráðgjöf um náttúruvá, nýtingu auðlinda og umhverfismál og stunda þjónusturannsóknir á verksviðum sem krefjast grunnrannsókna þar sem ekki er um að ræða samkeppni við aðrar stofnanir eða fyrirtæki. Stofnunin veitir nemendum í framhaldsnámi við Jarðvísindadeild aðstöðu og aðgang að búnaði. Á vegum stofnunarinnar er lögð sérstök áhersla á að efla kennslu með því að byggja upp frjótt rannsóknauhverfi fyrir nemendur og þjálfva þá í vísindalegri hugsun og vinnubrögðum í jarðvísindum.

Verkfræðistofnun

Almennt yfirlit og stjórn

Verkfræðistofnun Háskóla Íslands er vísindaleg rannsóknastofnun sem starfrækt er af Háskóla Íslands. Stofnunin heyrir undir Verkfræði- og náttúruvísindasvið skólans og er vettvangur rannsókna- og þróunarstarfs í verkfræði og tölvunarfræði.

Verkfræðistofnun Háskóla Íslands skiptist í þrjá rannsóknakjarna, einn fyrir hverja deild sem stendur að stofnuninni:

- Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðikjarni
- Rafmagns- og tölvuverkfræðikjarni
- Umhverfis- og byggingarverkfræðikjarni

Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðikjarni

Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðikjarni skiptist í þrjár stofur:

- Véla- og iðnaðarverkfræðistofu

- Tölvunarfræðistofu
- Kerfislíffræðisetur

Starfsmenn

Í árslok störfuðu 23 kennarar við Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðikjarni. Einnig starfa þar þrjú verkefnastjórar, tveir aðstoðarmenn, tveir nýdóttarar og fimm doktorsnemar.

Rannsóknir

Ofangreindir starfsmenn vinna að fjölda alþjóðlegra verkefna, m.a. eftirtöldum verkefnum: Target, SmartFish, eSTICC, Sound of Vision og SEAS. Starfsmenn vinna einnig að samnorrænum verkefnum á sviði vindorku, ICEWIND og OSRNordic, auk verkefnisins InTerAct, sem fjallar um samstarf sjávarútvegs og fræðasamfélagsins. Einnig er unnið er að þróun og rannsóknum á reikniritum fyrir raðgreiningu gena, auk fjölbreyttra verkefna á sviði jarðvarmaorku.

Rafmagns- og tölvuverkfræðikjarni

Rafmagns- og tölvuverkfræðikjarni skiptist í þrjú stofur:

- Rafmagnsverkfræðistofu
- Upplýsinga- og merkjafræðistofu
- Kerfisfræðistofu

Starfsmenn

Í árslok störfuðu átta kennarar við Rafmagns- og tölvuverkfræðikjarna. Þar starfaði einnig einn verkefnastjóri og fimm doktorsnemar.

Rannsóknir

Starfsmenn vinna meðal annars að rannsóknum á sambræðslu tvenns konar fjarkönnunarmynda, annars vegar víðbandsmyndar sem hefur háa greingarhæfni og hins vegar fjölrásamyndar sem hefur lága greiningarhæfni. Einnig er unnið að flokkun á MRI-myndgögnum en markmið verkefnisins er að búa til sjálfvirkan flokkara sem flokkar segulómamyndir eftir mismunandi arfgerðum.

Umhverfis- og byggingarverkfræðikjarni

Umhverfis- og byggingarverkfræðikjarni skiptist í þrjú stofur:

- Rannsóknamiðstöð í jarðskjálftaverkfræði
- Umhverfis- og byggingarverkfræðistofa
- Vatnaverkerfræðistofa

Starfsmenn

Í árslok störfuðu ellefu kennarar við Umhverfis- og byggingarverkfræðikjarna. Einnig störfuðu þar þrjú verkefnastjórar, tveir vísindamenn, einn sérfræðingur, einn verkfræðingur og þrjú nemar, þar af tveir doktorsnemar.

Rannsóknir

Rannsóknir á sviði umhverfis- og byggingarverkfræði snerta fjölmörg svið innan greinarinnar og eru unnar í samstarfi við innlenda og erlenda fræðimenn, fyrirtæki og stofnanir. Rannsóknirnar eru styrktar af samkeppnissjóðum og taka starfsmenn þátt í fjölda alþjóðlegra rannsóknaverkefna og leggja doktorsnemar fram drjúgan skerf af rannsóknarvinnunni. Niðurstöður rannsókna eru birtar í alþjóðlegum vísindatímaritum og á innlendum vettvangi og má finna lista af greinum á vefsíðu deildarinnar (www.hi.is/ub) og á vefsíðum einstakra starfsmanna.



[Efni er í vinnslu]

Þverfræðilegt nám

Kynfræði

Lýðheilsuvísindi

Menntun framhaldskólakennara

Norrænt meistaranám í öldrunarfræðum

Talmeinafræði

Umhverfis- og auðlindafræði

Viking and Medieval Norse Studies

Kynfræði

Diplómanám í kynfræði (sexology) er þverfræðilegt nám sem veitir fræðilega menntun er byggist á gagnreyndri þekkingu en jafnframt hagnýta þekkingu til að stuðla að kynheilbrigði mannsins. Náminu er ætlað að koma til móts við þarfir samfélagsins um þekkingu á sviði kynfræða og undirbúa nemendur til starfa á sviðinu. Tilgangur náms í kynfræði er að efla þekkingu og skilning á manneskjunni sem kynveru í heildrænum skilningi, þ.e. líkamlega, andlega og félagslega.

Skipulag

Þverfræðilegt diplómanám á meistarastigi í kynfræði (30e) er í samvinnu tveggja deilda Háskóla Íslands, þ.e. Hjúkrunarfræðideildar (sem hefur umsjón með náminu) og Guðfræði- og trúarbragðafræðideildar. Námið er skipulagt í samræmi við samkomulag um skipan þverfræðilegs diplómanáms í kynfræði við Háskóla Íslands frá 10. desember 2014. Þrjú námskeið eru í boði, hvert þeirra 10 einingar og eru þau öll kennd í lotum. Nemendur hafa einnig möguleika á því að taka stök námskeið sem kennd eru í diplómanáminu.

Stjórn

Námsstjórn diplómanáms í kynfræði er skipuð tveimur fulltrúum, frá hvorri aðildardeild. Það eru Sóley S. Bender og Sólveig Anna Bóasdóttir. Verkefnisstjóri er Margrét Gunnarsdóttir.

Á árinu fór fram endurskoðun á náminu og var þróað nýtt námskeið, Kynhregðun mannsins, sem kennt verður í fyrsta skipti á vörmisseri 2016.

Lýðheilsuvísindi

Kennsla í lýðheilsuvísindum hófst við Miðstöð í lýðheilsuvísindum við Læknadeild Háskóla Íslands í september árið 2007. Að náminu standa jafnframt deildir á Heilbrigðis- og Félagsvísindasviði og, eftir atvikum, deildir annarra fræðasviða skólans. Miðstöð í lýðheilsuvísindum við Læknadeild háskólans (á Heilbrigðisvísindasviði skólans frá 2008) hefur umsjón með náminu og skipuleggur það.. Um námið gilda reglur um meistara- og doktorsnám í lýðheilsuvísindum við Háskóla Íslands, nr. 213/2011.

Meistara- og doktorsnám í lýðheilsuvísindum við Háskóla Íslands er þverfræðilegt framhaldsnám sem miðar að því að veita fræðilega menntun á ýmsum sviðum er snerta lýðheilsu í víðum skilningi, og auka þekkingu á heilsu, rannsóknum á heilsu og heilsuefandi aðgerðum. Með náminu er komið til móts við þarfir samfélagsins um rannsóknir, kennslu, þróun, þjónustu og stefnumótun í tengslum við lýðheilsu og efla þekkingu á því sviði.

Námsstjórn

Rektor skipar námsstjórn í lýðheilsuvísindum til þriggja ára í senn. Stjórnin er skipuð fimm fulltrúum og er hún jafnframt stjórn Miðstöðvar í lýðheilsuvísindum. Í henni eru: einn fulltrúi samkvæmt tilnefningu Félagsvísindasviðs, tveir samkvæmt tilnefningu Heilbrigðisvísindasviðs og skal annar þeirra vera frá Læknadeild, fastur umsjónarkennari námsbrautarinnar samkvæmt ákvörðun rektors og fulltrúi sem rektor tilnefnir og er hann formaður námsstjórnar. Varamenn eru tilnefndir fyrir hvern fulltrúa. Unnur Anna Valdimarsdóttir, prófessor í faraldsfræði, hefur verið fastur umsjónarkennari námsbrautarinnar og forstöðumaður Miðstöðvar í lýðheilsuvísindum frá upphafi. Dóra R. Ólafsdóttir er verkefnisstjóri við Miðstöð í lýðheilsuvísindum.

Skipulag

Nemendur eru skráðir við þverfræðilegt nám í lýðheilsuvísindum en brautskráningardeild meistara- og doktorsnema er sú deild þar sem leiðbeinandi í rannsóknaverkefni situr. Nemendur í Viðbótardiplóma brautskrást frá Læknadeild. Þrjár námsleiðir eru á námsbrautinni: meistaranám í lýðheilsuvísindum, diplómanám í lýðheilsuvísindum, og doktorsnám í lýðheilsuvísindum.

Samstarf

Miðstöð í lýðheilsuvísindum við Háskóla Íslands skipuleggur rannsóknir og nám í lýðheilsuvísindum í náinni samvinnu við erlendar menntastofnanir á heimsmælikvarða. Harvard School of Public Health, Karolinska Institutet, University of Minnesota og Norræni Lýðheilsuháskólinn hafa undirritað viljayfirlýsingar um að taka þátt í að þróa nám við Háskóla Íslands í lýðheilsuvísindum. Gestaprófessorar frá þessum stofnunum halda styttri námskeið við skólann og eru stundum meðleiðbeinendur nemenda við rannsóknaverkefni. Með samstarfinu eiga nemendur enn fremur kost á að stunda rannsóknavinnu erlendis og taka námskeið við erlenda háskóla. Hér heima liggja fyrir samstarfssamingar eða viljayfirlýsingar um samstarf við Bráðamóttöku Landspítala – háskólasjúkrahúss, Hjartavernd, Krabbameinsfélag Íslands, Embætti landlæknis en allar þessar stofnanir gegna veigamiklu hlutverki í forvörnum og gagnasöfnun heilbrigðisupplýsinga á Íslandi. Þessi gögn eru dýrmætur efniviður rannsókna. Sérfræðingar frá ofantöldum stofnunum taka jafnframt þátt í að kenna og leiðbeina nemendum sem eiga þess kost að vinna rannsóknaverkefni sín í samstarfi við þessar og aðrar innlendar stofnanir.

Menntun framhaldsskólakennara

Menntun framhaldsskólakennara er þverfræðilegt samvinnuverkefni allra sviða Háskóla Íslands um menntun framhaldsskólakennara. Námið er skipulagt í samræmi við lög nr. 87/2008 um menntun leik-, grunn- og framhaldsskólakennara, reglugerð nr. 872/2009 um inntak menntunar leik-, grunn- og framhaldsskólakennara og samkomulag fræðasviða og deilda Háskóla Íslands um menntun framhaldsskólakennara frá 5. mars 2012.

Stjórn og skipulag

Í sjö manna námsstjórn, sem rektor skipar, eiga sæti fulltrúar allra fræðasviða háskólans, fulltrúi frá Félagi íslenskra framhaldsskóla og formaður, tilnefndur af rektor. Starfsmaður námsstjórnarinnar er Jóhanna Karitas Traustadóttir og formaður námsstjórnar Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, prófessor við Kennaradeild.

Stjórnsýsla námsins er í Kennaradeild á Menntavísindasviði en fagleg umsjá þess er í höndum námsstjórnarinnar. Fjórar námsleiðir eru í boði: MA (120e), MS (120e), M.Ed. (120e) og viðbótardiplóma (60e). Nemendur brautskrást frá þeirri deild skólans (heimadeild) þar sem sérhæfing þeirra liggur.

Meistarapróf

Meistarapróf samkvæmt þessum reglum veitir rétt til lærdómstílsins MA, M.Ed. eða MS í menntun framhaldsskólakennara eftir því hvar sérhæfing nemandans liggur og frá hvaða deild hann brautskráist (heimadeild).

Kjarnanámskeið í kennslufræði (40e) eru skipulögð sem staðbundið nám sem verður að taka á sama háskólaárinu. Þetta eru námskeiðin Inngangur að kennslufræði (haustmisseri), Námskrá og skólaþróun í framhaldsskólum (vormisseri), Kennslufræðigreinar (haust- og vormisseri, val milli námskeiða) og Kennsla á vettvangi (haust- og vormisseri). Gert er ráð fyrir að nemendur mæti vikulega í kennslustundir í þessum námskeiðum, auk viðveru í vettvangsnámi.

Meistaránámsleiðunum er skipt upp í kjörsvið þannig að kennslufræði er sérstakur hluti námsins (40 einingar í kjarnanámskeiðum, 20 einingar í valnámskeiðum eða sem hluti af meistararitgerð ef hún uppfyllir ákveðin skilyrði) og faghluti sem er 60 einingar.

Kjörsvið í MA-námi

- dönskukennsla (Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda)
- enskukennsla (Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda)
- félagsfræðikennsla (Félags- og mannvísindadeild)
- frönskukennsla (Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda)
- heimspekikennsla (Sagnfræði- og heimspekideild)
- íslenskukennsla (Íslensku- og menningardeild)
- mannfræðikennsla (Félags- og mannvísindadeild)
- spænskukennsla (Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda)
- stjórnmálafræðikennsla (Stjórnmálafræðideild)
- sögukennsla (Sagnfræði- og heimspekideild)
- tómstunda- og félagsmálafræðikennsla (Íþróttá-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild)
- trúarbragðafræðikennsla (Guðfræði- og trúarbragðafræðideild)
- uppeldis- og menntunarfræðikennsla (Uppeldis- og menntunarfræðideild)
- þjóðfræðikennsla (Félags- og mannvísindadeild)
- þýskukennsla (Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda)

Kjörsvið í MS-námi

- eðlisfræðikennsla (Raunvísindadeild)
- efnafræðikennsla (Raunvísindadeild)
- ferðamálafræðikennsla (Líf- og umhverfisvísindadeild)
- hagfræðikennsla (Hagfræðideild)
- jarðvísindakennsla (Jarðvísindadeild)
- landfræðikennsla (Líf- og umhverfisvísindadeild)
- líffræðikennsla (Líf- og umhverfisvísindadeild)
- næringarfræðikennsla (Matvæla- og næringarfræðideild)
- sálfræðikennsla (Sálfræðideild)
- stærðfræðikennsla (Raunvísindadeild)
- tölvunarfræðikennsla (Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild)
- viðskiptafræðikennsla (Viðskiptafræðideild)

Kjörsvið í M.Ed.-námi

- grunnþættir og gildi: sjálfbærni – jafnrétti – lífsleikni
- nám og kennsla í skóla án aðgreiningar í fjölmenningsamfélagi

- námskrárþróun, námsmat og námsefnisgerð
- skólaþróun og mat á skólastarfi
- upplýsingatækni í skólastarfi

Kjörsvið í M.Ed.-náminu felast í sérhæfingu í ákveðnum viðfangsefnum skólastarfs þvert á námsgreinar og skólastig. Leiðin er eingöngu opin þeim sem hafa a.m.k. 180 einingar í einni og sömu kennslugrein, yfirleitt úr bakkalárnámi. Þessi kjörsvið (námssvið) eru nú fimm og eru annaðhvort eingöngu í Kennaradeild eða í samvinnu við Uppeldis- og menntunarfræðideild.

Viðbótardiplóma

Viðbótardiplóma í kennslufræði er 60 eininga nám, sérstaklega skipulagt fyrir þá sem hafa þegar lokið meistara- eða doktorsnámi og vilja afla sér kennsluréttinda í grein sinni samkvæmt lögum nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda. Námið er skipulagt sem eins árs staðbundið nám en hægt er að skipta því á tvö ár og þá skulu valnámskeið tekin seinna árið..

Norrænt meistaranám í öldrunarfræðum (NordMaG)

Samnorrænt meistaranám í öldrunarfræðum (NordMaG) er 120 eininga þverfræðilegt nám sem er skipulagt sameiginlega af fjórum norrænum háskólum: Háskóla Íslands, Lundarháskóla og Háskólanum í Jönköping í Svíþjóð og Háskólanum í Gjøvik í Noregi. Í Háskóla Íslands er námið vistað sem sérstök námsbraut í Félagsráðgjafardeild og umsjón með náminu fyrir hönd Háskóla Íslands hefur Sigurveig H. Sigurðardóttir, dósent við Félagsráðgjafardeild.

Talmeinafræði

Meistaranám í talmeinafræði er þverfræðilegt nám sem miðar að því að veita vísindalega menntun og þjálfun í talmeinafræði, búa nemendur undir störf talmeinafræðinga og vísindastörf sem tengjast greininni. Náminu er ætlað að koma til móts við þarfir samfélagsins um rannsóknir, þjónustu og stefnumótun sem tengist talmeinafræði og efla þekkingu á því sviði.

Skipulag

Meistaranámi í talmeinafræði var komið á fót við Háskóla Íslands haustið 2010. Það er skipulagt sameiginlega af Menntavísindasviði, Íslensku- og menningardeild á Hugvísindasviði og Læknadeild og Sálfræðideild á Heilbrigðisvísindasviði. Læknadeild hefur umsjón með náminu og brautskrást nemendur þaðan. Hún annast enn fremur umsjón námsins, s.s. upplýsingagjöf til nemenda, tilkynningar, frágang kennsluskrár og slík atriði. Heyrnar- og talmeinafræði Íslands hefur styrkt námsbrautina með stöðu stundakennara og hefur auk þess yfirumsjón með starfsþjálfun nemenda.

Námið er 120 einingar og skiptist í 30 eininga lokaverkefni, námskeið á framhaldsnámsstigi, málstofur og starfsþjálfun og lýkur með MS-prófi í talmeinafræði. Að náminu loknu, og í kjölfar þess sex mánaða verklegri þjálfun í talmeinafræði undir leiðsögn talmeinafræðings, geta nemendur sótt um starfsleyfi til landlæknis.

Námsstjórn

Rektor skipar stjórn meistaranáms í talmeinafræði til þriggja ára í senn. Stjórnin er skipuð sex fulltrúum samkvæmt tilnefningum Íslensku- og menningardeildar, Menntavísindasviðs, Sálfræðideildar og Heyrnar- og talmeinafræðivar Íslands, einum föstum kennara greinarinnar og fulltrúa úr Læknadeild, sem rektor tilnefnir og er hann formaður námsstjórnar. Námsstjórnina skipa nú Sigríður Magnúsdóttir, dósent við Læknadeild, Jóhanna T. Einarsdóttir, dósent við Læknadeild, Þóra Másdóttir, fulltrúi Heyrnar- og talmeinafræðivar Íslands, Eiríkur Rögnvaldsson, prófessor í

Íslensku- og menningardeild, Zuilma Gabriela Sigurðardóttir, dósent við Sálfræðideild, og Magnús Karl Magnússon, prófessor við Læknadeild, og er hann jafnframt formaður stjórnar.

Víkinga- og miðaldafræði – Viking and Medieval Norse Studies

Námsleiðin Viking and Medieval Norse Studies er samnorrænt meistaranám í víkinga- og miðaldafræðum sem Háskóli Íslands starfrækir í samstarfi við Óslóarháskóla, Árósháskóla, Kaupmannahafnarháskóla og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Námsleiðinni var komið á fót með Nordic Master styrk frá Norrænu ráðherranefndinni haustið 2012. Hugvísindasvið Háskóla Íslands stýrir námsleiðinni og er hún hýst í Íslensku- og menningardeild.

Námsstjórn

Yfir brautinni er fagrað skipað Torfa H. Tulinius og Haraldi Bernharðssyni frá Háskóla Íslands, en Karl-Gunnar Johansson er frá Óslóarháskóla, Pernille Hermann frá Árósháskóla, Anne Mette Hansen frá Kaupmannahafnarháskóla og Gísli Sigurðsson frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Fagraðið skipuleggur námið og annast inntöku nýnema. Svavar Steinarr Guðmundsson, verkefnisstjóri á skrifstofu Hugvísindasviðs, vinnur með fagraðinu.

Skipulag

Viking and Medieval Norse Studies er tveggja ára (120 eininga) alþjóðleg námsleið þar sem nemendum býðst vandað og fjölbreytt meistaranám í víkinga- og miðaldafræðum. Þar sem námsleiðin er einkum ætluð nemendum utan Norðurlandanna fer kennsla fram á ensku.

Námið er ætlað stúdentum sem hafa lokið grunnnámi í háskóla (BA-prófi) á sviði miðaldafræða eða með miðaldaívafi, einkum í eftirtöldum greinum: bókmenntum, sagnfræði, trúarbragðafræði, málvísindum, mannfræði, fornleifafræði, listasögu eða þjóðfræði. Ekki er gerð krafa um forkunnáttu í (forn)íslensku en áhersla er lögð á að nemendur tileinki sér tungumálið í náminu sjálfu.

Allt fyrsta árið í meistaranáminu fer fram við Háskóla Íslands en á þriðja misseri stunda nemendur nám við einn af samstarfsháskólunum. Lokaverkefni skrifa þeir við Háskóla Íslands eða Óslóarháskóla. Námið er opið nemendum alls staðar að úr heiminum. Um er að ræða þverfaglegt nám þar sem saman koma sagnfræðingar, bókmenntafræðingar, málfræðingar, fornleifafræðingar, þjóðfræðingar og trúarbragðafræðingar við fimm ólíkar stofnanir.

Medieval Icelandic Studies

Við Íslensku- og menningardeild Hugvísindasviðs er einnig í boði önnur meistaranámsleið í miðaldafræðum með þverfaglegu ívafi, Íslensk miðaldafræði, Medieval Icelandic Studies. Sú námsleið er þriggja missera nám (90 einingar), sem starfrækt hefur verið síðan haustið 2005 í samstarfi við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Námsleiðin er einnig ætluð erlendum stúdentum og þar er því á sama hátt kennt á ensku, og er námið að flestu leyti eins og í Viking and Medieval Studies, að því undanskildu að námsleiðin er ekki rekin í samstarfi við erlenda skóla og er því styttri en hún sem náminu erlendis nemur.

Námsstjórn

Fagrað Medieval Icelandic Studies er skipað Torfa H. Tulinius, Haraldi Bernharðssyni og Aðalheiði Guðmundsdóttur frá Íslensku- og menningardeild, Viðari Pálssyni frá Sagnfræði- og heimspekideild og Emily Lethbridge frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.



[Efni er í vinnslu]

Rannsóknastofnanir í tengslum við háskólann

Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn

Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn (RAMÝ) er vísindastofnun á vegum Umhverfisráðuneytisins, byggð á lögum um verndun Mývatns og Laxár og hefur verið starfrækt síðan 1974. Hún fæst við rannsóknir á náttúru og sögu Mývatns og Laxár og vatnasviðs þeirra með það höfuðmarkmið að skilja náttúrufarsbreytingar og sjá þær fyrir og stuðla þannig að verndun svæðisins. Stöðin er í gamla prestseturhúsinu á Skútustöðum.

Stöðin birtir skrá um rannsóknir sem gerðar hafa verið á náttúru Mývatns og Laxár og vatnasviðsins alls. Hún leitast við að laða til sín sérfræðipokkingu með samvinnu við innlendar og erlendar rannsóknastofnanir og veita starfsfólki þeirra og nemendum í náttúrufræðum aðstöðu til rannsókna og hlutdeild í gagnasafni stöðvarinnar.

Árið 2016 unnu nokkrir hópar vísindamanna að rannsóknum á svæðinu í samstarfi við RAMÝ. Hópur frá Wisconsinháskóla í Bandaríkjunum hélt áfram rannsóknum á sveiflum í lífríki Mývatns, með það fyrir augum að greina drifkrafta þeirra. Einnig hélt hópurinn áfram langtímarannsóknum á áhrifum rykmýs á vistkerfi og jarðveg vatnsbakkans. Fjölbjóðlegur hópur með Hólaskóla í fararbroddi rannsakaði erfðafræði og þróun gjáarlontu við Mývatn. Annað teymi, einnig tengt Hólaskóla, brýtur til mergjar erfðafræði og þróun hornsíla í Mývatni. Þá vann hópur undir stjórn Ólafs K. Nielsen að rannsóknum á sníkjudýrabyrði rjúpunnar og breytingum á henni. RAMÝ vann að langtímavöktun lífríkisins í samvinnu við Veiðimálastofnun. Sérverkefni stöðvarinnar 2016, auk hefðbundinnar vöktunar, snerust mest um að ljúka kortun forngarða í Þingeyjarsýslum, frumrannsókn á riðastöðvum silungs og útbreiðslu blábaktería í Mývatni.

Rannsóknamiðstöð ferðamála

Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknamiðstöð ferðamála er starfrækt af Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri, Háskólanum á Hólum, Samtökum ferðaþjónustunnar og Ferðamálastofu. Markmið miðstöðvarinnar eru að efla rannsóknir á sviði ferðamála, styrkja tengsl háskólastarfs og atvinnulífs og auka þekkingu um ferðamál gegnum innlent og erlent samstarf.

Stefna Rannsóknamiðstöðvar ferðamála er að efla rannsóknir og skilning á áhrifum ferðamennsku á hagkerfi, samfélag og umhverfi. Þetta gerir miðstöðin með samstarfi við innlenda og erlenda

rannsóknaraðila, atvinnulíf, með útgáfu fræðiritra, upplýsingamiðlun, ráðgjöf og með því að gangast fyrir ráðstefnum og fyrirlestrum.

Í stjórn Rannsóknamiðstöðvar ferðamála árið 2016 áttu sæti:

- Rögnvaldur Ólafsson (Háskóla Íslands), formaður stjórnar
- Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir (Háskólanum á Akureyri), varaformaður
- Jón Þorvaldur Heiðarsson fyrir Háskólann á Akureyri
- Rannveig Ólafsdóttir (Háskóla Íslands)
- Bjarnheiður Hallsdóttir (Samtökum ferðaþjónustunnar)
- Laufey Haraldsdóttir fyrir Háskólann á Hólum
- Oddný Þóra Óladóttir (Ferðamálastofu)

Stjórnarfundir á árinu voru fimm. Formaður og varaformaður stjórnar unnu þétt við hlið forstöðumanns allt árið.

Starfsmenn

Starfsfólk Rannsóknamiðstöðvar ferðamála á árinu 2016 voru:

Í Borgum á Akureyri:

- Kristín Sóley Björnsdóttir forstöðumaður til 1. apríl
- Guðrún Þóra Gunnarsdóttir forstöðumaður frá 15. maí
- Edward H. Huijbens sérfræðingur 50% (í leyfi frá 1. september – 31. desember)
- Þórný Barðadóttir verkefnastjóri 50% til 31. janúar, sérfræðingur 100% frá 1. febrúar
- Dennis Hermans skiptinemi í starfsþjálfun frá Wageningen University í Hollandi (febrúar – júní)
- Martins Englis skiptinemi í starfsþjálfun frá Vidzeme University of Applied Sciences í Lettlandi (september – nóvember)

Í Öskju í Reykjavík:

- Eyrún Jenný Bjarnadóttir, sérfræðingur
- Gunnþóra Ólafsdóttir sérfræðingur 100% frá 1. september

Auk þess unnu eftirtaldin að verkefnum fyrir Rannsóknamiðstöð ferðamála:

Verkefnaráðið starfsfólk:

- Gyða Þórhallsdóttir doktorsnemi í ferðamálafræði við Háskóla Íslands, vann að verkefninu Talningar ferðamanna: Dreifing eftir landssvæðum; verkefnaráðning til 30. júní.
- Auk starfsfólks sinna verkefnum hjá RMF þau Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir hjá Rannsóknasetri Háskóla Íslands á Húsavík og Rögnvaldur Ólafsson hjá Háskóla Íslands.

Starfsemi

Rannsóknamiðstöð ferðamála sinnir fjölbreytilegum viðfangsefnum á sviði ferðamálarannsókna í tengslum við atvinnulíf og innlenda sem erlenda háskóla. Nokkur rannsóknaverkefni héldu áfram frá árinu 2016 en einnig var sérstök áhersla lögð á að þróa ný verkefni og að efla samstarf við íslenskar mennta- og rannsóknastofnanir á sviði nýsköpunar og ferðamála. Fjórum rannsóknaverkefnum, sem unnin voru fyrir Háskólann á Akureyri með fjárstuðningi frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, lauk á árinu. Í byrjun árs setti Stjórnstöð ferðamála á fót stýrihóp um áreiðanleg gögn sem meðal annars er ætlað að skilgreina forgang viðfangsefna í mælingum og rannsóknum í íslenskri ferðaþjónustu. RMF á fulltrúa í stýrihópnum en auk þess var RMF falið að tilnefna sérfræðinga í

sérstaka vinnuhópa sem fjalla um afmörkuð viðfangsefni er varða áreiðanlegar mælingar og söfnun gagna í greininni. Á árinu var stofnuð ráðgjafanefnd um verkefnið Stefnumarkandi stjórnunaráætlanir (e. Destination Management Plans – DMP) og á forstöðumaður þar sæti.

Rannsóknaverkefni

Á árinu var bæði unnið að verkefnum beint við Rannsóknamiðstöð ferðamála og að verkefnum annars staðar sem fjármögnuð voru í gegnum miðstöðina. Nánari lýsingu á verkefnum Rannsóknamiðstöðvar ferðamála er að finna í ársskýrslu á vef miðstöðvarinnar (www.rmfi.is). Þar er enn fremur ítarlegt yfirlit yfir útgefið efni, fyrirlestra, erindi, ráðstefnur, málþing og vinnufundi.

Rannsóknamiðstöð í jarðskjálftaverkfræði

Rannsóknarmiðstöð í jarðskjálftaverkfræði við Háskóla Íslands var stofnuð árið 2000 með sérstöku samningi milli Háskóla Íslands, menntamálaráðuneytisins, dómsmálaráðuneytið, Árborgarborg og varnarmálaráðuneytið.

Helstu viðfangsefni starfsmanna stofnunarinnar eru:

- Grunnrannsóknir
- Samningsrannsóknir
- Þjálfun nemenda til rannsókna og að efla aðstöðu í byggingarverkfræði

Rannsóknir

- Landsnet hröðunarmæla
- ICEARRAY-rannsóknaverkefni
- Áhættu- og viðbragðstýring vegna náttúruhamfara
- Áhrif eldgosa á flugumferð
- Hönnun bygginga á upptakasvæðum jarðskjálfta
- Rannsóknir sem tengjast íslensku atvinnulífi
- Rannsóknasamvinna og kynningarstarfsemi
- Rannsóknatengt framhaldsnám

Rannsóknasetur í kerfislíffræði

Rannsóknasetur í kerfislíffræði er þverfræðilegt samstarf milli Heilbrigðisvísinda- og Verkfræði- og náttúruvísindasviðs Háskóla Íslands. Kerfislíffræði (systems biology) er nýtt og ört vaxandi fræðasvið sem felur í sér kerfisbundnar rannsóknir á flóknum líffræðilegum ferlum, oftast með því að tengja saman ólíkar upplýsingar með notkun stærðfræðilíkana. Kerfislíffræði tengir saman rannsóknir í verkfræði, læknisfræði og náttúruvísindum.

Rannsóknastofa í sýklafræði

Rannsóknastofa í sýklafræði eða Sýklafræðideild Landspítala-háskólasjúkrahúss (LSH) er hluti af Rannsóknastofnun LSH. ásamt rannsóknastofum í blóðmeinafræði, meinafræði, ónæmisfræði og veirufræði.

Rannsóknastofa í veirufræði

Rannsóknastofa og tilvísunarrannsóknastofa fyrir Ísland á sviði bakteríufræði, veirufræði, sveppafræði og sníkjudýrafræði. Deildin vinnur með sóttvarnarlækni og öðrum heilbrigðisyfirvöldum að bættri lýðheilsu með rannsóknum og skráningu á smitsjúkdómum, orsökum þeirra og útbreiðslu. Þau gögn nýtast jafnframt til fyrirbyggjandi aðgerða, svo sem sýkingavarna og bólusetninga.

Rannsóknastofa í ónæmisfræði (Ónæmisfræðideild Landspítala)

Ónæmisfræðideild tilheyrir Rannsóknarsviði Landspítalans. Yfirlæknir er Björn Rúnar Lúðvíksson, prófessor. Við árslok störfuðu við deildina læknar, lífeindafræðingar, náttúrufræðingar, hjúkrunarfræðingar og skrifstofufólk.

Meginstarfsemi deildarinnar er að veita alhliða þjónustu við einstaklinga sem hafa eða eru grunaðir um gigtsjúkdóma, astma- og ofnæmissjúkdóma eða hafa galla eða truflun í starfsemi ónæmiskerfisins. Til að ná fram markmiðum sínum er starfsemi skipt upp í þrjú megin svið.

- Alhliða þjónusturannsóknir á sviði ónæmis-, ofnæmis-, sjálfsofnæmis- og gigtsjúkdóma.
- Klínísk ráðgjöf, greining, meðferð og eftirlit ofnæmis- og ónæmissjúkdóma.
- Fræðsla og vísindi. Veita fræðilega og hagnýta kennslu og þjálfun í ónæmisfræði auk þess að stunda klínískar- og grunnrannsóknir í ónæmisfræði, auk þróunarvinnu.

Kynningarstarfsemi og kennsla

Starfsmenn fluttu tugi fyrirlestra auk veggspjaldakynninga á ýmsum innlendum og alþjóðlegum ráðstefnum og fundum. Þrír starfsmenn deildarinnar starfa í ritstjórn tveggja ritrýndra fagrita. Starfsmenn deildarinnar kenna ónæmisfræði við heilbrigðisvísindasvið HÍ fyrir nemendur í læknisfræði, hjúkrunarfræði, lífeindafræði, lyfjafræði, líffræði, lífefnafræði, sameindaerfðafræði og næringarfræði, auk ónæmisfræðinámskeiða fyrir nemendur í framhaldsnámi. Að jafnaði koma 2 til 5 læknar í verkefni á deildina ár hvert, auk líffræðinema í BS námi, lífeindafræðinema í diplóma- og MS námi og lyfjafræðinema í MS námi. Almennir fræðslufundir eru haldnir vikulega á vegum deildarinnar auk vikulegra tímaritafunda. Starfsmannafundir eru haldnir einu sinni í viku.

Rannsóknastofa um mannlegt atferli

Almennt yfirlit og stjórnun

Sem fyrr er forstöðumaður Magnús S. Magnússon (MSM) rannsóknaprófessor við Háskóla Íslands. Guðberg K. Jónsson (GKJ) er rannsóknasérfræðingur við RMA, en hann er einnig framkvæmdastjóri Atferlisgreiningar/PatternVision (www.patternvision.com).

Rannsóknir og kynning

RMA var áfram þungamiðjan í hinu formlega samstarfsneti „Methodology for the Analysis of Social Interaction“ (MASI), stofnað 1995 á Sorbonne í París, þar sem MSM áður gegndi prófessorsstöðu, en greiningarlíkan MSM hefur frá upphafi verið hin sameiginlegi grundvöllur MASI. Eftir síðustu endurnýjun á árinu hefur þáttöku háskólum fjölgað og eru nú 32. Út kom hjá Springer í janúar 2016: “Discovering Hidden Temporal Patterns in Behavior and Interaction: T-Pattern Detection and Analysis with THEME™. Magnusson, Magnus S., Burgoon, Judee K., Casarrubea, Maurizio (Eds.). (TM)”. <http://www.springer.com/gp/book/9781493932481> Allir kaflar ritsins fjalla um greiningarlíkan MSM og niðurstöður beitingar þess með Theme hugbúnaðinum á ýmsum sviðum. MSM ritar fyrsta kaflan sem ber titilinn „Time and Self-Similar Structure in Behavior and Interactions: From Sequences to Symmetry and Fractals“.

MSM hélt **lykilfyrirlestra og vinnusmiðjur** á árinu á eftirfanandi ráðstefnum: Measuring Behavior (Dublin, 25-7/5), NDES (Reykjavík, 20-22/6), Behavioral Biology (Vín, Austurríki, 12-15/7), Mass Spectroscopy (Chicago, 20-22/7), Neuropharmacology (San Antonio, Texas, 14-16/9), Proteomics and Bioinformatics (Rome, 24-25/10) og Forensics (Dalian, Kína, 27-29/10), RMA/H.Í. í samstarfi við ETH, Zurich stóð fyrir rástefnu „Nonlinear Dynamics of Electronic Systems (NDES) 20-22 júní í Reykjavík. <https://www.ini.uzh.ch/~kkanders/NDES2016/>

Dr. Guðberg K. Jónsson vann að innlendu og erlendu rannsóknasamstarfi á vegum RMA þar sem ofangreindu greiningarlíkani er beitt, á fjölbreyttu sviði vísinda. Að auki sat Guðberg í vinnuhóp Netöryggisáætlunar ESB um öruggara og betra internet fyrir ung fólk. Guðberg kenndi einnig námskeið á árinu fyrir hönd RMA, m.a. við háskóla í Ungverjalandi, Þýskalandi og á Spáni, sótti rástefnur og birti ritrýndar greinar á nokkrum fræðasviðum.

Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands

Markmið Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands er m.a. að stuðla að rannsóknum, menntun og leiðbeiningu framhaldsnema víða um land og vera vettvangur samstarfsverkefna háskólans við nærumhverfi og nærsamfélög setranna. Með þeim hætti leggja rannsóknasetrin sitt af mörkum við að efla tengsl Háskóla Íslands við atvinnu- og þjóðlíf.

Undir hatti Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands voru starfrækt á árinu 2016 rannsóknasetur á Hornafirði, Suðurlandi, Suðurnesjum, Snæfellsnesi, Vestfjörðum, Norðurlandi vestra og Norðausturlandi. Á Austurlandi var sett á fót starfsstöð Stofnunar rannsóknasetra í kringum rannsóknaverkefnið Maður og náttúra með ráðningu Unnar Birnu Karlsdóttur sagnfræðings í starf akademíks sérfræðings.

Setrin voru því eftirtalin á árinu:

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Snæfellsnesi

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Vestfjörðum

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Ströndum – Þjóðfræðistofa

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Norðurlandi vestra

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Húsavík

Starfsemi á Austurlandi á vegum Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Hornafirði

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum

Sem fyrr er markmið Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands m.a. að stuðla að rannsóknum, menntun og leiðbeiningu framhaldsnema víða um land og vera vettvangur samstarfsverkefna háskólans við nærumhverfi og nærsamfélög setranna. Með þeim hætti leggja rannsóknasetrin af mörkum við að efla tengsl Háskóla Íslands við atvinnu- og þjóðlíf. Rannsóknaviðfangsefni rannsóknasetranna eru afar fjölbreytt en á meðal þeirra eru lífríki hafsins, umhverfi og landnýting, hvalir, fiskar og fuglar, ferðamál, bókmenntir, sagnfræði, fornleifafræði og nú síðast þjóðfræði. Óhætt er að segja að rannsóknastarfið hafi gengið vel og fékk t.a.m. Ragnar Edvardsson, sérfræðingur við Rannsóknasetur HÍ úthlutað verkefnastyrk úr Rannsóknasjóði Vísinda- og tækniráðs til þriggja ára til rannsóknaverkefnisins “Allen die willen naa Island gaan”, Verslun og hvalveiðar Hollendinga á Íslandi á 17. og 18. öld. Þá fékk rannsóknahópur, sem Marianne Rasmussen, forstöðumaður Rannsóknaseturs HÍ á Húsavík, er hluti af, norrænan öndvegisstyrk (NordForsk) fyrir rannsóknaverkefnið ARCPATH (Arctic Climate Predictions: Pathways to Resilient, Sustainable Societies).

Fleiri innlendir sem erlendir styrkir fengust til rannsóknaverkefna og er alþjóðlegt samstarf rannsóknasetranna að aukast, ekki síður en hið innlanda. Akademískir starfsmenn setranna koma flestir að kennslu, fyrst og fremst með leiðbeiningu framhaldsnema. Þá eru haldin sérhæfð vettvangsnámskeið á meistarastigi við þrjú rannsóknasetranna. Samningaviðræður við deildir um nánara samstarf rannsóknasetranna og deildanna héldu áfram og er stefnt að því að ljúka þeim 2017. Eins og fyrri ár unnu allmargir nemendur að lokaverkefnum sínum við rannsóknasetrin. Á árinu lauk Þórður Örn Kristjánsson doktorsprófi frá Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands. Doktorsritgerðin bar heitið: Varpvistfræði æðarfugls við Breiðafjörð. Þórður Örn vann rannsókn sína að miklu leyti við Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Snæfellsnesi og var aðalleiðbeinandi hans Jón Einar Jónsson, forstöðumaður setursins. Þórður Örn er fyrsti heyrnarlausli Íslendingurinn til að útskrifast með doktorspróf. Sean B. Lawing varði doktorsritgerð sína, Disfigurement Plots in Old Icelandic Law and Literature, á árinu en í doktorsnefnd hans sat Lára Magnúsdóttir, forstöðumaður Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Norðurlandi vestra. Þrjátíu og sex starfsmenn voru hjá Stofnun rannsóknasetra HÍ árið 2016, 17 starfandi allt árið og þar af 13 í fullu starfi. Alls voru ársverk hjá Stofnun rannsóknasetra tæplega 21 samanborið við 19 árið áður.

Tveir voru ráðnir hjá rannsóknasetrum í átaki Vinnuálastofnunar um sumarstörf fyrir námsmenn, tvo mánuði hvor. Að venju nýtti fjöldi meistara- og doktorsnema aðstöðu á setrunum. Þá fengu erlendir fræðimenn aðstöðu við sum setranna til skemmri tíma. Af starfsmannamálum má nefna að á árinu var ráðið í starf verkefnisstjóra við nýstofnað Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Ströndum – Þjóðfræðistofu, og tók Jón Jónsson þjóðfræðingur við starfinu 1. september. Jón Einar Jónsson, forstöðumaður Rannsóknaseturs HÍ á Snæfellsnesi, fékk framgang í starf vísindamanns. Starfsmannasamtöl áttu sér stað á tímabilinu frá júní og fram í október og veita þau forstöðumanni ávallt mikilvægar upplýsingar. Áhyggjur vekja niðurstöður starfsumhverfiskönnunar Háskóla Íslands sem gefa til kynna mikið álag og þó nokkra streitu meðal akademíks starfsfólks háskólans og þar með talið rannsóknasetranna. Starfsmannasamtölin leiða hið sama í ljós. Mikilvægt er að grípa til aðgerða svo ekki verði alvarlegar afleiðingar af þessari stöðu.

Eins og fyrr var nefnt var nýtt rannsóknasetur sett á fót á árinu með samningi við mennta- og menningarmálaráðuneyti, Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Ströndum – Þjóðfræðistofa. Rannsóknir í þjóðfræði verða þar í öndvegi og sérstök áhersla á miðlun og hagnýtingu þjóðfræðilegrar þekkingar.

Aðsetur rannsóknasetursins er í Þróunarsetrinu á Hólmarvík. Þá var einnig unnið að nýrri starfstöð Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Suðurlandi, á Laugarvatni, en vonast er til að starfsemi hefjist þar í vor. Forstöðumaður Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands árið 2016 var Sæunn Stefánsdóttir. Jörundur Svavarsson, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild HÍ, var formaður ráðgefandi nefndar Stofnunar rannsóknasetra HÍ og með honum í nefndinni unni Anna Dóra Sæþórsdóttir, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild HÍ, Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir, forstöðumaður Rannsóknaseturs HÍ á Vestfjörðum, Guðrún Á. Jónsdóttir, fulltrúi háskólanáms og rannsókna við Austurbrú, og Sigurður Sigursveinsson, framkvæmdastjóri Háskólafélags Suðurlands. Birna Gunnarsdóttir, verkefnisstjóri hjá Vísinda- og nýsköpunarsviði Háskóla Íslands, annaðist stjórnsýslustörf og fjármálaumsjón fyrir stofnunina. Fundaði ráðgefandi nefndin fimm sinnum á árinu.

Í tilefni af 10 ára afmæli Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Snæfellsnesi var ársfundur Stofnunar rannsóknasetra haldinn í Stykkishólmi 15. apríl 2016. Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands, og Sturla Böðvarsson, bæjarstjóri Stykkishólms, fluttu ávörp og vísindamenn og framhaldsnemar héldu erindi. Um 70 manns sátu ársfundinn sem haldinn var á Hótel Stykkishólmi en nánar má lesa um ársfundinn á síðu Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands, www.rannsoknasetur.hi.is. Þar eru einnig krækjur á vefsíður rannsóknasetrana. Fjármögnun gegnir veigamiklu hlutverki við eflingu rannsókna og nýsköpunar hjá rannsóknasetrum Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands. Sértekjur hafa lengi verið verulegur hluti af heildartekjum stofnunarinnar og var það einnig svo 2016. Þá hafa aukin framlög sveitarfélaga til starfsemi einstaka rannsóknasetra skipt miklu máli. Stuðningur sem þessi er starfsemi rannsóknasetrana afar mikilvægur. Vöxtur hefur verið í starfseminni á síðastliðnum misserum en mikilvægt er að treysta enn rekstur rannsóknasetrana og gera þeim kleift að ná markmiðum sínum um að á hverju setri verði tveir fastir starfsmenn. Á árinu tókst að kaupa nýjan rannsóknabát fyrir Rannsóknasetur HÍ á Suðurnesjum í stað Sæmundar fróða RE sem sökk í lok árs 2015. Fengust bætur að hluta fyrir bátinn sem sökk. Aukafjárveiting sem mennta- og menningarmálaráðuneytið veitti Stofnun rannsóknasetrana annað árið í röð skipti miklu fyrir uppbyggingu innviða með þessum bátakaupum, sem og kaupum á plastbát fyrir Rannsóknasetur HÍ á Snæfellsnesi. Þá gerði hún kleift að fjölga starfsfólki, bæði með ótímabundnum og tímabundnum störfum.

Samningur Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands við ráðuneytið hefur reynst starfsemi rannsóknasetrana heilladrjúgur. Rann samningurinn út í lok árs 2016 og endurnýjun hans fyrir höndum. Vonandi mun áframhaldandi samningur gera rannsóknasetrunum kleift að stíga næstu skref í þróun þeirra um leið og renna styrkari stoðum undir starfsemina. En eins og sést af meðfylgjandi töflu hafa framlög hins opinbera í gegnum fyrrnefndan samning ekki haldið í við launaþróun. Útlitið fyrir árið 2017 er enn dekkra. Á samningstímanum hefur framlag ráðuneytisins hækkað um tæp 9,5% en launakostnaður vegna forstöðumanna um tæplega 61%. Bregðast verður við þessari þróun. Starfsemi rannsóknasetrana hefur styrks á undanförunum árum og sannað gildi sitt við eflingu rannsókna, háskóla- og atvinnustarfsemi víða um land og aukið tengsl skólans við sveitarfélög, stofnanir, fyrirtæki, félagasamtök og einstaklinga. Rannsóknasetur Háskóla Íslands eru mikilvægur hlekkur í þeirri keðju þekkingar- og verðmætasköpunar sem Háskóli Íslands vill stuðla að, ekki síst nú á tímum mikilla breytinga í byggða- og atvinnumálum.

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Snæfellsnesi

Við Rannsóknasetur HÍ á Snæfellsnesi voru tveir starfsmenn í fullu starfi allt árið, dr. Jón Einar Jónsson forstöðumaður og Árni Ásgeirsson náttúrufræðingur. Jón Einar fékk framgang í stöðu vísindamanns 1. júlí. Ellen Magnúsdóttir líffræðingur kom í þriggja vikna vinnu í maí og júní. Þá vann meistaranemi frá Agro Paris Tech háskólanum í Frakklandi, Gilles Chen, sumarlangt við setrið að meistaranemi um þekkingarheim æðarbænda. Gilles tók viðtöl við 20 æðarbændur um allt land og varði ritgerð sína í

París í september. Leiðbeinendur voru dr. Douglas Nakashima og Jón Einar Jónsson. Tveir framhaldsnemar útskrifuðust á árinu. Aldís Erna Pálsdóttir varði meistaraverkefni sitt um afrán á æðarkolluhreiður í janúar. Aldís kynnti verkefnið á ráðstefnu í Finnlandi í febrúar og með veggspjaldi á Vistís í Reykjavík í mars. Aldís er nú doktorsnemi við rannsóknasetrið á Suðurlandi. Þórður Örn Kristjánsson lauk við doktorsritgerð sína um varpviðfræði æðarfugls og varði hana 2. september. Andmælendur við doktorsvörn Þórðar voru dr. Sveinn Are Hanssen frá Norsk Polarinstitut og dr. Jonathan Green frá Háskólanum í Liverpool.

Rannsóknasetrið á Snæfellsnesi fagnaði 10 ára afmæli á árinu, fyrst með afmælisfyrirlestri í Ráðhúsinu 6. apríl og svo í tengslum við ársfund Stofnana rannsóknasetra Háskóla Íslands. Rúmlega 70 manns sóttu ársfundinn sem haldinn var á Fosshótelu Stykkishólmi 15. apríl. Daginn áður héldu forstöðumenn rannsóknasetrana vinnufund. Ársfundinum lauk svo með móttöku í Æðarsetri Íslands. Æðarkollur voru merktar þriðja sumarið í röð. Nýmerktar voru 204 æðarkollur, auk þess sem 83 voru endurheimtar með merki frá fyrri árum. Farið var í sömu sjö eyjar og heimsóttar voru 2015. Gott tíðarfar auðveldaði merkingar og nú hafa 418 æðarkollur verið merktar við Stykkishólm frá 2014. Varptími æðarkollna hófst á nokkuð eðlilegum tíma eða upp úr 20. maí og lauk merkingum um miðjan júní. Varpárangur var nokkru lakari en 2014-2015 en var þó 50-70% í Landey, Hjallsey og Stakksey. Rannsóknasetrið hefur frá 2014 verið í samstarfi við norska SEATRACK-verkefnið um að merkja æðarkollur í Landey, Hjallsey og Stakksey. Í ár voru settir út 46 nýir hnattstöðuritar á æðarkollur og 34 slíkir endurheimtust frá fyrri árum. Jón Einar sótti vinnufund SEATRACK í Tromsø í nóvember.

Æðarungar voru taldir við Breiðafjörð í 10. sinn og var fjöldi þeirra í meðallagi eða 0,6 ungar á kollu. Rituvarp gekk mun skár en í mörg undanfarin ár og sáust nú 2-3 ungar í flestum hreiðrum. Rituhreiður á suðursvæði Breiðafjarðar eru mun færri en þau voru fyrir 20 árum en fjöldi þeirra er nokkuð stöðugur frá árinu 2006. Flest ritubjörgin litu mun betur út í ár en mörg ár þar á undan og sömuleiðis var varp lunda og kríu líflegra en oft áður. Ritatalningin er samstarfsverkefni með Náttúrustofu Vesturlands. Stofnanirnar fóru einnig í Kolgrafafjörð 22. júlí til botnsýnatöku fjórða árið í röð og þá voru vatnafuglar á Snæfellsnesi taldir sjötta árið í röð. Þrjár greinar komu út í alþjóðlegum vistfræðitímaritum, ein um sníkjudýr í æðarhreiðrum, önnur um komu æðarkollna á varp á Rífi og hin þriðja um fæðunám snjógæsa á fyrsta ári. Á ársfundi Æðarræktarfélags Íslands 12. nóvember hélt Jón Einar Jónsson erindi um mikilvægi klóþangs fyrir ungauppeldi æðarfugls. Sjálfbóaliðar SEEDS heimsóttu Rannsóknasetrið 20. júní og fengu að kynna starfseminni. Loks hlaut Jón Einar akademískan framgang þann 1. júlí í starf vísindamanns.

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Vestfjörðum

Við setrið störfuðu á árinu tveir sérfræðingar í fullu starfi, dr. Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir líffræðingur, sem jafnframt er forstöðumaður setursins, og dr. Ragnar Edvardsson fornleifafræðingur. Helstu rannsóknarefni setursins tengjast náttúru og samfélagi strandsvæða með áherslu á Vestfirði. Eins og undanfarin ár hefur verið lögð áhersla á líf- og fornleifafræðilegar rannsóknir á sjávarnytjum, einkum hvalveiðum og fiskistofnum. Þá unnu háskólanemarnir Fan Liu, Camille Fraudet og Charles Chretiennot sumarstörf við setrið og fornleifafræðingurinn Zhuaitz Akizu. Rannsóknaverkefni ársins voru flest framhaldsverkefni. Rannsóknastyrkir fengust m.a. úr Rannsóknasjóði Íslands, Rannís, fyrir verkefnið „Allen die willen naa Island gaan“ – Hvalveiðar og verslun Hollendinga á 17. og 18. öld, og úr Náttúruverndarsjóði Pálma Jónssonar fyrir verkefnið Hvaladrápin miklu. Verkefnið „Allen die willen naa Island gaan“ – Hvalveiðar og verslun Hollendinga á 17. og 18. öld miðar að því að skilja áhrif hvalveiða og verslunar Hollendinga á íslenskt samfélag á tímum einokunar.

Meðal áfanga ársins 2016 var kortlagning á uppgrftarstöðum fyrir árið 2017 og uppgröftur á hvalveiðistöð í landi Eyja í Kaldrananeshreppi á Ströndum. Verkefnið Hvaladrápin miklu miðar að því að skilja hvalveiðar við Ísland á fyrri öldum og hugsanlega að því að meta áhrif veiðanna á

hvalastofna. Meðal áfanga ársins var sýnataka neðansjár á hvalveiðistöðvum við Ísafjarðardjúp. Áframhald varð á verkefninu Söguleg samsetning þorskstofnsins sem styrkt er af Rannsóknasjóði Íslands, Rannís, og miðar að því að skilja breytingar í þorskstofninum á sögulegum tíma með erfðafræðilegum og efnafræðilegum greiningum á þorskbeinum sem fengin eru með fornleifauppgrefti. Önnur rannsóknaverkefni ársins 2016 voru m.a. vistfræði þorskfiskseiða á uppeldisstöðvum, sem miðar að því að skilja þá vistfræðilegu þætti sem hafa áhrif á viðkomu og vöxt þorsk- og ufsaseiða, og fornleifarannsóknir á neðansjárminjum sem miða að því að fá hugmynd um fjölda skipsflaka við Íslandsstrendur, ástand þeirra og rannsóknarmöguleika.

Rannsóknasetur HÍ á Ströndum – Þjóðfræðistofa

Rannsóknasetur HÍ á Ströndum var stofnað í september 2016. Rannsóknir í þjóðfræði verða í öndvegi hjá setrinu og sérstök áhersla á miðlun og hagnýtingu þjóðfræðilegrar þekkingar. Rannsóknasetrið var stofnað samkvæmt samningi Stofnunar rannsóknaseturs Háskóla Íslands og mennta- og menningarmálaráðuneytisins, og byggir á grunni fræðasetursins Þjóðfræðistofu á Hólmavík. Aðsetur rannsóknasetursins er í Próunarsetrinu á Hólmavík. Jón Jónsson, þjóðfræðingur á Kirkjubóli á Ströndum, hóf störf sem verkefnisstjóri hjá setrinu 1. september, en áður gegndi hann starfi menningarfulltrúa Vestfjarða. Á haustmánuðum var lagður grunnur að rannsóknar- og miðlunarverkefnum í þjóðfræði sem unnið verður að næstu misseri. Eitt viðfangsefnið eru rannsóknir á þjóðtrú og í september stóð rannsóknasetrið fyrir vel sóttari þjóðtrúarkvöldvöku í samvinnu við Sauðfjarsetur á Ströndum undir yfirskriftinni Leyndardómar fjörunnar, þjóðtrú, ótti og óhugnaður. Eins voru lögð drög að samstarfs- og miðlunarverkefni um íslenskar þjóðtrúarverur og vætti. Annað viðfangsefni er samspil fræða, menningarstarfs og ferðaþjónustu og hefur verið lagður grunnur að verkefnum á því sviði, auk þess sem unnið er að rannsóknar- og samstarfsverkefnum tengdum ljósmyndasöfnum. Þá er útgáfuverkefni tengt föruþingi fyrri alda fyrirhugað.

Áhersla hefur verið lögð á að byggja upp gott samstarf milli setursins og námsbrautar í þjóðfræði og safnafræði við Háskóla Íslands. Þjóðfræðinemar heimsóttu Strandir í október og fóru í álagabletta- og tröllaskoðunarferð undir leiðsögn Jóns Jónssonar verkefnastjóra. Rannsóknasetrið getur boðið upp á aðstöðu fyrir námsmenn sem vilja dvelja tímabundið á Hólmavík við nám og störf. Rannsóknasetrið stóð fyrir súpufundum á Ströndum haustið 2016 um vísindi og fræði í samvinnu við Próunarsetrið á Hólmavík og veitingastaði í héraðinu. Í árslok hafði stofnun þverfaglegs fræðafélags í héraðinu verið undirbúin, en ekki tókst að halda stofnfundinn fyrir áramót. Vísir að rannsóknasamfélagi hefur síðustu ár orðið til á Ströndum og þar býr fólk með menntun í ýmsum fræðigreinum. Þá lagði verkefnastjóri setursins sitt af mörkum með vinnuframlagi við uppsetningu sögusýningar sem ber yfirskriftina Sumardvöl í sveit en hún var opnuð á Sauðfjarsetri á Ströndum í nóvember. Esther Ösp Valdimarsdóttir, mannfræðingur á Hólmavík, og Dagrún Ósk Jónsdóttir þjóðfræðinemi eiga allan heiður af því framtaki, en sýningin er hluti af þverfaglegu rannsóknaverkefni stórs hóps fræðimanna er tengjast Háskóla Íslands, undir stjórn Jónínu Einarsdóttur mannfræðings.



Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Norðurlandi vestra

Rannsóknasetur HÍ á Norðurlandi vestra er til húsa í gamla Kaupfélagshúsinu á Skagaströnd og var opnað í apríl 2010, en starfið hófst í október 2009. Í setrinu er Bókasafn Halldórs Bjarnasonar þar sem boðið er upp á vinnuaðstöðu sem meðal annars er nýtt í samvinnu við ljósmyndasafn sveitarfélagsins og Listamiðstöðina Nes. Forstöðumaður setursins er dr.phil. Lára Magnúsardóttir. Lára var eini starfsmaður setursins í fullu starfi allt árið en Nanna Þorbjörg Lárusdóttir vann sem sumarstarfsmaður með forstöðumanni að rannsókn og samantekt um sagnfræðilegar heimildir varðandi saksókn andlegra sakamála. Meginviðfangsefni setursins er sagnfræði og vinnur forstöðumaður að rannsóknum á heimildum sem varða brot á trúarlegum lögum þegar ekki var trúfrelsi í landinu, eða frá kristnitöku til 1874. Lögbrotin einkennast af því að enginn utanaðkomandi aðili bar skaða af þeim, aðeins sakamaðurinn sjálfur, og vörðuðu þau allt frá ólöglegu mataræði til alvarlegra kynferðisbrota. Mál voru sótt af opinberu valdi og málsmeðferð einkenndist af því að þau mátti leysa með skriftum og aflausn, en þau gátu varðað bannfæringu eða útleig og síðar nauðungarvinnu, fangavist eða dauðarefsingu. Undirstaða nálgunarinnar er að rekja sögu „andlegra hluta“ og „andlegs valds“ sem andstæðu „veraldlegra hluta“ og „veraldlegs valds“. Þrjár bækur um efnið eru í undirbúningi: fjallar hin fyrsta um heimildirnar, önnur er um réttarsögu stóradóms en í hinni þriðju er rakin saga andlegra afbrota í stjórnskipunar- og réttarsögu landsins.

Þá vann Lára að grein um stjórnskipunarsögu Íslands með tilliti til kirkjuvalds og dómsvalds yfir andlegum lögbrotum og hélt þrjá fyrirlestra um rannsóknarefni sitt, fyrir almenning og í fræðilegu samhengi. Lára er meðleiðbeinandi tveggja doktorsnema, Jennifer McLellan, sem vinnur að rannsókn á birtingarmynd trúrækni almennings í íslenskum miðaldaheimildum, og Ryans Eric Johnson, en verkefni hans ber heitið Miðaldakanokasetrin á Íslandi (1200-1400). Þá var hún meðleiðbeinandi Seans B. Lawing sem varði doktorsritgerð sína vorið 2016 við Íslensku- og menningardeild HÍ. Verkefni hans bar heitið Disfigurement Plots in Old Icelandic Law and Literature (Líkamleg afmyndun í íslenskrí menningu á þjóðveldisöld). Setrið á gott samstarf við sveitarfélagið Skagaströnd sem styrkir starfseminu með fjárframlagi. Sveitarfélagið starfrækir einnig ljósmyndasafn sveitarfélagsins í húsakynnum setursins sem er jafnframt að hluta til samnýtt með fjarnámsstofu. Rannsóknasetrið átti á árinu þátt í að bjóða hinum þekktu bandaríska réttarsagnfræðingi William Ian Miller til Íslands ásamt Miðaldastofu, Hugvísindasviði og lagadeild Háskóla Íslands. Miller kenndi á fjölsóttu námskeiði sem haldið var við HÍ á vegum Miðaldastofu og hélt opinberan fyrirlestur. Á árinu kom einnig út „Skagaströnd Review“ eftir þýsk-franska listamanninn Andreu Weber, en það var styrkt af Uppbyggingarsjóði Norðurlands vestra árið 2015 og unnið í samvinnu við Rannsóknasetrið og Nes listamiðstöð. Setrið hefur samning við Listamiðstöðina Nes á Skagaströnd um aðstöðu fyrir rithöfundu sem dvelja þar á vegum Ness. Árangur af samningnum er ágætur og í maí 2016 höfðu 29 listamenn haft vinnuaðstöðu í bókasafninu í samtals 44 mánuði. Jafngildir þetta því að setrið hafi lagt fram upphæð sem

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Húsavík

Forstöðumaður Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Húsavík er dr. Marianne Helene Rasmussen. Auk hennar voru tveir starfsmenn í hlutastörfum við setrið allt árið. Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir verkefnisstjóri vinnur að rannsókn á umfangi og áhrifum ferðaþjónustu í byggðum landsins, og Huld Hafliðadóttir verkefnisstjóri er sameiginlegur starfsmaður með Hvalasafninu á Húsavík og annast sameiginleg verkefni stofnananna tveggja. Rannsóknir forstöðumanns á árinu tengdust hljóði og hegðun hvala. Atferlisrannsóknir á hegðun hnúfubaka í æti miða að því að kanna hvernig skíðishvalir finna bráð og hvort þeir beiti lyktarskyni við ætisleit. Verkefnið er unnið í samstarfi við franskt rannsóknarteymi og fjármagnað frá Frakklandi. Unnið var áfram að rannsóknnum á hnúsum í Skjálfanda

í samstarfi við þýska vísindamanninn Jens Koblitz sem er sérfræðingur í hljóðupptökum neðansjávar. Við rannsóknirnar er beitt 16-raða neðansjávarupptökutæki sem skilar gögnum er nýttast við greiningu á staðsetningarferli hnísanna. Verkefnið var styrkt af Rannsóknasjóði HÍ. Norræna öndvegissætursverkefnið ARCPATH – Arctic Climate Predictions: Pathways to Resilient, Sustainable Societies hófst með fyrsta samstarfsfundi í Nansen Centre í Bergen og öðrum verkefnisfundi í Danish Meteorological Institute (DMI) í október. Í ARCPATH er stefnt að eftirfarandi niðurstöðum: að ná fram betri spám um loftslag heimskautasvæða með því að fækka óvissuþáttum sem rekja má til breytinga í hafinu, að öðlast innsýn í næmi heimskaotaloftslags gagnvart umhverfisbreytingum af mannavöldum, einnig að auka skilning á því hvernig loftslagsbreytingar orka á margvíslega félagslega þætti, allt frá þróun fiskveiðisamfélaga til nýtingar og neyslu sjávarspendýra í Norður-Atlantshafi.

Í ARCPATH mætast náttúruvísindi og félagsvísindi í þverfaglegu verkefni sem mun tengja saman loftslagsspár og áhrif á mannlíf, með greiningu og mati á þeim tækifærum og áhættu sem tengjast loftslagi. Lilja B. Rögnvaldsdóttir vinnur að rannsókninni Ferðapjónusta í byggðum landsins sem snýst í meginráttum um að kanna og bera saman ferðavenjur og neyslumynstur erlendra ferðamanna í sex bæjarfélögum á landinu: Seyðisfirði, Egilsstöðum, Húsavík, Mývatnssveit, Ísafirði og Stykkishólmi. Verkefnið byggir á spurningakönnunum sem lagðar voru fyrir erlenda gesti staðanna sumarið 2016. Rannsóknin er unnin í samstarfi við Rannsóknamiðstöð ferðamála, Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri og Þekkingarnet Þingeyinga. Rannsóknasetrið starfar sem fyrir í nánu samstarfi við Hvalasafnið á Húsavík. Á árinu unnu stofnanirnar m.a. að greiningu ljósmynda sem nemendur, starfsmenn og sjálfbóðaliðar tóku í siglingum hvalaskoðunarbáta frá Húsavík og Reykjavík. Að venju lagði setrið til efni og veitti faglega ráðgjöf í starfi Hvalaskólans, sem er árlegt fræðsluverkefni Hvalasafnsins. Rannsóknasetrið og Hvalasafnið héldu sameiginlega Hvalaráðstefnu þriðja árið í röð þar sem kynntar voru rannsóknir í Skjálfaflóa. Meðal þeirra sem fluttu erindi á ráðstefnunni voru vísindamenn sem taka þátt í ARCPATH-verkefninu, auk útskrifaðra nemenda Marianne. Um 70 manns sóttu ráðstefnuna. Að venju var alþjóðlegt sumarnámskeið, Studying Marine Mammals in the Wild, haldið á Húsavík í samstarfi við Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands í júní. Námskeiðið sóttu 22 nemendur frá 11 þjóðlöndum. Marianne var meðleiðbeinandi fjögurra doktorsnema og þriggja meistaranema á árinu og aðstoðuðu doktorsnemarnir við kennslu á námskeiðinu

Starfsemi á Austurlandi á vegum Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands

Á Austurlandi starfar dr. Unnur Birna Karlsdóttir sagnfræðingur og sérfræðingur á sviði umhverfissögu við rannsóknir á vegum Stofnunar rannsóknasetra undir yfirskriftinni „Maður og náttúra“. Unnur Birna kom til starfa í apríl 2015 og var í fullu starfi allt árið 2016. Rannsókn Unnar Birnu beinist að sambúð manna og hreindýra á Íslandi frá því dýrin voru fyrst flutt til Íslands á seinni hluta 18. aldar og fram til okkar daga. Vinnuheiti verkefnisins er Saga hreindýra á Íslandi og stefnt er að útgáfu bókar um efnið. Undirbúningur útgáfunnar er hafinn og á árinu fengust styrkir til hennar úr Uppbyggingarsjóði Austurlands og frá Vinum Vatnajökuls. Þá var unnið að tveimur fræðigreinum undir yfirskriftinni „Maður og náttúra“ sem eru ætlaðar til birtingar 2017. Unnur Birna hélt fyrirlestra um rannsóknir sínar á Hugvísindapingi í Háskóla Íslands í mars, á ársfundi Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands í apríl og á alþjóðlegri ráðstefnu um byggðarannsóknir á Akureyri í maí 2016. Málstofa um málefni fornminja á Austurlandi var haldin 23. apríl á Egilsstöðum. Sérfræðingar á Austurlandi og frá Háskóla Íslands og Þjóðminjasafni héldu þar fyrirlestra og var málþingið mjög vel sótt. Málstofan fór fram í samvinnu við Söguslóðir Austurlands, áhugamannafélag um sögu Austurlands. Undir lok ársins hófst vinna við verkefnið „Verndarsvæði í byggð“ sem unnið er fyrir Fljótsdalshérað og verður lokið árið 2017. Í verkefninu verður lagt mat á það hvort innan sveitarfélagsins sé að finna byggð sem ástæða er til að varðveita sérstaklega vegna svipmóts, menningarsögu eða listræns gildis í samræmi við lög um verndarsvæði í byggð. Af öðrum störfum má

nefna að Unnur Birna er í stjórn Samtaka kvenna í vísindum, í fagraði menningar og atvinnuþróunar Uppbyggingarsjóðs Austurlands, í starfshópi um Hagvísí Austurland, sí matshópi um sóknaráætlun og fulltrúi Félags safna og safnamanna um úthlutun Safnaverðlauna 2016.

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Hornafirði

Fastir starfsmenn rannsóknasetursins voru dr. Þorvarður Árnason, forstöðumaður, og dr. Soffía Auður Birgisdóttir, sérfræðingur í menningarmálum. Um mitt ár 2016 var Arndís Lára Kolbrúnardóttir, viðskiptafræðingur, ráðin í nýtt verkefnatengt starf á sviði ferðamála. Með Þorvarði unnu enn fremur tveir aðstoðarmenn, David Ostman og Adam Hoffritz, að rannsóknum á landslagi og víðernum fyrir Rammaáætlun og Landsskipulagsstefnu. Fulbright-styrkþeginn Jerilynn M. Jackson, doktorsnemi við Oregon-háskóla, fékk vinnuáðstöðu á setrinu haustið 2016 en hún stundar rannsóknir á viðhorfum íslensks almennings til hnattrænna loftslagsbreytinga og vinnur við þær fram á árið 2017. Meginverkefni setursins eru rannsóknir á umhverfis- og menningarmálum, en það sinnir einnig margvíslegum hagnýtum verkefnum. Soffía Auður varði doktorsritgerð sína um Þórberg Þórðarson, Ég skapa – þess vegna er ég. Sjálfsmyndir, sköpun og fagurfræði í skrifum Þórbergs Þórðarsonar, í maí 2016. Hún birti enn fremur tímaritsgrein um rannsóknir sínar á þessu efni og gerði handrit að hljóðleiðsögn um Þórberg á íslensku og ensku fyrir fastasýningu Þórbergsseturs um skáldið. Soffía vann áfram að verkefninu Hver var Guðrún Sveinbjarnardóttir? sem er rannsókn á sviði kynjafræði. Þorvarður birti bókarkafla ásamt doktorsnema sínum, Johannesi T. Welling, um tilurð og þróun jöklaferðamennsku á Íslandi. Starf Þorvarðar á árinu laut einkum að áframhaldandi rannsóknum á landslagi og víðernum, og verkefnum á sviði ferðamála. Þar ber sérstaklega að nefna nýtt kort yfir óbyggð víðerni á miðhálandi Íslands sem Þorvarður og aðstoðarmenn hans hafa þróað fyrir Skipulagsstofnun.

Vinna við SAINT-verkefnið (Slow Adventure in Northern Territories) sem miðar að rannsóknum, nýsköpun og markaðssetningu á „yndis-ævintýraferðum“ hélt áfram með auknum þunga eftir að Arndís Lára kom til starfa. Enn fremur var unnið að undirbúningi nýrrar rannsóknar um félagsleg þolmörk íbúa gagnvart ferðamönnum og ferðapjónustu á Suðurlandi fyrir Samtök sunnlenskra sveitarfélaga. Þá hlaut Þorvarður styrk frá The Seed Box, sænsku átaki um uppbyggingu umhverfishugvísinda, fyrir samstarfsverkið „Bifrost Multimodal Action and Platform“ sem lýtur að listrænni og fræðilegri miðlun þekkingar um áhrif loftslagsbreytinga. Þorvarður og Soffía Auður leiðbeindu nokkrum fjölda nemenda en enginn þeirra útskrifaðist á árinu. Þorvarður leiðbeindi tveimur doktorsnemunum og fimm meistaranemunum, en Soffía þremur nemendum í grunnnámi. Vettvangsnámskeiðið Management of Protected Areas var kennt tíunda árið í röð, í samstarfi við námsbraut í Umhverfis- og auðlindafræði við Háskóla Íslands. Rannsóknasetrið sá einnig um vettvangsnámskeið um kyngervi og loftslagsbreytingar fyrir Jafnréttisskóla Sameinuðu þjóðanna (UNU-GEST) og tók á móti þremur öðrum erlendum skólahópum. Soffía Auður var varamaður í Háskólaráði. Þorvarður var meðlimur í faghópi 1 (náttúru- og menningarminjar) í Rammaáætlun. Hann sat í stjórn Þekkingarsetursins Nýheima og Nordic Network for Interdisciplinary Environmental Studies og í skólanefnd Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu. Soffía Auður og Þorvarður voru bæði tilnefnd til Menningarverðlauna Hornafjarðar. Soffía hlaut verðlaunin (ásamt Bjarna F. Einarssyni fornleifafræðingi) fyrir fræðastörf sín og rannsóknir á Þórbergi Þórðarsyni.

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi hefur aðsetur í Fjölheimum á Selfossi og í Gunnarsholti á Rangárvöllum. Setrið var stofnað 2009. Fastir starfsmenn eru tveir, Böðvar Þórisson verkefnastjóri og Tómas Grétar Gunnarsson forstöðumaður. Þá störfuðu þrír nýdóttarar, þrír doktorsnemar, meistaranemi og tveir sumarstarfsmenn við setrið á árinu 2016. Við rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi eru stundaðar fjölbreyttar rannsóknir á landnotkun og vistkerfum. Meginstef í rannsóknunum er uppbygging þekkingar sem nýtist til að spá fyrir um áhrif fjölbreyttra gerða landnotkunar á líffræðilega fjölbreytni og vistkerfi. Slík þekking verður æ mikilvægari eftir því sem möguleikar á nýtingu lands verða fjölbreyttari og þrýstingur á notkun lands eykst. Við setrið eru einnig stundaðar rannsóknir á stofnstjórnun farfugla en Ísland er afar heppilegur vettvangur til slíkra rannsókna. Auk þess að skipuleggja og stjórna tímabundnum verkefnum, einkum nýdóttara og framhaldsnema, þá eru einnig rekin langtímaverkefni við setrið. Uppbygging langtímarannsókna á landvistkerfum hefur staðið yfir frá 2011 en markmið þeirra er að geta í framtíðinni skýrt betur drifkrafta landbreytinga og áhrif þeirra á landvistkerfi og lífsgæði manna. Fyrstu afurðir verkefnisins litu dagsins ljós í grein um áhrif veðurfars og eldgosa á lýðfræði mófugla sem birtist síðla árs 2016. Böðvar Þórisson hefur umsjón með langtímaverkefnum, sér um gagnagrunna, úrvinnslu og skipuleggur útivinnu. Ýmis önnur smærri rannsóknaverkefni standa yfir bæði á vegum starfsmanna setursins og framhaldsnema, oft í samstarfi við aðra.

Rannsóknnum á tengslum landbúnaðar og fuglalífs sem fjármagnaðar voru með öndvegisstyrk frá Rannís á árunum 2013-2016 er að mestu lokið og lokaúrvinnsla stendur yfir. Lilja Jóhannesdóttir doktorsnemi sem vann að verkefninu hélt áfram vinnu að doktorsritgerð sinni og gerir ráð fyrir að ljúka henni árið 2017. Stefnt er að því að taka niðurstöður rannsókna saman á aðgengilegan hátt svo bændur, landeigendur og skólafólk á öllum stigum geti nýtt sér niðurstöðurnar. Aldís Erna Pálsdóttir doktorsnemi hóf störf á árinu en styrkir til verkefnisins fengust úr doktorssjóði HÍ og einnig úr Vísinda- og rannsóknasjóði Suðurlands. Verkefni hennar felst í að kanna áhrif sumarhúsabyggða og skógræktar á fuglastofna á láglandi en þessar gerðir landnotkunar færast mjög í aukana og hafa mögulega veruleg áhrif á getu Íslendinga til að standa við alþjóðlegar skuldbindingar sínar á sviði náttúruverndar. Camilo Carneiro frá Háskólanum í Aveiro í Portúgal hélt áfram útivinnu vegna rannsókna á lýðfræði spóa sem hann hefur stundað í samvinnu við setrið undanfarin tvö ár. Þá hóf Sigurður Björn Alfreðsson meistaranám á árinu 2016 en hann mun rannsaka áhrif búfjárbættar á mófuglastofna. José Alves nýdottor hefur starfað við setrið í allmörg ár en hann kemur að fjölbreyttum rannsóknum og leiðbeiningu framhaldsnema. Hann hefur einkum séð um langtímarannsóknir á jaðrakastofninum síðustu ár.

Veronica Mendez og Rebecca Laidlaw nýdóttarar stunda rannsóknir á stofnvistfræði tjalda og á afföllum hreiðra hjá íslenskum mófuglum. Tjaldar eru bæði farfuglar og staðfuglar og með rannsóknnum á þeim er vonast til að hægt verði að skýra betur hvað ræður því að farflug hefur þróast hjá mörgum norrænum fuglum. Lýðfræði fuglastofna ræðst af stórum hluta af afkomu hreiðra. Munur á afkomu hreiðra milli tegunda og búsvæða er lítt þekktur hérlandis en bættur skilningur á þeim mynstrum auðveldar spádóma um áhrif landbreytinga á fuglastofna. Veronica vinnur einnig að verkefni sem felst í að reikna út mögulegt flatarmál ræktunarlands á Íslandi og hvernig möguleg aukning á ræktun skarast við hagsmuni náttúruverndar. Nýdottorarnir eru fjármagnaðir af styrkjum frá Rannís og frá breska rannsóknaráðinu. Starfsmenn setursins taka þátt í ýmsum verkefnum fyrir utan rannsóknir. Forstöðumaður situr í faghópi 1 fyrir rammaáætlun en þeirri vinnu lauk að mestu á árinu 2016. Forstöðumaður situr einnig í stjórnnum Vistfræðifélags Íslands, Alþjóðlega fuglafræðiráðsins (IOC) og í ritstjórnnum þriggja fagtímarita. Samstarf við innlendar og erlendar stofnanir og vísindamenn gegnir afar mikilvægu hlutverki við vinnu og uppbyggingu setursins. Setrið hefur m.a. átt í mikilvægu samstarfi við Háskólafélag Suðurlands, Landgræðslu ríkisins, Landbúnaðarháskóla Íslands, Rannsóknasetur Háskóla Íslands í Stykkishólmi, Háskólana í East Anglia og Cambridge í Bretlandi, Háskólann í Aveiro í Portúgal og fleiri stofnanir. Fjölbreytt samstarf er mikilvægt og eykur

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum

Forstöðumaður setursins er dr. Halldór Pálmar Halldórsson sjávarlíffræðingur. Hermann Dreki Guls starfaði við setrið í fullu starfi samhliða meistaranámi. Rannsóknasetrið deilir húsnæði í Sandgerði með Náttúrustofu Suðvesturlands og Þekkingarsetri Suðurnesja sem eru nánir samstarfsaðilar. Rannsóknir setursins tengjast einkum lífríki sjávar, með megináherslu á vistfræði og áhrif mengandi efna á sjávarlífverur. Undanfarin ár hafa rannsóknir á heilbrigði fugla jafnframt skipað stóran sess í starfsemi setursins. Helstu verkefni ársins voru áframhaldandi rannsóknir á kröbbum þar sem lögð var áhersla á eiturefnavistfræði og þróun líffræðilegra mælikvarða í dýrunum í tengslum við mengun, s.s. ensímavirkni, DNA skemmdir, frumubreytingar og öndun. Þessir mælikvarðar eru liður í þróun mengunarmiðstöðvar þar sem áherslan er á eiturefnavistfræði á víðum grunni, og er styrkt af Uppbyggingarsjóði Suðurnesja.

Rannsóknir á evrópska humrinum, með áherslu á mögulegt eldi hér á landi, héldu áfram ásamt rannsóknum á heilsu fugla þar sem markmiðið er að meta heilbrigði þeirra með líffræðilegum mælikvörðum í tengslum við fuglaflensu, mengun og líkamsástand fuglanna. Síðasttalda verkefnið er unnið í samvinnu við Gunnar Þór Hallgrímsson, dósent við Líf- og umhverfisvísindadeild HÍ, Náttúrustofu Suðvesturlands, Þekkingarsetur Suðurnesja og vísindamenn frá National Wildlife Health Center – US Geological Survey í Bandaríkjunum. Líkt og áður fóru fram veiðar og sýnatökur að vori og hausti og dvöldu tveir vísindamenn frá Bandaríkjunum í nokkrar vikur í Sandgerði í tengslum við verkefnið. Haldið var áfram rannsóknum á lífríki fjara á Reykjanesi og verkefninu „Sjálfvirk greining átusýna“ lauk á árinu en það var unnið í samstarfi með Þekkingarsetri Suðurnesja og Hafrannsóknastofnun (styrkt var af AVS sjóðnum). Setrið tók við umsjón á Gavia, sjálfvirkum kafbáti í eigu Háskóla Íslands, og hefur Hermann Dreki sérhæft sig í að nota hann og forrita.

Á árinu var kafbáturinn notaður við rannsóknir á drauganetum og lífríki á botni í Breiðafirði í samstarfi með Vör á Ólafsvík og við athuganir á lífríki Þingvallavatns í samstarfi við Náttúrufræðistofu Kópavogs. Setrið sá um kræklingavöktun og botnsýnatökur vegna mengunarrannsókna iðjuveranna á Grundartanga í Hvalfirði og tók einnig við umsjón kræklingasöfnunar á landsvísu vegna AMSUM mengunarvöktunar á lífríki hafsins við Ísland sem Umhverfisstofnun heldur utan um. Af öðrum verkefnum má nefna ferð Háskóla Íslands og Ferðafélags Íslands í kræklingafjöru í Hvalfirði, opið hús á Sandgerðisdögum þar sem starfsemi setursins var kynnt fyrir heimamönnum, prófdæmingu meistaraverkefna og kennslu forstöðumanns í þremur námskeiðum í líffræði við HÍ en hann var jafnframt leiðbeinandi fimm meistaranema við setrið. Í nóvember tók forstöðumaður þátt í samnorræna SciRAP verkefninu í Stokkhólmi þar sem áreiðanleiki dýratilrauna í eiturefnavistfræði er metinn. Verkefnið, sem styrkt er af Norden, er liður í að samræma úrvinnslu og túlkun slíkra verkefna. Í lok árs 2016 var keyptur 9 metra langur bátur í stað Sæmundar fróða sem sökk í Reykjavíkurböfn í óveðri í desember 2015. Setrið hefur umsjón með bátnum og sér um rekstur hans. Báturinn mun nýtast afar vel við kennslu og ýmis rannsóknaverkefni setursins og má þar nefna áframhaldandi rannsóknir á kröbbum (m.a. í samstarfi með Hafrannsóknastofnun) þar sem líffræði, uppruni og útbreiðsla grjótkrabbans er rannsökuð.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er háskólastofnun með sjálfstæðan fjárhag og heyrir undir menningar- og viðskiptaráðherra. Hlutverk hennar er að vinna að rannsóknum í íslenskum fræðum og skyldum fræðigreinum, einkum á sviði íslenskrar tungu og bókmennta, miðla þekkingu á þeim fræðum og varðveita og efla þau söfn sem stofnuninni eru falin eða hún á.

Stofnun Sæmundar fróða um sjálfbæra þróun og þverfræðilegar rannsóknir

Meginhlutverk Stofnunar Sæmundar fróða er að stuðla að þverfræðilegum rannsóknum háskólakennara, sérfræðinga og framhaldsnema á sviði sjálfbærrar þróunar. Stofnunin eflir slíkar rannsóknir með samvinnu við deildir og aðrar stofnanir Háskóla Íslands og aðila utan hans, innanlands og utan. Stofnunin starfar í náinni samvinnu við námsbraut í umhverfis- og auðlindafræðum og á fulltrúa á stjórnarfundum hennar.

Almennt yfirlit og stjórn

Stofnun Sæmundar fróða heyrir undir öll fræðasvið Háskóla Íslands og tilnefna forsetar fræðasviða stjórnarmenn til þriggja ára í senn. Forseti Verkfræði- og náttúruvísindasviðs skipar stjórnina samkvæmt þessum tilnefningum og tilnefnir stjórnarmann Verkfræði- og náttúruvísindasviðs, sem jafnframt er formaður stjórnarinnar.

Starfsmenn

Framkvæmdastjóri stofnunarinnar árið 2016 var Guðrún Pétursdóttir. Í lok árs 2016 störfuðu þar sjö sérfræðingar og doktorsnemar, ásamt fimm meistaranemum.

Viðburðir

Dr. Jane Goodall, ein merkasta og ástsælasta vísindakona heims, þáði boð Stofnunar Sæmundar fróða um að heimsækja Ísland og halda opinn fyrirlestur í Háskólabíói sumarið 2016. Dr. Goodall hefur helgað líf sitt náttúru- og dýravernd, en þekktust er hún fyrir rannsóknir sínar á simpönsum.

Markmið the Jane Goodall Institute er að veita fólki innblástur og hvatningu til virkrar þátttöku í verndun og velferð dýra og jarðarinnar allrar.

Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum

Almennt yfirlit

Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum er eini vettvangurinn í landinu þar sem rannsóknir fara fram á dýrasjúkdómum á mörgum fræðasviðum. Tilraunastöðin starfar fyrst og fremst sem rannsóknastofa á háskólastigi. Rannsakaðir eru sjúkdómar í flestum spendýrategundum Íslands og allmörgum fugla- og fisktegundum. Tilgangur rannsókna er að efla skilning á eðli sjúkdóma og skapa nýja þekkingu. Heilbrigð dýr eru forsenda arðvænlegs landbúnaðar og fiskeldis. Einnig er mikilvægi heilbrigðra dýra sem bera ekki sjúkdóma í menn hvati að hagnýtingu rannsókna. Mikilvægt er að stofnunin geti brugðist sem skjótast við nýjum og aðkallandi vandamálum á sviði sjúkdómagreininga. Tilraunastöðin tengist læknadeild Háskóla Íslands og hefur sérstaka stjórn og sjálfstæðan fjárhag. Starfsemi er skipt í þrjár fagdeildir; 1) veiru- og sameindalíffræðideild, 2) bakteríu- og sníkjudýradeild og 3) rannsóknadeild fisksjúkdóma.

Stjórn

Þórarinn Guðjónsson prófessor, formaður Tilnefndur af Læknadeild Háskóla Íslands. Stefanía Þorgeirsdóttir líffræðingur Kosin af starfsmönnum Tilraunastöðvar- innar. Ólöf Sigurðardóttir dýralæknir Tilnefnd af Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu úr hópi starfsmanna Tilraunastöðvarinnar. Zophonías O. Jónsson prófessor Tilnefndur af Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands. Sigurborg Daðadóttir yfirdýralæknir Tilnefnd af Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

Forstöðumaður Sigurður Ingvarsson líffræðingur Dr. Med.

Framkvæmdastjóri Helgi S. Helgason viðskiptafræðingur M.S.

Starfsmenn

Mikilvægt er að á Tilraunastöðinni starfi vel menntað starfsfólk, sem viðheldur og eykur þekkingu sína og færni. Störf sérfræðinga eru sérstaklega þýðingarmikil í þeim greinum þar sem mikill vaxtarbroddur er í nýjum og öflugum rannsóknaraðferðum. Á Keldum starfa sérmenntaðir og framsæknir vísindamenn sem hafa faglega forystu á ýmsum fræðasviðum og þar að baki býr mikil þekking og reynsla. Við rannsóknir á dýrasjúkdómum og við sjúkdómagreiningar skiptir miklu máli að hafa öflugt rannsóknateymi með reyndum sérfræðingum á fræðasviðum Tilraunastöðvarinnar. Unnið er eftir sérstakri gæðastefnu, starfsþróunarstefnu og starfsþróunaráætlun.

Alls inntu 55 manns 43 ársverk af hendi á starfsárinu sem er svipað og árið áður. Fimm starfsmenn unnu við stjórnáslu, á skrifstofu og við afgreiðslu. Sérfræðingar voru alls 17 og þeim til aðstoðar hátt í þrjú tugir háskólamenntaðs, sérmenntaðs og ófaglærðs starfsfólks. Ástríður Pálsdóttir lífefnafræðingur DPhil og Hildur Valgeirsdóttir líffræðingur BS létu af störfum við Tilraunastöðina vegna aldurs. Einnig lét Ásthildur Erlingsdóttir líffræðingur MS af störfum og flutti erlendis. Guðný Rut Pálsdóttir líffræðingur MS, Ásrún María Óttarsdóttir líffræðingur BS og Hilmar Össurason búfræðingur voru ráðin til starfa. Hrólfur Smári Pétursson líffræðingur BS var ráðinn í afleysingar. Sigurbjörg Þorsteinsdóttir ónæmisfræðingur tók við deildarstjórarstarfi Veiru- og sameindalíffræðideildar af Valgerði Andrésdóttur sameindaerfðafræðingi.

Þorbjörg Einarsdóttir líffræðingur PhD var ráðin í starf fisksjúkdómafræðings, en áður var hún styrkþegi. Tíu af sérfræðingum Keldna eru meðlimir í Lífvísindasetri (Biomedical Center, BMC). Lífvísindasetrið er skilgreint sem formlegt samstarf rannsóknahópa á sviði lífvísinda sem starfa innan Háskóla Íslands, stofnana HÍ og Landspítala. Rannsóknahópar innan Lífvísindaseturs leggja stund á rannsóknir á ýmsum sviðum lífvísinda. Markmiðið með Lífvísindasetri er efling á aðstöðu og samvinnu rannsóknahópa, sem leiðir af sér þekkingarsköpun og frekara vísindastarf. Stefnt er að því að sem flestir vísindamenn á sviði lífvísinda starfi við eða í nánum tengslum við Lífvísindasetrið í þeim tilgangi að skapa frjóan vettvang fyrir rannsóknir á þessu sviði.

Rannsóknir

Framtíðarsýn til eflingar á fræðasviðum Tilraunastöðvarinnar er skýr. Áherslan innan fræðasviða beinist að fjölbreyttu vísindastarfi og þjónustu og að hún haldist í hendur við atvinnulífið og þá vaxtarbrodda sem þar er að finna. Helstu fræðasviðin eru príónfræði, veirufræði, bakteríufræði, sníkjudýrafræði, meinafræði, ónæmisfræði og sameindalíffræði. Efniviður rannsókna er sérstaklega mikilvægur vegna þess hve staða dýrasjúkdóma er sérstök hér á landi, en vegna einangrunar landsins hefur ónæmiskerfi dýra á Íslandi ekki verið útsett fyrir ýmsum smitefnum og mismunandi stofnum þeirra í sama mæli og víðast erlendis. Hérlandis finnast ekki mörg þeirra smitefna sem eru landlæg í nágrannalöndunum.

Á Íslandi eru því dýrastofnar sem hafa annað næmi fyrir ýmsum sjúkdómum en gengur og gerist í heiminum. Einnig fyrirfinnst tegundafæð í íslenskri náttúru. Rannsóknir á slíkum efnivið hafa gefið Tilraunastöðinni sérstöðu. Víðtækt samstarf er við erlendar alþjóðlegar stofnanir og háskóla. Innanlands eru ákveðin verkefni unnin í samstarfi við stofnanir og háskóla og aðstaða og tæki eru samnýtt. Einnig er samstarf við stjórnáslustofnanir innanlands, s.s. MAST. Samhliða þessu er fjölbreytt og gefandi samstarf við atvinnulífið, má þar nefna landbúnað, fiskeldi, matvælaframleiðslu og líftækniönað. Rannsóknarverkefni á síðastliðnu ári voru m.a. ónæmis- og sjúkdómafræði fiska, sníkjudýra- og bakteríufræði, veiru- og bakteríurannsóknir í sauðfé og hestum, riða og skyldir sjúkdómar og sumarexem í hestum.

Allmargir áfangar náðust og voru þeir kynntir á fjölmörgum ráðstefnum hérlandis og erlendis. Í alþjóðlegum ritryndum tímaritum birtust m.a. niðurstöður rannsókna í veiru,- bakteríu-, sníkjudýra- og ónæmisfræðum. Þar af voru birtar 19 greinar í ISI-tímaritum, sem er yfir meðaltali síðastliðinna ára. Í ISI-greinunum er m.a. fjallað um innlenda og erlenda samvinnu og þar má t.d. sjá samstarf við alþjóðlega viðurkennda háskóla og háskólastofnanir. ISIGreinarnar endurspeglar árangursríkt vísindastarf við Tilraunastöðina, fjölbreytt fræðasvið við dýrasjúkdómarannsóknir og gefandi alþjóðlegt samstarf. Tilraunastöðin hefur þjónustuskyldur varðandi greiningar á dýrasjúkdómum, en þær eru unnar í nánnum tengslum við rannsóknirnar til að samlegðaráhrif verði sem best. Starfið á Keldum er gott dæmi um hvernig tengsl atvinnulífs og vísindastarfs geta verið. Þetta er einkar mikilvægt í okkar litla landi þar sem rannsóknarvinnan sem fram fer á Keldum nýtist þörfum atvinnulífs til vísindarannsókna og sú vinna skilar áfram Starfsemi 6 nýrri þekkingu og greiningaraðferðum út í atvinnulífið.

Vegna aukinna krafa í gæðamálum vegna útflutnings hefur skimun á smitefnum, sem ekki hafa greinst í landinu, aukist á síðustu árum. Tilraunastöðin starfar sem innlend tilvísunarrannsóknastofa á nokkrum sviðum. Á stofnuninni er unnið eftir gæðakerfi og er Tilraunastöðin með faggildingu á völdum prófunaraðferðum samkvæmt alþjóðlegum faggildingarstaðli. Áfram er unnið að faggildingu helstu greiningaraðferða Tilraunastöðvarinnar. Bóluefni og mótefnablóðvökvar gegn bakteríusjúkdómum í sauðfé voru framleidd. Blóði var safnað úr hrossum, kindum og naggrísam til að nota á rannsóknarstofum. Framkvæmdir voru dýratilraunir, fyrir Tilraunastöðina, aðrar rannsóknarstofnanir og líftækniyrirtæki. Rannsóknirnar eru að hluta til fjármagnaðar með sértekjum úr samkeppnissjóðum. Auk erlendra styrkja vegna samstarfsverkefna fengust styrkir fyrir ýmis önnur verkefni frá AVS-rannsóknasjóði í sjávarútvegi, Rannsóknasjóði Háskóla Íslands, Framleiðnisjóði landbúnaðarins, Umhverfissjóði Sjókvíaeldis og fleiri styrkveitendum.

Kynningarstarfsemi

Tilraunastöðin miðlar þekkingu og upplýsingum til alþjóðlega vísindasamfélagsins, m.a. í þeim tilgangi að styrkja innlent atvinnulíf. Tilraunastöðin tók þátt í útgáfu tímaritsins Icelandic Agricultural Sciences, birtar voru greinar í vísindatímaritum og ársskýrslu dreift. Fræðslufundir voru haldnir að jafnaði á þriggja vikna fresti. Þeir voru öllum opnir og kynntir víða, m.a. öllum háskólaborgurum og dýralæknum. Á vísindadegi Keldna í maí var fjallað um vísinda- og þróunarverkefni Tilraunastöðvarinnar með fyrirlestrum og veggspjöldum.

Störf stofnunarinnar voru kynnt erlendis og innanlands á mörgum ráðstefnum og fundum. Haldið var námskeið í tilraunadýrafræðum sem veitti FELASA réttindi í tilraunadýrahaldi. Vegna rannsóknahverfisins á Keldum er hentugt að skilgreina ramma um rannsóknarnám af ýmsum stærðargráðum, allt upp í doktorsnám. Þetta starf hefur verið að eflast. Nemendur í rannsóknaverkefnum fá aðstöðu og handleiðslu við verkefni sín. Fimmtán líffræði-, dýralækna-, lífeindafræði- og lífefnafræðinemar unnu að rannsóknaverkefnum á Keldum. Fjórir þeirra voru í doktorsnámi. Ítarlegar upplýsingar um starfsemina er að finna á heimasíðu stofnunarinnar www.keldur.is. Einnig koma ýmis dagleg störf ofl. fram á fésbókarsíðu Keldna www.facebook.com/KELDUR.is/.



[Efni er í vinnslu]

Þjónustustofnanir

Endurmenntun Háskóla Íslands

Almennt

Hlutverk Endurmenntunar Háskóla Íslands er að efla hæfni og þekkingu fólks í starfi og einkalífi með öflugri nýsköpun í námsframboði og þjónustu.

Stjórn

Stjórn Endurmenntunar er skipuð fulltrúum allra fræðasviða HÍ auk fulltrúa rektors. Í henni sitja: Sólveig Anna Bóasdóttir, prófessor í guðfræði- og trúarbragðafræðideild. Formaður stjórnar, tilnefnd af rektor, Bjarni Bessason, prófessor á verkfræði- og náttúruvísindasviði, Eyvindur G. Gunnarsson, prófessor á félagsvísindasviði, Janus Guðlaugsson, lektor á menntavísindasviði, Oddný Sverrisdóttir, prófessor á hugvísindasviði, Vilborg Lofts, rekstrarstjóri á heilbrigðisvísindasviði, Anni Haugen, lektor á félagsvísindasviði sat flesta fundi haustmíssis í fjarveru Eyvindar G. Gunnarssonar sem var í rannsóknarleyfi.

Starfsfólk

Fjórtán starfsmenn voru í fullum stöðugildum í árslok:

- Elín Júlíana Sveinsdóttir, verkefnastjóri og náms- og starfsráðgjafi
- Elva Björg Arnarsdóttir, þjónustufulltrúi
- Erna G. Agnarsdóttir, námsstjóri og aðstoðarendurmenntunarstjóri
- Hafdís Ósk Kolbeinsdóttir, fjármálastjóri
- Helga Sólveig Ormsdóttir, gjaldkeri og verkefnastjóri
- Hulda Mjöll Hauksdóttir, verkefnastjóri
- Íris Dröfn Magnúsdóttir, verkefnastjóri
- Jóhanna Rútsdóttir, þróunarstjóri styttri námskeiða
- Kristín Jónsdóttir Njarðvík, endurmenntunarstjóri
- Magnea Guðmundsdóttir, þjónustustjóri
- Ólafur Sólimann, viðskiptastjóri
- Hugrún Geirsdóttir, verkefnastjóri
- Sólveig Stefánsdóttir, þjónustufulltrúi
- Thelma Jónsdóttir, markaðs- og kynningarstjóri

Ungir háskólanemar störfuðu sem verktakar í þjónustu á kvöldin og á laugardögum.

Starfsemi

- Áframhaldandi vöxtur var í námsbrautum en styttri námskeið drógust lítillega saman.
- Ný heimasíða var tekin í notkun í ágúst.
- Vefurinn er nú skalanlegur og mun myndrænni en áður.

- Frekari þróun á vef er ráðgerð árið 2017.
- Með nýjum þjónustuaðila fyrir FileMaker gagnagrunninn hefur mikil þróun átt sér stað m.a. með tengingu milli gagnagrunns og vefs og aukinni sjálfvirkni aðgerða sem einfaldar marga vinnuferla.
- Skráningar viðskiptavina á vef fara nú sjálfvirkt í gagnagrunn.
- Sms-áminningar um námskeið til viðskiptavina eru sendar sjálfvirkt úr gagnagrunni.
- Vinnuferli við umsóknir í námsbrautir hefur verið einfaldað til muna þar sem fylgigögn eru nú vistuð sjálfvirkt í gagnagrunni.
- Yfirlit yfir skráningar á námskeið og umsóknir í námsbrautir eru nú skýrari og aðgengilegri en áður.
- Í lok ársins voru samstarfsfyrirtæki Endurmenntunar 26 talsins en voru 19 í byrjun árs. Á árinu var fyrirkomulag afsláttar þeirra breytt en nú ræðst hann af kaupum á undangengnu misseri. Áður fengu öll fyrirtækin sama fasta afsláttinn af völdum námskeiðum.
- Á árinu var fagráð í námskeiðsflokknum „Stjórnun og forysta“ sett á laggirnar og hefur nýst vel við þróun námskeiða. Stefnt er að stofnun fleiri fagráða á árinu 2017.
- Umfangsmiklar breytingar og viðhald á húsnæði Endurmenntunar áttu sér stað en viðhald þess hafði verið í lágmarki frá hrúni.
- Innanhússhönnuður var fenginn til að samræma útlit og bæta aðstöðu fyrir starfsfólk og viðskiptavinum.
- Húsnæði var málað og nýr gólfdukur lagður á ganga og kennslustofur.
- Keypt voru ný húsgögn og margir innanstokksmunir endurnýjaðir.
- Stöðugildum í fjármálum var fjölgað úr einu og hálfu í tvö.

Nýjar kannanir

Gerð var rafræn könnun meðal allra viðskiptavina sem eru skráðir á póstlista til að kanna hvaða kynningarleiðir hugnist þeim best og hvort það ríki hollusta meðal viðskiptavina í okkar garð.

- Flestir vilja fá upplýsingar um námskeiðin með tölvupósti.
- Áhuginn fyrir samfélagsmiðli eins og Facebook er að aukast
- Vinnustaðir og stéttarfélag eru auðsjáanlega góðar boðleiðir sem vert er að nýta áfram og efla enn frekar.
- Stór hópur viðskiptavina er afar ánægður og mælir hiklaust með námskeiðunum.
- Viðskiptavinir sem sóttu námskeið á síðustu 12 mánuðum eru líklegri til að mæla með Endurmenntun en þeir sem komu ekki á þeim tíma.
- Margir tryggir viðskiptavinir koma sífellt aftur og stór hópur hefur tengst stofnuninni til fjölda ára.
- Í lok árs var gerð greining á nýjum viðskiptavinum ársins, fjölda þeirra og tegund námskeiða sem

þeir sækja. Í framhaldinu var gerð könnun þeirra á meðal sem gaf skýra mynd hvað varðar aldur, viðhorf og hvers vegna þeir komu á námskeið.

- Rúmlega 20% viðskiptavina eru nýir.
- Stærsti hluti nýrra viðskiptavina eru á aldrinum 26 – 35 ára.
- Mikil ánægja mældist meðal nýrra viðskiptavina.
- Óvenju hátt hlutfall sem mælir með námskeiðum EHÍ. NPS stuðull 41,2 stig.
- Sterkar vísbendingar um endurkomu.

Happdrætti Háskóla Íslands

Almennt

Happdrætti Háskóla Ísland var stofnað með lögum árið 1933. Starfsemin hófst í byrjun janúar 1934 og fyrsti útdráttur fór fram 10. mars það ár. Tilgangur happdrættisins er að afla fjár til húsbýgginga háskólans, viðhalds þeirra og til tækjakaupa. Háskóli Íslands var fyrst til húsa í Alþingishúsinu við Austurvöll en fjölgun nemenda leiddi til að þröng varð á þingi. Á árinu 1932 voru samþykkt lög sem heimiluðu að reist yrði háskólabygging. Heimildin var reyndar háð þeim fyrirvara að fé fengist til framkvæmdanna á fjárlögum. Það gekk ekki eftir enda heimskreppan í algleymingi. Þá var unnið að því að Háskóli Íslands fengi að nýta happdrættisleyfi sem stofnað var til með lögum árið 1926. Hin glæsilega háskólabygging, Aðalbygging háskólans, var tekin í notkun árið 1940. Síðan þá hafa yfir 20 háskólabyggingar verið fjármagnaðar með happdrættisfé.

Starfsfólk, stjórn og húsnæði

Háskólaráð kys stjórn Happdrætti Háskóla Íslands. Stjórnin var óbreytt frá árinu 2014 en hana skipuðu Eyvindur G. Gunnarsson prófessor, stjórnarformaður, Jenný Bára Jensdóttir, fjármálastjóri Háskóla Íslands, og Kristbjörg Edda Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri.

Forstjóri happdrættisins var Bryndís Hrafnkelsdóttir og hóf hún störf í ágúst 2010. Tekjusvið happdrættisins eru þrjú og er rekstrarstjóri yfir hverju tekjusviði. Úlfar Gauti Haraldsson gegnir stöðu rekstrarstjóra flokkahappdrættis og gegnir einnig stöðu verkefnastjóra ábyrgðar spilunar. Róbert Sverrisson var rekstrarstjóri Gullnámu og Steinunn Björnsdóttir var rekstrarstjóri Happaþrennu. Alma Jónsdóttir var fjármálastjóri og yfirmaður stoðdeilda.

Höfuðstöðvar Happdrættis Háskóla Íslands eru á Tjarnargötu 4 í Reykjavík en utan þeirra starfar fjöldi umboðsmanna víðs vegar um landið. Húseignin að Tjarnargötu 4 hefur verið í eigu happdrættisins frá árinu 2007.

Rekstrarafkoma og greiðslur til Háskóla Íslands

Miðagildi í flokkahappdrættinu hafa hægt og bitandi verið að aukast og taka að jafnaði um 42.000 Íslendingar þátt í happdrættinu á hverjum tíma. Markaðsherferðinni með auglýsingum með Illmi Kristjánsdóttur leikkonu í aðalhlutverki var haldið áfram og var áhersla í þeim lögð á „Stóra daginn“ og „Milljónavelturna“.

Lögum samkvæmt skal hagnaði happdrættisins, að frádrögnum leyfisgjaldi, sem greitt er til ríkisins, nánar tiltekið til Rannís, allt að 150 m.kr., varið til uppbyggingar Háskóla Íslands. Hagnaðurinn, að frádrögnum leyfisgjaldi, rennur til nýbygginga, viðhalds fasteigna og lóða og til tækjakaupa.

Afraksturinn

Allar byggingar háskólans hafa nær eingöngu verið kostaðar af happdrættisfé. Þær eru eftirfarandi og er tilgreint það ár sem þær voru teknar í notkun:

- Atvinnudeildarhús (Jarðfræðahús) 1937
- Aðalbygging Háskóla Íslands 1940
- Íþróttahús Háskóla Íslands 1948
- Háskólabíó 1961
- Aragata 9 (keypt) 1963
- Árnagarður 1969
- Lögberg 1972
- VR-I 1972
- Aragata 14 (keypt) 1973
- VR-II 1975
- Læknagarður 2.–3. hæð, Tannlæknadeild 1983

Oddi (fyrri hluti) 1985
VR-III 1987
Læknagarður 4.–5. hæð, Læknadeild 1988
Tæknigarður 1988
Háskólabíó (stækkun, viðbótarsalir) 1990
Oddi (síðari hluti) 1990
Hagi við Hofsvallagötu (keyptur) 1991
VR-III (verkstæði) 1992
Nýi-Garður (keyptur) 1996
Askja (Náttúrufræðahús) 2003
Háskólatorg 2007

Auk þess sem ofangreind hús hafa að nær öllu leyti verið reist fyrir happdrættisfé hefur happdrættið einnig kostað viðhald þeirra og háskólalóðarinnar. Þá hefur happdrættisfé verið notað til kaupa á rannsóknatækjum og nemur sú upphæð hundruðum milljóna króna.

Lagalegt umhverfi

Samkvæmt lögum er óheimilt að reka happdrætti hér á landi nema með leyfi innanríkisráðherra. Tilgangurinn með ákvæðinu er að hamla gegn skaðlegum áhrifum á almenning og að halda uppi allsherjarreglu (e. public order). Í Evrópu hafa orðið málaferli m.a. vegna þess að ýmis einkafyrirtæki á happdrættismarkaði vilja ekki láta sér nægja heimamarkað sinn heldur vilja þau einnig geta starfað á erlendum mörkuðum. Íslenski happdrættismarkaðurinn hefur orðið fyrir barðinu á ásókn erlendra einkafyrirtækja. Þar er einkum um að ræða fyrirtæki sem bjóða þjónustu sína á vefnum. Hinn 4. maí 2007 skipaði þáverandi dómsmálaráðherra fastanefnd á sviði happdrættismála. Nefndin er nú skipuð fulltrúum happdrættanna og innanríkisráðuneytisins. Stjórnarformaður Hættis Háskóla Íslands, Eyvindur G. Gunnarsson, er formaður nefndarinnar.

Hlutverk nefndarinnar er að fylgjast með Evrópurétti á sviði happdrættismála, gera tillögur til innanríkisráðherra um framkvæmd vísindarannsókna um spilafíkn og ólögleg fjárhættuspil og gera tillögur um réttarbætur á sviði happdrættismála. Í því sambandi má nefna að tvær lagabreytingar sem máli skipta fyrir happdrætti hafa orðið að lögum. Annars vegar er það lagabreyting árið 2010 sem bannar auglýsingar happdrætta sem eru rekin erlendis og hafa ekki leyfi samkvæmt íslenskum lögum um happdrætti. Hins vegar hefur fjölmiðlanefnd nú stjórnarsýslueftirlit með auglýsingum á happdrættis- og veðmálastarfsemi, sem áður var í höndum lögreglu, samkvæmt fjölmiðlalögum sem tóku gildi árið 2011.

Eftirlit

Eftirlit með útdrætti og vinningum í Hættis Háskóla Íslands er í höndum sérstaks happdrættisráðs sem dómsmála- og mannréttindaráðherra skipar. Eftirlit með happdrættisvélum er hjá sýslumannsembættinu á Hvolsvelli en eftirlitið var flutt þangað frá innanríkisráðuneytinu árið 2007. Ársreikningar happdrættisins eru endurskoðaðir í umboði Ríkisendurskoðunar og birtast þeir í ríkisreikningi.

Háskólaútgáfan

Stjórn og starfsfólk

Stjórn útgáfunnar var þannig skipuð 2016: Guðmundur Hálfðánarson, formaður, Björg Thorarensen ritari og Jenný Bára Jensdóttir meðstjórnandi.

Starfslið útgáfunnar var þannig skipað: Sigríður Harðardóttir ritstjóri, Styrmir Goðason skrifstofustjóri, Egill Arnarson ritstjóri og Jörundur Guðmundsson forstöðumaður.

Útgáfustarf

Ritstjórn og ritrýning handrita eykst með hverju ári og afköst umtalsvert jafnframt í þeim efnum. Kappkostað hefur verið að stytta forvinnslutíma svo sem unnt er og hefur þónokkuð áunnist þar. Útgefnir nýir titlar voru tæplega fimmtíu talsins auk endurprentana og bóka sem teknar voru í dreifingu fyrir ýmsa aðila.

Greinargóðar upplýsingar um útgáfur ársins og fyrri ára má nálgast á haskolautgafan.is

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn er sjálfstæð háskólastofnun sem heyrir undir mennta- og menningarmálaráðuneytið. Samkvæmt lögum hefur safnið margþætt hlutverk en það er þjóðbókasafn, bókasafn Háskóla Íslands, rannsóknabókasafn og þekkingarveita fyrir alla landsmenn. Það sinnir virkri og fjölþættri upplýsingaþjónustu á sviði vísinda og fræða, stjórnsýslu, atvinnulífs og lista- og menningarmála. Landsbókavörður er Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir. Í samstarfsnefnd eru Halldór Jónsson og Jenný Bára Jensdóttir frá Háskóla Íslands og Áslaug Agnarsdóttir og Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir frá safninu. Hér verður einkum fjallað um helstu samstarfsfleti háskólans og safnsins en nánari upplýsingar um starfsemina er að finna í ársskýrslu á vefnum www.landsbokasafn.is.

Háskólabókasafn

Aðstaða

Sem bókasafn Háskóla Íslands sinnir safnið þörfum kennslu og rannsóknastarfsemi skólans með fjölþættri upplýsinga- og þekkingarmiðlun. Í safninu eru um milljón einingar en auk þess er veittur aðgangur að fjölbreyttu stafrænu efni. Þar er lesaðstaða, um 40 notendatölvur, þráðlaust net og háskólanetið, lesherbergi fyrir einstaklinga, hópvinnuherbergi og hægt er að leigja geymsluskápa. Auk þess er aðstaða fyrir prentun, ljósritun og skönnun.

Gagnakaup

Lög um skylduskil til safna eiga að tryggja að safnið fái allt útgefið íslenskt efni að frátöldu útvarps- og sjónvarpsefni. Aðföng vegna Háskóla Íslands felast einkum í innkaupum á erlendu fræðiefni. Kennarar ákveða innkaup, sem miðast við það fé sem fræðasvið og deildir skólans setja í gagnakaup. Árið 2015 var keypt prentað efni og diskar fyrir 20,8 m.kr. og aðgangur að stafrænum séráskriftum fyrir 31,5 m.kr. Þá var miðlægt framlag vegna hvar.is – Landsaðgangs að stafrænum gagnasöfnum og tímaritum 39,1 m.kr. Þar fyrir utan er nokkuð keypt fyrir háskólann af því ritakaupafé sem safnið fær á fjárlögum.

Stafræn gögn

Safnið leggur áherslu á að auka aðgang að stafrænum gagnasöfnum, bókum og tímaritum. Landsaðgangur að gagnasöfnum og rafrænum tímaritum, hvar.is, hefur verið verkefni safnsins frá 2011. Fimm manna stjórnarnefnd starfar við hlið landsbókavarda og hlutverk hennar er m.a. stefnumótun og ákvarðanir um samninga og greiðsluskiptingu en bókasöfn, stofnanir og einkaaðilar greiða fyrir aðganginn. Fulltrúi háskólans í stjórnarnefndinni er Baldvin Zarióh og varamaður Jenný Bára Jensdóttir. Í gegnum hvar.is er nú hægt að nálgast 15 gagnasöfn og þar af einn rafrábókapakka og heildartexta um 20.000 tímarita, auk útdráttu úr greinum 10.000 tímarita. Tekist hefur að halda efni í landsaðgangi að mestu óbreyttu undanfarin ár. Heildarkostnaður á árinu var 248,4 m.kr. Framlag ríkisins var tæplega 125 m.kr. en Háskóli Íslands er langstærsti einstaki greiðandinn.

Með séráskriftum háskólans, sem eru aðgengilegar á háskólanetinu, bætast við um 2.800 rafræn tímarit og önnur útgáfurit, auk 28 gagnasafna, s.s. ASCE, Encyclopaedia of Perception, Palgrave Dictionary of Economics, Women and Social Movements og Communication and Mass Media Complete.

Skemman.is

Safnið sér um rekstur Skemmunnar sem er geymslusafn fyrir stafrænar lokaritgerðir háskólanema og rannsóknarit háskólakeppnara. Skemman er samstarfsverkefni allra háskólanna. Háskólaráð Háskóla Íslands samþykkti árið 2008 rafræn skil og varðveislu lokaritgerða nemenda. Um áramót voru um 25.000 verk frá Háskóla Íslands aðgengileg í Skemmunni en lögð er áhersla á að aðgangur að þeim sé öllum opin. Um er að ræða lokaritgerðir nemenda og skýrslur, ritraðir, ráðstefnurit og greinar frá kennurum og starfsmönnum skólans.

Áttavitinn – Fræðigreinin þín

Ný þjónusta á vefnum landsbokasafn.is er Áttavitinn, sem vísar á hjálpargögn við heimildaleit, tengla við gagnasöfn og margvíslegt fræðsluefni fyrir ýmsar fræðigreinar og efnisflokkka.

Upplýsingaþjónusta

Veitt er almenn upplýsingaþjónusta og boðið upp á heimildaleitir. Almennar fyrirspurnir má senda upplýsingaþjónustu með tölvupósti á upplys@landsbokasafn.is og markmið safnsins er að svara fyrirspurnum innan sólarhrings á virkum dögum. Þá er aðstoðað við millisafnalán og greinaþjónustu.

Safnkynningar

Nemendum og kennurum er boðið upp á safnkennslu og á árinu komu um 100 hópar í safnið í formlega kynningu eða um 3000 manns. Þar fyrir utan er einstaklingum boðið upp á leiðbeiningar. Nýjum kennurum er einnig boðið í stutta kynningu í upphafi missera. Hægt er panta safnkynningar á vef safnsins.

Námsbókasafn

Námsbókasafn er safn bóka, ljósríta og annars efnis sem tekið er frá í tengslum við tiltekin námskeið. Gögnin eru ýmist til notkunar á staðnum eða lánuð í styttri lánum. Þjónustan var notuð fyrir 115 námskeið á vormisseri og 125 á haustmisseri.

Útlán í tölvupósti

Til að auðvelda samskipti vegna útlána og pantana fá lánþegar sendar upplýsingar í tölvupósti. Þeir geta sjálfir pantað rit sem eru í útláni í Gegni og fá tilkynningu í tölvupósti þegar ritið er komið í safnið, en þar er það tekið frá í viku. Lánþegar fá einnig viðvörðun þegar lánstími er að renna út og geta sjálfir endurnýjað lánið í Gegni þrisvar sinnum. Ef annar notandi hefur pantað ritið fá þeir upplýsingar um það í tölvupósti.

Lengdur afgangslutími í prófum

Afgangslutími er auglýstur á vef safnsins og miðast við kennsluáhrif Háskóla Íslands. Hann er lengdur á prófatíma og er það auglýst sérstaklega.

Þjóðbókasafn

Skylduskil

Safnað er öllu prentuðu útgefni íslensku efnis, auk tón- og myndefnis. Einnig er handritum og einkaskjalasöfnum safnað en í handritasafni og Kvinnasögusafni eru varðveitt um 16.000 handrit, allt frá einstökum skinnblöðum frá 13. öld fram til dagbóka og bréfa frá 20. öld. Til útgefins efnis telst einnig það efni sem er aðgengilegt almenningi á rafrænu formi um tölvunet. Því er safnað af íslenskum vefsíðum á þjóðarléninu .is. Í vefsafninu eru nú um 3,4 milljarðar skjala eða 71 terabæt. Þá er hafin móttaka á skilaskyldu efnis sem verður til stafrænt. Efnis er vistað í geymslusafninu rafhlaðan.is sem var opnað árið 2011. Þar eru nú um 9.000 verk.

Stafræn endurgerð íslensks efnis

Markvisst er unnið að stafrænni endurgerð íslensks efnis og aðgangur veittur um vefi safnsins. Í árslok var aðgangur að tæplega 5,8 milljónum blaðsíðna úr íslenskum ritum á timarit.is, bækur.is, handrit.is og islandskort.is. Boðið er upp á textaleit í öllu efninu.

Skrár yfir sérefni

Sífelld er unnið að því að auka aðgang um vefinn að skrá safnsins. Sem dæmi um slíkar skrár eru Íslensk útgáfuskrá, utgafuskra.is, sem er skrá um prentefni, hljóðrit og myndbönd útgefin á Íslandi og Skrá um doktorsritgerðir Íslendinga, doktor.landsbokasafn.is. Þá bætist sífelld í Skrá um þýðingar íslenskra miðaldabókmennta, sagas.landsbokasafn.is, og Bókaskrá 1534–1844, sem er ítarleg bókfræðileg skrá yfir allar prentaðar íslenskar bækur á léninu bokaskra.landsbokasafn.is. Einnig má nefna skrá yfir handritaefni á einkaskjol.is og Lykilskrá með stöðluðum efnisorðum og mannanöfnum.

Ýmis samstarfsverkefni

Safnið tekur þátt í ýmsum samstarfsverkefnum og erlendu samstarfi. Markmiðið er meðal annars að sækja nýja þekkingu til að miðla safnkostinum til notenda, auk þess að bæta þjónustu safnsins. Sem dæmi um þessa þjónustu má nefna:

Opinn aðgangur – Opin vísindi

Safnið hefur frá árinu 2006 tekið þátt í verkefnum um opinn aðgang að vísindaupplýsingum og rannsóknaniðurstöðum (OA – Open Access). Fulltrúar safnsins tóku þátt í að móta stefnu Háskóla Íslands um opinn aðgang og í lok ársins hófst samstarf vegna varðveislusafns fyrir ritrýndar fræðigreinar og annað vísindaefni.

Ritver

Samstarf er nú við ritver Hugvísindasviðs og Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Stefnit er að því að ritverin hafi opið sameiginlegt þjónustuborð í Bóklöðunni.

Miðstöð munnlegrar sögu

Miðstöð munnlegrar sögu, sem var stofnuð 2007, sameinaðist safninu og varð sérstök eining á sviði varðveislu og stafrænnar endurgerðar. Hlutverk miðstöðvarinnar er að safna, skrá og varðveita heimildir í munnlegri geymd. Í fagráði eiga sæti hagsmunaaðilar á sviði munnlegrar sögu. Upplýsingar um starfsemi og safnkost er að finna á munnlegsaga.is.

Handritavefur

Vefurinn handrit.is var opnaður 2010. Hann er samstarfsverkefni safnsins og Árnastofnana í Reykjavík og Kaupmannahöfn um gerð samskrár og stafrænnar endurgerðar íslenskra handrita.

Evrópuverkefni

Safnið tekur þátt í Evrópubókasafninu (The European Library – TEL) og fjölmenningsgáttinni europeana.eu. Safnið tekur auk þess þátt í verkefnum á sviði stafrænnar endurgerðar, sem ýmist er stjórnað af Evrópubókasafninu eða er nátengd því. Framlag safnsins felst í að vinna gögn sín þannig að hægt sé að tengja þau við TEL og Europeana.

IIPC

Safnið er stofnaðili alþjóðlegra samtaka um söfnun og varðveislu veraldarvefsins, International Internet Preservation Consortium (IIPC). Safnið á sæti í stjórn samtakanna og vinnuhópum. Vefur samtakanna er netpreserve.org.



Listasafn Háskóla Íslands

Stjórn

Stjórn skipa Æsa Sigurjónsdóttir, dósent í listfræði, formaður, Kristján Steingrímur Jónsson, myndlistarmaður og fráfarandi deildarforseti myndlistardeildar Listaháskóla Íslands, og Arndís Vilhjálmisdóttir, doktorsnemi í sálfræði, og er hún jafnframt fulltrúi stofnenda Listasafns Háskóla Íslands. Stjórn Listasafns Háskóla Íslands hefur með höndum innkaup nýrra verka til safnsins og mótun starfs og stefnu safnsins.

Auður A. Ólafsdóttir gegndi 33% stöðu sem safnstjóri frá 1. desember 2015 að telja og fékk jafnframt heimild til að ráða aðstoðarmann í tímabundin verkefni.

Helstu verkefni og starfsemi

Helstu verkefni safnstjóra og stjórnar Listasafns Háskóla Íslands er að varðveita, byggja upp og kynna listaverkageign safnsins, svo sem með sýningum á safneign, en einnig með mótun stefnu í innkaupum nýrra verka. Sérstaða safnsins felst í því að sýna verk í opinberu rými með þeim hætti að hundruð listaverka séu hluti af vinnu- og kennsluumhverfi 14.000 nemenda og starfsfólks Háskóla Íslands. Safnið stefnir einnig að því að eignast skilgreint sýningarhúsnæði í náninni framtíð, svo sem fjallað er um í stofnskrá safnsins frá árinu 1980.

Samkvæmt stofnskrá Listasafns Háskóla Íslands er það einnig hlutverk safnsins að sinna þeim sem stunda rannsóknir á íslenskri myndlistarsögu. Safnið hefur unnið að því að efla tengingu safnsins við rannsóknar- og kennsluumhverfi Háskóla Íslands, m.a. við nám í listfræði við Íslensku- og menningardeild. Þá veitir safnið rannsóknarstyrki til rannsókna á íslenskri myndlist úr Styrktarsjóði Listasafns Háskóla Íslands.

Styrktarsjóður Listasafns Háskóla Íslands

Styrktarsjóður Listasafns Háskóla Íslands var stofnaður af Sverri Sigurðssyni árið 1999 og hefur sjóðurinn það sérstaka hlutverk að styrkja rannsóknir á sviði íslenskrar myndlistar, myndlistarsögu og forvörslu myndverka, svo og til birtingar á niðurstöðum slíkra rannsókna (eins og segir í stofnskrá).

Reiknistofnun Háskóla Íslands

Almennt yfirlit og stjórn

Reiknistofnun Háskóla Íslands sér um uppbyggingu og rekstur upplýsingakerfa og símnets Háskóla Íslands.

Í stjórn stofnunarinnar eru Helgi Þorbergsson, dósent við Rafmagns- og tölvuverkfræðideild, stjórnarformaður (tilnefndur af rektor), Ásta Thoroddsen, prófessor í Hjúkrunarfræðideild (tilnefnd af Heilbrigðisvísindasviði), Matthew Welpton, dósent í Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda (tilnefndur af Hugvísindasviði), Sólveig Jakobsdóttir, dósent í Kennaradeild (tilnefnd af Menntavísindasviði), Valentína Giangreco M. Puletti, dósent í Raunvísindadeild (tilnefnd af Verkfræði- og náttúruvísindasviði), og Runólfur Smári Steinþórsson, prófessor í Viðskiptafræðideild (tilnefndur af Félagasvísindasviði).

Stjórnin er skipuð til þriggja ára frá 1. október 2015 að telja. Forstöðumaður Reiknistofnunar var Sæþór L. Jónsson rafmagnsverkfræðingur og áheyrnarfulltrúi starfsmanna í stjórn stofnunarinnar var Magnús Gíslason, deildarstjóri kerfiseildar.

Starfsemin

Starfsemi Reiknistofnunar er að Neshaga 16.

Stofnunin skiptist í nokkur viðföng: almennan rekstur (3 stöðugildi), hugbúnaðarþróun (9 stöðugildi), kerfisþjónusta (6 stöðugildi), net- og símadeild (3 stöðugildi), notendþjónusta (12 stöðugildi) og ytri vef (vefverksmiðju) (2½ stöðugildi). Reiknistofnun hefur, þrátt fyrir sveiflur, verið einstaklega lánsöm með starfsfólk og byggir starfsemi sína á sterkum kjarna sem hefur þjónað háskólanum dyggilega á liðnum árum.

Starfsmenn Reiknistofnunar koma einnig að rekstri RH-nets hf. (rannsókn- og háskólanets Íslands) og situr forstöðumaður í stjórn þess sem varaformaður, í stjórn FS-nets (nets framhaldsskóla og símenntunarstöðva) og í stjórn NORDU-nets A/S (samtinginets Norðurlanda) fyrir hönd Háskóla Íslands.

Rekstur ofurtölvuvers Norðurlanda (NHPC, Nordic High Performance Computing) gekk í alla staði vel á árinu. Yfirstjórn reksturs og kerfisstjórnar var eins og áður í höndum Reiknistofnunar.

Tölvuþjónusta

Frá því í ágúst 2009 hefur Reiknistofnun Háskóla Íslands starfrækt tölvuþjónustu á Háskólatorgi og frá árinu 2012 einnig í Stakkahlíð. Þar er rekin þjónusta miðsvæðis fyrir alla notendur háskólans sem þurfa að leita eftir ráðgjöf, leiðbeiningum eða aðstoð vegna tölvutengdra mála auk þess sem starfsmenn þar svara einnig símtölum tölvupósti fyrir Reiknistofnun.

Hægt er að hafa samband við tölvuþjónustu Reiknistofnunar Háskóla Íslands með því að koma á staðinn, senda tölvupóst á help@hi.is eða hringja í síma 525 4222. Tölvuþjónusta Reiknistofnunar Háskóla Íslands er opin alla virka daga frá 8:00 til 16:00.

Windows-kerfisþjónusta

Helsta vinnan við kerfisþjónustu fólst í uppfærslum og viðhaldi á núverandi kerfum og grunnur var lagður að uppfærslum og nýjungum á næsta ári.

Tölvuver Reiknistofnunar

Reiknistofnun Háskóla Íslands rekur nú 19 tölvuver í 14 byggingum háskólans, með samtals 346 tölum og 19 prenturum. Auk þess sér Reiknistofnun um uppsetningu og viðhald tölva í kennslustofum og fyrirlestrasölum háskólans. Þær tölur eru nú um 150 talsins.

Hugbúnaðarþróun

Á hverju ári vinnur hugbúnaðarþróunardeild að því að uppfæra, betrubæta og viðhalda Uglunni. Starfið er oft unnið í samvinnu við aðrar deildir og stofnanir skólans, allt eftir því hverjum viðkomandi kerfi er ætlað.

Kerfisþjónusta

Miðlægar þjónustuvélar eru nú í nýjum vélasal Reiknistofnunar í Neshaga 16. Undirbúningsvinna hófst 2014 og flutningum lauk í lok maí 2015.

Kerfisdeild vinnur nú samkvæmt nýju bakvaktakerfi. Nú er kerfisstjóri á bakvakt allan sólarhringinn alla daga ársins. Í eftirlitskerfi kerfisdeildar er fylgst með flestum þjónustueiningum og SMS er sent til vakthafandi kerfisstjóra ef eitthvað fer úrskeiðis. Hann getur þá brugðist við strax, jafnvel um miðja nótt. Þetta fyrirkomulag hefur þegar sannað sig og þjónusta sem hefur brugðist að nóttu til hefur verið komin í lag áður en skóladagur hófst. Þetta bætir þjónustu kerfisdeildar til muna.

Að öðru leyti var starfsemi kerfisdeildar með hefðbundnum hætti. Markmið hennar er að veita fyrsta flokks miðlæga tölvuþjónustu og að ófyrirséð rof á þjónustunni sé ekki meira en 0,01%.

Net- og símadeild

Rekstur símkerfis háskólans gekk að mestu leyti vel á árinu en þó eru bilanir í útstöðvum (hillu) nokkuð tíðar og er nauðsynlegt að huga að endurnýjun á þeim búnaði innan tíðar.

Enn fjölgar þráðlausum sendum víða um háskólasvæðið og krafan um öruggt og hraðvirkt samband eykst stöðugt. Einnig hafa komið fram óskir um að notendur eigi kost á að nota fleiri en tvö tæki samtímis en nú er það hámarkið vegna skort á IP-tölum.

Vefverksmiðja (ytri vefir)

Vefverksmiðja hélt uppteknum frá því á síðasta ári og festi sig enn frekar í sessi sem þjónustuveita á árinu bæði hvað varðar tækni og mannskap. Starfsmenn leituðust við að safna að sér þekkingu innan lands og utan til að mæta nýjum áskorunum.

Áfram var haldið að uppfæra og endurnýja þjóna sem keyra þjónustueiningar og náðust nokkur stór skref sem auka rekstraröryggi og hraða.

Átaki í að hreinsa til í vefhýsingum með því að uppfæra virka vefi og loka öðrum var framhaldið. Aukinn kraftur var settur í hýsingarkerfi fyrir rafræn tímarit og hefur sú þjónusta mælst vel fyrir. Rekstur á þeirri þjónustu (sem flestum öðrum) er í kröftugu og góðu samstarfi við kerfisdeild. Áhersla var lögð á lipran og öruggan rekstur vefhýsingarþjónustu, í ár sem endranær.



[Efni er í vinnslu]

Brautskráðir kandídatar

[Efni er í vinnslu]

Doktorspróf

Útgefandi: Háskóli Íslands
Ritstjórn: Áslaug J. Marinósdóttir
Magnús Diðrik Baldursson
Arnar Eggert Thoroddsen
Uppsetning: Emma Björg Eyjólfsdóttir
Ljósmyndir: Kristinn Ingvarsson

